

28
Að hafa trú á eigin sannfæringu



32
Góð úrvinnsla lykilatriði



54
Hringrásarlausn fyrir lífrænan heimilisúrgang

Bændablaðið

23. tölublað 2022 • Fimmtudagur 15. desember • Blað nr. 624 • 28. árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Bændablaðið óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Við förum bjartsýn inn í nýtt ár og njótum útsýnisins úr nýjum höfuðstöðvum Bændasamtakanna í Borgartúni, á meðan við hugsum með hlýhug til gömlu Bændahallarinnar. Jólablaðið að þessu sinni er stærsta tölublað Bændablaðsins frá upphafi – 112 síður. Teikning /Þorsteinn Davíðsson

Kornrækt:

Stærra ræktarland og meiri uppskera

Land til kornræktar á Íslandi var aukið um 12 prósent í ár miðað við umfangið á síðasta ári. Samþykktar jarðræktarumsóknir fyrir kornrækt árið 2022 voru fyrir rúmlega 3.450 hektara lands, miðað við 3.036 hektara árið 2021. Þá var kornuppskera alls um 9.500 tonn af þurru korni, sem er rúmlega tvö þúsund tonnum meira en á síðasta ári. Að meðaltali eru það 3,1 tonn á hektara.

Horfa þarf aftur til ársins 2014 til að finna svipað umfang kornræktar. Fordæmalausar hækkanir á kjarnfóðri á síðustu tveimur árum hafa vafalaust haft hvetjandi áhrif á bændur til aukinnar framleiðslu á sínu fóðurbyggi.

Hækkandi fóðurverð og hlýtt sumar 2021

Eiríkur Loftsson, jarðræktarráðunautur Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, segir það líklega rétt að heldur meira umfang kornræktar í ár megi skýra af hækkandi fóðurverði á heimsmörkuðum.

„Það má ætla að hlýtt sumar 2021 hafi hvatt bændur til aukinnar ræktunar. Á undanförnum árum hefur þróunin verið sú að þeir bændur sem hafa náð tökum á kornræktinni og eru með góða aðstöðu til að nýta kornið til fóðurs hafa gert hana að föstum þætti í sinni fóðuröflun og í sumum tilvikum aukið hana að ákveðnu marki. Alltaf bætast þó í hópinn aðilar sem prófa ræktun á korni tímabundið og halda henni svo áfram," segir hann.

Betri uppskera sunnanlands


Eiríkur telur að uppskeran hafi almennt verið betri sunnanlands en norðan þetta árið, bæði að magni og gæðum. Miklu skiptir að geta sáð snemma á vorin til að eiga möguleika á góðum árangri að hausti. „Norðanlands var hiti heldur lágur og ekki síður sólarleysi, sem gerði það að verkum að kornið þroskaðist seint.

Því varð tíminn til þess stuttur sem gerði það að verkum að kornið náði sums staðar ekki þroska og á einhverjum stöðum var það slegið sem grænfóður. Í einhverjum tilvikum spillti næturfrost í ágúst einnig kornþroska. Sumir bændur náðu þó góðu korni fyrir norðan. Á haustin er allra veðra von og urðu einhverjir bændur fyrir talsverðum skakkaföllum þar sem korn tapaðist í hvassviðri," segir Eiríkur.

Eðlilegt að stefna að meiri kornrækt

Í fæðuöryggisskýrslunni, sem skilað var til stjórnvalda í febrúar á síðasta ári, kemur fram að þótt Ísland sé á jaðarsvæði kornræktar megi rækta hér töluvert af korni til fóðurs og manneldis. Eðlilegt sé að stefna að því að rækta meira til fóðurs en gert hefur verið hingað til og æskilegt sé að hefja kynbætur á korni til manneldis.Í nýrri stöðuskýrslu starfshóps um eflingu kornræktar á Íslandi er lagt til að engar skerðingar verði á jarðræktarstyrkjum vegna kornræktar, svo hvatar séu til staðar til að stækka umfang ræktunar og greinin geti orðið að undirstöðuatvinnugrein í landbúnaði. Fjallað er um stöðuskýrsluna á blaðsíðu 8.

/smh



FRÉTTIR



Áburðarverð 2023:

Ekki sömu hækkanir og spáð var í haust

Áburðarsalar eru þessa dagana að ganga frá samningum um kaup á áburði fyrir næsta ár. Einungis eitt fyrirtæki hefur gefið út verðbreytingar frá síðasta ári.

Þeir áburðarsalar sem Bændablaðið náði tali af voru sammála um að áburðarverð mundi hækka frá því á síðasta ári en voru ekki tilbúnir að gefa upp hversu mikið, enda samningar við seljendur ekki allir í höfn. Flestir töldu að verðið á áburði mundi ekki hækka eins mikið og spár gerðu ráð fyrir í haust.

Verðbreyting Yara frá apríl-verðskrá 2022 er á bilinu 0–7,4%. Köfnunarefnisáburður hækkar mest, eða rúmlega 7%. Algengar NP og NPK tegundir eru að hækka á bilinu 0–5%.

Garðáburður NPK 12-4-18 hækkar um 0,2% en hann er nú í boði á 147.200 kr/t en var 146.900 kr/t. NPK 27-3-3 Se hækkar um 2,7%, verð nú 136.700 kr/t en var 134.300 kr/t. OPTI-KAS hækkar um 7,4% og verð nú 128.600 kr/t en var 119.700 kr/t. Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts. */VH*

Verðbreytingar á Bændablaðinu

Um áramót breytist verðskrá auglýsinga og áskrifta á Bændablaðinu.

Hækkun á auglýsingaverði hefðbundinna auglýsinga nemur um tveimur prósentum.

Áskriftarverð fyrir árgang blaðsins, alls 23 tölublöð, verður 14.900 krónur með virðisaukaskatti og verður einn gjalddagi fyrir allt árið. Eldri borgarar og öryrkjar fá afslátt af áskrift en árgjaldið til þeirra verður 11.900 krónur m. vsk.


Þeim sem þykir ekki verra að lesa blöð á vefnum er bent á að PDF áskrift Bændablaðsins er gjaldfrjáls, en hægt er að skrá áskriftina á forsíðu Bændablaðsins á vefnum, bbl.is.

Verðskrá 2023

Áskrift 14.900 kr. m. vsk.
Áskrift, eldri borgarar og öryrkjar 11.900 kr. m. vsk.
Smáaugl. m. mynd 6.250 kr. m. vsk.
Smáaugl. 2.650 kr. m. vsk.
Smáaugl. á netinu 1.250 kr. m. vsk.
Dálksentímetri 1.835 kr. án vsk.
Dálksentímetri, síða 3 og baksíða, 2.000 kr. án vsk.
Tímagjald fyrir uppsetningu augl. 9.500 kr. án vsk.
Niðurfellingargjald 15% af brúttóverði auglýsingar.

Fyrsta Bændablað ársins 2023 kemur út 12. janúar.

ALMANAK HÍ ER KOMIÐ Í VERSLANIR!



„Auk dagatals flytur almanakið margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla. Lýst er helstu fyrirbærum á himni sem frá Íslandi sjást, stjörnukort, áttavitastefnur á Íslandi og kort sem sýnir helstu tímabelti heimsins. Yfirlit um hnetti, mælieiningar, veðurfar o.fl. Af nýju efni má nefna grein um segulstirni en það er óvenjuleg tegund nifteindastjarna með mun sterkara segulsvið en hinar hefðbundnu nifteindastjörnur. Segulstirni eru gjarnan uppsprettur hrina háorkugeislunar í geimnum. Í annarri grein er fjallað um hvaða reikistjarna sólkerfisins muni að jafnaði vera sú sem næst er jörðu."

www.almanak.is
www.haskolautgafan.is

HÁSKÓLAÚTGÁFAN

Tíu tonn af heilum höfrum á Þorvaldseyri:

Enginn tækjabúnaður til að vinna hafra

– Sandhólsbændur þurfa að senda hafrana sína til Danmerkur til vinnslu

Á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum standa um tíu tonn af heilum, óvölsuðum höfrum inni í kornþurrkstöðinni við bæinn. Ekki er hægt að vinna þá á Íslandi í neysluvænt form, sem hafframjöl eða tröllhafra, vegna þess að nauðsynlegur tækjabúnaður er ekki til í landinu.

Ólafur Eggertsson, kúa- og kornbóndi á bænum, segir að ef hann vildi framleiða úr þeim matvöru þyrfti hann að senda þá úr landi með skipi og láta senda sér aftur þegar búið væri að vinna þá. Miðað við hans umfang í hafraræktuninni sé það allt of stór fjárfesting að kaupa slíkan tækjabúnað.

Gífurleg tækifæri fyrir bændur í hafrarækt

Á síðustu árum hefur innlend framleiðsla á hafravörum aukist talsvert og skemmst er að minnast nýlegra tíðinda úr Bændablaðinu frá Mjólkurvinnslunni Örnu um framleiðslu og útflutning á hafraskyri og hafrajógúrt. Þar var haft eftir Hálfdáni Óskarssyni framkvæmdastjóra að hafrarnir í vörur þeirra komi frá Svíþjóð og Finnlandi. Mikil eftirspurn eftir hafravörum skapi hins vegar gífurleg tækifæri fyrir bændur í hafrarækt. Framtíðarsýnin sé sú að nýta sem mest íslenska hafra í framleiðsluna, um leið og þeir verði fáanlegir.



Ólafur Eggertsson á Þorvaldseyri er með tíu tonn af heilum höfrum í kornþurrkstöðinni sinni. Mynd / smh

Hafa ekki undan að framleiða íslenska hafra

Arna á í samstarfi við Sandhólsbændur í Meðallandi, sem eru stórtækustu hafraræktendur Íslands. „Við erum að skoða það að fjárfesta í tækjabúnaði og fyrirhuguð er ferð til Finnlands á næstunni til að skoða tiltekna möguleika," segir Örn Karlsson, framkvæmdastjóri Sandhólsbúsins.

„Við höfum á fáum árum aukið framleiðsluna jafnt og þétt á hafravörum okkar til manneldis – og höfum nú ekki undan. Til að prófa hvernig íslenski markaðurinn tæki hafravörum okkar byrjuðum við að senda hafrana með skipi til Jótlands í Danmörku, þar sem þeir hafa verið unnir í verksmiðju og sendir til baka.

Vegna samstarfsins við Örnu og velgengni vara okkar viljum við nú koma okkur upp eigin búnaði til að geta fullnægt þörfum markaðarins," segir Örn. */smh*

Breyting á jarðalögum:

Ný ákvæði um fyrirsvarsmann

Um næstu áramót tekur gildi breyting á jarðalögum sem felur í sér að nýr kafli með fjórum nýjum greinum er settur í lögin. Í breytingunum eru ákvæði um fyrirsvar um jarðir í sameign, ákvörðunnartöku og forkaupsrétt.

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur Bændasamtaka Íslands, segir að í umfjöllun Bændasamtakanefndarinnar um lögin hafi meðal annars komið fram að mikilvægt væri að setja skýrara regluverk varðandi samskipti milli sameigenda á landi í sérstakri sameign, sem falla undir gildissvið laganna, varðandi ákvarðanatöku og fyrirsvar.

„Bændasamtök Íslands telja að ganga hefði mátt lengra varðandi ráðstöfun jarða í óskiptri sameign, ekki síst í tilfellum þar sem kann að vera um það að ræða að fjöldi eigenda sé kominn yfir tiltekin mörk, og setja ítarlegri ákvæði hvað þetta varðar."

Reglur um fyrirsvarsmenn

Í fyrstu grein breytinganna segir að ef eigendur jarðar eða annars lands sem lög þessi gilda um eru fleiri en þrír fjárráða einstaklingar eða lögaðilar, er þeim skylt að tilnefna fyrirsvarsmann. Þar er einnig gerð grein fyrir skyldum fyrirsvarsmanna.

Í stað þess að kjósa fyrirsvarsmann er eigendum heimilt að stofna félag um sameignina og þarf þá samþykki allra. Eigendum er heimilt að setja í samþykktir nánari reglur um heimild fyrirsvarsmanns til ákvörðunartöku og skal þeim þá þinglýst á eignina.

Fyrirsvarsmaður getur boðað til fundar sameigenda með minnst átta og mest tuttugu daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina fundartíma, fundarstað og dagskrá fundar. Þá skal geta þeirra mála sem ræða á og meginefni þeirra tillagna sem leggja á fyrir fundinn. Eigendur skulu boðaðir á fund skriflega og með sannanlegum hætti. Fyrirsvarsmanni er skylt að boða til fundar eigenda þegar þess er skriflega krafist af 1/4 hluta eigenda, annaðhvort miðað við fjölda eða eignarhluta, og skulu þeir jafnframt tiltaka þau málefni sem óskast rædd og tekin fyrir og afgreidd.

Ráðstöfun eigna

Samþykki allra eigenda þarf til óvenjulegra ráðstafana og ráðstafana sem eru meiri háttar þótt venjulegar geti talist. Hið sama gildir um óvenjulegar og meiri háttar breytingar á hagnýtingu jarðar í sameign.

Einfaldur meirihluti eigenda, miðað við hlutfallstölur, getur tekið ákvarðanir sem ekki teljast meiri háttar eða óvenjulegar. Samþykki 2/3 hluta eigenda, bæði miðað við fjölda og eignarhluta, þarf til ákvarðana um ráðstafanir og hagnýtingu sem ekki teljast venjulegar en verða þó hvorki taldar óvenjulegar eða meiri háttar.

Til þessa telst meðal annars ráðstöfun á jörð með byggingarbréfi samkvæmt ábúðarlögum.

Eiganda er heimilt að gera brýnar ráðstafanir sem ekki þola bið til að koma í veg fyrir yfirvofandi tjón á sameign. Skal hann, svo sem frekast er kostur, gæta þess að slíkar ráðstafanir verði ekki umfangsmeiri og kostnaðarsamari en nauðsyn krefur og telst þá kostnaðurinn sameiginlegur. Þá er eiganda einnig rétt að gera þær ráðstafanir vegna sameignarinnar sem lögboðnar eru og ekki mega bíða.

Forkaupsréttur sameigenda

Í breytingunum segir að eigendur að jörð eigi forkaupsrétt að eignarhlutum í henni. Forkaupsréttur sameigenda verður virkur við sölu og aðra ráðstöfun eða yfirfærslu á beinum eignarrétti yfir eignarhluta sem háður er forkaupsrétti. Ef eignarhlutur er í eigu lögaðila verður forkaupsréttur einnig virkur við eigendaskipti að minnsta kosti 1/3 eignarhlutdeild í lögaðilanum eða ef yfirráð yfir honum, í skilningi laga um ársreikninga, breytast á annan hátt.

Forkaupsréttur sameigenda víkur fyrir forkaupsrétti ábúenda. Ef ábúandi á forkaupsrétt skal sameigendum ekki boðið að neyta forkaupsréttar fyrr en forkaupsréttur ábúanda er fallinn niður.

Ef tveir eða fleiri sameigendur eiga forkaupsrétt skal rétturinn skiptast milli þeirra í samræmi við hlutfallseign þeirra í sameigninni. Neyti einhver þeirra ekki forkaupsréttar eykst réttur hinna að tiltölu.

/VH



NORÐURÁL

Gleðilega hátíð!

Álið okkar hefur minnsta kolefnisspor í heimi. Við vöndum til innkaupa og meðferðar á öllu hráefni og notum hreina, íslensku raforku. Starfsfólkið okkar er vel þjálfað fagfólk og reksturinn sérlega stöðugur. Við erum þakklát fyrir þann heiður sem fyrirtækinu er sýndur með því að vera valið Umhverfisfyrirtæki ársins 2022.

Við óskum öllum gleðilegrar hátíðar.

Hreint ál úr íslenskri orku | **nordural.is**

2022
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS

FRÉTTIR

Sauðfjárrækt:

Ekki enn verið formlega skorið úr um vernd T137

– Tafir á niðurstöðum úr rannsóknum á næmi arfgerða gagnvart riðusmiti

Í Frakklandi hefur á undanförnum vikum verið unnið að rannsóknum á næmi mismunandi arfgerða íslensks sauðfjár fyrir riðusmiti.



Karólína Elísabetardóttir. Mynd / HKr.

Einn tilgangur þeirra er að fá það formlega staðfest að arfgerðin T137, sem fundist hefur í rúmlega 80 gripum á Íslandi, sé verndandi.

Dráttur hefur orðið á því að fá niðurstöður úr verkefninu, en áætlað var að þær fengjust áður en fengitíminn hæfist.

Um svokölluð PMCA-próf (*e. protein misfolding cyclic amplification)* er að ræða, þar sem líkt er eftir smitferlinu – aflögun príonpróteinsins – í tilraunaglasi og það prófað gagnvart mismunandi arfgerðum.



Austri frá Stóru-Hámundarstöðum, annar tveggja fullorðinna hrúta með arfgerðina T37. Hann er kominn á sæðingastöð. Mynd / Snorri Snorrason

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) er í forsvari fyrir verkefnið, en rannsóknarteymið samanstendur af Karólínu Elísabetardóttur í Hvammshlíð, Stefaníu Þorgeirsdóttur og Vilhjálmi Svanssyni frá Keldnum ásamt Eyþóri Einarssyni frá RML.

„Mannariða“ veldur rannsóknarbanni

„Markmið er að fá hér betri vitneskju um næmi mismunandi arfgerða, til dæmis staðfestingu á því að T137 sé einnig fullkomlega verndandi gegn þeirri riðuveiki sem þrífst hér á landi,“ segir Karólína.

„Í stuttu máli er smitferlið þannig að heilabútar kinda með ákveðna arfgerð er blandað saman við heilabúta sýktra kinda, blandan er þá meðhöndluð meðal annars með hljóðbylgjum og ýmsu öðru til að flýta fyrir smitferlinu. Á meðan er skoðað hvort upprunalegi heilbrigði heilinn breytist – og þar með smitast – og ef svo er, hversu hratt það gerist. Því hraðar sem heilinn breytist, því hærra er næmisstigið – því nærmari er viðkomandi arfgerðin fyrir riðusmiti,“ segir hún.

Karólína segir að upprunalega hafi verið áætlað að fá lokaniðurstöður úr þessum prófum áður en fengitíminn hæfist. „Aðallega tvær ástæður hafa valdið því að þessu markmiði var ekki náð. Í fyrsta lagi varð rannsóknarbann í Frakklandi eftir að starfsmaður á rannsóknarstofu þar í landi veiktist af Creutzfeldt-Jakob-sjúkdómnum, sem hefur stundum verið kallaður „mannariða“. Í öðru lagi komu óvænt upp tæknileg vandamál í þessu flókna ferli. PMCA-próf eru einungis gerð á örfáum rannsóknarstofum í heiminum. PMCA-sérfræðingar frá Englandi og Sviss komu núna nýlega inn í hópinn til að aðstoða franska teymið í því að leysa málin sem fyrst.

Vonir standa yfir að hægt verði að fá haldbærar niðurstöður rétt eftir áramótin,“ segir Karólína.

/smh



Sauðaostar frá Brúnastöðum í Fljótum, en þau hafa fengið styrki úr Markaðssjóði sauðfjárafurða á liðnum árum.

Fjögur verkefni hlutu styrk

Markaðssjóður sauðfjárafurða ætla að úthluta 6,6 milljónum króna til fjögurra verkefna. Þetta kemur fram í tilkynningu frá sjóðnum.

Markaðssjóður sauðfjárafurða er vistaður hjá Icelandic Lamb og starfar samkvæmt samningi við matvælaráðuneytið. Fimm umsækjendur með alls sex umsóknir sóttu um styrki í sjóðinn upp á rúmar 14 milljónir króna. Eftirtaldir umsækjendur hlutu styrki:

- Brákarey. Markaðssetning fersks kindakjöts utan hefðbundins sláturtíma.
- Frávik. Þróun og markaðssetning námskeiða í kjötvinnslu.
- Matfélagið og Pylsumeistarinn. Hrápylsur fyrir hunda.
- Matfélagið og Pylsumeistarinn. Nýjar matvörur úr ærkjöti.

Útgreiðsla styrkja er ávallt háð fullum skilum á þeim verkefnum sem sótt er til.

/ghp





Dúnn þurrkaður á grindum. Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2022 voru flutt út 1.917 kg af íslenskum æðardúni til tólf landa. Mynd /Helga María Jóhannesdóttir

Æðarræktun:

Æðardúnn á uppleið

– Ein allra dýrasta landbúnaðarafurð landsins

Hækkandi orkuverð í Evrópu getur verið ástæða þess að útflytjendur íslensks æðardúns finna fyrir aukinni sölu afurðarinnar til heimsálfunnar.

Útflutningur á æðardúni hefur gengið vel í ár og er mun meiri en í meðalári. Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2022 voru flutt út 1.917 kg af íslenskum æðardúni til tólf landa samkvæmt tölum Hagstofunnar. Langmest, eða 900 kg, fóru til Japans, 586 kg til Þýskalands, 107 kg til Sviss og 105 kg til Danmerkur. Meðalverð á kíló í ár hefur verið um 190.000 krónur, en verðið er frá rúmum 160.000 krónum upp í 262.000 krónur.

Sveiflukenndur markaður

Erla Friðriksdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri hjá Íslenskum æðardúni ehf., segir markaðinn kominn til baka eftir niðursveiflu undanfarinna ára. Talsverðar sveiflur geta orðið í sölu á æðardúni eftir eftirspurn og gengisþróun. Þannig voru 1.851 kíló flutt út árið 2020 fyrir tæpar 390 milljónir króna, en meðalkílóaverð nam þá tæpum 210.000 krónum samkvæmt tölum Hagstofunnar.



Erla Friðriksdóttir. Mynd / Aðsend

„Markaðurinn gengur í sveiflum, svipað eins og með grásleppuhrogn og minkaskinn. Kaupendur halda að sér höndum þegar verðið er of hátt og þá safnast birgðir upp,“ segir hún.

Sú var raunin í fyrra en þá seldust 3.839 kg af æðardúni út fyrir tæpar 638 milljónir íslenskra króna og meðalverðið þá rúm 180.000 krónur á kílóið, eftir að birgðir höfðu safnast upp árin á undan.

Erla segist finna fyrir aukinni eftirspurn frá Evrópu í ár. „Ég hef grun um að það sé út af orkukrísunni. Húsin eru ekki hituð eins mikið og fólk leitar í að hafa eitthvað hlýtt að sofa við,“ segir Erla, en samkvæmt tölum Hagstofunnar fer dúnninn til Þýskalands, Sviss, Danmerkur, Bretlands, Hollands, Ítalíu, Noregs, Póllands og Liechtenstein.

Íslenskur æðardúnn er óneitanlega dýrasta landbúnaðarafurð landsins, en dúnninn er alla jafna notaður í gæða æðardúnsængur sem geta kostað vel yfir 1.500 þúsund krónur. Oft er sagt að æðardúnsængur séu á bílverði í Asíu.

Ísland er með um 70-80% af heimsmarkaðshlutdeild æðardúns. Tæplega 400 æðardúnsbændur eru starfandi hér á landi og falla um 2.500–3.000 kíló af dúni til árlega.

/ ghp

Gleðilega hátíð



LANDSBANKINN.IS

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári.
Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (24. tölublöð) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi).
Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartúni 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Kt:** 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Fimm fréttir

Í árslok eru uppgjör alls ráðandi. Hér er því jákvæður pistill um fimm markverð landbúnaðartengd tíðindi ársins.

Riðugenið finnst

Lengi var talið að hið alþjóðlega viðurkennda verndandi ARR arfgerð gegn riðuveiki í sauðfé væri ekki að finna í íslenska sauðfjárstofninum. Við leit að öðrum verndandi arfgerðum fann rannsóknarteymi óvænt sex einstaklinga með ARR genið, þ.á m. hrútinn Gimstein frá Þernunesi sem fluttur var á sæðingarstöð til að leggja sitt af mörkum til ræktunar á riðuþolnum sauðfjárstofni.

Erfðamengisúrval innleitt

Ný greining á erfðamengi íslenskra nautgripa verður framvegis notuð til að reikna út hversu efnilegir þeir eru til framræktunar á mjólkurkúm. Nýtt skipulag, svokallað erfðamengisúrval, við ræktun mun gera það að verkum að kynbótaframfarir verða örari með styttra ættliðabili. Ávinningur hraðari erfðaframfara er m.a. sagður geta numið tugum milljóna á ári í minnkuðum framleiðslukostnaði fyrir mjólkuriðnaðinn.

Kornrækt á dagskrá

Kornrækt var tíðrædd á árinu. Verðskulduð athygli möguleika kornræktar hér á landi varð til þess að efling hennar komst á dagskrá stjórnkerfisins. Starfshópur vinnur nú að því að teikna upp aðgerðaráætlun svo búgreinin geti fest rætur og orðið, til lengri tíma, að undirstöðuframleiðslugrein hér á landi.

Sprett úr spori

Þegar landið stóð frammi fyrir alvarlegri stöðu í matvælaframleiðslu vegna áhrifa heimsfaraldurs og innrás Rússlands í Úkraínu á framboðskeðjur var skipaður spretthópur á vegnum matvælaráðuneytis. Vann hópurinn á nokkrum dögum tillögur að lausnum og út frá þeim var tekin ákvörðun um að koma til móts við hamfarahækkanir á aðföngum og afkomuvanda með 2,5 milljarða króna stuðningi til frumframleiðenda, sem síðan var greitt út á haustdögum. Sýndi það ekki síst að hröð vinnubrögð geta átt sér stað í stjórnkerfinu.

Fæðuöryggi í forgrunni

Bændur, fagfólk og sérfræðingar, hagsmunaaðilar, stjórnendur og áhugafólk um landbúnað höfðu ný tækifæri til að koma saman til skrafs og ráðagerða. Í nóvember birtist okkur drög að matvælastefnu fyrir Ísland og samhliða því var haldið Matvælaþing í Hörpu þar sem stefnan var skeggrædd. Þar að auki héldu Bændasamtök Íslands í fyrsta sinn Dag landbúnaðarins í október, málþing sem ætlað var að varpa fram ýmsum áskorunum og framtíðarverkefnum. Ætlunin er að báðir viðburðirnir verði að árlegum dagskrárlið. Þá mættu tugþúsundir á stórsýninguna Íslenskur landbúnaður, sem ber vitni um almennan áhuga landans á landbúnaði og matvælaframleiðslu.

Að þessu sögðu þakka ég lesendum Bændablaðsins fyrir ánægjuleg samskipti á árinu. Bestu óskir um gleðilega hátíð. Megi gæfa fylgja ykkur inn í nýtt ár.

Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.

Með hátíðarkveðju



Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Núpur í Dýrafirði. Mynd / ÁL

Ágæti lesandi. Þegar ég sest niður við skrif á þessum leiðara, nú þegar árinu fer senn að ljúka, þá verður mér hugsað til þess hvað tíminn flýgur.

Það er nefnilega ekki langt síðan að ég rifjaði upp síðasta ár, en þó reynist það hafa verið fyrir 12 mánuðum síðan, en það er eins og ég hef oft sagt: „Ef eitthvað gengur, þá er það klukkan.“

Þegar ég horfi yfir sviðið og árið þá kemur það mér eilítið á óvart að málin sem við hjá samtökunum berjumst fyrir eru margt um þau sömu eða a.m.k. mjög svipuð á milli ára. Enn erum við að kalla eftir verði á áburði frá áburðarsölum, sem var með sama hætti í fyrra, en þá kom ríkisvaldið inn með 650 milljóna stuðning til áburðarkaupa. Sú staða er ekki uppi í dag að stjórnvöld muni koma inn með annað eins til bænda, heldur verðum við núna bara að bíða og vona eftir opinberun á áburðarverði fyrir komandi vor.

Það er einna helst áhrifin af stríðsrekstrinum í Úkraínu sem hefur sett svip sinn á starfsumhverfi landbúnaðar á árinu með gríðarlegum áhrifum á verð á öllum innfluttum aðföngum. Það er í raun sama hvert litið er, hækkun aðfanga ber niður á nær öllum stöðum og þá er ónefndur sá vandi að verða sér úti um aðföng til framleiðslu landbúnaðarvara, s.s. umbúðir. Þessar hækkanir og skortur á aðföngum hafa jafnframt áhrif á framkvæmdir bænda á árinu, með hækkun á stálverði og seinkun afgreiðslu á þegar pöntuðum hlutum sem hefur þurft til bygginga.


Mikil umræða varð á haustdögum í tengslum við hækkun á afurðaverði til bænda, sem raungerðist að hluta, enda hefur aðfangaverð haft gríðarleg áhrif á rekstur íslenskra búa. Það er nokkuð ljóst að þessi umræða og samtal verður að eiga sér stað með reglulegu millibili þar sem verðþróun á afurðum verður að endurspegla þann raunkostnað sem bændur verða fyrir. Það er mjög ánægjulegt að þegar þetta er ritað hafa Samtök atvinnulífsins undirritað kjarasamning við mjög stóran hluta vinnumarkaðarins sem setur ákveðinn fyrirsjáanleika í stöðuna, þó til skamms tíma sé, þar sem við sem störfum í landbúnaði reiðum okkur á stöðugleika á vinnumarkaði. Það hlýtur að vera sameiginlegt verkefni okkar allra að ná niður verðbólgu og lækkun stýrivaxta, sem er gríðarlegur áhrifavaldur á rekstur í landbúnaði.

Við skrif þessa síðasta leiðara ársins, þá er vert að nefna Hótel Sögu, sem eins og alkunna er var lengi í eigu bænda. Á vormánuðum var húsið afhent Háskóla Íslands og Félagsstofnun stúdenta. Aldrei hefði okkur órað fyrir hverslags risaverkefni það var að tæma húsið til afhendingar fyrir nýja eigendur. Þar reyndi á kraft og þolinmæði starfsfólks Bændasamtakanna langt umfram það sem eðlilegt gæti talist og verð ég þeim ævinlega þakklátur fyrir þeirra framlag í þessu gríðarlega verkefni.

Kæru bændur og búalið, með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða. Starfsfólki Bændasamtakanna vil ég færa sérstakar kveðjur fyrir frábært og óeigingjarnt starf á árinu og hlakka ég til að takast á við nýjar áskoranir á komandi ári með ykkur.

Ég vil að lokum óska ykkur, kæru lesendur, gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

GAMLA MYNDIN



Áburðarflugvélin TF-TÚN að landgræðslustörfum í Vestmannaeyjum eftir gosið 1973. Mynd / Myndasafn Bændasamtaka Íslands

LÍF & STARF


Halla Eiríksdóttir, hjúkrunarfræðingur og bóndi, í förðun fyrir upptökur.


Leikstjórinn Reynir Lyngdal stýrir upptökum á fræðslumyndböndunum.


Atli og Klara í Syðri-Hofdölum taka þátt í jafningjafræðslunni.


Upptökurnar fóru fram í huggulegu rými í Bæjarbíói í Hafnarfirði.


Kristín Linda Jónsdóttir, sálfræðingur og fyrrum bóndi, var til viðtals.

Af vettvangi Bændasamtakanna:

Litið bak við tjöldin við gerð fræðslumyndbanda

Á dögunum fóru fram upptökur á fræðslumyndböndum fyrir verkefni hjá Bændasamtökum Íslands sem nefnist Bændageð.

Í þessum myndböndum er farið yfir helstu áhættuþætti andlegrar heilsu fyrir bændur og aðstandendur þeirra þar sem bændur og sérfræðingar eru til viðtals. Verða þessi myndbönd aðgengileg fyrir félagsmenn Bændasamtaka Íslands og verður hægt að horfa á þau á sínum eigin forsendum á þeim tíma sem hentar viðkomandi.

Upptökurnar mörkuðu upphaf þessa mikilvæga verkefnis og verður afraksturinn tiltækur snemma á næsta ári. */gbb*


Regína Ólafsdóttir sálfræðingur fjallar um sálræna kvilla bænda út frá faglegum forsendum.


Halla Eiríksdóttir og Regína Ólafsdóttir ræða saman um helstu áhættuþætti andlegrar heilsu bænda.

Útgáfudagar Bændablaðsins 2023

Bændablaðið mun koma út tuttugu og þrisvar sinnum á árinu 2023.

Blaðið kemur að jafnaði út hálfsmánaðarlega á fimmtudögum, nema þegar frídagar og sumarlokun hliðra útgáfudögum. Æskilegt er að hafa samband tímanlega ef koma á auglýsingu eða aðsendri grein í blaðið. Netfang ritstjórnar er bbl@bondi.is en auglýsingadeildar augl@bondi.is. Efni blaðsins birtist á vefsíðunni bbl.is milli útgáfudaga en þar er einnig að finna PDF útgáfu blaðsins. Þá má enn fremur nálgast Bændablaðið á Facebook og Instagram, en þar birtast gjarnan myndskeið sem tengjast efni blaðsins. **Útgáfudagar blaðsins árið 2023 verða eftirfarandi:**

- 12. janúar
- 26. janúar
- 9. febrúar
- 23. febrúar
- 9. mars
- 23.mars
- 4. apríl (ath. þriðjudagur)
- 27. apríl
- 11. maí
- 25. maí
- 8. júní
- 22. júní
- 6. júlí
- 20. júlí
- 24. ágúst
- 7. september
- 21. september
- 5. október
- 19. október
- 2. nóvember
- 16. nóvember
- 30. nóvember
- 14. desember

MÆLT AF MUNNI FRAM

311

Miklir annríkisdagar standa nú yfir hjá sauðfjárbændum. Allflestir haustrýja sínar ær, og svo er fengitíðin að hefjast. Jólabók sauðfjárbænda, Hrútaskráin, er komin út og yfir henni er legið og hún lesin af ástríðu. Tilhleypingar voru á stundum býsna strembinn tími. **Óskar Sigurfinnsson** í Meðalheimi á Ásum orti:

Fengitíminn fer í hönd,
flestir þessu kvíða,
hrútar slíta hlekkjabönd,
hver á öðrum ríða.

Og þótt næsta vísa Óskars hafi áður birst, þá fer hún samt með:

Erfitt verkið á mig fær,
ekki skal þó súta
bardaga við blæsma ær
og blóðmannýga hrúta.

Á árinu 1958 orti Óskar þessa hringhendu hughreystingu:

Horfna gleði og gamanmál
getur skeð mig dreymi,
vínið meðan vermir sál
vorar í Meðalheimi.

Á tilhugalífsárum Óskars sendi hann tilvonandi konu sinni, Guðnýju Þórarinsdóttur, þessa hugljúfu ástarvísu:

Þó ég heima kúri á kveldin
hvergi gleyma mun ég þér.
Læt mig dreyma ástareldinn
er þú geymir handa mér.

Benjamín Jóhannesson orti svo fagurlega:

Þó mér ói allsstaðar
eyðsla og sóun hverskonar,
til að róa taugarnar
tek ég þó í nasirnar.

Hér er ástarvísa eftir **Árna Böðvarsson**:

Margar hafa frá því fyrst
fórnað til mín brosi sínu,
en þú varst ein, sem eignaðist
ögn af hjartablóði mínu.

Bóndi að norðan var staddur í Reykjavík. Sagðist hann miklu heldur kjósa að ferðast með áætlunarbílnum heldur en með flugvél. Þá orti **Halldóra B. Björnsson:**

Þórarinn á við þraut að glíma,
þekkir úrræðin tvö,
að vera hræddur í hálfan tíma
eða hristast allur í sjö.

Ósk Skarphéðinsdóttir orti þessa óskavísu:

Oft þó hafi illu kynnst,
á það hiklaust treysti,
að búi í hvers manns eðli innst
einhver góður neisti.

Ungur maður kom að máli við **Pétur á Hallgilsstöðum** og hóf mál sitt á hendingu:
Gráhærður með gull í tönn ...

Svo þagnaði hann svo að Pétur lauk vísunni:

glennir 'ann á sér trýnið.
Drjúgur er í dagsins önn,
þótt drekki 'ann brennivínið.

Pétur var svo á fundi Sjálfstæðismanna í Reykjavík þar sem Jón á Akri og Páll S. Pálsson létu fjúka í kviðlingum. Pétur kvað:

Víst er engum varnað máls,
víða er eldur falinn,
Jón frá Akri og Páll S. Páls
perlum dreifa um salinn.

Að lokum yrkir svo Pétur frá Hallgilsstöðum um eigin yrkingar:

Ef að Peli yrkir ljóð
allir fá að heyra.
Það er líkt og faðma fljóð
og fá svo ekkert meira.

Með kærum jóla- og nýársóskum,
Árni Geirhjörtur.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com



FRÉTTIR

Félag ungra bænda á Norðurlandi:

Ákvörðun ráðherra mikil vonbrigði

Það var þungt hljóð í fundarmönnum á aðalfundi Félags ungra bænda á Norðurlandi sem var haldinn í byrjun desember. Einkum var það fyrirhuguð niðurtröppun greiðslumarks í sauðfjársamningi sem á að taka gildi um áramót sem fór illa í fundarmenn.

Matvælaráðherra, Svandís Svavarsdóttir, skrifaði grein í Bændablaðið þar sem kemur fram að hún ætli ekki að verða við ósk bænda um að stöðva niðurtröppunina.

Einstök sátt og einhugur hefur verið um málið á meðal bænda um málið og tillögur þess efnis verið samþykktar á aðalfundum búgreinadeildar sauðfjárbænda með öllum greiddum atkvæðum. Ákvörðun ráðherra er því mikil vonbrigði.

Í máli fundarmanna kom meðal annars fram að með því að færa fjármuni af greiðslumarki yfir á til dæmis ullargreiðslur mun tekjuflæði til bænda minnka. Ullargreiðslur eru greiddar út í eingreiðslu en greiðslumarkið er borgað út tíu mánuði ársins. Mun þetta verða til óþæginda fyrir unga bændur með tilliti til mánaðarlegra afborgana lána og mega bændur síst við því í hækkandi aðfangaverði og hækkandi vaxtastigi.

Eftirfarandi tillaga var borin upp á aðalfundi Félags ungra bænda á Norðurlandi og var tillagan samþykkt samhljóma:

Aðalfundur Félags ungra bænda á Norðurlandi, haldinn föstudaginn 2. desember 2022, lýsir yfir vonbrigðum með afstöðu matvælaráðherra að stöðva ekki niðurtröppun á greiðslumarki sauðfjársamnings meðan unnið er að endurskoðun búvörusamninga á árinu 2023. Sú niðurtröppun sem boðuð er mun koma mjög illa við búrekstur ungra bænda sem hafa verið að fjárfesta í greininni á síðustu árum.

Miðað við dreifingu eignarhalds á greiðslumarki eiga yngri bændur hlutfallslega meira greiðslumark en þeir eldri, samanber meðfylgjandi töflu. Þeir sem hagnast hlutfallslega mest á breytingunni eru bændur 60 ára og eldri sem í flestum tilvikum standa fyrir búrekstri sem er minna skuldsettur en hjá ungum bændum.


/VH

Greiðslumark sauðfé - ágúst 2022				
Aldur handhafa	**Fjöldi**	**%**	**Ærgildi**	**%**
30 ára og yngri	40	2,9%	13.130	3,7%
31-40	103	7,5%	36.185	10,1%
41-50	159	11,5%	48.259	13,5%
51-60	304	22,0%	89.955	25,1%
61-70	312	22,6%	72.660	20,3%
71 árs og eldri	219	15,9%	30.229	8,4%
Lögaðilar	242	17,6%	68.359	19,1%
Samtals	1.379	100%	358.777	100%

Taflan sýnir dreifingu greiðslumarks milli aldurshópa og er byggð á gögnum frá matvælaráðuneytinu árið 2022.

Ný húsakynni RML

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur opnað nýja starfsstöð í bogahúsinu á Höfðabakka 9 í Reykjavík.



Áður hafði starfsfólk RML verið með tímabundna vinnuaðstöðu á Keldnaholti. Flutningarnir hafa staðið yfir frá haustmánuðum. Áður voru skrifstofurnar í Bændahöllinni við Hagatorg, en eftir að sú bygging var seld hafa Bændasamtökin, Ráðgjafarmiðstöðin og önnur tengd starfsemi þurft að koma sér fyrir á nýjum stöðum.

/ÁL



Um leið og við óskum viðskiptavinum okkar
Gleðilegra Jóla og farsældar á nýju ári,

Viljum við þakka fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Svansson ehf , Melabraut 19 , 220 Hafnarfjörður
Sími : 6974900 , sala@svansson.is , www.svansson.is



Starfshópurinn leggur til að flýta greiðslu vegna jarðræktar og landgreiðslna til 15. júní enda geti kostnaður bænda vegna jarðvinnslu, áburðar og sáðs verið íþyngjandi þegar uppskeru er ekki að vænta fyrr en að hausti. Mynd / ghp

Stöðuskýrsla starfshóps um eflingu kornræktar:

Plöntukynbætur frumforsenda framleiðslu

– Leggja til breytingar svo ýta megi undir frekari kornrækt strax næsta vor

Afnema verður skerðingu jarðræktarstyrkja við tiltekin hektarafjölda eigi kornrækt að verða undirstöðuatvinnugrein í landbúnaði hér á landi. Tryggja verður hvata til að stækka umfang ræktunar þannig að framleiðsla verði í auknum mæli seld á markað.

Þetta kemur fram í stöðuskýrslu sem starfshópur um eflingu kornræktar skilaði til matvælaráðherra þann 1. desember síðastliðinn. Í 6. grein reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað er kveðið á um að jarðræktarstyrkir skerðist ef ræktað er á meira en 30 hektara landi.

Í stöðuskýrslunni bendir starfshópurinn á að fastur kostnaður lækki á hvern hektara eftir því sem umfang eykst, fyrst og fremst vegna betri nýtingar á lausafjármunum s.s. vélum og tækjum. Því er lagt til að afnema ákvæði um hámark hektara eða að hækka það umtalsvert.

Risaskref í átt að meiri kornrækt

Í skýrslunni segir enn fremur að plöntukynbætur séu frumforsenda eflingar kornframleiðslu á Íslandi.

Minnisblað þess efnis, undirritað af Ragnheiði Þórarinsdóttur, rektor LbhÍ, Jónínu Svavarsdóttur, umsjónarmanni jarðræktartilrauna hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, Sæmundi Sveinssyni hjá Matís og Árna Bragasyni landgræðslustjóra, var skilað til matvælaráðherra þann 10. nóvember sl. Þar eru settar fram tillögur að stofnun og rekstrarfyrirkomulagi plöntukynbótamiðstöðvar sem sæi um plöntukynbætur í nánu samstarfi við Lantmännen í Svíþjóð, sem nýlega byggði eina fullkomnustu plöntukynbótamiðstöð í Evrópu.



Helgi Eyleifur Þorvaldsson fer fyrir starfshópi um eflingu kornræktar.

„Þetta samstarf gæti verið risaskref í átt að meiri kornrækt á Íslandi," segir Helgi Eyleifur Þorvaldsson, aðjúnkt hjá LbhÍ, en í minnisblaðinu er lagt til að hefja markvissar kynbætur á þremur tegundum af korni; byggi, hveiti og höfrum.

Fjárfestingastyrkir ofarlega á blaði

Starfshópurinn telur að kanna verði gerð á sérstökum rammasamningi um kornrækt og akuryrkju í endurskoðun búvörusamninga.

„Nauðsynlegt er að líta á kornrækt sem sjálfstæða búgrein og að tryggja henni stuðning," segir Helgi en hann fer fyrir starfshópnum.

Þó nákvæm útfærsla á tillögum hópsins sé ekki tilbúin segir hann líklegt að fjárfestingastyrkir til innviðauppbygginga verði ofarlega á blaði, s.s. styrkir til bygginga kornþurrkstöðva og kaups á þreskivélum og flutningatækjum.

Í 12. grein fyrrnefndrar reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað kemur fram að styrkir vegna jarðræktar, landgreiðslna og stuðnings vegna ágangs álfta og gæsa séu greiddar út í lok árs eftir að úttektir hafi sannarlega farið fram.

Starfshópurinn leggur til að flýta greiðslu vegna jarðræktar og landgreiðslna til 15. júní enda geti kostnaður bænda vegna jarðvinnslu, áburðar og sáðs verið íþyngjandi þegar uppskeru er ekki að vænta fyrr en að hausti. Telur starfshópurinn að sú aðgerð sé skilvirkasta leiðin til að ýta undir frekari kornrækt strax næsta vor.Starfshópurinn mun skila af sér fullmótuðum tillögum til matvælaráðherra í lokaskýrslu þann 1. mars næstkomandi.

/ghp

Dýravernd:

Úttekt á umkvörtunum í garð MAST

Dýraverndarsamband Íslands (DÍS) ætlar að vinna úttekt af reynslu fólks af búfjáreftirliti Matvælastofnunar (MAST).

Ætlunin er að afla gagna um gagnrýni og rökstuddar umkvartanir sem hafa verið hafðar í frammi gagnvart dýraeftirliti stofnunarinnar frá árinu 2014, þegar eftirlitið færðist til stofnunarinnar frá sveitarfélögunum.

Mun sambandið leggja fram tillögur til úrbóta þegar niðurstöður úttektarinnar liggja fyrir, en Ágúst Ólafur Ágústsson, fyrrverandi alþingismaður, mun hafa umsjón með henni.



MAST tók við dýraeftirliti árið 2014.

Ákvörðunin um úttektarvinnu DÍS kemur í kjölfar harðrar gagnrýni þess í garð dýraeftirlits MAST í nýlegum málum í Borgarbyggð.

Í tilkynningu DÍS kemur fram að eftirlit með velferð dýra þurfi að vera skilvirkt, gagnsætt og fyrirbyggjandi. Mikilvægt sé að þeir aðilar sem sinna eftirliti með dýravelferð hafi burði til að geta brugðist hratt við þegar kemur að dýrum í neyð og að ferlar séu í samræmi við það.

Leitar DÍS til félaga og almennings varðandi reynslusögur af úrvinnslu og eftirliti MAST með velferð dýra.

/smh



Við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu.

BRP **ELLINGSEN**

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

FRÉTTIR

Uppgjör vegna álagsgreiðslna

Matvælaráðuneytið hefur gengið frá uppgjöri vegna álagsgreiðslna, sprettgreiðslna, á jarðræktarstyrki og landgreiðslur. Hefðbundin jarðræktarstuðningur verður greiddur út á næstu dögum.

Fram kemur í tilkynningu frá matvælaráðuneytinu að heildarupphæð uppgjörsgreiðslu er um 52.000.000 kr. en alls var álagsgreiðsla stjórnvalda vegna jarðræktar og landgreiðslna um 517.000.000 kr. Álagsgreiðslurnar eru hluti af svokölluðum sprettgreiðslum stjórnvalda sem var komið á að fengnum tillögum spretthóps sem skipaður var í júní síðastliðinn vegna hækkandi matvælaverðs. Um 90% af greiðslum voru greiddar út í október og byggðust á innsendum umsóknum.

Nýgert uppgjör byggir hins vegar á niðurstöðu úttektar ráðuneytisins ásamt 10% fjárveitingarinnar sem haldið var eftir fyrir endanlegt uppgjör. Bændur hafa fengið sendar tilkynningar og upplýsingar um uppgjörið í Afurð og í stafrænt pósthólf á Island.is. */VH*



Að óbreyttu mun úrvinnslugjald á heyrúlluplasti hækka úr 30 kr./kg í 82 kr./kg.
Mynd / ghp

Hækkunin stendur

Engin breyting hefur orðið á væntanlegri hækkun á úrvinnslugjaldi á heyrúlluplasti í meðförum Alþingis.

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga árið 2023 hefur nú gengið gegnum efnahags- og viðskiptanefnd og verður væntanlega að lögum eftir aðra umræðu.

Í frumvarpinu er lagt til að úrvinnslugjald á heyrúlluplasti hækki úr 30 kr./kg í 82 kr./kg. Bændasamtökin lögðust gegn þessari hækkun enda getur hún þýtt mörg hundruð þúsund króna hækkun framleiðslukostnaðar fyrir bændur. Í nefndaráliti meirihluta nefndarinnar segir að hækkunin geti orðið bændum íþyngjandi, en óvíst sé hvernig verð á heyrúlluplasti muni þróast næstu mánuði.

„Meirihlutinn bendir á að rekstrarumhverfi búvöruframleiðslu er kvikt, í kjölfar heimsfaraldurs og stríðsátaka. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar á liðnu ári hafa verið umtalsverðar vegna þessa.

Enn eru blikur á lofti og mikilvægt er að fylgjast áfram með þróun mála og beita markvissum aðgerðum vegna hagsmuna neytenda, bænda og íslensks matvælaiðnaðar.

Þá beinir meirihlutinn því til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að komið verði til móts við bændur vegna þessara hækkana og metið með hagsmunaaðilum hvernig söfnun og endurvinnsla á heyrúlluplasti geti verið sem hagkvæmust til framtíðar.

Með því er tryggð betri endurheimta og endurvinnsla á heyrúlluplasti í anda hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins og kostnaður bænda af söfnun þess til endurvinnslu lágmarkaður.“

/ghp





Samkvæmt breytingum á lögum sem taka gildi um áramótin er landeigendum skylt að gera merkjalýsingu um fasteign sína og láta draga upp merkin hnitum séu eignamörk ekki glöggt afmörkuð og þinglýst.
Mynd / Myndasafn Bændablaðsins

Breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna:

Skylda að merkjalýsa fasteignir

Samkvæmt breytingum á lögum um skráningu og mat fasteigna sem taka gildi um áramót er eigendum skylt að gera merkjalýsingu um fasteign sína og láta draga upp merkin hnitum séu eignamörk ekki glöggt afmörkuð og þinglýst.

Merkjalýsing skal árituð um samþykki eigenda aðliggjandi fasteigna.

Merkjalýsingar sem gerðar hafa verið í samræmi við eldri lög og þinglýst fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu þar til ný merkjalýsing hefur verið gerð.

Í þeim tilfellum þar sem merki eru ekki hnitsett eða glögg frá náttúrunnar hendi er eigendum skylt að viðhalda eldri merkjum eða setja ný.

Samþykki sveitarstjórnar

Samkvæmt nýju lögunum er óheimilt að skipta fasteignum, sameina þær eða breyta merkjum nema samþykki sveitarstjórnar komi til. Séu gerðar ráðstafanir sem breyta eða raska merkjalýsingu að hluta eða í heild skulu eigendur að sama skapi án ástæðulauss dráttar gera nýja merkjalýsingu.

Þess skal einnig gætt að land hverrar fasteignar verði sem mest í samhengi og sem skipulegast. Gæta skal ákvæða jarðalaga og skipulagslaga, eftir því sem við á.

Það sem þarf að kom fram

Í merkjalýsingu skulu eftirfarandi atriði koma fram á skýran og skilmerkilegan hátt.

1. Um hvaða fasteign er að ræða.
2. Almenn lýsing á fasteign og hvort skikar séu einn eða fleiri, samliggjandi eða aðskildir.
3. Merki fasteignar og einstakra skika, ef við á.
4. Réttindi sem fylgja fasteigninni og ná til annarra fasteigna sem og takmarkanir á ráðstöfunarrétti fasteignarinnar vegna réttinda sem fylgja öðrum fasteignum.
5. Ef skiki fylgir fleiri en einni fasteign sem sameignarland þarf að tilgreina eignarhlutdeild, liggi hún fyrir.
6. Hnitsettur uppdráttur sem sýnir merki fasteignar og einstakra skika, ef við á, ásamt stærð og auðkennum hverju sinni.
7. Hnitaskrá ásamt upplýsingum um framkvæmd mælinga eða heimild til grundvallar hniti.
8. Heimildir til grundvallar merkjalýsingu.

Leyfi til að gera merkjalýsingar

Þeir einir mega taka að sér gerð merkjalýsingar sem fengið hafa til þess sérstakt leyfi ráðherra að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum.

Viðkomandi skal vera lögráð og hafa búsforræði. Viðkomandi skal einnig hafa sótt námskeið og staðist próf sem sýni fram á að hann hafi staðgóða þekkingu á landmælingum, lögum þessum, skipulagslögum, þinglýsingalögum, jarðalögum og annarri löggjöf er máli skiptir og sáttamiðlun og kunnáttu í að afla nauðsynlegra gagna og beita gildandi útreikningsreglum og aðferðum, allt samkvæmt nánari fyrirmælum sem setja skal í reglugerð.

Sameiginleg ábyrgð

Eigendum er skylt þegar fasteignir þeirra liggja saman, að leggja vinnu og efni til hnitsetningar merkja, en sú skylda nær ekki lengra en til að gera merki glögg.

Merki teljast glögg ef vikmörk mælinga eru:

a. Í skipulögðu þéttbýli: 10 sentímetra eða nákvæmari.
b. Í dreifbýli að 300 metra hæð: eins metra eða nákvæmari.
c. Í óbyggðum í 300 metra hæð eða ofar: fimm metra eða nákvæmari.

Við mælingar merkja skal unnið samkvæmt samræmdu grunnstöðvaneti fyrir landmælingar og kortagerð. Til staðsetningar merkja samkvæmt lögum þessum skulu notaðar viðurkenndar mælingaaðferðir samkvæmt leiðbeiningum frá Landmælingum Íslands.

Stærð fasteigna

Skráð stærð fasteigna skal miðast við land ofan þess svæðis þar sem áhrifa sjávarfalla gætir.

Við útreikning á stærð fasteignar skal miða við heildarstærð miðað við mörk gagnvart öðrum fasteignum. Ef fasteign fylgir eignarhlutdeild í óskiptu landi skal telja óskipta landið með í heild sinni.

Greini landeigendum á um merki milli fasteigna og geta þeir, hver um sig eða í sameiningu, leitað sátta fyrir milligöngu sýslumanns. Sýslumanni er heimilt að fela löglærðum fulltrúa sínum slíka sáttaumleitan.

Ef sættir takast ekki gefur sýslumaður út vottorð þess efnis. Heimilt er að gefa út vottorð um sáttameðferð ef aðilar mæta ekki á sáttafund eftir að þeim hefur sannanlega verið send kvaðning tvívegis. Sama á við ef sýslumaður telur sýnt að sáttatilraunir beri ekki árangur.

Sáttameðferð hjá sýslumanni er skilyrði þess að höfðað verði mál fyrir dómi um merki fasteigna. Höfða skal slíkt mál innan níu mánaða frá útgáfu vottorðs um sáttameðferð.

/VH

Matvælastofnun:

Ráðlagt að gefa ormalyf í munn

Sex hross drápust af völdum hópsýkingar sem upp kom í hrossastóði á Suðurlandi í lok nóvember.

Allt bendir til þess að sýkingin hafi verið af völdum eiturmyndandi jarðvegsbakteríu, *Clostridium spp.*, sem hefur magnast upp eftir að hrossin voru sprautuð með ormalyfi, að því er fram kemur í tilkynningu frá Matvælastofnun. Alls veiktust þrettán hross í 30 hesta hópi útigangshrossa á Suðurlandi. Hrossin voru haldin í tveimur aðskildum hólfum sem rekin voru saman og sprautuð með ormalyfi þann 21. nóvember. Aðeins hrossin sem dvöldu í öðru hólfinu veiktust og virðist bakterían því hafa magnast þar upp. Ekki er vitað hvernig á því stendur að umrætt hólf mengaðist umfram önnur hólf eða hvort hætta sé á slíkri mengun víðar um land.



Útigangshross um vetur. Mynd / ghp

Allvíða um heim er hætt að notast við ormalyfjasprautun eins og tíðkast hefur hér á landi í áratugi, einmitt út af hættu á að draga inn sýkingar sem þessar.

Matvælastofnun telur hættu á að sambærilegar hópsýkingar geti komið upp og varar því við að hross séu sprautuð með ormalyfi undir húð. Hestamönnum er ráðlagt að nýta ormalyf sem gefin eru í munn í samráði við sinn dýralækni, sem metur þörf á meðhöndlun hverju sinni. */ghp*

DRÁTTARVÉLAR OG HEYVINNUTÆKI

Á LAGER



Pöttinger **NOVADISC 302**
Diskasláttuvél á þrítengi 540 rpm



CaseIH **Farmall 110C**
Dráttarvél 107 hestöfl



Pöttinger **NOVACAT 301 AM**
Framsláttuvél



Pöttinger **NOVACAT 351 AM ED PRO**
Framsláttuvél með knosara



Pöttinger **HIT 6.69**
Heyþyrla lyftutengd samanbortin með vökva



Pöttinger **HIT 8.91**
Heyþyrla lyftutengd samanbortin með vökva



Pöttinger **HIT 6.80T**
Heyþyrla dragtengd á keyrslu hjólum



Pöttinger **LION 353.14**



Pöttinger **TOP 702C**
Dragtengd miðjurakstrarvél



Pöttinger **TOP 762C**
Dragtengd miðjurakstravél



Pöttinger **Vitasem 302**
Sáðvél



Pöttinger **LION 303**



New Holland **T7.225 AutoCommand**
Dráttarvél 205/225 hestöfl



CaseIH **Vestrum 130CVX**
Dráttarvél 130/140 hestöfl

KRAFTVÉLAR 30 ára

kraftvelar.is **535-3589** **buvelar@kraftvelar.is**

FRÉTTIR

Landbúnaður í Evrópu:

Mælaborð fæðuöryggis

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur hleypt af stokkunum nýju mælaborði þar sem farið er yfir stöðu fæðuöryggis í aðildarríkjunum. Þar koma ekki fram vísbendingar um að framboð af matvælum muni skerðast. Hins vegar hefur dregið úr aðgengi borgaranna að fæðu á viðráðanlegu verði.



Á heimasíðu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins verður hægt að nálgast mælaborð fæðuöryggis.
Mynd / Guillaume Périgois

Nú verður með auðveldum hætti hægt að fylgjast með stöðu fæðuöryggis á mælaborðinu á heimasíðu framkvæmdastjórnarinnar. Þar verða dregin saman áhrif mismunandi þátta, eins og veðurfars og þurrka, flutnings- og orkukostnaðar, dýrasjúkdóma og hugsanlegra viðskiptatakmarkana. Einnig verður tekið sérstakt tillit til hversu sjálfbært sambandið er þegar kemur að hrávöru fyrir landbúnaðinn, eins og stöðu innflutnings á tilbúnum áburði.

Í fréttatilkynningu frá framkvæmdastjórninni kemur fram að þökk sé sameiginlegu landbúnaðarstefnunni (CAP) sé sambandið að mestu sjálfbært þegar kemur að landbúnaðarafurðum, því sé framboði af fæðu ekki ógnað. Helsta áskorunin sé hins vegar hækkað matvælaverð innan ESB. Því mun mælaborðið sýna þróun verðbólgu á mismunandi fæðutegundum í aðildarríkjunum og skoða hversu hátt hlutfall ráðstöfunartekna borgaranna fer í matvælakaup.

Með þessu er vonast til að ná fram auknu gagnsæi um stöðu matvælaöryggis og framboðs af matvælum. Því verður hægt að bregðast skjótar við ef stefnir í óefni. Upplýsingarnar verða uppfærðar með reglulegu millibili og er stefnt að frekari þróun mælaborðsins á árinu 2023 með því að auka myndræna framsetningu. */ÁL*

Minnsta ríki BNA leyfir sölu

Rhode Island, minnsta ríki Bandaríkja Norður-Ameríku, hefur stigið það skref, líkt og mörg önnur ríki í ríkjabandalaginu, að leyfa neyslu á kannabis í afþreyingarskyni.



Sala á efninu var leyfð undir ákveðnu eftirliti frá og með 1. desember síðastliðinn.

Í ríkinu eru sex sölustaðir með leyfi til að selja kannabis og fyrstu vikuna frá 1. til 7. desember nam salan 1,6 milljónum bandaríkjadala, eð rúmlega 228 milljónum íslenskra króna. Samkvæmt fulltrúa eftirlitsaðila var tæplega helmingurinn seldur til afþreyingar en ríflega helmingurinn til þeirra sem nota kannabis í lækningaskyni.

Samkvæmt lögum í Rhode Island var ræktun á kannabis leyfð fyrir 21 árs og eldri í maí síðastliðinn. Um síðustu mánaðamót var sala þess leyfð að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í lögunum er gert ráð fyrir að búið verði að náða þá sem dæmdir hafa verið fyrir kannabisneyslu fyrir 1. júlí 2024. */VH*



Vegna mikillar útbreiðslu fuglaflensu er víða hætta á skorti á kalkúni til jólanna og öðru alifuglakjöti og eggjum eftir áramót.
Mynd / usu.edu

Fuglaflensa:

Breiðist út eins og eldur í sinu

Bráðsmitandi afbrigði fuglaflensu, H5N1, breiðist hratt út um heiminn og hefur valdið dauða hundruð þúsunda villtra fugla og hundruð milljóna alifugla. Skortur á eggjum og alifuglakjöti er fyrirsjáanlegur um jólin og eftir áramót. Fuglaflensa hefur ekki greinst í alifuglum á Íslandi.

Tilfelli fuglaflensu í alifuglum hafa aldrei verið fleiri á Bretlandseyjum en á árinu sem senn er á enda. Stjórnvöld á Bretlandseyjum hafa þrátt fyrir það gefið út yfirlýsingu þar sem varað er við að tilfellunum eigi enn eftir að fjölga þar sem eftir er vetrar.

Um 100 milljón alifuglum lógað

Það sem af er þessu ári hefur rúmlega hundrað milljón alifuglum verið lógað og fargað í heiminum vegna fuglaflensu og þar af tæpleg fjórum milljónum á Bretlandseyjum. Fyrstu vikuna í nóvember síðastliðinn voru sett lög þar sem bændum og öðrum sem stunda alifuglaeldi var gert skylt að halda fuglanna innandyra þar til annað verður tilkynnt. Á sama tíma var slakað á heilbrigðisreglum um sölu á frosnum alifuglaafurðum.

Stjórnvöld á Bretlandseyjum hafa einnig látið vinna kort sem er aðgengilegt á netinu og sýnir bú þar sem fuglaflensa hefur komið upp og vaktsvæði kringum þau. Á kortinu er einnig að finna upplýsingar um býli sem eru undir sérstöku eftirliti vegna hættu á að flensan geti borist þangað. Samkvæmt kortinu er fuglaflensa algengust á alifuglabúum um mitt England og á austurströnd þess.

Svipaða sögu er að segja frá meginlandi Evrópu þar sem útbreiðsla fuglaflensu hefur aldrei verið meiri en á þessu ári. Flensan hefur fundist á alifuglabúum í 37 löndum og um 48 milljón fuglum verið lógað í kjölfarið.

Þrátt fyrir að fuglaflensa hafi greinst í villtum fuglum á Íslandi hefur hún ekki greinst í alifuglum hér.

Skortur á kalkúni

Mikil útbreiðsla flensunnar hefur orðið til þess að skortur er á kalkúni á Bretlandseyjum og víða í Evrópu þar sem kalkúnn er hefðbundinn jólamatur margra fjölskyldna. Á sama tíma hefur kalkúnakjöt hækkað talsvert í verði.

Samkvæmt tölum frá Bandaríkjum Norður-Ameríku hefur fuglaflensa komið upp í öllum ríkjum álfunnar og rúmlega 50 milljón alifuglum verið lógað á þessu ári. Auk þess sem tugþúsundir villtra fugla hafa drepist vegna flensunnar.

Aðgerðir í Bandaríkjunum til að halda flensunni niðri hafa leitt til þess að verð á alifuglakjöti, sérstaklega kalkún, og eggjum hefur hækkað um allt að 21%.

Pelíkanar drepast í Perú

Í nýlegri frétt frá Perú segir að ríflega 13 þúsund fuglar, þar af 5.500 pelíkanar, hafi fundist dauðir við strendur landsins á nokkrum vikum og er dauði þeirra rakinn til fuglaflensu.

Yfirvöld í Ekvador hafa lýst því yfir að þar í landi verði að minnsta kosti 180 þúsund alifuglum lógað á næstunni til að reyna að hefta útbreiðslu flensunnar.



Verð á eggjum hefur víða hækkað.

Frá Asíu berast þær fréttir að fuglaflensa hafi undanfarið breiðst hratt út í Japan, Suður-Kóreu og löndum í Suðaustur-Asíu. Tilfellum í Ástralíu hefur einnig verið að fjölga.

868 smit í mönnum

Þrátt fyrir að fuglaflensa sé enn sem komið er ekki talin alvarleg ógnun við heilsu manna hvetur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, til þess að farið verði með gát í kringum smitaða fugla og að þeim verði fargað svo fljótt sem hægt er.

Samkvæmt tölum WHO eru 868 staðfest tilfelli um að smit í fuglum hafi borist í menn frá 2003 þar til 3. nóvember 2022. Af þeim létust 456.

Viðvaranir WHO

Þrátt fyrir að tiltölulega fáir menn hafi látist af völdum fuglaflensu hafa margir vísindamenn áhyggjur af því að vírusinn sem henni veldur geti stökkbreyst og valdið sýkingum í fólki. Sumir segja að um tifandi tímasprengju sé að ræða. Í dag á veiran erfitt með að berast milli manna þar sem hún smitast með snertingu. Stökkbreytist veira þannig að hún geti borist með andrúmslofti aukast líkurnar verulega á að hún berist í menn og stökkbreytist mögulega í þeim í hættulegan stofn sem gæti valdið heimsfaraldri.

Sérfræðingar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO, segja að afleiðingar þess ef veiran stökkbreytist og verði smitandi með lofti geti afleiðingarnar orðið skelfilegar og að dánartíðin á heimsvísu gæti legið á milli 5 til 150 milljón manns. Fari allt á versta veg og svartsýnustu spár ganga eftir er líklega best að lýsa mögulegu ástandi með fleygri setningu Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrrverandi forseta: „You ain't seen nothing yet“. Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin telur að hröð útbreiðsla fuglaflensu í heiminum sé afleiðing alþjóðlegra viðskipta, búskaparhátta og fars villtra farfugla milli varps- og vetrarstöðva sinna. */VH*

VETRARSÓL er umboðsaðili
STIGA
Gulltryggð gæði
40 ár á Íslandi
STIGA ST5266 P
Hágæða snjóblásarar
Fjölbreytt úrval
Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is
VETRARSÓL

Knowledge grows

Við óskum öllum landsmönnum gleðilegrar hátíðar og þökkum samfylgdina og viðskiptin á árinu

Einkorna Yara áburður
Hin fullkomna pakkalausn

Hvert einkorna áburðarkorn er einsleitt sem er forsenda jafnari dreifingar, þannig að hver planta fái sama aðgang að öllum áburðarefnum.



Verðskrá 2023 er komin út.

Upplýsingar á yara.is og hjá sölumönnum um allt land.

SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

FRÉTTIR

Íslenskur garðyrkjuráðunautur í Danmörku:

Slæm staða evrópskra garðyrkjubænda

Nýlega var Fríða Helgadóttir, garðyrkjuráðunautur hjá fyrirtækinu HortiAdvice, ráðin til ráðunautastarfa hjá Sölufélagi garðyrkjumanna.

Hún er búsett í Danmörku, þar sem HortiAdvice er staðsett, og veitir því íslenskum garðyrkjubændum fjaraðstoð í gegnum síma og í tölvupóstsamskiptum.

Hún segir stöðu evrópskra garðyrkjubænda vera mjög slæma, vegna mikilla orkuverðshækkana, og hafa þeir margir hverjir þurft að draga verulega úr framleiðslunni af þeim sökum.

HortiAdvice er einkarekið fyrirtæki, að hluta til í eigu hollenska ráðunautafyrirtækisins Delphy. „Við erum í miklu samstarfi með þeim, en hjá HortiAdvice erum við 36 starfsmenn í allt. Við störfum við ráðgjöf varðandi útiræktun á grænmeti og ávöxtum, ylræktun á bæði blómum, pottaplöntum og grænmeti," segir Fríða um starf sitt.



Fríða Helgadóttir, garðyrkjuráðunautur hjá fyrirtækinu HortiAdvice í Danmörku, hefur verið ráðin til starfa fyrir Sölufélag garðyrkjumanna.

Úr Biskupstungunum

„Svo erum við líka með tæknideild sem sér um hönnun og þróun á alls kyns tölvukerfum sem hjálpa garðyrkjubændum með að skipuleggja ræktunina og við orkunýtingu. Við erum líka með útgáfustarfsemi. Gefum út fréttabréf sem við sendum til garðyrkjubænda, með helstu fréttum og nýjungum á markaðinum, og blaðið Gartnertidende, sem sameinar alla geirana og er með helstu fréttir af því sem er að gerast bæði í Danmörku og líka annars staðar í heiminum."

Fríða er fædd og uppalin í Biskupstungunum. „Áhuginn fyrir garðyrkju hefur þess vegna alltaf verið til staðar, foreldrar mínir ræktuðu papriku og steinselju lengi, og svo var maður mikið í sumarvinnu í ýmsum gróðurhúsum í sveitinni. Ég flutti svo til Danmerkur 2006 og fór svo síðar í BSc-nám í Naturressourcer og svo MSc-nám í Agriculture við Kaupmannahafnarháskóla og hóf svo vinnu sem ráðunautur hjá HortiAdvice árið 2018," segir hún.

Fáir gúrkuframleiðendur gátu haldið uppi framleiðslu

„Samstarfið við íslenska garðyrkjubændur byggist upp á samskiptum við mig símleiðis eða í gegnum tölvupóst. Við förum yfir helstu vandamálin og skoðum hvernig hægt er að leysa þau. Síðan er boðið upp á það að ég komi í heimsóknir til garðyrkjubænda, þegar að þess er þörf. Svo ætla ég að senda fréttabréf til garðyrkjubænda með þeim helstu nýjungum og fréttum, sem geta nýst í ræktun á Íslandi," segir Fríða, en hún er eini starfandi garðyrkjuráðunauturinn á vegum SFG.

Hún segir að staða evrópskra garðyrkjubænda sé víða ansi erfið. „Verð á lýsingu og hita í ylræktun hefur hækkað mikið, sem hefur gert það að verkum að fyrir marga garðyrkjubændur hefur það ekki borgað sig að halda uppi ræktun núna í vetur. Ef við tökum Holland til dæmis, þá er framleiðslan á tómötum í vetur farin úr 800 hektara landsvæði niður í um 50–100 hektara og það voru einungis nokkrir gúrkubændur sem gátu haldið uppi framleiðslu í vetur."



Í Hollandi er vetrarframleiðslan á tómötum farin úr 800 hektara landsvæði niður í um 50–100 hektara. Þá gátu einungis nokkrir gúrkubændur haldið uppi framleiðslu í vetur. Mynd / Erwan Hesry

Mikið magn inn á markaðinn í vor

„Í gúrkum og tómötum hafa margir ræktendur í Evrópu frestað útplöntun lengra fram á vorið í von um að þá verði kostnaðurinn við upphitun ekki eins mikill, og þurfi minni lýsingu líka. En það gerir það líka að verkum að þá verður gífurlegt magn að koma inn á markaðinn á sama tíma í vor, sem er heldur ekki æskileg staða. Sömu stöðu sjáum við í jarðarberjaræktun.

Í pottablómum sjáum við það í Evrópu að margir hafa valið að rækta frekar tegundir sem þrífast betur við lægri hita, þá þarf ekki eins mikinn hita í ræktuninni og þar af leiðandi hægt að halda uppi ræktun sem svarar kostnaði. Margir ræktendur hafa verið með fastan orkusamning í vetur, þar af leiðandi er líklegt að aðstæður verði erfiðari á næsta ári," útskýrir Fríða.

Kostnaður við kælingu hækkar líka

Fríða segir að þegar kemur að geymslu á ávöxtum og grænmeti að þá hafi kostnaðurinn við að kæla vörurnar vitanlega einnig hækkað mikið. „Það gerði það að verkum að í sumar svaraði það ekki kostnaði fyrir danska eplaframleiðendur að ljúka við uppskeru.

Ef við kíkjum lengra suður á bóginn, þá hefur mikill þurrkur verið á Spáni og grunnvatnið á sumum stöðum orðið blandað með saltvatni. Áður en vatnið er notað í ræktun þarf þess vegna að hreinsa það, sem krefst töluverðrar orku. Kostnaðurinn við að kæla húsin er líka orðinn talsverður vegna hitastigshækkunar. Það má þess vegna spyrja sig hvort framleiðsla á grænmeti í framtíðinni eigi eftir að færast norðar.

En þetta hefur líka gert það að verkum að það er komin meiri áhersla á að betrumbæta ýmislegt þar sem hægt er. Í ylræktinni erum við til dæmis að upplifa áhuga fyrir betri nýtingu á orkunni og hitanum. Margir hafa valið að fjárfesta í tækifærum til að bæta ræktunina, nýjum lömpum, hitagardínum svo eitthvað sé nefnt – og koma sér upp tölvukerfum sem stuðla að betri orkunýtingu. Það er meiri áhersla á yrkin og hvaða tegundir eru betri að rækta í þeirri aðstöðu sem við erum í núna. Auðvitað kom þetta sem sjokk fyrir garðyrkjubændur, en flestir reyna að líta á björtu hliðarnar og aðlaga sig að breyttum veruleika."

/smh



© Inter IKEA Systems B.V. 2022

Notalegar dekurstundir

Nýtt
VÅLLASÅN handklæði
B70×L140 cm
1.390,-

ÄDELLÖVSKOG LED kubbakerti
1.990,-/3 í setti

Nýtt
VALLASÅN handklæði
B40×L70 cm
595,-/stk.

Nýtt
VALLASÅN handklæði
B100×L150 cm
1.990,-/stk.

Fáðu vörurnar fyrir jól! Síðasti dagur til að panta og fá sent utan höfuðborgarsvæðisins er 19. desember!

NISSAFORS hjólavagn
5.950,-

+ **KORKEN krukka, 1 l**
445,-

Verslun opin **11-20** alla daga – IKEA.is

IKEA

NYTJAR HAFSINS

Engin jól án saltfisks í Portúgal

– og ekki heldur gifting

Handtak er mikilvægt í samskiptum Portúgala. Það táknar traust, vináttu, skuldbindingu og gildir alls staðar jafnt, hjá háum sem lágum. Portúgalar eiga sér orðatiltækið „apertar o Bacalhau“ sem má þýðir hið trausta handtak saltfisksins. Trúlega er þetta einhver besta lýsing á mikilvægi saltfisks í portúgölskum hefðum og menningu og hversu sjálfsmynd Portúgala er samofin saltfiski ásamt ólífuolíu og rauðvíni.



Sigurgeir B. Kristgeirsson
binni@vsv.is

Saga saltfisks og portúgölsku þjóðarinnar er rakin allt aftur til miðalda. Víkingar gerðu sín fyrstu strandhögg í Portúgal um svipað leyti og þeir námu Ísland. Í kjölfarið hófu þeir einnig viðskipti og keyptu salt og seldu saltaðan þorsk, nefnilega saltfisk. Allt síðan þá hefur saltfiskur verið hluti þjóðarsálarinnar og matur fátæka fólksins, vegna næringargildis síns auk þess að besti saltfiskurinn var veislumatur konunga. Á sautjándu og átjándu öldinni hafði konungshöllin sinn sérstaka saltfisksala. Þá hvatti kaþólska kirkjan til fiskneyslu, einkum á föstunni.

Saltfiskur með hvítlauk og ólífuolíu

Frá árunum 1926 til 1974 bjó portúgalska þjóðin við einræði. Á einræðistímabilinu hvöttu stjórnvöld portúgalska sjómenn til að sækja þorsk á Nýfundnalandsmið, salta og flytja heim. Stefna stjórnvalda þá var að þjóðin væri sjálfri sér næg um flesta hluti og var þorskveiði einn þáttur þeirrar stefnu.

Matos Odete, fæddist á tímum einræðisins árið 1951 og er eigandi veitingastaðarins Primeiro de Maio í smábænum Pardihó, rétt utan Aveiro í Portúgal, en þar er hjarta saltfiskvinnslu landsins. Móðir hennar vann við landbúnaðarstörf og í æsku sá Odete um að sjóða saltfisk með kartöflum sem var svo borinn fram með hvítlauk og ólífuolíu. Þar kviknaði áhugi hennar og ástríða fyrir matseld og 25 ára opnaði hún veitingastaðinn sinn, sama ár og hún gifti sig. Fáum árum síðar varð eiginmaðurinn að hætta að vinna þar sem Odete réði ekki við að sinna bæði heimilishaldinu og veitingastaðnum. Hann fór því að hugsa um heimilið enda áttu þau orðið þrjú börn.

Veitingastaðurinn er dæmigerður lítill portúgalskur fjölskyldustaður. Umhverfið er heimilis- og vinalegt og mikil áhersla lögð á gæði matarins og vingjarnlega þjónustu. Viðskiptavinirnir eru að mestu fastagestir sem koma aftur og aftur og búa ýmist í göngufjarlægð eða koma langt að.

Áhersla á saltfisk

„Við leggjum mikla áherslu á saltfisk enda eru fjórir mismunandi saltfiskréttir á matseðlinum,“ segir Odete. „Margir gesta okkar koma til að halda upp á margvíslegar fjölskylduhátíðir, svo sem afmælisdaga, sunnudagshittinga og líka skírnir og giftingar, en aðalréttur hverrar giftingarveislu er saltfiskur. Við notum alltaf íslenskan fisk því við getum treyst á að hann sé vel verkaður og staðinn, þurrkaður á réttan hátt, auk þess sem við getum treyst á að hnakkastykkin séu þykk og henti vel á grillið.“

Flestir saltfiskréttir eiga rætur sínar í portúgölskum hversdagsmat því hér áður var saltfiskurinn ódýr og varð jafnframt að veislumat hversdagsins við öll möguleg tilefni. Portúgalar halda fast í sögu sína og hefðir og eiga sína sérstöku tónlist, fado, sem einkennist af sorg og trega, ort um hafið en einnig um fátækt og erfiðleika. Saudade, er portúgalskt orð, sérstakt og óþýðanlegt, en lýsir tilfinningaþrungnu ástandi fado tónlistar og vísar til missis, oft varanlegs og óbætanlegs. Á jólum blandast svo allar þessar tilfinningar saman við gleði jólanna. Jólin eru hátíð fjölskyldunnar og mikilvægasti undirbúningur þeirra hefst með vali á besta saltfiskinum sem á að vera vel staðinn og verkaður, rétt þurrkaður og síðast en ekki síst fullur af orku hrygningarinnar frá síðustu vetrarvertíð. Hápunktur jólanna er að kvöldi aðfangadags en þá er saltfiskurinn snæddur.

Amman bar saltfiskinn fram

Hugo Cota er 39 ára gamall tískuhönnuður, kvæntur og þriggja barna faðir. Á jólum rifjar hann upp og tregar bernskujól sín þar sem amma hans bar saltfiskinn fram í húsinu sínu. „Þar sat öll stórfjölskyldan saman, allt upp í 15 manns, við sama borð. Á miðju borðinu var saltfiskurinn og allir völdu sér sinn uppáhaldsbita af fisknum. Þar upplifðum við gleði og kærleik fjölskyldunnar,“ segir hann.

Hefðir ólíkar eftir héruðum

Matarhefðir Portúgala eru mismunandi í héruðum og landshlutum Portúgal. Á sumum stöðum eru hlaðborð með grilluðu kjöti eða soðnum kolkrabba en það er ekkert jólaboð án saltfisks, eldaður á einfaldan hátt, soðinn með kartöflum og hvítkáli ásamt ólífuolíu.

Áætlað er að Portúgalar borði 4.000–5.000 tonn af saltfiski á aðfangadagskvöld. Uppskriftin er einföld sem gerir að sjálfsögðu meiri kröfur til gæða fiskjarins sem er miðpunktur máltíðarinnar.



Portúgalskt jólatré úr saltfiski. Myndir / SBK



Matos Odete, eigandi veitingastaðarins með saltfisk.



Saltfiskkökur.



Hugo Costa, Carmo, konan hans, og börnin, Luís, Alice og Isabel borða saltfisk.

Á miðnætti aðfangadags fara margir til miðnæturmessu, „Missa do Galo“, en eftir messuna kemur jólasveinninn með gjafirnar sem yngstu meðlimir fjölskyldunnar hlakka mikið til að opna. Gjöfunum er raðað undir jólatréð og þær opnaðar að morgni jóladags. Í sumum héruðum, sérstakega í Norður-Portúgal er hefð fyrir því að hafa varðeld fyrir framan kirkjuna þar sem kirkjugestir safnast saman, fá sér miðnætursnarl, rauðvín og gleðjast saman.

Á jóladag, eftir að jólagjafir hafa verið opnaðar, safnast fjölskyldan aftur saman til hádegisverðar. Þá eru afgangar saltfisksins frá aðfangadegi bornar fram sem „roupa Velha“, sem má útleggja sem „gömlu fötin“. Roð og bein eru sorteruð frá og fiskurinn tættur niður. Kartöflurnar eru sneiddar niður auk þess sem egg eru soðin. Laukur, hvítlaukur og lárviðarlauf eru steikt á pönnu og síðan er öllum afgöngum aðfangadags bætt út í ásamt eggjunum og allt hrært saman.

Saltfiskur miðlar menningunni

Það eru fleiri en 1.000 uppskriftir að saltfiski til í Portúgal. Uppskriftirnar heita eftir fólki, héruðum og bæjum í norðri og suðri eða hvaðeina öðru. Og það eru til margvíslegar uppskriftir fyrir hvern hluta þorsksins, svo sem þunnildi, hnakka eða sporða.

„Ég reyni að láta börnin mín upplifa ásku mína sem ég trega og fæ aldrei til baka og held þannig í arfleifðina,“ segir Hugo. „Það er mikilvægt að ala börnin upp í að borða fjölbreytta og næringarríka fæðu sem auðvelt er að útbúa. Börnin mín elska saltfisk, allt frá einföldum plokkfiski til grillaðra hnakkastykkja.“ Saltfiskur er þó meira en næring í hugum Portúgala. „Það er ekkert sem miðlar betur portúgalskri menningu en saltfiskur. Hann er miðpunktur matargerðar okkar og menningar sem teygir sig frá kjöti til fiskjar og eftirrétta. Við miðlum æskuminningum okkar og gildum til barna okkar þegar við borðum saltfiskinn saman á jólunum og upplifum gleði fjölskyldunnar,“ segir Hugo að lokum.

Ana Margarida Almeida í Portúgal aðstoðaði greinarhöfund við gerð þessarar greinar.

***Sigurgeir B Kristgeirsson** er búfræðingur og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Vinnslustöðin flytur mikið af saltfiski út til Portúgal.*

Gleðileg jól og farsælt komandi ár













Okkar bestu hátíðaóskir

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar með þökk fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða. Við vonum að árið fram undan og framtíðin öll verði farsæl og björt.

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-NM-008212





Hver er jólaréttur Íslendinga?

Nú, í síðasta tölublaði Bændablaðsins á þessu ári, þegar aðeins 8 dagar eru til jóla, er þess virði að líta til þess hvaða kjöt fólk kýs einna helst að borða yfir hátíðarnar og í aðdraganda þeirra. Ef ímynd jólanna stenst ættu tölur yfir sölu og innflutning að sýna að kjötát aukist yfir hátíðarnar og að aðallega myndi aukningin skiptast á lambakjöt og svínakjöt þar sem þetta er tíminn þar sem fólk seðjar hungrið með hamborgarhrygg, purusteik og hangikjöti.

En ef rýnt er í tölurnar þá sést að í desember undanfarinna þriggja ára selst minna af kjöti en í meðalmánuði. Meðalneysla desembermánaðar er 2.305 tonn en meðaltal ársins er 2.564,2 tonn. Þetta er 10% samdráttur frá meðaltali kjötneyslu á landinu.


Einnig er áhugavert að sjá að ekki er hægt að treysta á að sala svínakjöts eða kindakjöts aukist í desember. Hér er stuðst við sölu áranna 2020 og 2021 og sést þá að árið 2020 var kindakjötssala í desember rétt undir meðaltali en árið 2021 var hún rétt yfir meðaltali. Öfugt er farið með svínakjötið. Þar er salan rétt yfir meðaltali árið 2020 en undir því 2021. Þegar horft er yfir töflur sem sýna frávik frá meðal mánaðarsölu sést að fyrir utan lambakjöts- og hrossakjötssölu rétt eftir sláturtíð á haustin, og samdrátt í mánuðunum fram að því, er lítið hægt að reiða sig á árstíðabundna söluaukningu í einstaka kjötflokkum, þó fyrir utan það að í desember áranna tveggja í þessu úrtaki dró úr sölu bæði alifugla- og nautakjöts.














Markaðir

Evra
151,1 kr

USD
143 kr

Pund
176,2 kr

95 okt bensín
319,9 kr

Díesel
326,9 kr

Mjólk (USD/100 pund)
20,5 USD

Korn (USD/sekkur)
7,23 USD

Kartöflur (EUR/100 kg)
26,3 EUR

Ull (AUD/100 kg)
1308 AUD

Ostur (USD/pund)
2,02 USD

Smjör (EUR/tonn)
5600 EUR

Hrein íslensk fæðubót **frá Eylíf**

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira



Már Guðnason

Betri lífsgæði með Active JOINTS

Már Guðnason húsasmiður hefur starfað við álagsvinnu í gegnum árin. Nú þegar hann er kominn á eftirlaun hafa komið fram ýmis eftirköst erfiðisins. Már hefur fundið út að **Active JOINTS** frá Eylíf reynist vel til að bæta lífsgæðin.

Már segist hafa verið sérstaklega slæmur í hálsliðum. „Ég er lærður húsasmiður en er eiginlega alt muligtmaður," segir hann. „Get eiginlega aldrei verið aðgerðalaus og er alltaf að dunda mér við eitthvað, hvort sem það eru endurbætur hér heima, að hjálpa vinum og vandamönnum eða vinna í garðinum" segir Már, sem býr í Fljótshlíðinni ásamt konu sinni, Önnu Óskarsdóttur. „Við búum á þessum fagra stað," segir hann.

„Ég var alltaf í átaksvinnu, aðallega í virkjunum. Það hefur komið niður á líkamanum en ég hef verið sérstaklega slæmur í hálsinum. Ég vann lengi í járnabindingum og oft með mikil þyngsli í höndunum. Það reynir á skrokkinn og kemur fram þegar maður eldist," segir hann. „Ég var með mikla verki í hálsinum og átti erfitt með svefn. Ég hafði leitað til heimilislækna í einhver ár, en það eina sem ég fékk út úr því var að taka verkjalyf. Ég fór í nudd með litlum árangri, verkirnir versnuðu bara ef eitthvað var. Ég var síðan sendur í myndatöku og þá kom fram mikið slit í hálsliðum en því miður á svo vondum stað að ekkert er hægt að gera. Eina ráðið voru verkja- og gigtartöflur það sem eftir er, sem mér hugnaðist ekkert sérstaklega vel," útskýrir Már.

Get loksins sofið

„Ég sá auglýsingu frá Eylíf um **Active JOINTS** og hugsaði með mér að það væri nú allt í lagi að prófa þetta. Það var í mars 2020. Eftir fjórar vikur var ég farinn að finna fyrir að eitthvað var að breytast og eftir fjóra mánuði var ég orðinn töluvert betri. Ári seinna var ég hættur að finna fyrir verkjunum í hálsinum. Fyrir mér er þetta kraftaverk og lyginni líkast. Ég fékk nýtt líf. Engar verkjatöflur og mér gekk vel að sofna á kvöldin. Í rauninni er ég laus við verkina," segir Már, sem tekur þrjú hylki á dag og ætlar sannarlega að taka **Active JOINTS** frá Eylíf áfram.

Már var svo óheppinn að fótbrjóta sig fyrir sex vikum og er viss um að **Active JOINTS** hefur hjálpað beinunum að gróa. Læknirinn er ánægður með hversu vel hefur gengið hjá honum. „Ég var svo óheppinn á leið í Krónuna á Hvolsvelli að detta. Það var rok úti og ég var með tvo nælonpoka sem fuku frá mér. Í flýtinum að ná þeim hrasaði ég með þeim afleiðingum að ég mölbraut á mér fótinn. Ég brotnaði svo illa að læknirinn sagði að í raun áður en aðgerðin fór fram hefði fóturinn verið ónýtur. Aðgerðin hefði hins vegar gengið vel og ég er farinn að stíga í fótinn," segir hann og bætir við: „Enda læknirinn, Benedikt Árni Jónsson, algjör snillingur, besti skurðlæknir á landinu að öðrum ólöstuðum," segir hann.

Active JOINTS styrkir beinin

Már segir að hann hafi spurst fyrir hjá Eylíf hvort það hentaði að taka **Acive JOINTS** á meðan beinin væru að gróa. „Mér var sagt að það væri mjög gott þar sem **Active JOINTS** styrkir beinin. Ég hélt því áfram að taka hylkin og er viss um að það hefur hjálpað þeim að gróa," segir hann. „Ég er bara virkilega ánægður með virknina í **Active JOINTS** og hef mikla trú á þessu fæðubótarefni enda eru innihaldsefnin kalkrík sem er nauðsynlegt fyrir viðhald beina. Einnig er C- og D3-vítamín í **Active JOINTS** frá Eylíf. Ég get ekki annað en mælt með vörunni," segir Már og bætir við að eiginkonan taki **Smoother SKIN & HAIR** og sé sömuleiðis mjög ánægð með þá vöru.

„Ég hef verið að benda vinum og kunningjum á **Active JOINTS** og veit að margir eru farnir að taka hylkin daglega enda gott fyrir liðina og beinin. Ég er ekki nægilega duglegur að fara í göngutúra þótt ég sé alltaf að hreyfa mig í alls konar stússi. Ég hef gaman af ýmiss konar viðhaldsvinnu og hef ágætis vinnuaðstöðu í bílskúrnum."

Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík undir GMP gæðastaðli.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

Syngja í kórum

Már hefur mörg áhugamál og bæði hjónin syngja í kórum. Hann syngur með Öðlingum, sem sungu í vikunni í Áskirkju. „Ég gat ekki verið með félögum mínum, þar sem ég má ekki standa lengi í fótinn," segir hann. „Mest erum við að syngja við jarðarfarir, þá átta til tíu/tólf manns. Hins vegar erum við átján á tónleikum. Það er virkilega gefandi og skemmtilegt að vera í kór," segir hann, en eiginkonan syngur með kirkjukór Fljótshlíðar. Hjónin hafa verið dugleg að ferðast um Evrópu, gjarnan með Bændaferðum, en hafa bara einu sinni farið til Kanarí. „Mér finnst mjög gaman að fara í rútuferðir, sérstaklega um fjöllin á Ítalíu, aka til Slóveníu og einnig Austurríkis. Við eigum tvo syni og barnabörn í Svíþjóð og förum líka reglulega þangað," segir Már, en hjónin eiga einnig eina dóttur sem býr í nágrenni við þau. „Lífið er skemmtilegt og það er bara yndislegt að vera til," segir hann.



Hrein íslensk óerfðabreytt hráefni
Íslensk framleiðsla
Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



EYLÍF algalíf

FRÉTTASKÝRING

Dýravelferðarmál í þjóðfélagsumræðunni:

Hvenær skal gripið til aðgerða gegn illri meðferð á dýrum?

– Mikil fjölgun ábendinga frá almenningi um slík tilvik

Dýravelferðarmál hafa verið ofarlega á baugi þjóðfélagsumræðunnar á undanförnum mánuðum, vegna nokkurra mála þar sem aðbúnaður dýra hefur ekki verið lögum samkvæmt. Matvælastofnun (MAST) hefur legið undir ámæli fyrir að bregðast seint við ábendingum um slík alvarleg tilfelli og aðgerðarleysi, þegar ljóst þykir að dýr séu illa haldin. Hrönn Ólína Jörundsdóttir, forstjóri Matvælastofnunar, hefur sagt að hún telji að starfsfólk hennar vinni að dýravelferðarmálum innan þeirra heimilda sem stofnunin hefur, af heilindum og einlægni en klárlega þurfi að rýna faglega hvernig megi bæta vinnu stofnunarinnar.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Dýraverndarfólk hefur í þessum málum deilt hart á MAST fyrir langlundargeð gagnvart meintu dýraníði. Stofnunin hefur svarað með því að benda á þröngan ramma laganna, að stofnunin sem stjórnvald skuli beita vægasta úrræði hverju sinni til að ná fram úrbótum og sé skylt að fara eftir skýrum verkferlum.

Forkastanleg vinnubrögð

Anna Berg Samúelsdóttir, búfræðingur og landfræðingur, á sæti í fagráði um velferð dýra auk þess að sitja í stjórn Dýraverndarsambands Íslands. Hún segir vinnubrögð MAST hafa verið forkastanleg í haust, í málum tengdum Nýjabæ í Bæjarsveit í Borgarfirði. „Það að hafa sett þessi 30 hross sem voru í Borgarnesi, vannærð og vanhirt, eins og sést hefur á myndum, út í haga án fóðurs og húsaskjóls. Grös voru þá farin að falla, haustlægðir að hefjast og þau ekki í ástandi til að bata sig. Ekki var vart við að þeim væri gefið hey og þau fengu ekki aðgengi að húsaskjóli né öðru skjóli í þeim haustlægðum sem gengu yfir í september og fram til 18. október, þegar Matvælastofnun fór í aðgerðir.“

Hún gagnrýnir stofnunina fyrir að hafa ekki gripið til tækra úrræða, til að mynda þeirra sem tíunduð eru í greinum 37, 38 og 39 í lögum um velferð dýra. Þar eru tiltekin ákvæði um vörslusviptingu dýra og haldlagningu, úrbætur sem ekki þola bið og tímabundið bann við dýrahaldi. Sérstaklega nefnir hún 39. greinina þar sem fram kemur að telji Matvælastofnun það nauðsynlegt, til að stöðva eða koma í veg fyrir illa meðferð á dýrum, geti hún fyrirvaralaust og til bráðabirgða svipt umráðamann heimild til þess að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið.

Tilgreindir frestir til úrbóta

Hrönn segir að heimild til að svipta umráðamann tímabundið leyfi til að hafa eða sjá um dýr, sé eingöngu virk eftir að vörslusvipting hefur farið fram og þá á grundvelli 37. eða 38. greina laganna. Í 37. greininni kemur fram að stofnuninni sé heimilt að taka ákvörðun um að svipta umráðamann dýra vörslu þeirra, ef aðilar sinna ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilgreinds frests meðan 38. greinin gerir stofnuninni heimilt að vörslusvipta í tilvikum þar sem aðgerðir þola ekki bið. „Í málum þar sem stofnunin vörslusviptir umráðamann dýrum, þá höfum við heimild til að skipa bústjóra en við getum ekki skipað bústjóra nema varsla dýranna sé komin í hendur MAST og bústjóri er því að sinna dýrum sem er í vörslu MAST.

Það er svo stundum flóknara í raunveruleikanum þó svo við höfum þessar heimildir. Algengt er að leitað sé til nærsamfélagsins og það er ekki auðfundið þar sem fæstir vilja eða geta komið inn og sinnt heilu búi í einhvern tíma því þetta er oft í einhverja daga og þá með oftast erfiðan eiganda á hliðarlínunni. Það þarf að fóðra, mjólka, moka út og svo framvegis – og aðilar sem hafa þekkingu á þessu eru sjálfir í búskap.

Eins þarf að huga að því að þetta fer fram í húsum og á landi aðilans sem hefur verið vörslusviptur og sá getur virkilega gert okkur og bústjóranum erfitt fyrir, til dæmis með að neita aðgangi að tækjabúnaði og heyi og jafnvel aðgangi að dýrunum. Þannig að það hefur oft verið mjög erfitt að fá inn aðila sem vilja taka við sem bústjóri. Í erfiðum tilfellum er MAST að vinna að þessu með aðstoð lögreglu til að tryggja öryggi okkar starfsfólks. Þarna eru gjarnan aðstæður sem fáir vilja setja sig í. Þannig að þó þessar heimildir séu í lögum þá hefur verið áskorun að beita þeim í raunveruleikanum. En að setja bústjóra eða leggja á tímabundið bann við búfjárhaldi á eingöngu við þegar búið er að vörslusvipta.“

Starfað samkvæmt lögum frá 2014

Matvælastofnun starfar samkvæmt lögum um velferð dýra, sem tóku gildi árið 2014. Þá færðist eftirlit með velferð dýra til stofnunarinnar frá sveitarfélögunum. Með þeim lögum fékk Matvælastofnun rýmri heimildir til beitingar þvingana og stjórnvaldssekta í dýravelferðarmálum. Að sögn Hrannar var hægt að beita vörslusviptingum frá árinu 2014, en á árunum 2015 til 2016 hafi verið þróað verklag við beitingu sekta og á árinu 2016 hafi stofnunin byrjað að beita þeim.

Þótt rammi laganna sé þröngur og starfað sé eftir skýrum verklagsreglum, þá er óhjákvæmilegt annað en það komi í hlut eftirlitsfólks og sérfræðinga MAST að meta alvarleika mála hverju sinni – til að ákvarða um aðgerðir eða aðgerðaleysi stjórnvaldsins. Hrönn segir að umgjörð eftirlitsins sé skýr. „Það er settur rammi fyrir sérhæft eftirlitsfólk til að gefa fresti í verklagsreglunum. Það fer svo eftir eðli máls hversu stuttur eða langur frestur er gefinn, allt frá því að vera einhverjar klukkustundir í hámarkslengd frests sem er einn mánuður. Eins ef ástandið er metið það alvarlegt, þá er hægt að bregðast strax við, samkvæmt 38. grein þegar aðgerðir þola ekki bið. Allt er þetta skýrt í verklagsreglum. Sérgreinadýralæknar dýrategunda sjá svo um að tryggja samhæfingu milli landsvæða og samráð milli dýrategunda, lengd fresta, aðgerða og mat á frávikum. Í málum sem þessum þá eru það sérhæfðir aðilar sem meta meðal annars holdafar og aðbúnað dýranna og eru viðbrögð stofnunarinnar ákvörðuð út frá þeim niðurstöðum,“ segir Hrönn og bætir við að yfirlit um almennt eftirlit með dýravelferð stofnunarinnar sé aðgengilegt, meðal annars í ársskýrslum hennar.

„Þar má sjá fjölda skoðunaratriða, hlutfall þeirra sem er í lagi og þar sem ólag er; bæði frávik og alvarleg frávik. Þá má þar finna atriði, þar sem aðilar hafa fengið úrskurð um frávik en bætt úr þeim,“ segir hún.

Ill meðferð dýra á aldrei að líðast

Anna Berg spyr hversu lengi hægt sé að gefa fresti til úrbóta þegar ástand dýra sé augljóslega alvarlegt. „Ill meðferð dýra á aldrei að líðast og það að fela sig á bakvið stjórnsýsluferla í þessu tiltekna máli finnst mér slæleg vinnubrögð.

Það er líka umhugsunarvert ef þeim starfsmönnum MAST sem að þessu máli koma finnst ástand þessara skepna, sem myndir hafa birst af, þoli bið á meðan málið er í ferli. Með því er verið að gjaldfella alvarleika málsins, sem er að þessi dýr búa við alvarleg vanhöld, fá ekki nægilegt fóður og grunnþörfum þeirra er ekki sinnt. Og þrátt fyrir að svo sé fyrirkomið með þessi dýr þá fá eigendur ítrekaða fresti til úrbóta. Málið hefði átt að vinna hratt og örugglega og það átti aldrei að þurfa að koma í fjölmiðla. Það er vel hægt að gæta að öllum stjórnsýsluferlum, sanngirnis, ásamt virðingu gagnvart eignarréttinum samhliða tafarlausum úrbótum þegar dýr eru í neyð,“ segir Anna og vísar aftur til úrræða 39. greinar laga um velferð dýra.

Engar ályktanir eða fundargerðir fagráðs


Sem fyrr segir á Anna sæti í fagráði um velferð dýra, tilnefnd af Dýraverndarsambandi Íslands. Með henni í ráðinu sitja þau Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir, sem er formaður, Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur Bændasamtaka Íslands og tilnefndur af samtökunum, Katrín Andrésdóttir dýralæknir, tilnefnd af Dýralæknafélagi Íslands, og Henry Alexander Henrysson, heimspekingur og kennari í siðfræði, tilnefndur af Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Hlutverk þess er meðal annars að vera Matvælastofnun til samráðs um stefnumótun og einstök álitaefni á sviði velferðar dýra, að fylgjast með þróun dýravelferðarmála og upplýsa stofnunina um mikilvæg málefni á sviði dýravelferðar auk þess að taka til umfjöllunar mál á sviði velferðar dýra að beiðni einstakra fagráðsmanna.

Áðurnefnd dýravelferðarmál voru tekin fyrir á fundum ráðsins í nóvember en trúnaður gildir um innihald þeirra og fundargerðir hafa ekki verið gerðar opinberar. Sigurborg staðfestir að málin í Borgarbyggð hafi verið tekin til umræðu á fundum ráðsins en ekki hafi enn verið unnin ályktun frá þeim til birtingar í fundargerð. Raunar hefur ekki verið birt nein fundargerð ráðsins frá 29. júní 2022. Hún segir að því miður hafi orðið misbrestur á þessum birtingum að undanförnu en ætlunin sé að koma því fljótlega í lag.



Hrönn Ólína Jörundsdóttir, forstjóri Matvælastofnunar. Mynd / Aðsend



Anna Berg Samúelsdóttir, bú- og landfræðingur. Mynd / Aðsend

Ábendingum fjölgar

Þegar fjallað var um dýravelferðarmálin í haust í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum, var það talsvert gagnrýnt að litlar upplýsingar fengjust um málin frá MAST. „Vinnuregla okkar er að tjá okkur ekki um mál sem eru í vinnslu, við þurfum að gæta að því að fylgja persónuverndarlögum,“ segir Hrönn við þeirri gagnrýni. Stofnunin hafi þó neyðst til að senda frá sér tilkynningar um stöðu einstakra mála, meðal annars til að leiðrétta rangfærslur og til að útskýra verklag sitt.

Talsvert hefur einnig verið gagnrýnt að Matvælastofnun virðist ítrekað hafa tekið fálega ábendingum frá almenningi um illa meðferð á dýrum – og jafnvel ekki staðfest móttöku á slíkum ábendingum. Þetta þykir skjóta skökku við þar sem stofnunin óskar sérstaklega eftir slíkum ábendingum í gegnum sérstaka gátt á sínum vef. Hrönn segir að ábendingum um alvarleg dýravelferðarmál sé forgangsraðað og lagt hafi verið upp úr því að bæta viðbrögð við móttöku ábendinga. „Haldið er utan um allar ábendingar, skýrslur og aðgerðir. Hins vegar virðist ábendingum vera að fjölga og MAST er að skoða leiðir til að sinna þeim.

Ef ábendingin reynist á rökum reist, þá fer málið í hefðbundið ferli innan stofnunarinnar þar sem haldið er utan um stöðuna í eftirlitskerfi stofnunarinnar. Þar er skráð eftirlit, frávik, viðbrögð, aðgerðir, tímafrestir og svo framvegis. Eins má sjá í samantektunum á ársskýrslunum að það er einhver fjöldi ábendinga sem eiga ekki heima hjá MAST og þær eru þá áframsendar á viðkomandi stjórnvald, til að mynda heilbrigðiseftirlitin eða Umhverfisstofnun. Hins vegar fara ábendingar gegnum ákveðna síu þar sem við sannarlega verðum að forgangsraða okkar verkefnum miðað við fjármögnun og mannafla. Ég myndi þó telja að við séum með gott eftirlit með alvarlegum ábendingum.“

Mikil fjölgun ábendinga

Á síðustu þremur árum hefur ábendingum fjölgað verulega um illa meðferð á dýrum; árið 2019 bárust 650 ábendingar, 825 árið 2020 og á síðasta ári voru þær komnar í 983.

Hrönn segir að stærsti hluti af starfsliði MAST sé samhæfð vél. „Allt miðar starfið að því að tryggja eftirlit og framkvæmd eftirlits þó svo að eftirlitsþeginn sjái svo eingöngu sjálfan eftirlitsaðilann. Eftirlit með dýravelferð er samtvinnað eftirliti með frumframleiðslu, bændum, dýraeigendum, sláturhúsum, fiskeldi og svo framvegis.“

Úttekt og eftirlit

Í haust kallaði matvælaráðuneytið eftir upplýsingum frá Matvælastofnun um framkvæmd eftirlits og verkferla vegna velferðar dýra. Vísað er til tilfella þegar grunur leikur á að umráðamenn séu ekki að uppfylla ákvæði laga, hvort sem um ræðir almennt eftirlit eða samkvæmt ábendingum sem berast stofnuninni.

Ráðuneytið óskaði einnig eftir upplýsingum um hvort stofnunin telji skort á heimildum í lögum til að tryggja velferð dýra og grípa til viðeigandi ráðstafana þegar aðstæður krefjast.

Þá vinnur Ríkisendurskoðun á frumkvæðisúttekt á eftirliti Matvælastofnunar með velferð dýra og mun skila niðurstöðum hennar í opinberri skýrslu til Alþingis.

Hrönn fagnar bæði erindi matvælaráðuneytisins og úttekt Ríkisendurskoðunar. „Ég er hins vegar ekki sammála þeim sem segja að augljóst sé að eitthvað mikið sé að. Það er verið að framkvæma faglega úttekt hjá Ríkisendurskoðun og mikilvægt að rýna þær niðurstöður til gagns ef við þurfum að bæta ferla innanhúss. En þessi mál þurfa alltaf að vera í endurskoðun og spurning hvort við þurfum ef til vill ný tól og tæki til að geta brugðist við breyttum aðstæðum,“ segir hún.



Gleðilega rafmagnaða hátíð

Starfsfólk RARIK óskar viðskiptavinum, samstarfsfólki og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs. Við hlökkum til að verða samferða ykkur á orkuneti framtíðarinnar. *Gleðilega hátíð.*

RARIK Í 75 ÁR

RARIK ohf | www.rarik.is

RARIK

FRÉTTASKÝRING

Orkumál:

Íslendingar verða rukkaðir á nýju ári fyrir syndaaflausnir af eigin raforku

– Orkupakkaleikurinn um upprunaábyrgðirnar vegna raforku er farinn að vinda upp á sig

Í júní 2015 greindi Sveinn A. Sæland, fyrrverandi formaður Sambands garðyrkjubænda, frá tilraun Orkuveitu Reykjavíkur til að neyða garðyrkjubændur til að greiða sérstakt gjald fyrir að nota hreina íslenska raforku. Nú hefur Landsvirkjun stigið skrefið til fulls og verður ekki lengur í boði að segjast nota hreina endurnýjanlega orku nema að borga sérstaklega fyrir það.



Hörður Kristjánsson
hk.reinalds@gmail.com

Þrátt fyrir tilraunina sem Orkuveita Reykjavíkur gerði og greint var frá 2015 til að fá garðyrkjubændur til að greiða sérstakt gjald fyrir hreina raforku sem framleidd væri með vatnsafli og jarðhita, þá hafa orkufyrirtækin ekki lagt í aðra slíka tilraun hér á landi fyrr en nú. Hins vegar hafa upprunavottorð verið látin fylgja innlendum orkukaupum endurgjaldslaust frá 2016.

Virðist vera markmiðið að hækka orkuverð

Landsvirkjun hefur nú tilkynnt sölufyrirtækjum á heildsölumarkaði raforku að frá og með árinu 2023 muni upprunaábyrgðir raforku ekki fylgja endurgjaldslaust með þeirri orku sem fyrirtækin kaupa. Afsláttur verður veittur fyrir kaupum upprunaábyrgða á næsta ári og munu fyrirtækin hafa val um framseljanlegar ábyrgðir á markaðsverði eða óframseljanlegar á föstu verði. Afslátturinn er tímabundinn og ljóst að þessi gjaldtaka fyrir „syndaaflausnir“ vegna raforkunotkunar muni leiða til hækkunar á raforkuverði sem virðist greinilega vera markmiðið.

Sagt í takti við orkutilskipanir frá ESB

Með því að láta upprunaábyrgðirnar ekki lengur fylgja raforkukaupum sölufyrirtækja, sem þær hafa gert frá árinu 2016, er að sögn Landsvirkjunar verið að færa fyrirkomulag sölu til samræmis við kerfið á meginlandi Evrópu. Þetta er enn einn millilliðurinn í verðmyndun raforku og samþættingu orkumarkaðar Evrópu sem framkvæmd hefur verið með reglugerðainnleiðingum, einkum í formi orkupakka.

Kemur verst við landsbyggðarfólk

Heimildamaður blaðamanns segir að gjaldtaka vegna upprunaábyrgða muni koma verst við þau svæði á landsbyggðinni sem byggja alla sína orkunotkun eingöngu á raforku. Kynding húsnæðis geti vegið þar þungt sem ekki er til staðar á höfuðborgarsvæðinu og öðrum stöðum sem búa við jarðhitakyndingu. Þá getur þetta líka komið mjög illa við garðyrkjustöðvar, sem eru stórnotendur á raforku, og kúabú.

Skitið á tröppurnar og gerandinn sendir rukkun

Sveinn A. Sæland, sem rak garðyrkjustöðina Espiflöt með fjölskyldu 2015, sagði þá um tilraun Orkuveitu Reykjavíkur til gjaldtöku vegna hreinleikavottorða:

„Okkur var boðið að kaupa okkur frá þessari vitleysu fyrir sem nemur 5,1 eyri á kílówattstund (kWst). Þannig gætum við keypt kjarnorku og jarðefnaeldsneytið út af reikningum hjá okkur og fengið rafrænt „lógó“ inn á heimasíðuna sem segir að við séum að kaupa hreina orku. Ég var bara ekki tilbúinn að taka þátt í svona skrípaleik. (…) Einn góður maður setti fram þá samlíkingu að þetta væri eins og einhver kæmi og skiti á tröppurnar hjá manni, bankaði svo á útidyrnar og byði húsráðanda að borga viðkomandi fyrir að þrífa upp skítinn eftir sig.“

Í áformum Landsvirkjunar nú á að ganga mun lengra og gert er ráð fyrir meira en tvöfalt hærra gjaldi á kílóvattstund en Sveinn nefndi 2015. Þó er veifað þeirri gulrót að gefinn verði afsláttur á hreinorkuvottorðunum til að byrja með.



Frá árinu 2011 hefur Landsvirkjun selt upprunaábyrgðir eða „syndaaflausnir“ úr landi í stórum stíl. Með þeim hafa erlend fyrirtæki sagst framleiða sínar vörur með hreinu íslensku rafmagni, en ekki raforku sem framleidd er að stærstum hluta með kolum, olíu, gasi og kjarnorku. Orkustofnun hefur hins vegar þurft að yfirfæra samsetningu erlendu orkuframleiðslunnar í íslenska orkuframleiðslubókhaldið. Myndir / HKr.



Landsvirkjun hefur nú tilkynnt sölufyrirtækjum á heildsölumarkaði raforku að frá og með árinu 2023 muni upprunaábyrgðir raforku ekki fylgja endurgjaldslaust með þeirri orku sem fyrirtækin kaupa.

Syndaaflausnir fyrir orku sem þegar hefur verið keypt

Á árinu 2023 ætlar LV að bjóða afsláttarkjör. Um 77% afsláttur verður boðinn á verði upprunaábyrgða miðað við markaðsverð þeirra fyrir þeirri orku „sem þegar hefur verið keypt“ og er með afhendingu á árinu 2023.

Tilboð Landsvirkjunar til Orkubús Vestfjarða hljóðar t.d. upp á að kaupa upprunaábyrgðir á 300 kr. á megawattstund (MWst) sem jafngildir 0,30 kr. á kílówattstund með allri keyptri raforku fyrir árið 2023 sem Orkubú Vestfjarða hefur fest kaup á fyrir 15. desember 2022.

Eftir þennan tíma þarf að greiða fullt „markaðsverð“ sem var í byrjun desember á 1.320 (kr/MWst) = 1,32 kr/kWh. Þetta er ríflega tvöfalt hærra en það 0,51 kr. gjald sem Orkuveita Reykjavíkur ætlaði að rukka garðyrkjubændur um árið 2015.

Mun kosta Vestfirðinga um 160 milljónir króna á ári

Samkvæmt skýrslu starfshóps um orkumál á Vestfjörðum og skýrslu verkfræðistofunnar Eflu, fer raforkuþörf jafnt og þétt vaxandi á Vestfjörðum. Hún hefur verið um 245 gígawattstundir (GWst) á ári og búist við að hún fari á 476 GWst eftir um 13 ár, eða fyrir árið 2035.

Vestfirðingar geta ekki framleitt í dag nema um helming af orkuþörf sinni og þurfa því að kaupa frá Landsvirkjun eða öðrum um 120 GWst á ári eða 120.000 MWst.

Eftir árið 2023 mun Landsvirkjun væntanlega samkvæmt markaðsverði í dag, rukka vegna syndaaflausna fyrir þetta orkumagn um 158.400.000 krónur auk rukkunar fyrir orkuna sjálfa. Útilokað er talið að Orkubú Vestfjarða taki á sig aukinn kostnað upp á nær 160 milljónir á ári og því augljóst að því verður velt yfir á almenna orkukaupendur á svæðinu. Sama mun trúlega gilda um alla aðra raforkusala á landinu með tilheyrandi áhrifum á verðbólgu. Stingur þetta óneitanlega í stúf við áform yfirvalda um orkuskipti í landinu og hvatningu til fólks um kaup á rafbílum.

Salan hefur vakið furðu

Það hefur vakið undrun landsmanna að allt frá 2011 hafa íslensk orkufyrirtæki selt hreinleika- eða upprunavottorð á raforku til fyrirtækja Evrópu. Í skjóli þessara vottorða hafa erlend fyrirtæki skreytt sig og segjast nota hreina orku sem samt er framleidd að meirihluta með kolum, olíu, gasi og kjarnorku. Erlend fyrirtæki hafa því notað íslensku upprunavottorðin til að blekkja sína neytendur. Í staðinn hafa Íslendingar þurft að taka á sig á pappírunum losun á gróðurhúsalofttegundum og geislavirkum úrgangi vegna framleiðslu raforku í Evrópu.

Þannig sagði Orkustofnun (OS) að á síðasta ári hafi íslensk raforka verið að 24% hluta framleidd með kjarnorku og 13% með jarðefnaeldsneyti, sem er í raun ósatt. Þá sagði OS að einungis 63% raforkunnar hér á landi hafi verið framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Verst voru áhrifin af sölu syndaaflausna árið 2018 þegar Orkustofnun sagði að einungis 11% raforku á Íslandi væri framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Annað, eða 89%, var sagt framleitt með jarðefnaeldsneyti og kjarnorku.

Öll raforka sem framleidd er á Íslandi er notuð innanlands. Meðaltal áranna 2011 til 2021 sýndi endurnýjanlega orkuhlutann aðeins vera 39%. Þegar búið er að selja syndaaflausnir fyrir meira en 60% af orkunni úr landi, er þá líka hægt að selja Íslendingum syndaaflausnir vegna sömu orku? □



Við óskum landsmönnum gleðiríkrar hátíðar
og farsældar á nýju ári

Starfsfólk Ísfells

ÍSFELL

Myndatexti

FRÉTTASKÝRING

Þróun á nautakjötsmarkaði:

Ná markmiðum sex árum fyrr


Höskuldur Sæmundsson
hoskuldur@bondi.is



Framleiðsla nautakjöts á Íslandi hefur gengið í gegnum visst breytingaskeið undanfarin fjögur ár. Í ársbyrjun 2018 voru flest sláturhúsin að innleiða EUROP matskerfið sem er vel þekkt í sauðfjárræktinni en einnig var verið að kynna nýtt erfðaefni til leiks.

Sambland þessara þátta, þar sem fleiri holdanautablendingar voru komnir í ræktun sem og að EUROP matið sýnir stöðu hvers grips mun nákvæmar en fyrra mat hefur leitt til bættrar ræktunar á íslensku nautakjöti og árangurinn það sem af er ári 2022 sýnir að stefnumótunarmarkmið LK frá árinu 2018 í UN gripum mun að öllum líkindum nást í ár, sex árum fyrr en vonir stóðu til.

Ef skýrsla MATÍS um upptöku og áhrif EUROP kerfisins í sauðfjárræktinni er skoðuð kemur það ekki á óvart, en áhrifin á nautgriparæktina voru á svipuðum nótum fljótt á litið. Samhliða upptöku nýs matskerfis var mikil aukning á framboði tollkvóta til innflutnings frá Evrópusambandinu, niðurstaða samninga sem voru kláraðir skömmu áður. Kvótaaukningunni fylgdi ekki mikil breyting á innflutningi fyrst um sinn og því má segja að meira magn innflutningsins hafi rúmast innan kvóta. Þrátt fyrir það lækkaði nautakjöt lítið skv. Undirvísitölu Hagstofunnar



Innflutningur jókst ekki í sama hlutfalli og aukning tollkvóta á árunum 2015 til 2022.

Afleiðingin af því virðist hafa verið sú að afurðaverð til nautgripabænda hafi farið niður á við og ekki þarf að leita lengi í Bændablaðinu eða á svæðum nautgripabænda á netinu til að sjá umræður um versnandi afkomu greinarinnar.

Á sama tíma reið vissulega heimsfaraldur yfir þar sem að framboð á erlendum mörkuðum breyttist og nú hefur stríðið í Úkraínu sett strik í reikninginn og því hættulegt að horfa á fylgni sem orsakasamhengi en í ár, sem er fyrsta árið þar sem ekki kemur til aukningar kvóta, þá loksins hækkar afurðaverðið skv. VATN vísitölunni.

Tíðar hækkanir sláturleyfishafa í vor voru vissulega jákvæðar fréttir en þó er ljóst ef að VATN vísitalan er skoðuð og borin saman við vísitölu neysluverðs að þrátt fyrir hækkanir ársins er VATN vísitalan engu að síður einungis rúmum 6% hærri í október 2022 en hún var í janúar 2018 meðan vísitala neysluverðs hefur hækkað um rúm 25% á sama tíma.


Afkoma greinarinnar hefur þannig versnað og á enn töluvert í land með að ná jafnvægi eins og niðurstöður rekstrarverkefnis RML sýndu glögglega.

En hið jákvæða er að eftirspurn eftir vörum nautgripabænda hefur sjaldan verið meiri og biðlistar í slátrun nánast horfnir. Leiðréttingar ársins á afurðaverðum gerir framtíðina bjartari og grundvöll greinarinnar sterkari.


	2018	2019	2020	2021	2022*
O+ og lakar	93,51%	91,46%	87,28%	86,89%	84,79%
R- og betra	6,49%	8,54%	12,72%	13,11%	15,21%

*2022 einungis jan-okt.

Þróun EUROP mats UN nautgripa.



Þróun undirvísitölu sýnir að verð á nautakjöti hefur hækkað hægt og rólega frá árinu 2018.



Á sama tíma og vísitala neysluverðs hefur hækkað um rúm 25% hefur vísitala afurðaverðs til nautgripabænda (VATN) einungis hækkað um 6%.



Áttu orlofseign sem þú vilt leigja?

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga óskar eftir að leigja vönduð sumarhús eða orlofsíbúðir fyrir félagsmenn sína.

Leitað er eftir húsnæði víðs vegar um landið. Eignirnar þurfa að vera snyrtilegar, fullbúnar húsgögnum og öðrum viðeigandi búnaði.

Áhugasamir sendi upplýsingar á **hjukrun@hjukrun.is** eða hafi samband við skrifstofu í síma **540 6400**.

Hvatning til kvenna í landbúnaði

Nýsköpunarverðlaun fyrir konur í landbúnaði í Evrópusambandinu fóru fyrst fram árið 2010 en þeim var ætlað að varpa ljósi á hundruð nýsköpunarverkefna sem unnin eru á hverju ári í Evrópu af konum í landbúnaði.

Evrópusamtök bænda, Copa Cogeca, halda utan um verðlaunin en á næsta ári verða þau veitt í sjöunda sinn og hefur nú verið opnað fyrir skráningu á heimasíðunni womenfarmersaward.eu

Yfirskrift verðlaunanna í ár er; „Hún getur ekki verið það ef hún sér það ekki!“ og er einnig ætlað að hvetja fleiri konur til að taka þátt í landbúnaði. Framtíðarsýn fyrir dreifbýli verður í fararbroddi í tengslum við verðlaunin. Vilja Copa Cogeca viðurkenna starfið sem konur hafa frumkvæði að á landsbyggðinni og jákvæð áhrif þeirra þvert á efnahagslega, félagslega og umhverfislega þætti á nærsamfélag sitt.



Haft var eftir Lotta Folkesson, einum aðstandenda verðlaunanna hjá Copa, að markmið þeirra sé tvíþætt; annars vegar að skapa vettvang til að varpa ljósi á hvernig konur taka þátt í landbúnaðargeiranum, hvort sem þær eru bændur, verkfræðingar eða vísindamenn. Hins vegar snúast verðlaunin um að skapa fyrirmyndir og hvetja fleiri konur til að velja sér starfsframa í landbúnaði. Frestur til að skila inn tillögum að verðlaunahöfum er til 31. mars 2023 en verðlaunaathöfnin fer fram í október á næsta ári. */ehg*

19% af Evrópubúum búa í dreifbýli

50% af þeim mannfjölda eru konur

96% af sveitabæjum í ESB eru fjölskyldubú

30% af framkvæmdastjórum á sveitabæjum í ESB eru konur


Hátíð fer að höndum ein,
hana vér allir prýðum.
Lýðurinn tendri ljósin hrein,
líður að helgum tíðum.
SMJÖR
RJÓMI
Ný mjólk
Við óskum landsmönnum öllum
gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.

FRÉTTIR

Frumvarp til aukinnar samvinnu kjötafurðastöðva og sláturleyfishafa:

„Getur aukið hagræði í sláturiðnaði svo um munar“

– segja Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði og telja svipaðar aðstæður ríkja nú og þegar hagrætt var í mjólkuriðnaði

Breytingar eru fyrirhugaðar á búvörulögum sem fela í sér möguleika kjötafurðastöðva og sláturleyfishafa til aukinnar samvinnu. Frumvarp þess efnis liggur í Samráðsgátt stjórnvalda og rann umsagnarfrestur um það út á mánudaginn, en alls var níu umsögnum skilað inn.

Eru þær í samræmi við tillögur spretthóps matvælaráðherra sem komu fram í júní, vegna alvarlegrar stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi. Í frumvarpinu er kveðið á um breytingar sem eiga að stuðla að endurskipulagningu og hagræðingu í slátrun og kjötvinnslu og felast í heimild afurðastöðva í sláturiðnaði til að stofna og starfrækja saman félag um flutning sláturgripa, slátrun, birgðahald og frumvinnslu afurða, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Sameiginleg starfsemi í samvinnufélagi

Gert er að skilyrði að starfsemin sé í sérstöku félagi til að tryggja aðskilnað frá annarri starfsemi og þannig stefnt að því að afmarka með skýrum hætti þá þætti sem heimild er að hafa samstarf um. Slíkt er jafnframt til þess fallið að auðvelda eftirlitsaðilum að hafa eftirlit með starfseminni. Neytendasamtökin segja í umsögn sinni að frumvarpsdrögin séu óboðleg og aðför að neytendum. Samkeppni tryggi lægra verð og betra vöruúrval. Þau gagnrýna frumvarpið fyrir að einskorða ekki heimildina til samvinnu við þær kjötgreinar sem veikast standa, heldur falli öll kjötframleiðsla og allar afurðastöðvar undir heimildina í frumvarpinu. Telja Neytendasamtökin að mistök hljóti að hafa verið gerð við frumvarpsgerðina enda geti það ekki verið markmið að opna á svo víðtæka heimild.

Svipaðar aðstæður og voru í mjólkuriðnaði

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) telja að frumvarpið geti aukið hagræði í sláturiðnaði svo um munar. Hins vegar þurfi að skýra ákveðin atriði frumvarpsins betur.

Vitna þau til skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá júní 2015 þar sem fjallað var um árangur í hagræðingu í mjólkuriðnaði, fækkun afurðastöðva og raunlækkun á vinnslukostnaði mjólkurafurða á árunum 2003 til 2013. Þar var hagræðið af lækkun vinnslukostnaðar metið á um þrjá milljarða króna á verðlagi ársins 2013, sem hafi skilað sér til bænda og neytenda. „Ákvæði 71. gr. búvörulaga var innleitt á grundvelli hagsmunamats löggjafans um að rekstrarörðugleikar í landbúnaði kölluðu á aukið svigrúm afurðastöðva í mjólkuriðnaði til að sameinast og semja um tiltekna verkaskiptingu.

Að mati SAM eru svipaðar aðstæður uppi nú varðandi kjötafurðastöðvar,“ segir í umsögn SAM.

Núgildandi samkeppnislög heimila hagræðingu

Samkeppniseftirlitið leggst gegn þeim hugmyndum sem fram koma í frumvarpsdrögunum, um undanþágu frá grunnreglum samkeppnislaga. Telur það að undanþágan sem ráðgerð er í frumvarpsdrögunum sé umtalsvert víðtækari heldur en drögin gefa til kynna við fyrstu sýn og nái einnig til samrunareglna. Til grundvallar liggi áform um verulega samþjöppun og einhverja einokun á landfræðilegum mörkuðum, án þess að hagsmunir bænda, sjálfstæðra vinnsluaðila eða neytenda séu tryggðir.

Núgildandi samkeppnislög heimili hagræðingu og því sé ekkert til fyrirstöðu að ákvæði 15. greinar um undantekningar til samstarfs fyrirtækja og samrunareglur laganna geti skapað grundvöll til hagræðingar á vettvangi kjötafurðastöðva, liggi til þess rök og hagsmunir bænda, annarra viðskiptavina og neytenda séu tryggðir.



Hagaðilar hafa skilað inn umsögnum sínum í Samráðsgátt stjórnvalda um frumvarpsdrög sem heimila aukna samvinnu kjötafurðastöðva og sláturleyfishafa. Mynd / Bbl

Hagræðing í allri keðjunni

Bændasamtök Íslands segja í sinni umsögn að þeirra sýn sé að með færri og stærri einingum sem sjá um slátrun og vinnslu afurða raungerist stærðarhagkvæmni sem skili sér til bænda í fleiri greiddum krónum. Færri krónur þurfa þá að fara í milliliði og fleiri krónur fari til frumframleiðenda. Til að það markmið náist, sem jafnframt skili sér til neytenda, þá verði að eiga sér stað hagræðing í allri keðjunni frá bónda í búð.

„Sé gengið út frá því að verð til neytenda sé við sársaukaþröskuld þannig að ókleift sé að hækka verð til frumframleiðenda frá þeim enda virðiskeðjunnar, og að afkoma frumframleiðenda sé óásættanleg þar sem verð til þeirra sé of lágt, þá verði einfaldlega að beina sjónum að því sem fram fer þarna á milli. Þar er um að ræða nokkra þætti virðiskeðjunnar, þ.e. söfnun sláturfjár, slátrun, geymsla, frumvinnsla, fullvinnsla, pökkun og dreifing. Samkvæmt greiningum frá Deloitte, KPMG og SI á rekstrarumhverfi sláturhúsa getur samþjöppun á markaðnum leitt af sér 0,9-1,9 milljarða króna hagræðingu,“ segir í umsögn Bændasamtaka Íslands.

„Aumkunarverður pilsfaldakapítalismi“

Í umsögn Félags atvinnurekenda (FA) er ítrekuð sú afstaða, sem fram hefur komið í umsögn félagsins um áðurnefnd frumvarpsdrög 17. maí 2021, að það sé algjörlega ótækt ef sérhagsmunahópar geta með þessum hætti pantað hjá stjórnvöldum undanþágur frá samkeppnislögum af því að þeir telji rekstur sumra fyrirtækja í tilteknum greinum ekki ganga nógu vel. Slíkt skapi afar varasamt fordæmi og geti rutt brautina fyrir „heldur aumkunarverðan pilsfaldakapítalisma“.

Að mati FA er grundvallaratriði að margvíslegir möguleikar séu á samstarfi framleiðenda búvöru og samstarfi eða jafnvel samruna afurðastöðva að óbreyttum lögum, án undanþágna frá bannákvæðum 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Tiltekur félagið nýlegt dæmi af samruna kjötafurðastöðvanna Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH afurða, sem rök fyrir því að möguleikar til hagræðingar á þessum markaði, innan ramma núgildandi samkeppnis- og búvörulöggjafar, séu fyrir hendi. /*smh*





Árneshreppur er fámennasti hreppur landsins og telur 50 íbúa. Horft yfir Norðurfjörð að Reykjaneshyrnu. Mynd / Svanlaug Sigurðardóttir

Fjölgar mest í Árneshreppi

Þjóðskrá hefur birt íbúafjölda landsins eftir sveitarfélögum í desember 2022.

Þegar horft er til hlutfallslegrar breytingar á íbúafjölda á tímabilinu 1. desember 2021 til 1. desember 2022 hefur íbúum Árneshrepps fjölgað mest síðastliðið ár, eða um 22,0%, en íbúum þar fjölgaði um níu. Á sama tímabili fjölgaði íbúum á landinu um 3,4%. Árneshreppur er fámennasti hreppur landsins og telur 50 íbúa.

Hlutfallslega fjölgaði íbúum næstmest í Kjósarhreppi, 16,7%, eða um 41. Einnig var töluverð hlutfallsleg fjölgun í Ásahreppi, eða um 12,3% og Bláskógabyggð, eða 10,5%. Af 64 núverandi sveitarfélögum þá fækkaði íbúum í 9 sveitarfélögum en fjölgaði eða stóð í stað í 55 sveitarfélögum.

Íbúum Reykjavíkurborgar fjölgaði um 4.003 á tímabilinu frá 1. desember 2021 til 1. desember 2022 og íbúum Kópavogsbæjar fjölgaði á sama tímabili um 813. Íbúum Akureyrarbæjar fjölgaði á tímabilinu um 300 og í Reykjanesbæ hefur fjölgað um 1.628 íbúa, eða um 8,0%. Íbúum Seltjarnarnesbæjar fækkaði hins vegar um 64, eða 1,4%.

Samkvæmt tölum Þjóðskrár fjölgaði íbúum í öllum landshlutum. Hlutfallslega mest hefur fjölgunin verið á Suðurnesjum, eða um 6,6% sem er fjölgun um 1.927 íbúa. Íbúum á Suðurlandi fjölgaði um 4,3% á tímabilinu, eða um 1.406 íbúa. Samtals fjölgar íbúum á landinu öllu um 11.319 frá 1. desember 2021, sem er um 3,4%. /*VH*

Íslensk ullarsæng

Tilvalin til
jólagjafa



LOPI
DRAUMUR

Sængurnar fást á Lopidraumur.is
Frí heimsending innanlands

Íslensk ull
Gæðamerki

LÍF & STARF

Hákonarstaðir á Jökuldal:

Að hafa trú á eigin sannfæringu

– Halla Eiríksdóttir spjallar um æskuna, ástina, búskapinn og hagsmunabaráttuna

Hún veit fátt skemmtilegra en að stússast með dyntóttum forystukindum milli þess sem hún reynir að hafa jákvæð áhrif á samfélag bænda. Halla Eiríksdóttir, hjúkrunarfræðingur og sauðfjárbóndi að Hákonarstöðum á Jökuldal, vinnur nú ötullega að því að koma á framfæri málefni sem stendur henni nær – andlegri heilsu bænda.



Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Móðir Höllu, Guðmunda Davíðsdóttir, var ein með fimm börn, þegar Halla var nokkurra mánaða, þegar Eiríkur Steingrímsson, faðir hennar, lést. Eiríkur var eina barn móður sinnar, Höllu Eiríksdóttur, sem létti undir með ekkju sonar síns með því að taka Höllu unga að sér nokkra mánuði á ári.

„Ég elst því upp við það hjá ömmu að það sé talað við mig eins og ég sé samtíða manneskju fædd 1898. Amma var frá Fossi á Síðu og ég var öll sumur þar. Á Fossi var stundaður hefðbundinn búskapur með sauðfé og mjólkurkýr. Þetta var eins og lítið þorp, fjórir ömmubræður með fjölskyldur og fjórar fjölskyldur vestan megin við lækinn, flest allt frændfólk mitt. Þar þreifst hin mannlega flóra eins og hún er, með mismunandi skoðunum, búskap og öllu sem fylgir.“

Hún líkir sumardvölunum að Fossi við ævintýri. „Þetta var endapunktur á veröldinni, rútan gekk ekki lengra. Sannarlega var okkur kennt að umgangast náttúruna af virðingu og við máttum alls ekki fara á ákveðna staði sem huldufólkið átti. Bræður ömmu voru harðduglegir bændur og miklir veðurmenn. Alltaf var talað um veðrið út frá skynfærunum. Það síaðist inn að nota skynfærin til að meta hvernig dagurinn yrði.“

Á veturna dvaldi hún frá sex ára aldri í Gunnarsholti, þar sem móðir hennar bjó með Páli Sveinssyni landgræðslustjóra og tveimur yngri bræðum Höllu. Þar segist hún minnast þess hvernig landgræðslan og skógræktin tókust á um fjármagn eins og í dag. „Í minningunni var stjúpi minn oft á ferðalögum um landið að tala við bændur og fá þá til liðs við sig og landgræðsluna.

Á þessum árum voru Rangárvellir svartur sandur með grænum túnum en nú hefur ásýnd landsins gjörbreyst.

Áburðardreifing með flugvélum var á þessum tíma að hefjast og urðu síðar mjög umfangsmiklar. Sauðfjárbúskapur var stundaður fyrstu árin en stofninum var öllum lógað því það þótti ekki jafnræði í samkeppni að ríkið væri að keppa við bændur. Ég tók þetta mjög nærri mér og fannst heimurinn óréttlátur á þessum aldri. Holdanautabúskapur var verulegur og nautakjöt daglegt fæði sem í minningunni var bara alls ekki gott, soðið eins og hvert annað kjöt.“

Þegar Páll lést flutti Halla með móður og systkinum til Reykjavíkur. Þar tók við hefðbundin skólaganga og svo hjúkrunarnám. Hún fór þó reglulega austur að Fossi.

„Þegar ég var farin að fullorðnast þá sé ég hlutina öðruvísi. Hvernig ég upplifiði þekkingu í landbúnaði þar sem verkþekkingin og skólabókarþekking náðu lítið saman meðal bænda. Þá finnst mér ég líka skynja þetta andrúmsloft meðal bænda, sem einkennist af vonleysi og depurð. Sú eilífa einsemd sem þeir búa við í vinnu sinni fór að segja til sín. Gegnum árin þyngdi hjá sumum, og svo mikið að einn frændi minna tók sitt eigið líf.“ Viðburðurinn hafði mikil áhrif á hana og hefur það verið keppikefli Höllu undanfarið að setja andlega heilsu á dagskrá innan félagskerfis bænda.



Halla býst við að þau Sigvaldi verði jafnvel síðustu sauðfjárbændurnir á Hákonarstöðum miðað við stöðuna í sauðfjárrækt. Þau eru þó á þeirri vegferð að þróa ferðaþjónustu þar sem byggir á sauðfjárbúskap. Myndir / Aðsendar

Fylgir eftir hugsjónum

Halla flutti úr borginni austur til Egilsstaða árið 1989. „Ég var starfandi sem hjúkrunarfræðingur og mér fannst það að vera einstæð móðir í Reykjavík í vaktavinnu vera eins og hvert annað hundalíf. Þannig einn daginn sagði ég bara upp og ákvað að flytja út á land.“

Hjúkrunarforstjórastaða á heilsugæslunni á Egilsstöðum varð hennar. Fyrsta dag í starfinu átti hún að taka við tilsögn um verkefnin en þess í stað þurfti hún að bregðast við 40 manna rútuslysi. Hún segir það hafa verið henni ákveðin eldskírn og metnaður hennar fyrir bættri heilbrigðisþjónustu í dreifbýli skilaði sér í ýmsum breytingum sem hún átti þátt í að koma á, s.s. því að hjúkrunarfræðingar væru þátttakendur í bráðaþjónustu. Það á líka við um baráttumál hjúkrunarfræðinga en Halla er varaformaður stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

„Ég hef alltaf verið viljasterk og skoðanarík og langað að koma hlutum í annan farveg, frekar en að láta kyrrt liggja. Það hentar mér ekkert voðalega vel að sitja bara í eldhúshorni og tala um vandamál. Miklu betra er þá að koma sér þangað sem hægt er að breyta því.“

Leið hennar að fremsta bekk í félagsmálum bænda er nokkuð týpísk, þegar rökfastar konur eru annars vegar. „Ég byrjaði að fara á bændafundi með manninum og þurfti náttúrlega að segja eitthvað því ég hafði skoðanir.“

Þannig endaði hún sem varamaður hjá Búnaðarsambandi Austurlands, sem fléttaðist svo áfram svo að endingu varð hún formaður í nokkur ár.




Smalamennska í ægifögrum Jökuldal.

Framhald á næstu opnu.



Halla sinnir ungviðinu að Fossi á Síðu um 1985. Hún líkir sumardvölum á Fossi við ævintýri þar sem hún lærði að umgangast náttúruna og nota innsæið.
Mynd / Páll Stefánsson

STÁLGRIND TIL SÖLU!
495 fm² (18x27,5m)



Nánari upplýsingar veitir
Gísli Már 842-5462 | gislia@veritas.is

Klippið út

VÉLFANG – VERKIN TALA

KUHN

Áramótatilboð

Kuhn og Vélfang ehf. bjóða viðskiptavinum sínum 15% afslátt af öllum Kuhn hey- og jarðvinnutækjum til 05. janúar 2023



Tryggðu þinn ávinning og veldu réttu vélina fyrir næsta sumar

Sláttuvélar

Tegund	Útbúnaður	Fjöldi diska	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Afl þörf hö	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
GMD 310	Diskasláttuvél með reimdrifi	8	3,10	711	56	1.926.000	2.388.240	**1.637.000**	2.029.880
GMD 3511	Bein driftenging með vökvafjöðrun	8	3,51	950	49	2.555.000	3.168.200	**2.172.000**	2.693.280
GMD 4011	Bein driftenging með vökvafjöðrun	9	4,0	1085	55	2.985.000	3.701.400	**2.537.000**	3.145.880
GMD 4411	Bein driftenging með vökvafjöðrun	10	4,4	1120	61	3.118.000	3.866.320	**2.650.000**	3.286.000
GMD 310 F	Framsláttuvél	8	3,1	1010	43	2.935.000	3.639.400	**2.495.000**	3.093.800
GMD 3525 F	Framsláttuvél	8	3,5	1180	49	3.738.000	4.635.120	**3.177.000**	3.939.480
A-rammi	A rammi/hraðtengi f. framsláttuvélar					125.000	155.000	**106.000**	131.440
GMD 8730	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	21	8,2-8,8	2648	122	7.750.000	9.610.000	**6.588.000**	8.169.120
GMD 9530	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	23	9,1-9,5	3405	135	10.080.000	12.499.200	**8.568.000**	10.624.320
GMD 10030	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	24	9,5-9,9	3530	141	10.530.000	13.057.200	**8.951.000**	11.099.240
FC 3515D	Með knosara og vökvafjöðrun	8	3,5	1620	85	4.465.000	5.536.600	**3.795.000**	4.705.800
FC 3125 DF	Framsláttuvél m/ knosara og vökvafj.	7	3,1	1320	68	3.856.000	4.781.440	**3.278.000**	4.064.720
FC 3525 DF	Framsláttuvél m/ knosara og vökvafj.	8	3,5	1390	77	4.264.000	5.287.360	**3.624.000**	4.493.760
FC 8830 DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	21	8,73	4420	191	12.285.000	15.233.400	**10.442.000**	12.948.080
FC 10030DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	24	9,93	4650	221	13.740.000	17.037.600	**11.679.000**	14.481.960
FC3561TLD	Dragtengd með knosara, hliðartengd	8	3,5	2280	90	5.410.000	6.708.400	**4.599.000**	5.702.760
FC3561TCD	Dragtengd með knosara,miðjutengd	8	3,5	2480	84	6.170.000	7.650.800	**5.245.000**	6.503.800
BKE 250	Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu		2,5	710	54	1.525.000	1.891.000	**1.296.000**	1.607.040
BP30	Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu		3,03	920	78	1.790.000	2.219.600	**1.522.000**	1.887.280
BPR 305	Hagasláttuvél fram- og afturvél		3,03	1100	100	2.465.000	3.056.600	**2.095.000**	2.597.800

Ath. allar sláttuvélar eru með hraðskiptibúnaði á hnífum

Heytætlur

Tegund	Útbúnaður	Fjöldi arma	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Afl þörf hö	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
GF 502	4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	5,4	505	20	1.317.000	1.633.080	**1.119.000**	1.387.560
GF 5202	4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	7	5,4	660	23	1.564.000	1.939.360	**1.329.000**	1.647.960
GF 642	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,4	840	30	1.975.000	2.449.000	**1.679.000**	2.081.960
GF 6502	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,5	920	30	2.257.000	2.798.680	**1.918.000**	2.378.320
GF 7902	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	5	7,8	1150	40	2.920.000	3.620.800	**2.482.000**	3.077.680
GF 7902T	8 stjörnu dragtengd á vagni	5	7,8	1515	40	3.798.000	4.709.520	**3.228.000**	4.002.720
GF 8703	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	8,7	1380	50	3.375.000	4.185.000	**2.869.000**	3.557.560
GF 8703 T	8 stjörnu dragtengd á vagni	6	8,7	1760	50	4.070.000	5.046.800	**3.460.000**	4.290.400
GF 10803	10 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	10,8	1620	55	4.470.000	5.542.800	**3.800.000**	4.712.000
GF 10803T	10 stjörnu dragtengd á vagni	6	10,8	1980	55	5.055.000	6.268.200	**4.297.000**	5.328.280
GF 13003T	12 stjörnu dragtengd á vagni	6	13,0	2800	80	7.050.000	8.742.000	**5.993.000**	7.431.320



Múgavélar

Tegund	Útbúnaður	Fjöldi arma á stj	Fjöldi tinda á arm	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
GA300GM	Einnar stjörnu lyftutengd	9	3	3,2	286	820.000	1.016.800	**697.000**	864.280
GA3901	Einnar stjörnu lyftutengd m/ veltiöxli	10	4	3,9	520	1.255.000	1.556.200	**1.067.000**	1.323.080
GA 4201	Einnar stjörnu lyftutengd m/ veltiöxli	11	4	4,2	560	1.400.000	1.736.000	**1.190.000**	1.475.600
GA5031T	Einnar stjörnu **dragtengd** m/ veltiöxli	15	4	5,0	860	2.229.000	2.763.960	**1.895.000**	2.349.800
GA 7501+	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	11	4	6,8-7,5	1590	4.084.000	5.064.160	**3.471.000**	4.304.040
GA 8131	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	12	4	7,1-8,0	1930	4.820.000	5.976.800	**4.097.000**	5.080.280
GA8731	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	13	4	7,7-8,6	2250	5.950.000	7.378.000	**5.058.000**	6.271.920
GA9531	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	15	4	8,4-9,3	1932	6.221.000	7.714.040	**5.288.000**	6.557.120
GA 13031	4ra stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	11	4	8,4-12,5	5100	11.222.000	13.915.280	**9.539.000**	11.828.360
GA 6002	2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar	10	3	3,0-5,8	1120	3.100.000	3.844.000	**2.635.000**	3.267.400

Herfi, tætarar og sáðvélar

Tegund	Útbúnaður	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Afl þörf hö. lágm.-hámark	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
HRB302D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1170	60-140	2.292.000	2.842.080	**1.948.000**	2.415.520
HR 304D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1295	80-190	2.729.000	3.383.960	**2.320.000**	2.876.800
HR 3004D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1390	80-250	2.820.000	3.496.800	**2.397.000**	2.972.280
HR 3504D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,5	1635	90-250	3.245.000	4.023.800	**2.758.000**	3.419.920
HR 4004D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	4,0	1850	100-250	3.598.000	4.461.520	**3.058.000**	3.791.920
HR5004DRC	Samanbrjótanlegt rótherfi með öllu	5,0	2625	130-250	6.163.000	7.642.120	**5.239.000**	6.496.360
HR6004DRC	Samanbrjótanlegt rótherfi með öllu	6,0	3350	180-350	7.386.000	9.158.640	**6.278.000**	7.784.720
EL92/180	Jarðtætari	1,8	525	51-100	1.405.000	1.742.200	**1.194.000**	1.480.560
EL92/230	Jarðtætari	2,3	605	58-100	1.521.000	1.886.040	**1.293.000**	1.603.320
EL122/250	Jarðtætari, gaddakefli kr. 450.000 án vsk	2,5	955	65-125	1.906.000	2.363.440	**1.620.000**	2.008.800
EL122/300	Jarðtætari, gaddakefli kr. 530.000 án vsk	3,0	1105	75-125	2.079.000	2.577.960	**1.767.000**	2.191.080
EL162/300	Jarðtætari með gaddakefli "packer"	3,0	1711	90-165	2.820.000	3.496.800	**2.397.000**	2.972.280
PRE300	Premia 300 korn- og grassáðvél	3,0	780 l fræbox, herfi		2.911.000	3.609.640	**2.474.000**	3.067.760



Sambyggðar rúllu- og pökkunarvélar

Tegund	Útbúnaður	Sópvinda	Dekkjastærð	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
i-BIO	Rúllar og pakkar í sama hólfi,netb.búnaður, 14 hnífar, stíflulosunarbúnaður og IntelliWrap	2,3 m	500/45-22,5	11.550.000	14.322.000	**10.973.000**	13.606.520
i-BIO OC23	23 hnífar annars sami búnaður og að ofan	2,3 m	500/45-22,5	12.050.000	14.942.000	**11.448.000**	14.195.520
Plast- og netbindibúnaður KUHN i-BIO+, pakkar með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilmum						**958.000**	1.187.920
FBP3135-14	14 hnífar,sjálfv.smurkerfi, netb.búnaður, tandem vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb.	2,3 m	500/45-22.5	14.300.000	17.732.000	**13.585.000**	16.845.400
FBP3135-23	23 hnífar,sjálfv.smurkerfi, netb.búnaður, tandem vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb.	2,3 m	500/45-22.5	14.800.000	18.352.000	**14.060.000**	17.434.400
FBP3135-23	23 hnífar,sjálfv.smurkerfi, netb.búnaður, tandem vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb.	2,3 m	500/45-22.5	15.760.000	19.542.400	**14.972.000**	18.565.280
	Plast- og netbindibúnaður, pakkar með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilmum						
	3D (prívíddar) pökkunarbúnaður sem ásamt plastbindibúnaði sparar plast um allt að 30%						

ATH. Petta er aðeins lítið brot af vöruúrvali frá KUHN hægt er að fá meiri upplýsingar á www.kuhn.com eða hjá sölumönnum Vélfangs í s. 580-8200

Vertu klár – veldu KUHN

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Vélfang ehf. áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði fyrirvaralaust. Verð miðast við gengi EUR 140 og gerður er fyrirvari um ásláttarvillur.

LÍF & STARF

Hún segist stolt af því sem formaður í samstarfi við Guðfinnu Hörpu Árnadóttur, sem var þá starfsmaður sambandsins, komið á m.a. fræðadögum og jafningjafræðslu meðal bænda á svæðinu sem síðar var tekið upp á fleiri stöðum. „Þá tókum við fyrir praktíska þekkingu og vorum samtímis með fræðilegt innlegg og síðan gátu bændur rætt saman sín á milli.“

Á slíkum fræðadögum átti Halla það til að koma inn á andlega heilsu bænda. Sem varð til þess að hún var fengin til að taka þátt í vinnuverndarátaki Bændasamtaka Íslands. Þeirri vinnu fylgdi innsýn inn í félagskerfi bænda á landsvísu, sem hún taldi þá nokkuð vanhugsað. Hún ákvað því að gefa kost á sér í stjórn samtakanna.

Dýravernd eins og barnavernd

Síðan hún var kjörin í stjórn Bændasamtaka Íslands árið 2020 hafa orðið nokkuð róttækar breytingar á félagskerfinu. „Eftir að hafa unnið í heilbrigðiskerfinu, þar sem maður þarf stundum að bíða í áratug eftir að hugmyndir gangi eftir, þá finnst mér gaman að hafa lagt upp í vegferð og sjá breytingar eiga sér stað á svo skömmum tíma.“

Halla segist sérstaklega ánægð með að andleg heilsa bænda sé komin á dagskrá, enda henni hjartans mál. Nýfengið styrkfé er nú notað til að byggja upp jafningjafræðslu í starfsstéttinni og leiðir hún teymisvinnu samtakana.

„Nú er að gefast tækifæri til að fjalla um hvernig bændur eru útsettari fyrir andlegum veikindum vegna starfsins. Sál- og geðrænir kvillar hafa áhrif á okkar frammistöðu og vinnugetu sem hefur áhrif á fjölskyldu og búskap. Mín reynsla er sú að í flestöllum tilvikum þar sem um vanhöld á dýrum er að ræða eru undirliggjandi ástæður veikindi á búinu sem ekki hafa fengið viðeigandi meðferð. Fregnir af vörslusviptingum eru skýr dæmi um hvernig málin geta farið úrskeiðis. Það er einfaldlega ekki eðlilegt hvað okkur gengur almennt illa að fylgja svona málum eftir. Að mínu mati ætti að fara með dýravelferðarmál eins og barnaverndarmál. Við höfum tilkynningaskyldu samkvæmt lögum en markmið laganna með dýrahaldi mætti vera í anda laga um barnavernd, þ.e. að styrkja bændur til að sinna sínu hlutverki og tryggja vernd dýra til framtíðar. Í dýravernd ætti eftirlit að vera á forsendum dýranna og kerfið ætti að aðstoða fólk við að ná betri tökum. Ekki bíða þangað til að allt fer í vitleysu.“

Halla segist sjá fyrir sér fyrirkomulag þar sem allir sem hefja búskap, óháð aldri og reynslu, gætu sótt sér tveggja ára handleiðslu. Þeim yrði þá fylgt eftir í öllum þeim viðfangsefnum sem bíða bænda í búskaparbyrjun. Hún telur einnig mögulega bót í máli að leyfisskylda búfjáreigendur. „Mér finnst að allir sem eru í matvælaframleiðslu eigi að vera leyfisskyldir og þeir sem eru í hobbí-búrekstri ættu einnig að falla undir eftirlit, rétt eins og gæludýraeigendur. Á grundvelli leyfanna ætti þá að vera hægt að grípa fyrr inn í ef það koma upp einhver frávik.“


Halla lætur til sín taka í hagsmunabaráttu bænda og leggur áherslu á að hugað verði að andlegri heilsu starfsstéttarinnar.


Snjóþungt getur orðið í Jökuldalnum.


Eftir tuttugu ára fjarbúð hafa Sigvaldi og Halla nú sameinast undir eitt þak.

Langræknа forystukindin

Árið 2000 kynntist Halla núverandi manni sínum, Sigvalda H. Ragnarssyni, bónda á Hákonarstöðum í Jökuldal. Henni þótti mannkosturinn ekki síst vænn vegna búfjáreigna, 400 fjár og þar af heilmikið af forystufé.

Höllu þykir forystukindur bestar allra. „Þær eru svoddan karakterar, mjög ákveðnar og vingast bara við suma, ekki aðra. Svo er hægt að þjálfa þær.“

Hún segir sögu af einni slíkri sem byrjuð var nánast að ganga við hæl eins og hundur. „Svo þurfti ég eitt sinn að taka í hornin á henni, því hún var að gera eitthvað sem hún mátti ekki. Hún virti mig ekki viðlits í tvö ár þar á eftir. Svo urðum við bestu vinkonur aftur, en ég átti aldrei meir við hornin á henni.“

Sneri vitlaust í dalnum

Í rúm 20 ár héldu Halla og Sigvaldi tvö heimili, í rúmlega 60 kílómetra fjarlægð. „Þar sem ég stundaði vinnu á Egilsstöðum urðum við að hafa þann háttinn á. Það átti eflaust þátt í farsæld hjónabandsins.“ Niðjar þeirra eru sex talsins, tvö börn og fjögur barnabörn. Halla og Sigvaldi ákváðu að sameinast undir eitt þak á Hákonarstöðum í ár. „Þegar ég kom hingað í húsið í fyrstu skiptin sagði ég Sigvalda að ég sneri vitlaust í dalnum. Svo var ég úti í fjárhúsi að vori og hugsaði sem svo að ef ég hefði byggt minn bústað á jörðinni hefði hann staðið þar sem fjárhúsið var. Ég sá það greinilega fyrir mér hvernig bærinn stóð miðað við áttir og raðaði mér inn í hann.“

Skemmtilegt nokk: Við uppflettingu í Íslendingabók komst svo Halla að því að forfeður hennar, aftur til sextándu aldar, væru frá Hákonarstöðum. Og eitt sinn stóð bær þar sem fjárhúsið er nú. „Svona er frumuminnið gott.“

Halla segir þó að það hafi tekið sinn tíma að aðlagast umhverfinu á Efra-Jökuldal. „Verandi alin upp á suðurlandsundirlendi, þar sem allt er flatt og fjöll í bak og vera svo komin í svona þröngan dal með takmörkuðu útsýni. Jökulsáin var ekki virkjuð þegar ég kom hingað fyrst og það fylgdi henni rótgróin ógn, maður mátti aldrei fara nálægt henni enda lífshættulegt vatnsfall. Hún var svo afgerandi og lifandi. Hljóðin líkari sjó en lækjarnið, það tók undir í Dalnum þegar mikið var í henni. Ég stóð mig stundum að því að tala við ána, tilbrigðin hennar voru mörg og hún eins og persóna. En svo breyttist þetta þegar virkjað var, maður talar ekkert við hana í dag. Núna sullar hún þetta bara, lygnt og ljúft.“

Halla og Sigvaldi búast jafnvel við að vera síðustu sauðfjárbændurnir á Hákonarstöðum miðað við stöðuna í sauðfjárrækt nema komi til önnur atvinnutækifæri. Þau eru nú í þeirri vegferð að þróa ferðaþjónustu sem byggir á sauðfjárbúskap og sjá fyrir sér að geta búið til störf tengd ferðaþjónustu samhliða fullvinnslu á afurðum sauðfjárræktarinnar.


Þó Halla sjái ekki fyrir sér að vera þaulsætin í hagsmunabaráttu bænda hefur hún metnað til að halda áfram að koma góðum verkum til leiðar. „Ég er mjög þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri og traust til að kynnast og sinna félagskerfi bænda. Það farnast manni best að hafa trú á sinni eigin sannfæringu og standa með sjálfum sér.“


Sauðfjárbúskapur á vel við Höllu. Hún segist una því að stússast í verkefnum sem honum fylgir. Hér er hún í réttum.

SÚPERDAGAR BOOOM!!
LÆKKAÐ VERÐ – FRÁBÆRT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA!


980313
200.000 kr. afsláttur
Hyundai Tucson - 2021
52.000 km. - Hybrid - Sjálfskiptur
Ásett verð: 5.990.000 kr.
Tilboð: 5.790.000 kr.


591787
500.000 kr. afsláttur
Toyota Landcruiser - 2021
33.000 km. - Dísel - Sjálfskiptur
Ásett verð: 11.490.000 kr.
Tilboð: 10.990.000 kr.


120930
500.000 kr. afsláttur
Opel Crossland X - 2019
73.000 km. - Bensín - Sjálfskiptur
Ásett verð: 2.990.000 kr.
Tilboð: 2.490.000 kr.


801303
300.000 kr. afsláttur
Mitsubishi Eclipse - 2021
22.000 km. - Hybrid - Sjálfskiptur
Ásett verð: 5.490.000 kr.
Tilboð: 5.190.000 kr.


980286
700.000 kr. afsláttur
Jeep Compass - 2022
12.000 km. - Hybrid - Sjálfskiptur
Ásett verð: 7.690.000 kr.
Tilboð: 6.990.000 kr.


311066
300.000 kr. afsláttur
Renault Captur E - 2021
60.000 km. - Hybrid - Sjálfskiptur
Ásett verð: 4.390.000 kr.
Tilboð: 4.090.000 kr.

SÖLUAÐILAR:
Bílabúð Benna notaðir
Krókhálsi 9
Sími: 590 2035
Bílasala Suðurnesja
Njarðarbraut 9
Sími: 420 9100
Bílabankinn
Krókháls 7
Sími: 588 0700
SIXT
Meira úrval á sixtbilasala.is
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

„FRÁBÆR“
„Leiftursnjöll“
„Skemmtileg“
„FULL AF HÚMOR“



„Frábær bók. Fyrir hugskotssjónum standa ljóslifandi Flóamenn, glampa slær af mannlýsingum og sveitarlýsingum frá tilvitnunum og samtölum með leiftursnjallri frásögn Guðna.“

- Guðmundur G. Þórarinsson

“Næmt auga á merkilegt fólk, einstök frásagnargleði, sérlega skemmtileg aflestrar, full af húmor en angurblíð, einskonar ástarbréf til æskustöðvanna í Flóanum.”

- Össur Skarphéðinsson

VERÖLD

LÍF & STARF

Hrossaræktarbúið Fákshólar:

Góð úrvinnsla lykilatriði

– Helga Una Björnsdóttir og Jakob Svavar Sigurðsson eru hrossaræktendur og knapar í fremstu röð

Hulda Finnsdóttir
hulda@bondi.is





Helga Una Björnsdóttir og Jakob Svavar Sigurðsson festu kaup á Fákshólum í Ásahreppi árið 2016. Milli þeirra er hryssan Hrefna sem er í miklu uppáhaldi. Mynd / HF

Í Ásahreppi í Rangárvallasýslu er ræktunarbúið Fákshólar. Ræktendur þar eru Helga Una Björnsdóttir og Jakob Svavar Sigurðsson en þau hafa undanfarin ár verið að stimpla sig inn í hóp okkar fremstu hrossaræktenda.

Þau Jakob og Helga Una voru hvort með sína ræktunina áður en þau sameinuðust undir nafni Fákshóla. Helga Una ræktaði hross kennd við Syðri-Reyki í Húnavatnssýslu þar sem hún er fædd og uppalin.

„Hrossaræktin hefur alltaf verið mér hugleikin. Það er ekkert skemmtilegra en að para saman hryssu og stóðhesta, sjá folaldið fæðast og fá síðan að fylgja því eftir. Sjá hvernig pörunin heppnaðist og hvort afkvæmið hafi erft ákveðna eiginleika frá foreldrum sínum," segir Helga Una. Fyrsta hrossið sem hún ræktaði er Bikar frá Syðri-Reykjum en það vakti mikla athygli á Stóðhestaveislu árið 2013 og síðar á keppnisbrautinni og áttu þau Helga farsælan feril þar til hún seldi hestinn til Noregs árið 2013.

Jakob Svavar kenndi hrossin sín við Steinsholt í Hvalfjarðarsveit. Jakob bjó þar lengi og starfaði við tamningar og hrossarækt þangað til að hann festi kaup á Fákshólum árið 2016. Frá Steinsholti hafa komið eftirtektarverð hross og má þar kannski fremstan nefna Hálfmána frá Steinsholti en hann og Jakob voru margverðlaunaðir á keppnisbrautinni m.a. Íslandsmeistarar í samanlögðum fjórgangsgreinum árið 2021.

„Ég man nú ekki hvenær ég ræktaði mitt fyrsta hross. Ég eignaðist tvær hryssur frá Ketilsstöðum 1997 en ég hafði verið að vinna þar og hreifst af hryssunum. Það var svo í kringum 2000 sem ég fer að halda þeim fyrst.

Ég var með aðra þeirra sem nemendahest á Hólum, Birnu frá Ketilsstöðum, en hún er mamma Hálfmána. Hin reyndist ekki nógu vel í ræktun og ég á ekkert eftir hana. Kannski hélt ég henni líka undir vitlausa hesta, eins og getur komið fyrir," segir Jakob en Birna eignaðist m.a. þrjár fyrstu verðlaunadætur undan Skýr frá Skálakoti; þær Sif, Töru og Tíbrá. „Við eigum því miður bara eina hryssu útaf henni en ég seldi allar þessar hryssur. Við ætluðum alltaf að eiga Töru í ræktuninni en stundum þarf maður bara að selja. Við eigum eina hryssu undan Töru og Blakk og það væri mjög gaman að hún yrði nógu góð og við gætum sett hana í ræktunina hjá okkur," bætir hann við.

Rækta undan ólíkum hryssum

Jakob og Helga Una eru sammála því að þau leitist ekki eftir einhverjum ákveðnum stofnlínum eins og margir ræktendur gera. Hryssurnar séu allar úr ólíkum áttum og alls konar ættir að baki þeim.

„Við höfum viðað að okkur góðum hryssum héðan og þaðan en við leggjum áherslu á að góð ætt sé á bakvið þær. Við erum bæði með alhliða- og klárhryssur. Allar hryssurnar sem við erum að nota eru mikið góðar á tölti. Engin sem við erum að rækta undan er ekki með gott tölt. Flestar með 9,0 eða meira. Maður horfir líka til annarra ræktenda og sér hvað þeir eru með og hvað hefur verið að virka hjá þeim. Þó að maður hafi kannski haldið upp á einhverja hryssu og langi að eiga út af henni þá gerist það að afkvæmin eru ekki að gera sig. Þá verður það bara að hafa sig þó maður tapi því út," segir Jakob.

Þau Jakob og Helga héldu tíu hryssum í sumar en þau eru vanalega að fá eitthvað á milli sex til tíu folöld á ári. „Við eigum einhverjar hryssur til helminga og þá er talan svolítið misjöfn á milli ára. Við höfum ekki enn fengið svona stóra árganga til tamningar en ég held að tíu sé alveg nóg fyrir okkur. Þetta er næg vinna. Við höfum líka alltaf verið að selja svolítið úr hverjum árgangi," segir Helga Una.

Vilja einfalda hesta með gott geðslag og tölt

Ræktunarmarkmiðið hjá þeim er að rækta góða hesta en hvað sé góður hestur getur verið afstætt. Misjafnt er hvað fólki finnst og því vilja þau bæði meina að mikilvægt sé að halda í fjölbreytileikann í stofninum.

„Fyrst og fremst erum við að vonast eftir að hrossin sem við fáum séu hestar sem nýtast og það getur verið breiður hópur af hrossum," segir Jakob og Helga Una skýtur inn í að þau vilji að hrossin séu einföld, með gott geðslag og gott tölt.

„Við höfum verið að halda undir ólíka hesta og er ég þeirrar skoðunar að fjölbreytileikinn sé af því góða. Það er kannski ekki rétt að úthrópa einhvern hest fyrir einhvern eiginleika sem kannski ekki öllum hugnast. Fjölbreytileikinn er mikilvægur og margir af bestu einstaklingunum hafa roðið til þegar maður blandar mjög ólík hross saman. Stundum er maður heppinn og fær það besta frá báðum foreldrum," bætir hann við.

Að velja stóðhest fyrir hryssuna sína getur verið vandaverk enda mikið úrval af góðum stóðhestum á landinu. Þegar Helga og Jakob velja stóðhesta horfa þau í ættirnar og velja hesta sem eru með sömu sterku eiginleika og hryssurnar.

„Ef við erum með frábæra tölthryssu þá viljum við að það sé frábært tölt í stóðhestinum. Ekki bara að horfa á að bæta hitt og bæta þetta heldur líka velja stóðhesta sem styrkja góðu eiginleikana," segir Jakob og bætir við að síðan sé þetta bara stórt lottó.

Jakob og Helga nota bæði alhliða og klárhesta, þótt undanfarin ár hafi þau kannski meira verið að horfa á klárhestana. Þau hafa þó lítið notað hesta sem bera CA arfblendna arfgerð og velja klárhesta sem eru AA arfgerð, þ.e.a.s. bera skeiðgenið.

„Við horfum mikið á arfgerðirnar AA og CA. Við höfum ekki verið að nota neina CA hesta og eigum enga hryssu með þá arfgerð. Við höfum alveg hugsað út í það en ekki látið verða af því. Ég notaði mikið Auð frá Lundum á sínum tíma, hann er CA hestur, og það kom vel út hjá mér. Mér persónulega finnst bara mörg af þessum CA hrossum ekki alveg nógu skemmtileg. Þetta er samt klárlega eiginleiki sem við viljum ekki að detti úr stofninum og ég er ekkert endilega að segja að ég ætli aldrei að nota CA hest. En ég held við séum heilt yfir sammála um að fara ekki mikið í þá línu. Mér finnst eins og maður þurfi að vera með heppnina enn þá meira með sér ef maður fer í CA hestana," segir hann og Helga Una jánkar því.

Uppeldið og úrvinnslan mikilvæg

Fjölmargir þættir spila inn í farsælt ræktunarbú. Ekki er nóg að eiga góðar hryssur og nota á þær væna stóðhesta heldur þarf líka að vera með vandað uppeldi og faglega úrvinnslu.

„Gott atlæti er mikilvægt fyrir hrossin alla tíð," segir Helga Una og Jakob bætir við:

„Ég held að það sé einn stærsti þátturinn að það sé góð úrvinnsla úr hrossunum. Víða eru góð hross sem fá aldrei tækifæri og ná ekki að sýna hvað í þeim býr. Úrvinnslan má heldur ekki taka of mikinn tíma. Við viljum að hross búi að eðlisgæðum."

Jakob og Helga Una reka stóra tamningastöð á Fákshólum en ásamt því að vera með hross frá sér sjálfum temja þau, þjálfa og sýna hross fyrir aðra hesteigendur. Þau hafa í gegnum tíðina fengið að kynnast mörgum ólíkum hrossum, bæði stóðhestum og hryssum, og þau þekkja því oft stóðhestana vel sem þau nota sem gefur þeim ákveðið forskot á aðra ræktendur.

„Við erum heppin með það að við fáum mikið af góðum hestum í þjálfun og við notum mjög mikið hesta sem við höfum sjálf þjálfað, einfaldlega því við höfum meiri upplýsingar um þá hesta. Það gefur okkur, og þeim sem eru að lifa og hrærast í hrossarækt, sýningum og keppnum, meiri innsýn en kannski fyrir hinn almenna leikmann," segir Jakob.

Mörg spennandi hross á járnum

Það er margt spennandi á járnunum hjá þeim Jakobi og Helga Unu í vetur. Fram undan er Meistaradeildin í hestaíþróttum þar sem þau keppa fyrir lið Hjarðartúns. Næstkomandi sumar er svo Heimsmeistaramót en þau eiga bæði sæti í landsliði Íslands.

Framhald á næstu opnu.



NÁTTÚRULEGA GÓÐ HÁTÍÐ

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Íslenska lambakjötið er ómissandi þáttur í íslensku jólahaldi. Um aldir hefur læri, hryggur, lundir eða fillet með kjarngóðri sósu, hangikjötið sívinsæla og jafnvel svið, glatt okkur um hátíðarnar – en möguleikarnir til að galdra fram hátíðarmat úr íslensku lambakjöti eru í raun óendanlegir.

Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

LÍF & STARF



Hildur frá Fákshólum, en hún stóð efst í flokki 5 vetra hryssna á Landsmótinu. Hún er undan Ölni frá Akranesi og Gnýpu frá Leirulæk. Mynd / Óðinn Örn



Jakob Svavar og Tumi frá Jarðbrú enduðu í öðru sæti í B-flokki gæðinga á Landsmótinu í sumar. Mynd / Kolla.Gr

„Ég er mjög spennt fyrir að halda áfram með fimm vetra hrossin úr okkar ræktun, þau Hrefnu, Hryðju, Hildi, Hrönn og Augastein en þau voru öll sýnd nú í sumar og verða áfram í þjálfun," segir Helga Una.

„Árgangurinn sem er að fara á fimmta vetur er mjög lítill. Við eigum tvær hryssur úr þeim hópi, önnur undan Kveik frá Stangarlæk og hin Adrían frá Garðshorni. Það verður gaman að fylgjast með því hvernig þær þróast. Við eigum auk þess mjög flottan árgang fæddan 2019, þau eru ekki mörg en mjög væn. Tvö undan Konsert frá Hofi, hryssa undan Álfrúnu frá Egilsstaðakoti og stóðhestur undan Spá frá Steinsholti. Við bindum miklar vonir við hann, það er fallegur hestur," bætir hann við.

Loksins Landsmót

Landsmót hestamanna var haldið hátíðlegt síðastliðið sumar. Þau Helga Una og Jakob höfðu í mörg horn að líta en saman voru þau með 22 hross á kynbótavellinum og 8 hross í keppni. Hross úr þeirra ræktun, Hildur frá Fákshólum, stóð efst í flokki 5 vetra hryssna en Helga Una sýndi hana. Hún sýndi einnig efstu sex vetra hryssuna á mótinu, Sögn frá Skipaskaga og var með annan hæst dæmda 7 vetra og eldri stóðhestinn, Viðar frá Skör, sem hafði fyrr um vorið hlotið hæsta dóm íslenskra hrossa frá upphafi. Þessi afrek tryggðu henni nafnbótina kynbótaknapi ársins 2022.

Jakob náði góðum árangri með Tuma frá Jarðbrú en hann reið honum upp úr B-úrslitum í annað sætið í A-úrslitum í B-flokki gæðinga. Einnig kepptu þau bæði í íþróttakeppni, Jakob með Kopar frá Fákshólum og Helga Una með Hnokka frá Eylandi. Þau eru



Hrefna frá Fákshólum, fædd 2017 en hún er undan Hraunari frá Hrosshaga og Gloríu frá Skúfslæk sem Jakob varð heimsmeistari á í tölti 2017. Hrefna hlaut 8,24 í aðaleinkunn, 8,28 fyrir sköpulag og 8,22 fyrir hæfileika. Hún fékk 9,0 fyrir háls, herðar og bóga, tölt, brokk, greitt stökk, samstarfsvilja, fegurð í reið og hægt tölt. Mynd / Linaimages



Farið yfir málin. Jakob, hundarnir Píla og Tumi og Helga Una.

sammála um það að það hafi verið góð hugmynd að bæta við íþróttakeppni á Landsmótið en veðrið á mótinu hafi sett strik í reikninginn.

„Það var mjög blautt og kalt á þessu móti. Það svona situr fastast í mér," segir Helga Una og brosir. „Dagskráin var öll í hnút sem gerði þetta allt svolítið erfitt. Klárlega voru vallaraðstæður kynbótamegin alls ekki nógu góðar og ég held að þær hafi haft áhrif á útkomuna, sem var ekki alveg eins og margir ætluðu sér," segir Jakob.

Enda bar nokkuð á óánægju meðal sýnenda og sumra áhorfenda með kynbótasýningu Landsmótsins. Sú umræða hefur verið uppi eftir mótið að breyta þurfi tilhögun sýningarinnar á mótinu, t.d. með því að hafa sama fyrirkomulag eins og á Landssýningu þar sem hross eru ekki dæmd upp á nýtt.

„Mér finnst sú hugmynd glötuð, sérstaklega á það við um stóðhestana. Mann langar að fá að sjá þá í reið og fá samanburðinn. Þótt kynbótadómar eigi að vera staðlað kerfi þá er ósamræmi á milli sýninga. Þó að aðstæður séu ekki nógu góðar, eins og raunin var á Landsmóti, þá eru þetta svipaðar aðstæður fyrir öll hrossin og sömu dómararnir. Einhver hestur skarar alltaf fram úr á Landsmótum. Mér finnst við ekki mega missa það. Það getur mikið breyst á þessum vikum fram að móti," segir Jakob og Helga Una bætir við að hún hafi alltaf verið sömu skoðunar og hann. „Fyrir mér voru kynbótasýningar á Landsmóti hápunktur mótsins. Ég hugsaði samt í sumar; til hvers er maður að standa í þessu? Kannski bara af því það fór ekki allt alveg eins og ég ætlaði mér. Ég er samt sammála því að mér finnst mikilvægt að sjá stóðhestana og að fá að sjá þá í samanburði."

Minna um unga alhliðahesta

Talið berst að kynbótastarfinu í ár og eru þau sammála um að mikið sé til af gæðahrossum, fjölbreytt úr mörgum áttum og að gaman sé að sjá hversu margir leggja mikinn metnað í ræktunarstarfið.

„Við höfum alveg rætt það hér heima fyrir að okkur fannst kannski vanta meira af ungum alvöru alhliðastóðhestum. Við höfum mikið verið að nota klárhesta með gott tölt en okkur langar alveg að halda meira undir góða alhliðahesta. Við höfum notað Spuna frá Vesturkoti, Ský frá Skálakoti, Hrannar frá Flugumýri og Álfaklett frá Syðri-Gegnishólum svo einhverjir séu nefndir og okkur finnst aðeins vanta meira af ungum alhliða hestum," bætir Jakob við og leggur áherslu á að hann er að tala um fjögurra og fimm vetra stóðhesta.

Vilja sjá breytingu á mati á hægu stökki

Ákveðnar breytingar hafa orðið á kynbótadómskerfinu síðustu árin og hafa verið misjafnar skoðanir á því. Vægisbreytingar voru gerðar á sköpulagi og hæfileikum og ákveðnum eiginleikum og telja þau að þessar breytingar hafi verið til hins góða.

„Ég held samt að þessi línulegi kvarði sem dómararnir eru að nota og merkja inn sé ekki að virka eins og það átti að virka. Hugmyndin var að dómarnir yrðu staðlaðri og minni skekkja á milli sýninga en ég held að það hafi ekki enn tekist. Við erum öll sammála um að vilja sjá meira samræmi milli dóma en það er enn þá of mikill munur. Ég hef á tilfinningunni að það sé það sé sama í gangi og er með eldveggina í íþróttakeppninni. Þetta kerfi ver dómarana. Dómarar sem eru ekki alveg öruggir eða eru neikvæðir ná að skýla sér á bakvið þetta," segir Jakob og bendir á að mikilvægt sé að halda í fjölbreytnina.

„Við viljum ekki að allir hestar verði til dæmis skrefastórir og það sé endalaust verið að einblína á að rækta skrefastærð. Það endar með því að við fáum ekkert nema bara einhverja klunna," bætir Helga Una við.

Þau eru sammála um það að löngu hafi verið tímabært að setja vægi á hæga stökkið en vilja þó sjá breytingu á því hvernig það er dæmt.

„Enginn alhliðahestur fær neitt fyrir hægt stökk af því hann er kannski örlítið gengur að aftan. Hann samt lyftir sér mikið upp að framan og er með gott jafnvægi á hægu stökki. Alveg ljómandi fínt hægt stökk en fær samt bara 8,0," segir Helga Una og Jakob bætir við að það þurfi að fara að meta stökkið öðruvísi.

„Við erum aðeins enn þá að einblína á að hestar lyfti sér upp að aftan. Mér hefur fundist þetta hafa verið að breytast í íþróttakeppni. Það eru alltaf skiptar skoðanir á því hvernig hægt stökk við viljum sjá. Við viljum sjá að hesturinn lyfti sér upp að framan og rúlli á stökki. Ekki endilega bara að hann lyfti sér hátt upp að aftan. Það er alla vega umhugsunarefni af hverju alhliðahestar fái þessar einkunnir fyrir hægt stökk." Þau bæta síðan við að kannski séu vægisbreytingarnar ástæðan fyrir því að minna sé um alvöru unga alhliðahesta – þær hafi haft áhrif á mætingu þeirra til dóms.

Tilnefnd sem ræktunarbú ársins

Fákshólar hafa undanfarin tvö ár hlotið tilnefningu sem ræktunarbú ársins. Í ár voru sýnd átta hross frá búinu, meðalaldur þeirra var 5,4 ár og meðaltal aðaleinkunnar 8,29 sem er meðal þeirra hæstu í ár.

„Þessi tilnefning skiptir okkur klárlega máli, það var mikill heiður. Ekki síst vegna þess að mörg bú voru með frábæran árangur sem sýnir okkur að ræktunarstarfið á Íslandi er á góðri leið," segir Jakob. Fram undan í hrossaræktinni er að halda áfram að reyna að rækta úrvals hross, temja trippin og halda áfram með úrvinnslu annarra hrossa.„Draumurinn er að eiga öll þessi hross áfram, halda áfram að þróa þau og geta keppt á þeim og fylgja þeim enn þá lengra eftir. Það væri ótrúlega gaman," segir Helga Una og Jakob bætir við: „Það er skemmtilegra að vera á hesti ræktuðum af sér og vinna með hann en sambærilegan hest frá einhverjum öðrum. Manni finnst maður eiga meira í þeim, sem maður auðvitað gerir. Þjálfari á alltaf eitthvað í hverjum hesti og margir af okkar uppáhaldshestum eru hross sem við höfum ekki átt né ræktað.

Þegar þú ert allur pakkinn, ræktandinn, eigandi og þjálfarinn þá er þetta þreföld ánægja."



limtrevirnet.is

STEINULLAR-EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk framleiðsla
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVirnet

ÍSLENSKT gjörið svo vel

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

LÍF & STARF



Eva Michelsen sá augljóst tækifæri í að koma á fót deilieldhúsi að ameríkskri fyrirmynd og hefur haft erindi sem erfiði því um 80 smáframleiðendur og matarfrumkvöðlar hafa nýtt sér Eldstæðið. Myndir / ghp

Matvælaframleiðsla:

Deila eldhúsi og eldmóði

Gróskan í smáframleiðslu matvæla er mikil hér á landi. Í Eldstæðinu við Nýbýlaveg hafa á fjórða tug matarfrumkvöðla og smáframleiðenda aðstöðu, svokölluðu deilieldhúsi, til að þróa og framleiða matvörur sínar í fullvottuðu atvinnueldhúsi.

Eva Michelsen er upphafskona og eigandi deilieldhússins. Hún kynntist hugmyndinni um deilieldhús í Bandaríkjunum, má víða finna slíka aðstöðu. Með reynslu við að koma á fót og reka samstarfsrými á borð við Hús sjávarklasans og Lífsgæðasetrið í St. Jó fannst henni augljóst tækifæri felast í að koma deilanlegu atvinnueldhúsi á koppinn. Stofnkostnaður matvælaframleiðanda er enda gífurlegur, þar sem framleiða þarf matvæli í fullvottuðu atvinnueldhúsi og bæði búnaður og geymslurými er áhættusöm fjárfesting ef rennt er blint í sjóinn.

„Hér þarf framleiðandinn ekki að leggja út stórar fjárhæðir, nema hann þurfi einhvern sértækan búnað. Hér er aðgengi að öllum helstu tækjum og tólum, kæli- og þurrlager, skrifstofu- og fundaraðstöðu.

Hér eru þrjár vinnustöðvar sem gerir það að verkum að ákveðið samfélag hefur skapast og allir hjálpast að. Þess utan rek ég bókhaldsstofu og hef því getað aðstoðað fólk á þeim vettvangi líka," segir Eva. Framleiðendur þurfa því aðeins að afla sér starfsleysis, hafi þeir áhuga á að koma hugmynd að vöru inn á markað í Eldstæðinu, en auk þess heldur Eva inntökunámskeið þar sem hún fer yfir allar reglur til að tryggja að öllum lögum um matvælaframleiðslu sé fylgt í hvívetna. Í dag hafa 38 matarfrumkvöðlar aðstöðu í Eldstæðinu og telst Evu til að um 80 framleiðendur hafi nýtt sér aðstöðuna síðan hún opnaði í september árið 2020. „Þetta er eins konar útungunarvél. Sumir halda áfram að stækka það mikið að þau geta tryggt sér rekstrargrundvöll á eigin spýtur. Dæmi um það eru Ketó eldhúsið, Sjávarbúrið og Ella Stína. Aðrir átta sig á því að matvælaframleiðsla hentar þeim ekki og taka þá upplýsta ákvörðun um að bakka út."

Sjálf er Eva með sína hliðarbúgrein með rekstri Eldstæðisins, þar sem hún framleiðir konfekt, handgerðar kökur og annað góðgæti undir merkinu Michelsen konfekt.

/ghp



Anna Marta hefur nýtt sér aðstöðu Eldstæðisins í tvö ár. Hún vinnur sem þjálfari og leiðbeinandi um hollar lífsvenjur en framleiðir líka vegan, sykur- og glútenlaus döðlumauk og pestó en var í óðaönn að útbúa súkkulaðið Dásemd.



Fjölskyldufyrirtækið Bökum saman útbýr vörur sínar í Eldstæðinu, en þær innihalda hráefni í réttum hlutföllum svo hægt sé að baka með auðveldum hætti. Til hliðar hefur fyrirtækið verið að útbúa góðgæti eftir pöntunum og var Álfheiður Vilhjálmsdóttir í óðaönn að baka sörur.



Jakob Wayne Robertson mun helga sig áströlskum bökum í vetur.

Dund í kófi varð að götubitaverðlaunum

Jakob Wayne Vikingur Robertson framleiðir ástralskar bökur í nafni Arctic Pies á Eldstæðinu.

Þegar þremur vinum, Jakobi, Landon Habkouk og Lee Nelson, leiddist láðeyðan í kófinu fóru þeir að mundast við að elda bökur frá heimalandinu. Smjördeigsbökurnar, sem gjarnan eru fylltar með kjöti af einhverju tagi, eru eins konar þjóðarréttur í Ástralíu. „Þetta er kannski eins og pylsur eru fyrir Íslendingum. Hins vegar getur þú fengið bæði gæðabökur, með góðum hráefnum á veitingastað, en líka bensínsstaðabökur sem skyndibita."

Þegar bökunum fór að fjölga fram yfir næringarþörf félaganna létu þeir vita af sér á Facebook-grúppum Ástrala, Nýsjálendinga, Breta og Suður-Afríkubúa á Íslandi og eftirspurn eftir bökum varð til. Félagarnir ákváðu því að stofna fyrirtæki kringum bökugerðina að gamni.

„Ég fann Eldstæðið fyrir slysni á netinu en þá var það bara að opna. Við vorum með þeim fyrstu hingað inn. Hér gátum við prófað okkur áfram og þróað bökurnar, en við vissum í raun ekkert hvað við værum að gera," segir Jakob.

Fyrirtækið var í raun rekið á tveimur litlum samlokugrillum, sem sérsniðin voru að bökubakstri. „Við gátum gert átta bökur á 20 mínútum og þannig tókum við þátt í pop-up mörkuðum hér og þar."

Í dag bakar Jakob hins vegar allt deig frá grunni, ásamt því að fylla bökurnar með ýmsu góðgæti. Þess má t.d. geta að vegan baka frá Arctic Pies var valin besti grænmetis-göturéttur ársins á götubitahátíðinni Reykjavík Street Food í sumar. Þar hlaut fyrirtækið einnig önnur verðlaun fyrir besta götubitann og óhætt að segja að áströlsku bökurnar falli í góðan jarðveg.

Viðtökurnar hafa orðið til þess að Jakob ætlar eingöngu að einbeita sér að framleiðslunni í vetur. Hann segir samfélag Eldstæðisins eina af forsendum þess að slíkt verkefni gangi upp. „Ég væri eflaust ekki í þessu nema ég væri með þennan stað. Ég hef lært svo mikið, Eva er rosalega hjálpleg, hér er öll aðstaða sem ég þarf. Svo er mikil samvinna meðal þeirra sem nýta aðstöðuna, það er mjög gott að ráðfæra sig við þau og geta aðstoðað aðra. Þetta er eins og lítil fjölskylda."

/ghp



Íslenskur kalkúnn í veisluna



HESLIHNETU- OG SVEPPAFYLLING REYKJABÚSINS

HRÁEFNI

150 g smjör
350 g nýir sveppir, niðursneiddir
200 g laukur, smátt saxaður
1 stilkur sellerí, smátt saxaður
1/2 búnt fersk steinselja, smátt söxuð (eða **2 msk** þurrkuð)
2-3 msk kalkúnakrydd
300 g skinka, smátt söxuð
100 g heslihnetur, ristaðar og sneiddar
150 g (u.þ.b. 3 bollar) brauðteningar
2 stór egg
2 dl rjómi
1/2 tsk salt
1 tsk ferskmalaður pipar

Fleiri uppskriftir á kalkunn.is

AÐFERÐ

Bræðið smjörið í stórum potti og látið sveppina og grænmetið ásamt steinseljunni, kalkúnakryddinu og skinkunni krauma í því í 10 mín. eða þar til grænmetið er orðið mjúkt.

Bætið þá heslihnetum og brauðteningum í pottinn og látið fyllinguna kólna lítillega.

Hrærið þá eggjunum og rjómanum saman við og kryddið með salti og pipar.

Verði ykkur að góðu,
Nonni og Stína
Reykjabúinu, Mosfellsbæ



Holda KALKÚNN
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

LÍF & STARF

Rannsakar íslensk fjárhús

– Arkitekt vinnur að bók um einstæða byggingarhefð til sveita

Pavlina Lucas, sem starfar sem prófessor við arkitektadeildirnar í háskólunum í Björgvin og Osló í Noregi, er komin af stað með verkefni sem lýtur að skrásetningu og rannsókn á fjárhúsum á Íslandi.

Hún hefur hlotið styrk frá Félagi arkitekta í Osló og til stendur að gefa út bók að verkefninu loknu. Hún telur að með því að rannsaka fjárhúsin sé hægt að læra ýmislegt um íslenskt samfélag og íslenska byggingarlist.

Hugmyndin að rannsókninni spratt upp þegar hún fór til Íslands sem ferðamaður og tók eftir byggingum sem voru með svipuð útlitseinkenni – sem hún kallar T-form. Annar vængurinn (hlaðan) er yfirleitt ofar í landinu þar sem mænirinn snýr þvert á hallann og svo er yfirleitt einn eða tveir vængir þvert út frá þeim efri (fjárhúsin). Fyrst vissi hún ekki hvaða tilgangi þessi hús þjónuðu, en hún sá að staðsetning fjárhúsanna var greinilega haganlega valin þar sem byggingarnar kúrðu í landslaginu.

Þýðingarmikil byggingarhefð

Það sem vekur áhuga hennar er annars vegar formgerðarflokkun (e. typology) íslenskra fjárhúsa og hins vegar upprunaleiki (e. authenticity) þeirra. Pavlina hefur mikinn áhuga á að velta fyrir sér hvað sé upprunaleg byggingarhefð og telur að ýmislegt sé hægt að læra út frá því að kynna sér fjárhúsin frekar. Þar sem húsin eru mjög hversdagsleg í augum Íslendinga hefur engum dottið í hug að rannsaka þau sérstaklega út frá sjónarhóli arkitekts. Hún segir að það hafi þurft glöggt gestsauga til að átta sig á þýðingu þessarar byggingarhefðar.

Áður hefur Pavlina beint sínum rannsóknum að byggingarhefð sem sprottin er upp vegna sértækrar notkunar, þjónar mjög skýrum tilgangi og er án aðkomu arkitekts.









Byggingarhefð íslenskra fjárhúsa fellur undir svokallaða alþýðubyggingarlist, þar sem notagildi og aðgengilegt byggingarefni skiptir meira máli en fagurfræði. Pavlina Lucas ætlar að gera húsunum skil í bók – hvort sem þau eru ný eða gömul eða hafa fengið nýtt hlutverk. Myndir / Pavlina Lucas

Á ensku nefnist hugtakið Vernacular architecture sem væri hægt að þýða sem alþýðu - byggingarlist. Við hönnun bygginganna er fagurfræðin ekki efst á baugi – heldur notagildi og byggingarefnið sem er aðgengilegt hverju sinni.

Ýmis mynstur sjáanleg

Í haust dvaldi Pavlina í tíu daga á landinu gagngert til að safna efni og taka myndir af fjárhúsum. Þar sem hún gat ekki nýtt sér neinn miðlægan gagnagrunn, þurfti hún að aka um sveitir með sjónauka til að þefa uppi áhugaverð viðfangsefni. Að þessu sinni fór hún um Vestur- og Norðvesturland, en hún ætlar að koma aftur næsta sumar til að gera landinu betri skil.

Hún hefur orðið vör við ýmis mynstur. Eitt af þeim var til að mynda að oftar en ekki voru tvö fjárhús á bænum – eitt gamalt og annað nýrra. Eldri fjárhúsin voru oft ofar í hlíðinni, á meðan þau nýrri voru neðar með betra aðgengi fyrir stærri vélar.

Lokaafurð verkefnisins verður bók sem gerir fjárhúsunum skil með ljósmyndum og teikningum.

Saga og þróun byggingarhefðarinnar verður skoðuð og stefnir hún á að fá til samstarfs við sig þjóðfræðing og sagnfræðing. Þar með vonast hún til að gefa bókinni samfélagslega nálgun að auki við þá formgerðarlegu nálgun sem hún vinnur með. Arkitektinn Guðrún Harðardóttir er aðstoðarmaður Pavlinu og er tengiliður hennar hér á landi. Aðspurð segist Pavlina gera sér vonir um að bókin komi út eftir tvö ár.



Pavlina Lucas arkitekt hefur stofnað Facebook-síðu þar sem hægt er að leggja verkefninu lið með því að senda myndir og staðsetningar fjárhúsa.

Óska eftir aðstoð á Facebook

Pavlina og Guðrún vilja gjarnan fá aðstoð frá öllum þeim sem geta vísað þeim á fjárhús. Til þess hafa þær stofnað Facebook-síðuna *Fjárhús á Íslandi* þar sem allir geta sett myndir af fjárhúsum úr sínu nágrenni. Til að gögnin nýtist sem best þarf að taka fram staðsetningu (bæjarnafn eða hnit á Google Maps). Með þessum upplýsingum munu þær geta skipulagt næstu Íslandsferð Pavlinu sem best.

Meðfylgjandi eru myndir sem Pavlina tók í ár og sýna að hún hefur áhuga á öllum fjárhúsum, hvort sem þau eru ný eða gömul, í góðu lagi, ónýt eða komin með nýtt hlutverk. */ÁL*

Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Gleðilega hátíð!

Við óskum bændum og landsmönnum öllum
gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

LÍF & STARF

Stöðug og farsæl kornrækt á Þorvaldseyri í rúm 60 ár:

Eyrarbúið nær sjálfbært um fóðurframleiðslu fyrir nautgripina

Eggert Ólafsson hóf kornrækt á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum árið 1950 og stóð fyrir stofnun kornræktarfélags bænda á svæðinu. Bygg hefur verið ræktað á Þorvaldseyri samfellt frá árinu 1960 og síðustu 34 árin undir stjórn Ólafs, sonar hans. Um 160 tonna uppskera fékkst af byggi og repju þetta haustið, sem er meira en venjulega – en mikið þarf að gerast í tíðarfari undir Eyjafjöllum til að hagga þeim fasta í búrekstri Eyrarbúsins á Þorvaldseyri.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Á seinni árum hefur Páll Eggert, sonur Ólafs, komið inn í búskapinn á Eyri og séð um korn- og repjuræktunina ásamt föður sínum – og hliðarafurðir repjunnar – sem einnig er mikilvægur liður búrekstrarins í átt að sjálfbærni.

Gera þarf eitthvað róttækt í kornræktarmálunum

„Jú, jú, ég fylgist nokkuð vel með umræðunni, en nú þurfa stjórnvöld að fara að gera eitthvað róttækt til að lyfta greininni upp á eitthvert almennilegt plan í stað þess að tala endalaust um hlutina.

Nú þarf að láta verkin tala því þessi kreppa sem við erum í núna er ekkert að hverfa,“ segir Ólafur og rifjar upp að ekki er langt síðan að nokkuð blómleg kornrækt var í sveitum undir Eyjafjöllum eftir fjármálakreppuna 2008. „Þá fundum við fyrir miklum áhuga bænda á að auka verulega kornrækt sína. Síðan lenda bændur kannski í tjóni, eitt eða tvö ár, og þá gefast margir upp.“

Hærri beinni styrki

Ólafur telur að styrkja þurfi kornræktina mun meira með beinum hætti. „Við erum að fá helmingi minna hér heima en til dæmis í Danmörku og annars staðar. Þannig að við erum langt frá því að vera samkeppnisfær hér í framleiðslunni. Jafnvel þótt innflutt kornvara hafi hækkað mjög mikið í verði, sem gerir samkeppnina fyrir innlendu framleiðsluna aðeins hagstæðari, þá megum við ekki gleyma því að önnur aðföng til ræktunarinnar, eins og sáðvara, olía og áburður, hafa einnig hækkað mikið.

Hann segir að við þurfum að grípa strax til aðgerða, vera viðbúin því að eitthvað enn verra gerist á heimsmörkuðum, því það taki tíma að þróa hagkvæma búgrein kornræktar. „Við búum vissulega við góð skilyrði hérna við sjávarsíðuna undir Eyjafjöllum, en ég held að önnur svæði Íslands séu mörg hver stórlega vanmetin. Það hefur sýnt sig að korn er hægt að rækta í flestum árum víða á landinu, ég hef ekki áhyggjur af því. Það vantar hins vegar mikið upp á að það séu stöðugar markaðsforsendur fyrir íslenska kornið, ef til dæmis uppskeran stendur ekki undir væntingum hvað varðar gæði. Þú situr þá uppi með allt tjónið.“

Betri skilyrði til kornræktar

Að sögn Ólafs eru veðurfarsleg skilyrði að verða betri fyrir kornræktina. „Það vex allt betur hér á landi núna; trjágróður og gras – bændur slá orðið þrisvar og allt er eftir þessu. Landið er líka til staðar, svakalega fínt ræktarland víða á láglendi á Íslandi.

Í fjármálahruninu voru hér bara tveggja vikna olíubirgðir á tímabili og við áttum varla gjaldeyri til að kaupa kjarnfóður. Þá ruku allir af stað í kornræktina. Svipað gerðist í Covid-faraldrinum, að farið er að huga inn á við – og svo núna vegna stríðsátakanna. Hugarfarið hérna heima getur ekki sveiflast svona með ástandi heimsmála hverju sinni – að við séum alltaf í hálfgerðri tilraunastarfsemi varðandi okkar fæðuöryggis- og orkumál,“ segir Ólafur.



Feðgarnir Ólafur Eggertsson og Páll Eggert Ólafsson við kornþurrkstöðina á Þorvaldseyri. Myndir / smh

Tilfinningalegt tjón

Á þessari stundu í viðtalinu við Ólaf er Páll Eggert kominn inn í samtalið og bendir á að það sé líka stundum þannig að tilfinningatjónið vegi þyngra en það fjárhagslega þegar illa gengur í kornræktinni. „Þegar bændur fá kannski tvö leiðinleg ár í röð, og votviðrasamt haust, þá bara nenna menn ekki að standa í þessu næsta ár. Sæmileg kúabú ættu alveg að ráða við slík áföll endrum og sinnum. Öðru máli gegnir auðvitað um þá sem eingöngu eru í kornrækt.

Í sumum löndum tíðkast það að kornbændum er tryggð afkoma þó þeir lendi í áföllum, eins og í Ástralíu til dæmis þar sem stundum er ekki hægt að sá í tvö, þrjú ár vegna þurrka. Það þyrfti að skoða einhvers konar afkomutryggingu fyrir greinina hér,“ segir Páll.

„Í Noregi hefur verið mörkuð stefna um að þeir rækti allt sitt korn og hveiti sjálfir og mér sýnist þeir vera komnir vel áleiðis með það,“ bætir Ólafur við.

Kostir og gallar alls staðar

Ólafur bendir á að það séu ekki alltaf kjöraðstæður á Þorvaldseyri þó kornakrarnir séu vissulega vel í sveit settir. „Eins og annars staðar eru ókostir líka hérna hjá okkur, hér er oft hvassviðri og talsvert votviðrasamt – en hér vorar fyrr og sumrin kannski lengri. Síðasta vor var til dæmis gott, sumarið frekar kalt en haustið svo mjög gott.

Til lengri tíma hefur það alveg sýnt sig að þetta margborgar sig en það hefur auðvitað tekið tíma að byggja ræktunina upp. Við höfum gert mistök líka og þurft að prófa okkur áfram með ýmislegt. Til dæmis notuðum við í byrjum bara heimasmíðaðar þurrkunargrænjur, súrþurrkunarblásara með heitu lofti. Um 1990 fáum við fyrstu hefðbundnu þurrkturnana sem við settum inn í fjóshlöðuna og svo þessa




Ólafur skoðar repjufræin, en um sex tonn voru skorin upp síðasta haust.



Páll Eggert Ólafsson dælir repjuolíunni á dráttarvélina.



LÍF & STARF



Byggið á Þorvaldseyri er notað að stærstum hluta sem fóður heima á bæ en talsvert magn er einnig selt til manneldis.



Repjuakur á Þorvaldseyri. Mynd / Eyrarbúið



Ólafur við þurrkturnana í þurrkstöðinni.

sem við erum með núna fengum við árið 2012. Nú er þetta komið á það stig að aðstæður eru ákjósanlegar hvað varðar allan tækjabúnað og hægt að selja kornið okkar sem matvöru líka.“

Ný kornþurrkstöð

Árið 2015 var byggð kornþurrkstöð með geymslusílóum og lager á Þorvaldseyri sem uppfyllti skilyrði til matvælaframleiðslu. „Það er mikil fjárfesting í svona þurrkstöðvum, til ára eða áratuga, og við ákváðum að hafa hana í stærra lagi til að halda opnum möguleikum um aukningu á kornrækt til matvælaframleiðslu.

En þessi stöð gæti leikandi afkastað svona 6-700 tonnum á hausti af korni og repju, en við þurrkum ekki nema kannski 150-160 tonn. Af því magni fara um 60 tonn beint sem fóður í kúabúskapinn, um 40 tonn fara til bjórgerðar og um tíu tonn í formi mjöls til bakara. Restin fer þá bara á markað,“ segir Ólafur og bætir við að öll korn- og repjuræktun á Þorvaldseyri sé stunduð án allra eiturefna og annarra óæskilegra efna, eins og skordýraeiturs og illgresiseyðis.

Repjuræktun frá 2008

Repjuræktun hefur verið stunduð á Þorvaldseyri frá 2008, þegar tilraunir hófust til framleiðslu á repjuolíu. Á þeim tíma var Eyrarbúið meðal þátttakenda í verkefni Siglingamálastofnunar sem snerist um framleiðslu á lífeldsneyti úr repjuolíu. Síðan hefur Eyrarbúið ræktað repju til olíuframleiðslu, bæði til manneldis og sem eldsneytisgjafa á vélar. Þá er hratið frá pressuninni á fræjunum blandað við byggið og notað sem próteingjafi fyrir nautgripina á bænum, en í grunninn er Þorvaldseyri kúabú. „Við uppskárum meira en sex tonn af repjufræjum í haust, sem við pressum og vinnum úr eftir þörfum. Repjumjöli er blandað saman við valsað bygg og fiskimjöl.

Út úr þessu kemur heildstæð blanda fyrir kýrnar og því höfum við ekki þurft að kaupa neitt annað fóður í um fimm ár.

Olían má segja að sé aukaafurð út úr þessu, en við notum hana þegar búið er að hreinsa hana á dráttarvélarnar og á þurrkstöðina við þurrkunina á korninu og repjufræjunum – í það fóru um tvö þúsund lítrar. Um tíma prófuðum við að markaðssetja olíuna sem matarolíu en það reyndist ekki vera markaður fyrir slíka olíu, eða réttara sagt að neytendur völdu frekar ódýrari innflutta matarolíu en okkar á því verði sem við þurftum að selja hana á,“ segir Ólafur.

Kolefnishlutleysi Eyrarbúsins

Þeir feðgar segja að stefnt sé á kolefnishlutleysi búrekstrarins og í raun sé það komið nokkuð nálægt því marki. „Við þurfum reyndar að blanda lífeldsneytinu saman við jarðefnaeldsneytið, en repjan gefur okkur um þriðjung þess eldsneytis sem við þurfum,“ segir Páll Eggert, sem sér um þessa hlið mála í búrekstrinum. „Á móti kemur að repjuræktunin sjálf er mjög öflugur þáttur kolefnisbindingar á búinu.

Til að hægt sé að nota repjuolíuna sem eldsneyti þarf hún að fara í gegnum svolítið ferli. Það þarf að sía hana og fjarlægja fitusýrurnar úr olíunni áður en hægt er að dæla henni á vélar, sem er gert með metanóli og olían þannig hvörfuð. Að svo búnu getum við dælt beint af þessari dælustöð sem við fjárfestum í síðastliðið vor,“ segir Páll Eggert.



LÍF & STARF

Útivist:

Hugsjónamaður um öryggi á Fimmvörðuhálsi

– Hefur stikað gönguleiðina frá 1995



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Bragi Hannibalsson, fyrrverandi skriftvéla- og rafeindavirki, hefur verið aðalforgöngumaðurinn á bakvið stikurnar á hættulegasta kaflanum á gönguleiðinni yfir Fimmvörðuhálsinn. Með góðri samvinnu við velunnara og sjálfboðaliða hefur verið byggð upp vel merkt leið sem eykur öryggi allra sem ganga um svæðið.

Þegar gengið er frá Skógum til norðurs í átt að Þórsmörk er mjög mikilvægt að göngumenn rati að Heljarkambi, sem er eina leiðin á mjög stóru svæði þar sem fært er niður að Básum. Þar sem oft er allra veðra von og gjarnan lélegt skyggni á þessum slóðum getur skapast mikil hætta fyrir ferðalanga. Þarna voru stikur frá gamalli tíð, en vegna snjóþyngsla voru þær oft á kafi í snjó langt eftir sumri.

Dóttir lenti í lífsháska

Dóttir Braga fór þessa leið um miðjan júní 1988 ásamt tveimur öðrum ungmennum, sem öll voru vön útivist og rötun eftir áttavita. Þau lögðu af stað snemma dags við Skóga, en er þau voru komin norður á brúnir Goðalands var veðrið orðið afar slæmt, hífandi rok og ausandi rigning, og tókst þeim ekki að finna Heljarkamb þrátt fyrir mikla leit. Síðar kom í ljós að þau höfðu komið fram á brúnirnar sitt hvorum megin við Heljarkamb svo litlu munaði að þau fyndu hann. Þeim tókst að brjótast niður eftir stórhættulegu gljúfri (Hrunagili) niður á Krossáraura. Þremenningarnir voru á göngu fram undir morgun næsta dags í slagviðri og telur Bragi að þau hafi verið afar heppin að komast lifandi til byggða. Þetta atvik opnaði augu hans fyrir því hversu varasöm leiðin um Fimmvörðuhálsinn er og að nauðsynlegt væri að bæta stikun.



Bragi Hannibalsson hefur verið aðalforgöngumaðurinn á bak við stikurnar á hættulegasta kaflanum á gönguleiðinni yfir Fimmvörðuháls. Hér er hann ásamt Bryndísi, dóttur sinni (t.v.), og tveimur hollenskum sjálfboðaliðum, með plaststikur á leiðinni í vinnuferð árið 2017. Mynd / Úr einkasafni

Nokkrum árum síðar varð Bragi málkunnugur Lovísu Christiansen, sem þá var formaður Útivistar, og reyndi að sannfæra hana um að láta félagið sjá um að stika alla leiðina. Meðal þeirra var mikill áhugi en þau sáu sér ekki fært að fara í framkvæmdir á eigin spýtur – og fengu því Braga til að gerast forgöngumaður verkefnisins. Útivist lagði því til mannskap og efni – til hálfs á móti Braga – og var fyrsta vinnuferðin farin í september 1995. Ferðafélag Íslands hefur einnig lagt til fjármagn til efniskaupa.

Frá Baldvinsskála að Heljarkambi

Á einni helgi náðist að stika nær alla leiðina sem nær frá Baldvinsskála að Heljarkambi. Þetta er u.þ.b. fimm kílómetra kafli og eru stikurnar alla jafna með 50 metra millibili – sem gerir nálægt 100 stykki. Þrátt fyrir að ekki sé lengra á milli hverrar stiku hefur Bragi verið uppi á Fimmvörðuhálsi í það mikilli þoku að þegar hann stóð mitt á milli tveggja, sást hvorug.

Í grunninn eru stikurnar þær sömu og Vegagerðin notar á snjóþungum heiðum þar sem járnrör eru rekin ofan í jörðina og gulir plasthólkar festast ofan á. Bragi hefur hins vegar ekki stungið járnrörunum niður, heldur hannað tvær tegundir undirstaða sem nýtast við mismunandi aðstæður.

Önnur aðferðin felst í að hlaða vörðu í kringum járnrörin. Til þess að varðan sé stöðug er hún hlaðin inn í nethólk, sem er 70 sentímetrar í þvermál og einn metri á hæð. Hann notar lóðanet til að gera hólkinn, en þau eru þannig gerð að mjög auðvelt er að þræða endana saman.

Hinar undirstöðurnar byggjast á því að festa fjögur þykk steypustyrktarjárn á stuttan stálhólk sem mynda þá kross. Endunum er haldið niðri með þungu grjóti og stöðugleikinn aukinn með stífum úr flatjárni. Þessi aðferð gagnast vel til að koma fyrir stikum uppi á fönn. Á stuttum kafla fer leiðin um bratta klöpp – þar hefur Bragi borað fyrir stálteinum sem stikurnar festast á.

Fjögurra metra háar undir fönn

Flestar stikurnar eru með 150 sentímetra löngu plaströri sem fest er ofan á áðurnefnda járnhólka.

Bragi lét hins vegar sérframleiða lengri plastpípur til að nota á snjóþyngstu svæðunum.



Mjög mikilvægt er að göngumenn finni rétta leið yfir Fimmvörðuhálsinn, því annars geta þeir lent í ógöngum. Bragi hefur af eigin hugsjón viljað tryggja öryggi allra sem eiga leið um svæðið. Mynd / Ferðafélagið Útivist

Þó svo að þær stikur standi fjóra metra upp úr jörðinni fara þær oftar en ekki á kaf í snjó og sjást ekki fyrst á vorin.

Til þess að gæta öryggis eru vegstikurnar sem Vegagerðin notar hannaðar til þess að brotna auðveldlega á samskeytunum við árekstur. Sá eiginleiki er óheppilegur uppi á Fimmvörðuhálsi og því hefur Bragi hannað nýja festingu. Í staðinn fyrir að nota stutt sívalningslaga stykki sem fer inn í stálrörið og plastpípuna setur hann breiðan plasthólk utan um samskeytin og skorðar með hosuklemmum.

Fóru á kaf í gosinu

Bragi hefur fengið sjálfboðaliða til að hjálpa til við viðhald á hverju ári. Hann hefur líka betrumbætt hönnunina með tíð og tíma til þess að stikurnar þoli betur öll veður. Oftar en ekki þarf að rétta einhverjar við eða laga festingar. Mesta tjónið varð þó þegar gaus á Fimmvörðuhálsi og hraun fór yfir hluta gönguleiðarinnar.

Hann stikaði nýja leið meðfram hrauninu í samvinnu við Útivist. Sá kafli hefur oft reynst til vandræða þar sem leiðin er krókótt og vegna mikillar snjósöfnunar eru stikurnar oft á kafi langt fram eftir sumri. Þegar gengið er að sunnan virðist augljósasta leiðin að fara beint yfir hraunið, en þá endar fólk oft við bratta hraunbrún og getur þurft talsvert klöngur til að komast niður. Bragi hefur fundið heppilega leið yfir hraunbreiðuna sem sveigir fram hjá áðurnefndri ófæru og er hann að vinna í því um þessar mundir að fá heimild til að stika þann kafla.



Aukning hefur verið á flutningi korns landleiðina frá Úkraínu.
Mynd / Marina Yalanska

Úkraínustríðið:

Flutningur í gegnum Pólland

Í kringum 450.000 tonn af úkraínsku korni eru flutt landleiðina í gegnum Pólland í hverjum mánuði, sem er 50% aukning samanborið við mitt þetta ár.

Úkraína er einn stærsti framleiðandi korns og olíufræs í heimi, en eftir innrás Rússa í byrjun árs hefur flutningur sjóleiðina í gegnum Svartahaf dregist mjög saman. Reuters greinir frá. Eftir að hafnir Úkraínu voru alfarið lokaðar í hálft ár, var gert samkomulag við Rússa í júlí um að heimila skipaflutning. Rússar hafa þó ekki virt samninginn að fullu og því hefur sjóleiðin reglulega lokast undanfarna mánuði. Því er unnið að því að greiða fyrir flutningi landleiðina til að auka öryggi til langframa ef aðgangur að Svartahafshöfnum heldur áfram að vera skertur. /ÁL

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VB HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

vfs.is

GEGGJAÐ NETTAR
JÓLAGJAFA
HUGMYNDIR
Á JÓLATILBOÐI

VERKFÆRA
SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

FLEXIT®

Skandinavískur framleiðandi af lausnum sem að auka gæði innilofts í yfir 45 ár!

Betri loftgæði

Nordic línan

Loftskiptakerfi fyrir ný og núverandi heimili

Loftskiptakerfi með varmaendurvinnslu
Loftskiptakerfi með góðri orkunýtni og lágu hljóðstigi sem að veita ferskt temprað loft í öll herbergi, allt árið um kring.

- Orkusparnað í köldu loftslagi
- Mjög lágt hljóðstig til stokka og umhverfis
- Nútímaleg hönnun
- Stýringar í gegnum Flexit GO appið og skýjalausn
- Auðvelt í uppsetningu
- Þægilegt í rekstri og auðvelt viðhald

Útfærsla kerfa

Útfærsla kerfa

Frá vörum til kerfislausna

Boðið er uppá útfærslu kerfa í samstarfi við framleiðanda. Þið sendið teikningar. Við reiknum og veljum búnað, gefum tilboð í efni, útfærum og afhendum kerfi á verkstað.

Ventum
Official Flexit Distributor

Hafðu samband
Ventum ehf
ventum@ventum.is
www.ventum.is
599 4530

Völvuspá Bændablaðsins:

Skrifað í stjörnur komandi árs

Völva Bændablaðsins leit yfir komandi ár með stjörnumerkin til hliðsjónar, en merkin eiga það sameiginlegt á árinu 2023 að þurfa að velta því fyrir sér hvar þau standa í lífinu. Er lífið á þann hátt sem þú helst kýst? Er hamingja og sátt í fyrirrúmi eða langar þig að breyta einhverju? Samkvæmt tunglstöðu í byrjun árs býr þar kraftur á borð við holskeflu sem ætti að geta ýtt öllum draumum úr vör. Og þannig er það nú með drauma – allir byrja þeir einhvers staðar. Áberandi í krafti ársins 2023 er aukið sjálfstraust í bland við hógværð og elju. Setjum hroka og yfirgang í aftursætið og hefjum vegferð með nýja sýn í bakpokanum, öryggi, ró og yfirvegun. Trúum því að draumar okkar rætist.



Vatnsberi

Mikil velsæld er í stjörnum vatnsberans á komandi ári og peningaáhyggjur minnka svo um munar. Traustar stoðir virðast ríkja í nánum samböndum, bæði í einkalífi og annars staðar og því góður tími til að horfa á árið sem er að líða á jákvæðan hátt, vera stoltur af sjálfum sér og bera höfuðið hátt. Sjálfstraust og skynsamleg ákvarðanataka er í fyrirrúmi á árinu og öll verslun húsnæðis, aksturstækja og annarra stærri innkaupa ganga farsællega fyrir sig. Einhver stór persónulegri málefni þarf Vatnsberinn að leysa og þarf hann að gæta þess að taka ekki einhver skref sem hann er ekki tilbúinn í. Vatnsberinn getur verið svolítill sveimhugi og þyrfti að taka sig á endrum og eins, skipuleggja sig vel og gefa sjálfum sér skýrar línur á það líf sem hann æskir eftir. Vatnsberinn er einnig draumóramaður og getur vel farið á flug með verkefnin sín en má þó eiga það, að oftar en ekki tekst honum að framkvæma það sem hann setur sér fyrir hendur. Bönd ástarinnar styrkjast sem um munar á árinu og festa margir ráð sitt í byrjun sumars. Er þar steinninn settur fyrir komandi ár því sambönd vatnsberans eru jafnan löng og gæfurík þar sem þolinmæði og þrautseigja í bland við léttleika og ástríki haldast í hendur. Ferðalög verða nokkur á árinu, flest innanlands en þó verður eitthvað um utanlandsferðir síðla næsta árs. Gæfa og gengi ríkir heilt yfir og vatnsberar stíga léttar til jarðar en á því ári sem er að ljúka.



Fiskur

Nýtt ár þeirra í fiskamerkinu hefst á jákvæðu nótunum í faðmi fjölskyldu þar sem fiskurinn finnur öryggi og leyfi til að vera hann sjálfur. Vanlíðan og óöryggi virðist hafa stjórnað vissum hlutum í einkalífinu lengi meðan á öðrum sviðum lífsins, svo sem atvinnu, hefur verið jákvæð breyting á – ef litið er yfir sl. fimm ár. Láta þarf af stjórn og hætta að taka hlutum persónulega. Hvíld er fisknum mikilvæg og yfir komandi ár reynir á getu hans og vilja til þess að setja slíkt í fyrsta sætið. Nánasta fjölskylda leikur stórt hlutverk og þarf fiskurinn að gæta þess að koma vel fram við þá sem eru honum kærir. Góð heilsa er áberandi hjá þessu merki á komandi ári og taka margir hverjir skref að enn heilsusamlegra líferni. Fiskurinn á það til að vera örlítið sérhlífinn og þarf, eins og meyjan, að festa sér tíma til þess að stunda einhverja líkamsrækt. Einhverjar stórar ákvarðanir þarf fiskurinn að taka á árinu og ætti að taka sem flestar hliðar hvers máls vel til athugunar. Gefa sér tíma til að hlusta með kostgæfni á þá sem eiga hlut að máli, vega og meta hvað best er að gera. Töfrar ástarinnar svífa að venju yfir fisknum en þar má hann einnig gefa sér tíma til að velta fyrir sér hvað það er sem hann í raun leitast eftir. Ekki er víst að nýstofnuð sambönd verði langlíf, en fiskar eiga þó oft eftir að verða skotnir með boga Amors yfir árið. Þeir sem lengra eru komnir í að festa sér maka eru á betri stað og hjá þeim verður gott betra.



Hrútur

Hrúturinn þarf að hugsa vel um sig andlega og líkamlega, vera sjálfum sér nógur og mun þá uppskera vel. Ró í hjarta og friður mun umlykja hrútinn, aukið sjálfstraust - ef þess er gætt að taka hvern dag fyrir sig. Hrúturinn hefur staðið sig vel seinni hluta ársins sem er að ljúka og er á réttri braut. Gæta skal þess þó að fara ekki villur vegar, þá sérstaklega er kemur að skýjaborgum ástarinnar enda lofar ekki góðu að ana af stað með rósrauð gleraugu. Hrúturinn á eftir að þurfa að taka nokkrar mikilvægar ákvarðanir á árinu og þarf að treysta á sjálfan sig í auknum mæli ef miðað er við oft áður. Nú er sá tími kominn að hrúturinn hefur skýrari sýn á framhald lífs síns og þarf að gæta þess að vera staðfastur með sitt. Fjölskylda leikur stórt hlutverk hjá hrútum árið 2023 og yfir sumartímann kjósa þeir margir að hverfa á vit æskunnar þar sem tjaldferðalög voru dæmi um einfaldari skemmtun en oft er nú. Hrútar eru þó gefnir fyrir hið ljúfa líf og eftir tjaldferðalög er næsta víst að þeir leggi leið sína beinustu leið í einhvers konar dekur. Heilt yfir mun árið sem er að ganga í garð vera hrútum gott og þeir ánægðir með sjálfa sig í lok þess. Persónuleg uppgjör lita næstu tólf mánuði og einhvern veginn tekst hrútunum að feta ófarinn, persónulegan stíg í átt að betra lífi. Stígurinn er kannski kræklóttur, en með seiglu hefst för hrútsins, því þetta er eitt þrjóskasta stjörnumerkið.



Naut

Nautið er á margan hátt að lenda á jörðinni eftir nokkurra ára erfiðan tíma. Á síðastliðnu ári hóf það vegferð sína að betra lífi og er staðráðið í því að það besta sé eftir. Með holskeflu sjálfstrausts á nýju ári ætti nautinu að vera allir vegir færir og muna að trúa á sjálfan sig. Taka tíma í að jarðtengja sig, draga andann djúpt, sjá fyrir sér hvað það vill og hvert það raunverulega stefnir. Undanfarin ár hafa tekið sinn toll en nú er tími til að njóta þess að vera til. Ferðalög verða í forgrunni á komandi ári, bæði erlendis sem innanlands enda nýtur nautið þess að ferðast. Bæði í huganum og til fjarlægra landa. Lofuð naut ættu að taka tíma í að hrífast sem aldrei fyrr af maka sínum á meðan þau ólofuðu mættu sleppa fram af sér beislinu þó ekki væri nema af og til. Ástin er ekki skammt undan og nautið þarf að vera duglegra í að opna fyrir slíka strauma í stað þess að njóta þess að liggja í leti, nautnaseggurinn sem það er. Nautinu þykir nefnilega heldur notalegra að láta aðra sjá um fyrstu skrefin og njóta frekar aðdáunarinnar. Hins vegar er þetta eitt tryggasta stjörnumerkið og óþarflega seint oft að slíta þeim samböndum sem ganga ekki. Peningaáhyggjur hverfa alveg með hausti næsta árs og happdrættisvinningar fara í hendur margra nauta. Flutningar eru skrifaðar í stjörnurnar hjá þeim sem hafa verið að velta fyrir sér búferlaflutningum og munu nautin eiga eftir að koma sér vel fyrir á nýjum stað.



Tvíburi

Mikil auðsæld einkennir tvíburana á komandi ári. Sérstaklega á það við fólk sem er ekki í hefðbundnum skrifstofustörfum heldur kýs að starfa sjálfstætt. Bjart er yfir málum hjartans, bæði þeim sem dýpri eru til jafns við þau sem eru platónskari. Tvíburarnir hafa jafnan unun af því að hafa fólk í kringum sig og eru eitt vinflesta merkið. Á komandi ári verða vinasambönd dýpri og tengingar hjartans sterkari. Þeir þurfa þó að gæta þess að fara ekki yfir mörk félaga sinna á einn eða annan hátt og koma ekki fram á annan hátt, en þann sem þeir vilja taka við sjálfir. Einhver tímamót eru í kortunum seinna á árinu þar sem tvíburinn þarf að gera upp við sig hvar hann stendur. Þarna eru einhverjar takmarkanir ef ein ákvörðun er tekin fram yfir aðra og þarf hann að vera alveg viss um að vera á réttri braut. Verðlaun af einhverju tagi og/eða viðurkenning hlýst tvíburanum fyrir vel unnin störf seinni part árs og mikið lof hljóta þeir fyrir framlag sitt í þágu lista og menningar margir hverjir. Tvíburarnir eru eitt litríkasta merkið og geta verið hrókar alls fagnaðar. Þeir geta þó einnig sýnt á sér hina hliðina sem er ekki alltaf sú skemmtilegasta. Þeir læra á áhugaverðan hátt fína línu þarna á milli um mitt sumar og einhverjir tileinka sér að dansa á þeirri línu. Einhver ferðalög eru í kortunum en mest innanlands og gerir tvíburinn vel við sig á baðstöðum og hótelum víða um land. Ástarsambönd styrkjast sem um munar og eiga þeir sem ólofaðir eru, von á einhverjum sem á eftir að leika stóran þátt í lífi þeirra áður en árinu lýkur.



Krabbi

Mikill öldugangur einkenndi árið sem er að líða hjá krabbanum. Erfiðleikar í einkalífi á mót við stöðuhækkanir og þar fram eftir götunum. Það er því léttir að vita að árið 2023 verður heilt yfir rólegra og tími fyrir krabbann til að jarðtengja sig eins best og hann getur. Með rólegri orku koma nýir tímar, bæði er viðkoma stöðu hans á vinnumarkaði og persónulegri málefnum og því ætti krabbinn að stíga öll þau aukaskref sem hann getur á göngustíg rólegheitanna. Krabbinn á það til að vera alveg viss um að hlutirnir gangi sér ekki í hag er kemur að málum hjartans og þarf að hætta slíkum hugsanahætti. Vitrir menn vilja meina að hugsanir okkar stjórni gjarnan því sem verður og má taka þá hugmynd vel til greina. Krabbinn býr yfir meiri kostum en hann telur sig gera en er oft lokaður á sjálfan sig. Trúir því ekki einlæglega að hann sé að gera rétt eða á réttum stað. Ef honum tekst að finna innri ró, munu fleiri draumar en einn fá tækifæri til að rætast. Krabbinn á eftir að ferðast mikið á árinu þó hann sé ekki endilega sá sem sækist í slíkt. Eitt ferðalaganna á eftir að skipta sköpum í lífi krabbans sem fær hann til þess að taka nýja stefnu í lífinu. Hvort sem er innra með sér eða í veraldlega lífinu. Annað sem á eftir að valda straumhvörfum í lífi ólofaðra krabba eru kynni við nýjan einstakling sem mun hafa rík og varanleg áhrif á þá á jákvæðan hátt. Þarna gæti verið um tilvonandi maka að ræða, eða tengingu við hann. Best er að hafa augun opin fyrir þessum tengslum um mitt sumar. Þeir sem lofaðir eru munu njóta lífsins enn frekar en á árinu sem er að líða, en gæta þarf þess þó að sleppa gleðinni ekki alveg lausri.

Ilsa og Tefcold

ÍSKALT TILBOÐ Á KÆLI- OG FRYSTISKÁPAUM



25% afsláttur
á meðan birgðir endast

Tefcold
Kæliskápur á hjólum 700l -2+10°C
Frystiskápur á hjólum 700l -24-18°C GN2/1

Ilsa
Kæliskápur Essential 600 ltr.-2°+8° SS
Frystiskápur Essential 600 ltr. -20°-10° SS

Opið mán - fim 8:30 – 17:00, fös 8:30 – 16:15
Síðumúli 16 I 108 Reykjavík I Sími 580 3900 I fastus.is

FASTUS
Veit á vandaða lausn

MHG VERSLUN

Husqvarna á Íslandi - allt til á lager



FS400
Gólfsög
Sögunardýpt 16,2cm



K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm



K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm



K3600 MK II
Steinsög
Sögunardýpt 27cm



K7000
Steinsög / forsög
Sögunardýpt 14,5cm



550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Snjóblásari ST424T
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós,belti, rafstart.



Snjóblásari ST424
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST330
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST327
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST224
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.



Snjóblásari ST124
7 HP, vinnslubreidd 61cm.



Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl



Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl



RC320TS AWD
Sláttutraktor - 12.6 kW



LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG

MHG VERSLUN | Þjónustuverstæði og varahlutir | **Víkurhvarf 8** | **203 Kópavogur** | S **544 4656** | **mhg.is**



Ljón

Orðatiltækið „vertu besta útkoman af sjálfum þér“ fer ógurlega í taugarnar á ljóninu enda telur það sig ekki þurfa að vera betri en það er nú þegar. Að minnsta kosti passar það vel upp á að líta svo út í augum annarra. En sjálfsgagnrýni og óvissa getur nagað gat á sálina. Á nýju ári þarf ljónið að venja sig á jákvæða sjálfsgagnrýni og leyfa sjálfum sér að blómstra til jafns við þá ímynd sem það telur ákjósanlega út á við. Hroki og reiði í garð annarra er eitthvað sem ljónið hefur rekið sig örlítið á síðastliðna mánuði en gæti nú tekið skref í átt til umbóta á því sviði. Kraftur nýja ársins ýtir undir sjálfstraust, hógværð og elju og ætti að auðvelda ljóninu að taka persónulegum framförum, með hógværðina bak við eyrað. Vinsældir ljónsins verða miklar á atvinnumarkaðinum og það mjög eftirsótt. Ljónið er þó almennt afar vinsælt og vel liðið enda skemmtikraftur af náttúrunnar hendi. Þó má ekki gleyma því að það vinnur ætíð störf sín af miklum dug og aldrei minna en 100%. Að sama skapi má það búast við aukinni fjárhagslegri velgengni. Ástarmálin eru aldrei langt undan því ljónið á marga aðdáendur í mörgum hópum mannlífsins. Eitthvað vefjast þó fyrir ljóninu allir þess aðdáendur því innst inni veltir ljónið því stundum fyrir sér hvort það sé í raun aðdáunar vert. Er verið að dást að ljóninu sem hristir makkann með glæsibrag, eða felst aðdáunin í þess innra manni? Með þetta í huga gefst ljóninu tækifæri til þess að vera einlægur og opinskár við þá sem vekja áhuga hans, í stað þess að setja á svið leikrit. Því þegar leikritinu lýkur falla tjöldin.



Meyja

Mikill kraftur og uppgangur er í merki meyjunnar árið 2023. Sjálfstraustið og getan til þess að stíga út fyrir þægindarammann er nær óbilandi og seigla meyjunnar til þess að standa fyrir því sem hún trúir á tvöfaldast á nýju ári. Mikið verður um að meyjan fari dýpra inn í sjálfið, leiti að því sem gerir hana að henni og taki sér tíma til þess að anda djúpt umkringd trjám eða náttúru. Frumöflin gera meyjunni gott, s.s. eldur, vatn eða jörð og því æskilegt að heimsækja sundlaugar, fara í gönguferðir í náttúrunni eða sitja við arineld. Sköpunarkraftur meyjunnar mun blómstra, hvort sem viðkemur lagfæringum heima við, skrifum á skáldsögu, leikriti eða með málningarpensil í hönd. Hreyfing er meyjunni nauðsynleg en henni þykir afar notalegt að liggja í leti. Gott væri að koma sér upp þeim vana að hreyfa sig a.m.k. þrisvar í viku, svo sem klukkustund í senn. Á árinu 2023 gerir meyjan upp ýmsa hluti og tekur í kjölfarið ákvarðanir um nýjar stefnur í sínu lífi. Meyjan er oft heldur vanaföst, en þarf nú að spyrja sjálfa sig hvort hún vilji halda gömlum siðum eða með auknum krafti nýs árs að breyta til og hætta jafnvel alveg vissum hlutum. Vinabönd styrkjast annaðhvort eða slitna og í lok árs 2023 á meyjan sterkan og góðan hóp vina í stað fjölmargra kunningja. Ástin bankar upp á hjá ólofuðum meyjum, þó á varfærinn og feimnislegan máta sem styrkist er líður á árið. Þeir sem lofaðir eru mega vera vissir um að sambandið sé á hárréttum stað og svífi um lygnan sjó reyndar alveg til ársins 2025. Þá koma upp lítils háttar verkefni sem þarf að tækla.



Vog

Vogin fer ekki varhluta af töfrum aukins sjálfstrausts frekar en meyjan og að sama skapi styrkist hún í sínu er kemur að öryggi varðandi líf hennar. Ástarmálin eru áberandi og nóg að gera í þeim efnum. Frjósemi vogarinnar er vel þekkt og því barneignir í kortunum fyrir marga. Þeir sem stunda veiðar geta búist við góðum afla næstkomandi sumar og í raun má segja að vogin verði kryndur aflakóngur stjörnumerkjanna, en að honum dragast ástvinir, auður, auk þess sem hann mun taka margar affarasælar ákvarðanir. Nokkrir erfiðleikar í einka- eða fjölskyldulífinu hafa steðjað að yfir árið 2022, sem flytjast yfir á komandi ár, en með auknu sjálfstrausti ætti vogin að geta gert sér auðveldara fyrir í þeim efnum. Taka meðvituð og staðföst skref í rétta átt að lausn vandamála án þess að hafa áhyggjur af mögulegum afleiðingum. Það er alltaf hægt að ímynda sér allt hið versta og vogin er ekki saklaus í þeim efnum. Ótti ætti ekki að stjórna ákvarðanatöku, heldur þarf vogin að bera höfuðið hátt og framkvæma það sem hún telur réttast. Voginni þykir þægilegast að hafa mikla yfirsýn og heldur því ótrauð til streitu. Slíkt getur þó valdið óþarfa álagi og gott að leyfa öðrum að halda um stjórnartaumana af og til. Fullkomnunarárátta er einnig álagsvaldur og þyrfti að slaka á í þeim efnum. Rólegar gönguferðir þar sem horft er út á hafið, djúpöndun og lestur góðra bóka er eitthvað sem vogin ætti að tileinka sér – og láta af allri stífni og stjórnunarárattu. Gott væri að gráta svolítið til að losa um sálarlífið og ekki úr vegi að hlæja þeim mun meira.



Sporðdreki

Árið sem gengur nú í garð byrjar ekki með jafn miklum lúðrablæstri eins og sporðdrekinn kysi helst – en að ári loknu getur hann stjórnað lúðrasveit. Áætlanir og plön sporðdrekans í byrjun ársins 2023 ganga sem sagt ekki eftir að fullu, eða ekki eins og hann hafði séð fyrir sér. Hann þarf því að leggjast undir feld og byrja upp á nýtt. Best er að hafa hógværð að leiðarljósi og líta á málin frá fleiri hliðum en einni. Í haust sér hann svo afrakstur þrautseigju sinnar og þaðan er leiðin bara upp á við. Mikið er um ferðalög í kortum sporðdrekans þar sem hann kynnist fleiri en einni manneskju sem mun hafa áhrif á líf hans. Sumir staldra stutt við en aðrir lengur – en þó þarf hann að taka vel eftir því sem við hann er sagt, sama hver er. Atvinnumálin sigla jafnan sjó, eru hvorki til frekari auðs né ama. Þó býðst sporðdrekanum áhugaverð staða í öðrum geira en hann er jafnan vanur. Sporðdrekinn þarf að muna að taka tíma til þess að kúpla sig út af og til því annríkt verður hjá honum á fleiri sviðum en einu. Lofaðir sporðdrekar kynnast mætri hlið á maka sínum, á meðan þeir ólofuðu enda árið dansandi uppi á borðum, einir með sjálfum sér. Eitthvað þurfa sporðdrekar að vera duglegri við að tjá sig og vera óhræddir við að segja sína skoðun. Það býr meira í þeim en þeir vilja halda og nýtt ár ætti að veita þeim aukið traust á sjálfa sig. Svo gerir æfingin meistarann og því upplagt að tjá sig sem allra mest.



Bogmaður

Aukin ábyrgð litaði árið 2022 og bogmaðurinn hefur staðið sig vel í að halda þeim boltum á lofti. Fjármálin hafa verið í forgrunni og verða áfram á jákvæðan hátt á nýju ári. Mikið af verkefnum koma á hendur bogmannsins og með aðstoð vina og vandamanna getur hann sinnt þeim til jafns við fjölskyldulífið. Í byrjun næsta sumars verður nokkuð um að bogmaðurinn festi ráð sitt á einn eða annan hátt, en hann hefur nú þegar velt slíkum hugmyndum fyrir sér árið með 2023. Nokkuð er um ferðalög erlendis í kortum bogmannsins, bæði styttri og lengri ferðir, oft tengdar atvinnu. Ferðalög innanlands einskorðast við fjölskylduna og mun bogmaðurinn hafa gaman af að koma maka sínum á óvart með rómantískum ferðum á borð við helgi hér og þar. Hvað varðar persónulegan þankagang bogmannsins hefur hann nú skýrari línur á hvernig manneskja hann vill vera og tekur heilmörg skref á komandi ári í þá átt. Bogmaðurinn er nokkuð þrjóskur og því er það svo að það sem hann ætlar sér, verður. Velgengni fer honum vel og hann er örlátur á að leyfa öðrum að njóta hennar með sér. Hvort heldur með hrósi eða velgjörðum. Örlítið púsluspil verður varðandi tíma fjölskyldu annars vegar og svo einkalífs hins vegar og þarf bogmaðurinn að vega og meta vel og vandlega hvað best er að gera hverju sinni. Við uppgjör í lok árs má bogmaðurinn enn vera stoltur af sínu en þarf að halda áfram að æfa sig að vera besta útgáfan af sér. Eins og við flest.



Steingeit

Eitthvað hefur verið um breytingar nú í lok árs og hefur steingeitin þurft að stíga nokkur ný skref óvissu. Lífið hefur þó gengið sinn vanagang, enda steingeitin örugg í vananum. Með það sagt, árið 2023 (samkvæmt stöðu stjarna steingeita) er tilvalið að leggja land undir fót og ekki einungis innanlands. Utanlandsferðir eru í kortunum og jafnvel dvöl um tíma í heitara loftslagi sem gerir steingeitum gott. Veikindi hafa verið nokkur og gott er að breyta því um dvalarstað um tíma. Útivist er líka eitthvað sem steingeitin mun sækja í og tengja með því sjálfa sig frumefnunum enda allra meina bót. Sambönd vina og kunningja styrkjast svo um munar og steingeitin finnur að hún á fleiri að en hún heldur. Hugsun hennar og sýn á lífið hefur snert hjörtu margra og verður ekki lát á því á nýju ári. Steingeitin er frumkvöðull í hugsun og veltir því gjarnan upp spurningum sem vekja aðra til umhugsunar. Gleði og glaumur eykst á árinu og steingeitin lyftir sér upp oftar en áður. Hún gefur sér tíma til að muna eftir öllu því sem gleður hana og gott væri að gera lista yfir slíkt. Sem síðasta merki stjörnuspekinnar hefur hún þurft að vera með yfirsýn yfir líf margra, en nú er um að gera að sleppa tökunum og njóta frekar lífsins til fullnustu. Steingeitin þarf ekki að hafa áhyggjur af peningum enda tvöfaldast allt sem kemur í vasa hennar á nýju ári. Rétt er að geta þess að lofaðar steingeitur geta orðið fyrir tvöfeldni eða svikum í samböndum sínum en þær ólofuðu kynnast maka úr allt öðru umhverfi en þær helst myndu halda.



Naðurvaldi

Stjörnufræðingar víða um heim, bæði hjá NASA og eins og lesa má á vefsíðu Stjörnufræðivefsins, vilja meina að í raun séu stjörnumerkin þrettán. Kemur það til vegna stöðu möndluls jarðar, eða pólveltunnar sem tekur um 26.000 ár og því eru stjörnumerkin sem sjá má á himni ekki lengur á sama stað og fyrir þúsundum ára. Upphaflega höfðu Babýlóníumenn stjörnumerkin þrettán talsins og var naðurvaldi, stjörnumerki á miðbaug himins eitt þeirra. Myndgerð Naðurvalda er maður haldandi á höggormi, samanber grísku goðsögnina, guðinn og lækninn Asklepíos. Er naðurvaldi ríkjandi frá 30. nóvember til 17. desember, þekktur fyrir eigingirni og öfundsýki, en einnig.er hamn litríkur og skemmtilegur persónuleiki auk þess að vera afar vel gáfum gæddur.
Ef honum væri úthlutað varanlegt sæti meðal merkjanna myndu sæti hinna skarast sem svo svarar; **Vatnsberi** 16. febrúar til 12. mars, **Fiskar** 12. mars til 18. apríl, **Hrútur** 18. apríl til 14. maí, **Naut** 14. maí til 21. júní **Tvíburi** 21. júní til 20. júlí, **Krabbi** 20. júlí til 10. ágúst, **Ljón** 10. ágúst til 16. september, **Meyja** 16. september til 31. október, V**og** 31. október til 23. nóvember, **Sporðdreki** 23. nóvember til 29. nóvember, **Naðurvaldi** 29. nóvember til 18. desember, **Bogmaður** 18. desember til 19. janúar, **Steingeit** 19. janúar til 16. febrúar. Eins og kemur hér glögglega fram eru tímatöl stjörnumerkjanna þrettán ekki jöfn að lengd, líkt og þau tólf sem nú ríkja – en í þeim virðist sólin ríkja um mánuð í senn.


EMBRACING FAITH (TM)
BY BRYNJA
EMBRACING FAITH © 2022
Design by Brynja Sverrissdóttir
Photo by Brian Griffin
info: brynjas.sverris@gmail.com
ANDREA ELLEN
HANDCRAFTED JEWLERY
Laugavegur 33 - Reykjavík Simi : 663 4760
Karl úrsmiður
Selfossi
Austurvegi 11 - Selfoss Simi : 482-1433

Garðyrkja
Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna
Allt frá
fræjum til
afurða
Frjó umbúðasalan, keypt af Samhentum 2016
Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is
Samhentir

LÍF & STARF

Heyverkun:

Vélasölum leist ekki á samkeppnina

– Tilraunir með að lofttæma vothey á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar



Einar Guðjónsson framan við tankinn í Hvammi. Myndir / Jónas Þórðarson.

Um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar stundaði Einar Guðjónsson, járnsmíðameistari í Reykjavík, tilraunir með lofttæmingu á votheyi. Þegar Einar ætlaði að kynna tæknina á Landbúnaðarsýningunni á Selfossi árið 1978 mætti hann andstöðu ýmissa vélasala sem vildu meina honum þátttöku.

Umsjónarmenn sýningarinnar komu honum til varnar og sögðu að ef Einari yrði meinuð þátttaka yrði engin sýning. Mottó Einars var: „Leiðin sem leysir vandann.“

Einar Jónsson, leiðbeinandi hjá velferðarsviði Reykjavíkur, segir að frá því að hann man eftir sér hafi afi hans alltaf verið að smíða úti í bílskúr. „Hann var að vinna og betrumbæta aðal hugðarefni sitt sem var aðferð við lofttæmingu á votheyi. Hann byrjaði á þessu um 1965 og vann að því allt til dauðadags.“

Járnsmiður

Einar Guðjónsson fæddist að Vesturholtum undir Eyjafjöllum árið 1903. Átta vikna gamall missti hann föður sinn úr lungnabólgu og fjölskyldan sundraðist.

„Afi var sendur að Hvammi til ættingja sinna og ólst þar upp. Rúmlega tvítugur fór hann til Reykjavíkur og bjó þar alla tíð. Þar lærði hann járnsmíði og starfaði sem slíkur við það fag alla tíð og rak lengi vélsmiðjuna Bjarg við Höfðatún.“

Heytankar úr bárujárni

„Aðferð afa fólst í því að vera með heytank sem var smíðaður úr bárujárni. Í þá var sett nýslegið gras sem var slegið með sláttukóngi upp í uppítökuvagn.

Vagninum var síðan ekið að blásara og grasinu blásið upp í tankinn. Eftir hvern dag var poki úr sterku plasti settur yfir heyið og festur á barm turnsins og allt loft sogað út með loftdælu sem var sett í gegnum miðjan plastdúkinn. Svo var leikurinn endurtekinn þar til turninn var orðinn fullur. Með þessari aðferð þurfti bara að fara eina ferð út á hvert tún til að ná heyjum og var það mikill sparnaður bæði á olíu og tíma.“

Heymygla, heymæði, óþurrkasumur, hrakin og léleg hey

„Afi sagði mér að sem ungur maður hefði hann séð heymyglu, heymæði í mönnum, óþurrkasumur og rosa, hrakin hey og léleg. Og allir að vinna í þurrhey á sama tíma.



Í Morgunblaðinu 23. nóvember 1975 er viðtal við Leif Einarsson, bónda í Nýjabæ, þar sem hann lýsir reynslu sinni af lofttæmingunni eftir að hafa reynt hana í þrjú ár. Mynd / Tímatit.is

Með tilraunum sínum vildi hann finna aðferð til að geyma hey eins og nýtt í langan tíma. Hann sagði mér einu sinni að hann hefði að gamni sínu tekið tuggu af nýslegnu heyi og hey úr tankinum frá árinu áður og bar fyrir kú og hún valdi heyið úr tankinum og honum fannst það gæðastimpill á þá vinnu sem hann hafði eytt mörgum árum í.“

Landbúnaðarsýningin á Selfossi 1978

Þegar Einar ætlaði að taka þátt í Landbúnaðarsýningunni á Selfossi árið 1978 mætti hann andstöðu til þátttöku og voru það einkum vélasalar sem seldu heyvinnsluvélar sem vildu banna honum að kynna hugmyndir sínar. Ekki síst vegna þess að aðferð Einars krafðist lítils vélakosts. Sýningarhaldarar komu honum til varnar og sögðu að ef Einari yrði meinuð þátttaka yrði engin sýning.

„Afa var komið fyrir niðri í kjallara gagnfræðaskólans á innisvæði sýningarinnar á móti básnum þar sem „töfrasprotinn, framtíðartæki eldhússins“ var kynntur og lag Ladda „Gibbí, gibbí gaman“ hljómaði allan daginn.“

Einar segir að á sýninguna hafi þýskur prófessor frá þarlendum landbúnaðarháskóla heimsótt bás afa síns og sagt síðar í blaðaviðtali að það sem hann sá hjá Einari hefði verið það merkilegasta sem hann hefði séð á sýningunni.

„Þeir ræddust lengi við og á kvikmynd sem faðir minn tók af þeim



Einar Jónsson, leiðbeinandi hjá velferðarsviði Reykjavíkur og afabarn Einars Guðjónssonar. Mynd / Aðsend

er prófessorinn að lýsa aðferðinni inn á segulband af mikilli innlifun.“

Reynsla á Nýjabæ

Einar gerði tilraunir með aðferðina á nokkrum bæjum, Hvammi, Sauðhúsvöllum og Nýjabæ undir Eyjafjöllum og á Brúarlandi á Mýrum. Í Morgunblaðinu 23. nóvember 1975 er viðtal við Leif Einarsson, bónda í Nýjabæ, þar sem hann lýsir reynslu sinni af lofttæmingunni eftir að hafa reynt hana í þrjú ár.


„Í sumar heyjaði ég í turninn í þriðja sinn og hafði þá rekið mig á einkum tvennt, sem ég þurfti að aðgæta, í fyrsta lagi að láta í turninn aðeins nýslegið hey og í öðru lagi að lofttæma eins fljótt og hægt var að hverri hirðingu lokinni. Því keypti ég mér í vor sláttutætara og vagn, en sláttutætarinn slær upp á vagninn. Áður hafði ég slegið fyrir hverja hirðingu í turninn og oft of mikið, þannig að það hey skemmdist, hitnaði í því og lá stundum til skemmda. Einnig fannst mér eins og með aðra votheysverkun að bezt væri að hirða í turninn grasþurrt hey, en það var aldrei hægt í sumar og verður því spennandi að vita hvernig verkunin á heyinu verður í vetur. Sumarið 1974 byrjaði ég að heyja í turninn seinni partinn í júní og á 9 dögum fyllti ég hann með 5 fyllingum, en það er einmitt einn af kostunum með þessari heyverkunaraðferð, að það er hægt að halda stöðugt áfram, því með lofttæmingunni sígur heyið svo hratt, – þjappast svo vel saman.“

Ekki er annað að lesa en reynsla Leifs af aðferðinni og af grasinu sem fóður sé góð.

„Kýrnar sækjast beinlínis eftir þessu fóðri og er þar ekkert annað fóður sem ég veit um til samjöfnunar. Jafnhliða þessari heyverkun er ég með þurrhey og sýruverkað vothey, svo ég hef nokkurn samanburð. [. . .] Af þessu góða heyi í fyrravetur gaf ég 30 kúm frá miðjum desember í annað málið og entist það fram í miðjan apríl. Minnkaði ég fóðurbætisgjöf um helming og fann ég ekki að það kæmi að sök, en þegar ég hætti að gefa þetta fóður og gaf aðeins þurrhey minnkaði nytin í kúnum um 20% þótt ég yki fóðurbætisgjöf og reyndi að vanda til fóðursins eins og bezt ég kunni.“



Allur vélakosturinn sem þurfti í heyskapinn.



Blásarinn á Sauðhúsvöllum.



Tankurinn á Brúarlandi á Mýrum.



Plastinu komið fyrir og byrjað að lofttæma tankinn í Hvammi. Takið eftir slöngunum sem liggja í blásarann.

Tilraun með fóðurgjöf

„Afi vildi gera bændum kleift að spara í rekstrinum, bara eina ferð út á tún í stað fjögurra eða sex. Það þætti nú góður sparnaður nú til dags eins og olían kostar í dag og plastdúkinn, hann var hægt að nota aftur og aftur.

Hann var einnig farinn að vinna að tækni sem átti að auðvelda gjöf úr tankinum. Tilraun með þá tækni var gerð á Sauðhúsvöllum en þar var súrheysgryfju breytt og móttökuhólf fyrir votheyið sett við hvorn sinn fóðurganginn.

Tækið sem losaði heyið í tanknum var ekki ósvipað og stór garðsláttuvél. Fremst á því var vals með tindum sem rótuðu upp heyinu. Blásari sem var staðsettur utan við gryfjuna sogaði heyið upp í barka og blés því inn í móttökuhólfin og með skiptiventli var hægt að stjórna í hvort hólfið heyið fór.“

Ilmurinn svo indæll

„Ég eyddi mörgum stundum úti í skúr hjá afa þegar hann var að smíða þessi tól og tæki sem þurfti í þessar tilraunir. Oft var ég klæddur í gamlan slopp með marguppábrotnar ermar og orðinn svartur á höndunum af því að meðhöndla þetta járnadót, og hafði gaman af. Allt í tankana var smíðað í skúrnum og þeir settir saman í einingar úti í garði á þar til gerðum grindum. Fyrir tíu ára polla var þetta heilmikið ævintýri.

Upp úr 1983 fór smám saman að draga úr kraftinum og tilraunum afa þegar heilsan fór að gefa sig. En mikið hafði ég gaman af því þegar ég var fjósamaður hjá góðum vinum mínum vestur í Arnardal að þegar ég opnaði fyrstu rúlluna sem ég kom nálægt og upp steig sami góði ilmurinn og var úr heyprufunum sem afi var svo oft með og leyfði mér að þefa af.“ /VH

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000 Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

HiSPEC

Hönnuð eftir þínu höfði!

Örfáar SA-R haugsugur lausar til afgreiðslu næsta vor.
Enn tími fyrir sérpantanir!

Gæðahaugsugur í stærðum allt að 14.000 lítrum.

Mikið úrval aukabúnaðar í boði.

Fyrir nánari upplýsingar hringið í síma **480 5600** eða sendið póst á netfangið **landstolpi@landstolpi.is**

Jöfn dreifing | Mikið flot | Fjaðrandi beisli

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

LÍF & STARF

Heyefnagreiningar:

Margföldun í fjölda heysýna

– Elísabet Axelsdóttir er hæstánægð með hvað bændur eru duglegir að nýta sér þjónustu Efnagreiningar

Í vinnuskúrum við Lækjarflóa 10a á Akranesi er rannsóknarstofa Efnagreiningar ehf. Fyrirtækið er í eigu hjónanna Elísabetar Axelsdóttur og Arngríms Thorlacius. Þar eru langflest heysýni íslenskra bænda greind og hefur aðsóknin aukist umtalsvert undanfarin ár.

Elísabet er í fullu starfi við efnagreiningar og var lengi vel með starfsstöð á Hvanneyri, en flutti á núverandi stað árið 2020. Arngrímur er dósent við Landbúnaðarháskólann.

Haustin eru háannatími hjá Efnagreiningu ehf. þar sem þjónusta við landbúnaðinn er viðamesta viðfangsefni fyrirtækisins. Elísabet er með 1-2 starfsmenn í vinnu hjá sér allt árið, en þegar álagið er mest fær hún til sín nemendur við Fjölbrautaskólann á Akranesi. Hingað til hefur langstærstur hluti starfseminnar verið efnamæling hey- og jarðvegssýna.

Nýlega náði Elísabet samningum við stóriðjufyrirtæki á svæðinu og mun starfsemin því verða jafnari yfir allt árið og bjóða upp á að hafa fleira fólk í fastri vinnu.

Þegar heysýnatörnin er að mestu yfirstaðin hefst vinna við mælingar í jarðvegs- og mykjusýnum en þar hefur orðið mikil aukning. Fyrirtækið annast einnig greiningu baktería úr vatnssýnum og öðru tilfallandi.

Elísabet segir að síðastnefnda þjónustan gagnist vel sumarbústaðaeigendum og bændum sem kanna gæði vatnsins hjá sér án þess að fara í of mikil útgjöld.



Elísabet Axelsdóttir, annar eigenda Efnagreiningar ehf., stendur við nýjan rafgas-massagreini sem mælir stein- og snefilefni við 8.000-10.000 °C.
Myndir /ÁL

Skýrar merkingar skipta máli

Þar sem álagið á haustin er gífurlegt – og bændur oftar en ekki óþreyjufullir að fá niðurstöðurnar sem fyrst – hvetur Elísabet þá sem sinna heysýnatökum til að ganga mjög vel frá öllum merkingum. Ef merkingar eru óskýrar fara margir klukkutímar í leiðréttingar og aðrar tafir, sem tekur tíma frá greiningarvinnu. Einnig þarf að passa að þeir sem taka sýnin skili þeim sem fyrst á rannsóknarstofuna og þeir sem senda út niðurstöður þurfa að gera það eins fljótt og auðið er. Til stendur að setja saman greinargóðar leiðbeiningar um réttan frágang hey- og jarðvegssýna sem verða aðgengilegar á heimasíðu Efnagreiningar ehf.

Í byrjun vertíðarinnar í haust gerði Elísabet tilraun með að stytta tímann sem tekur að fara með sýnin gegnum greiningarferlið. Fljótlega kom í ljós að þetta var ekki góð ráðstöfun, þar sem það olli skekkju í svonefndum NIR-greinningum, og þurfti að greina sum fyrstu sýnin aftur. Vandinn var rakinn til ónógrar/ójafnrar rakajöfnunar. Strax og upp komst var bætt úr þessu með því að lengja rakajöfnunartímann, en síðan verður farið í ítarlegri úttekt á þessu og úrbætur tryggðar fyrir næsta haust.

Alltaf er hætta á skekkju í niðurstöðum heyefnamælinga – hvort sem greiningin fer fram ytra eða hér heima. Elísabet segir hins vegar auðsótt mál að fá endurteknar mælingar hjá sér ef eitthvað virðist vera óeðlilegt, en hins vegar sé ekki hlaupið að því ef sýnin eru greind erlendis.

Einnig er mikilvægt að fólk velji þjónustu íslenskra aðila ef það vill viðhalda rekstrargrundvelli þeirra. „Okkar aðalsmerki er persónuleg og góð þjónusta," segir Elísabet.

Metfjöldi heysýna

Þegar Bændablaðið hafði samband við Elísabetu í byrjun mánaðar höfðu 2.000 heysýni verið greind frá því í byrjun hausts – sem er met. Undanfarin ár hefur verið stöðug aukning, en á sama tíma í fyrra höfðu 1.700 sýni verið greind. Efnagreining ehf. tók til starfa árið 2015 og fyrsta haustið fengu þau 800 sýni til greiningar. Eftir áramót berast alltaf einhver heysýni og reiknar Elísabet með að heildarfjöldi heysýna vetrarins verði 2.300. */ÁL*

Ferill heysýna

Ólíkt því sem sumir halda, þá er mikil vinna á bakvið hverja mælingu og fjölmörg skref sem heysýnin þurfa að fara í gegnum áður en hægt er að greina og skila niðurstöðum.

Eftir að Elísabet tekur við heysýnum í loftþéttum plastpokum vigtar hún hluta heysins og setur í opna bréfpoka. Jafnframt er sýnunum gefið raðnúmer strax í upphafi sem fylgir því í gegnum allt ferlið. Hluti sýnisins er geymdur í nokkrar vikur í frysti – ef eitthvað kemur upp á. Bréfpokarnir fara í þurrkunarofn og heyið er þurrkað í tvo daga við 60 °C. Þegar pokarnir koma úr ofninum hefur allur rakinn gufað upp, því er hægt að sjá hvert þurrefnisinnihaldið var í upphafi með því að vigta sýnin aftur. Þurrt heyið er malað og er skipt niður fyrir nokkrar mismunandi mælingar.

Mæling gerjunarafurða

Meðfram þurrkuninni fer hluti óþurrkað í sýrustigs- og gerjunarafurðamælingar. Hingað til hefur einungis verið hægt að mæla mjólkur- og ediksýru, en í haust bættist smjörsýra við. pH-gildið er mælt með því að setja heysýnið í afjónað vatn og mæla sýrustigið eftir ákveðinn tíma.

NIR-skönnun

Innrauð litrofsgreining, sem yfirleitt er kölluð NIR (skammstöfun á *near-infrared reflectance*), gefur mjög miklar upplýsingar um eiginleika sýnisins á skömmum tíma. Sú mæling virkar þannig að geisla er beint að sýninu sem mælir endurvarpað litróf í 40 sekúndur og þetta róf er nýtt til að meta innihald fóðurþátta í heyinu út frá fjölbreytulíkönum. Líkönin eru byggð á eiginleikum fjölda heysýna sem áður hafa verið



Rannsóknarstofa Efnagreiningar ehf. við Lækjarflóa á Akranesi lætur ekki mikið yfir sér.



Þurrkofn og sýni í bréfpokum.

greind með hefðbundnum efnagreiningaraðferðum. Með þessu er hægt að meta gildi fyrir meltanleika, prótein, tréni (NDF og iNDF) og sykur. Til að mælingin sé áreiðanleg skiptir miklu máli að þurrkstigið sé jafnt og þurfa því heysýnin að rakajafna sig við stofuhita í a.m.k. þrjá daga eftir að þau koma úr þurrkofninum.

Öskumæling

Malað heysýni er sett í litlar keramikdeiglur. Þær fara í ofn í minnst fjóra klukkutíma við 550 °C sem brennir burt allt lífrænt efni. Það sem eftir verður í deiglunni er aska. Sýnin eru látin kólna í sérstökum þurrköskum sem koma í veg fyrir aðgang raka og vigtuð að því loknu.

Klóríðmæling

Sérstakt skref er fyrir mælingu klórs. Þá er malað heyið leyst upp í daufri saltpéturssýru og lausnin greind með sértæku skauti sem næmt er á klórið-jónir.

Steinefnamæling

0,1 gramm af möluðu heyi er vigtað í glerglös, sem fyllt eru með saltpéturssýru og bætt við dropum af oktanóli til að hemja froðumyndun í upphafi upplausnar. Glösin fara í sérstaka blokk, lokað fyrir hvert og eitt með glerkúlum, og sýnin látin sjóða yfir nótt. Þá er lausnin þynnt út með afjónuðu vatni og gerð tilbúin fyrir stein- og snefilefnamælingu. Hér er notað tæki sem nefnist rafgas-massagreinir. Lausn er úðað inn í argon rafgas, 8.000-10.000 gráðu heitt, sem sundrar öllum efnatengjum og myndar atómjónir. Jónunum er síðan skotið inn í massagreini þar sem þær eru greindar í sundur með breytilegu rafsegulsviði og magngreindar. Í hverri keyrslu eru höfð viðmiðunarsýni með þekkt gildi – sem og sýni sem eiga ekki að gefa nein gildi. Með því er hægt að sjá hvort einhver skekkja komi frá umhverfinu.



Kvarnir sem mala sýnin.



NIR-skanni og möluð heysýni.



Brennsluofn þar sem lífræn efni eru brennd.




Blokk þar sem sýni í glösum eru soðin.

SAMLOKUEININGAR

Hágæða samlokueiningar með PIR eða steinull. Henta jafnt fyrir þök og veggi.

Stuttur afgreiðslutími og gott verð.





BOGAHÚS

Bogahús eða braggi? Það má kalla þetta bæði. Erum með bogahús í mörgum breiddum. Bjóðum hönnun, efniskaup og uppsetningu um land allt.

Breiddir 10-12-15-18 og 20 metrar.

Tilvalin hús fyrir reiðhallir & vélageymslur.

Leitið tilboða hjá sölumönnum okkar í bragga eða bogahús!







ÚTIFLÍSAR


Höfum hafið innflutning og sölu á vönduðum útiflísum frá Hollandi. Bjóðum mjög góð verð og stuttan afhendingartíma.

Stærðir frá 30x60 og upp í 100x100 cm. Mikið úrval. Bæklingur og verð á heimasíðunni!













BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

www.bkhonnun.is - sala@bkhonnun.is - Sími 571-3535

MERLO

VERKFÆRI EHF • Þjónusta • Varahlutir

Fullkominn fyrir íslenskar aðstæður!

Merlo 40.13

- Vinnuþyngd: 9300 kg
- Hámarks lyftigeta: 4000 kg
- Hámarks lyftihæð: 12,5 m
- Lyftihæð með hámarks þyngd: 10,9 m
- Heildar lengd á gálga fram (Ekki upp): 8,74 m
- Hámarkshraði: 40 km á klst.
- Dempun á bómu BSS Merlo
- Joystick stýring á bómu.
- Fjórhjóladrif
- Fjórhjólastýri
- LED ljós á bómu
- LED blikkljós
- ofl

Væntanlegir til landsins!

Merlo 72.10

- Vinnuþyngd: 11300 kg
- Hámarks lyftigeta: 7200 kg
- Hámarks lyftihæð: 9,6 m
- Lyftihæð með hámarks þyngd: 6,6 m
- Heildar lengd á gálga fram (Ekki upp): 5,2 m
- Hámarkshraði: 40 km á klst.
- Joystick stýring á bómu
- Fjórhjóladrif og fjórhjólastýri
- Bakkmyndavél
- 4 tonna dráttarkrókur
- Sæti með loftfjöðrun
- LED ljósabúnaður á húsi
- LED ljós á bómu
- LED blikkljós
- Gafflar
- Hraðtengi
- ofl.





vvv.is S. 544-4210 sale@verkfaeriehf.is Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi

SAGA VÉLAR



Þorgils Gunnlaugsson, sem verður 91 árs í janúar, man vel eftir komu fyrsta traktorsins á Sökku í Svarfaðardal árið 1946, þá 14 ára gamall. Mynd / Aðsend

„Þetta voru þáttaskil í heyskap“

– Einn af þremur fyrstu traktorunum í einkaeigu í Svarfaðardal

Eftir seinni heimsstyrjöld byrjaði að koma skriður á vélvæðingu í íslenskum landbúnaði. Þorgils Gunnlaugsson man vel eftir því þegar nýr Farmall A kom á Sökku í Svarfaðardal árið 1946, þegar hann var fjórtán ára. Sú vél breytti miklu þegar kom að heyskap, en fram að því höfðu verið notaðar hestasláttuvélar og handafl.

Búnaðardeild Sambands íslenskra samvinnufélaga sá um innflutning á Farmall dráttarvélum á þessum árum. Þær voru framleiddar í Ameríku, en í grein í Tímanum í febrúar 1946 kemur fram að örðuglega hafi gengið að afgreiða allar pantanir frá íslenskum bændum vegna verkfalla í verksmiðjunum. Þá var þegar búið að leggja inn 6-700 pantanir af Farmall hjá S.Í.S, en ekki var gert ráð fyrir að tækist að afgreiða nema 300 það árið. Á sama stað er þess getið að norska verksmiðjan sem framleiddi hina svokölluðu „Eylandsljái“ hafi lofað að afgreiða þá nógu snemma til þess að þeir kæmust til bænda fyrir slátt.

Kom ný í kassanum

Þorgils segir að Gunnlaugi föður hans hafi gengið nokkuð vel að fá dráttarvélina. Útibú Kaupfélags Eyfirðinga á Dalvík afgreiddi hana í viðarkassa og var kaupverðið rúmlega 6.000 krónur – sem samsvarar 608.000 krónum á gengi dagsins í dag samkvæmt verðlagsreiknivél Hagstofu Íslands. Til að setja þessa tölu í eitthvert samhengi var mánaðarkaup nokkurra sveinsstétta árið 1946 í kringum 1.800 krónur og kaupverð á nýrri Chevrolet fólksbifreið 14.500 krónur á gengi þess tíma.

Sakka var einn af þremur fyrstu bæjunum í Svarfaðardal sem fengu traktor árið 1946. Þorgils segir að hinir tveir hafi verið Skáldalækur og Ytra-Hvarf. Þetta ár var ekki einungis vélvæðing í formi dráttarvéla, heldur kom líka fötumjaltakerfi og súgþurrkunarbúnaður á Sökku á svipuðum tíma. Allra fyrstu dráttarvélarnar í dalnum voru þó tvær sem Búnaðarfélag Svarfdæla hafði keypt til að nýta í jarðabótavinnu. Sú fyrri, sem yfirleitt var kölluð Surtur gamli, var af gerðinni Fordson og kom árið 1929. Hin var af gerðinni International-Harvester og var nýlega komin áður en bændur byrjuðu að fá vélar í einkaeigu.


Afköst vógu upp á móti óþægindum

Aðspurður segir Þorgils að mjög slítandi hafi verið að vinna á vélinni. Sætið, sem var vel mótað að sitjandanum, var á fjöðrum sem dugðu illa ef keyrt var ofan í holur, þar sem botninn á sætinu barðist niður í hart stálið fyrir neðan. „Þetta var ekki bjóðandi nokkrum mannsskrokk.“ Afköst vélarinnar vógu hins vegar upp á móti óþægindunum. Áður en Farmallinn kom voru hestar nýttir til að draga sláttuvélar og rakstravélar og flytja heyfenginn heim á bæ. „Þetta voru þáttaskil í heyskap,“ segir Þorgils, enda styttist tíminn við heyannir um 2/3 með komu dráttarvélarinnar, því á sama tíma voru keyptar snúnings- og múgavélar sem tengdar voru aftur í vélina.

Greiðusláttuvél fylgdi vélinni og var hún tengd að aftan. Þorgils segir að sérstök skúffa hafi verið tengd við sláttuvélina, sem hann notaði mikið í engjaslætti. Þá féll heyið beint ofan í skúffuna og var skilið eftir þar sem yfirborðið var þurrara. „Ég notaði þessa vél við slátt alveg fram til 1959 – þá fékk ég Fordson Major.“

Dráttarvélin var með bensínmótor og útbúin aflúrtaki að aftan og reimskífu. Hún var ekki með neinu vökvakerfi, heldur pústlyftu. Afgasið var leitt í sérstakan þrýstikút á stærð við 20 lítra mjólkurbrúsa, sem gat þá lyft kjálka sem á var fest tönn framan á vélinni. Sá ókostur fylgdi notkun pústlyftunnar að mjög dró úr afli þegar lokan var sett fyrir pústið – því voru þeir Farmallar sem komu síðar útbúnir vökvakerfi.


Aðspurður segir Þorgils að lyftigetan hafi verið nálægt 200 kílóum. Þar sem tönnin var ekki mjög breið var brugðið á það ráð að festa á hana planka til þess að hægt væri að ýta görðuðu heyi saman í beðjur. Handafli var svo beitt til að moka heyinu upp á vagna.



S.Í.S. sá um innflutning Farmall dráttarvéla á þessum árum. Eftirspurn meðal íslenskra bænda var mun meiri en Sambandið gat annað. Auglýsing úr Tímanum 1949. Mynd / Timarit.is



Farmallinn var í reglulegri notkun fram á 10. áratuginn. Hennar síðustu verk voru m.a. að snúa heyi og taka upp kartöflur. Nú hefur sonur Þorgils tekið við vörslu dráttarvélarinnar og er hún geymd í vélageymslu á Sökku. Mynd / Aðsend



10. Farmall A með sláttuvél.

Í Búfræðingnum árið 1947 var sýnd mynd af greiðusláttuvél sambærilegri þeirri sem fylgdi með Farmallnum á Sökku. Mynd / Timarit.is

Ekki voru einungis aukin afköst með tilkomu mótordrifinnar sláttuvélar, heldur var smíðaður heyvagn á fjórum hjólum sem auðveldaði heyflutninga. Aðspurður segir Þorgils að þessar vélar hafi búið yfir mikilli dráttarhæfni, þó þær væru ekki með nema 17 hestafla bensínmótor. Heimkeyrslan að Sökku er nokkuð brött, en vélin réði ágætlega við að draga vagn sem Þorgils giskar á að hafi verið upp undir tvö tonn.

Plankar til að losa úr engjum

Þorgils segist aldrei hafa lent í alvarlegum skakkaföllum. Stundum kom fyrir að vélin festist þegar verið var að slá á blautum engjum. Þá var brugðið á það ráð að festa planka við annað afturhjólið sem náði að þrýsta vélinni upp úr mýrinni. Þorgils segir hins vegar að þessi aðferð hafi verið varasöm ef ekki var kunnað til verka.

Einhverju sinni lenti Þorgils í því að mótorinn þyngdist og var alltaf að drepa á sér. Þá kom í ljós að gleymst hafði að fylla á kælivökvann – en það virtist ekki gera stimplunum mein. „Hún var jafn góð á eftir – það var svo gott í þessu.“

Farmallinn var í reglulegri notkun fram til 1990. Undir lokin var hún aðallega notuð til að snúa heyi með litlum heytætlum. Gunnsteinn Þorgilsson, sem hefur tekið við vörslu vélarinnar, segir að einnig hafi hún verið notuð um þetta leyti til að taka upp kartöflur með gamaldags hestaplógi. Þegar vélinni var lagt var hún gangfær og er hún varðveitt í vélaskemmu á Sökku. /ÁL

DESEMBER - TILBOÐ

Rýmingarsala · Allt á að seljast!

20% afsláttur af öllum garðhúsum og
15% afsláttur af völdum gestahúsum á meðan byrgðir endast.

Ekki missa af þessu · Tilboðið gildir til og með 31. desember 2022



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

45% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

volundarhus.is
Vel valið fyrir húsið þitt

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

Staðgreiðslu lán | VISA Lán - hagstæðar afborganir

VH/22 - 04

Fullwood JOZ

M²ERLIN MJALTAÞJÓNN



Hröð ásetning | Hljóðlátur | Viðhaldslítill | Sveigjanleiki í uppsetningu




BARN-E HAUGSAFNARI



Mokar upp í sig | Hljóðlátur

JOZ-TECH SKÖFURÓBÓT



Afkastamikill | Hentar í öll fljós

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

LÍF & STARF

Bokashi jarðgerð í Rangárvallasýslu:

Hringrásarlausn fyrir lífrænan heimilisúrgang

– Bann við urðun tekur gildi nú um áramótin

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Frá 2020 hefur í Rangárvallasýslu staðið yfir tilraunaverkefni sem snýst um að jarðgera lífrænan úrgang, með hagnýtingu japönsku aðferðarinnar bokashi þar sem úrgangurinn er gerjaður við loftfirrðar aðstæður.

Um þessar mundir er að hefjast nýr fasi í framvindu verkefnisins þegar samstarf hefst við íbúa um að þróa nýtt fyrirkomulag um söfnun á þessum úrgangi. Á fyrri stigum verkefnisins hefur verið sýnt fram á að um vænlega aðferð er að ræða sem skilar að lokum af sér gæðaáburði.

Það er fyrirtækið Melta, sem áður hét Jarðgerðarfélagið, sem vinnur að þessari þróun og er hluti af stærra verkefni um að þróa nýja hringrásarlausn fyrir lífrænan heimilisúrgang – sérstaklega hugsað fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni. Um heildstætt endurvinnslukerfi er að ræða, frá flokkunarferli íbúa og þangað til næringunni er skilað ofan í moldina í formi áburðar.

Stöðugt flæði gæðaáburðar

Á bak við Meltu standa þær Björk Brynjarsdóttir og Julia Miriam Brenner, en fyrir skemmstu fengu þær styrk úr frumkvöðlasjóði Íslandsbanka til uppbyggingar á nýrri gerjunaraðstöðu á Strönd í Rangárþingi ytra. Björk segir að hingað til hafi þessi aðferð einungis verið nýtt að einhverju marki til að meðhöndla landbúnaðarafurðir og í heimajarðgerð, en með þróunarvinnu Meltu sé hún í fyrsta sinn útfærð fyrir sveitarfélög. „Þróunarvinnan hefur farið fram í móttökustöðinni Strönd í samstarfi við Sorpstöð Rangárvallasýslu. Við höfum nálgast lausnina á heildrænan máta til að tryggja stöðugt flæði af hráefni svo úr verði gæðaáburður að meðhöndlun lokinni.

Heimaflokkunin er byggð upp á þann hátt að gera íbúum auðveldara að flokka rétt en að gera mistök. Í íbúaprófunum í Rangárvallasýslu á síðasta ári, sem stóðu yfir í sex mánuði, varð mælanlegur árangur af verkefninu. Það söfnuðust 3,6 tonn af hráefni og var magn ólífrænna efna langt undir Evrópuviðmiðum, einungis 0,06 prósent. Íbúaprófanirnar gengu vonum framar og reyndust þátttakendur mjög ánægðir með nýja fyrirkomulagið. Auk þess gerðum við ýmsar úrbætur á gerjunarferlinu sjálfu. Þar á meðal voru tilraunir sem sannreyndu að sýklar eru örugglega kæfðir í gerjuninni. Eins fengum við góðar niðurstöður úr áburðartilraunum með lokaafurðina sem kom úr úr ferlinu.“



Á bak við Meltu standa þær Julia Miriam Brenner og Björk Brynjarsdóttir. Myndir / Melta

Ávinningurinn af minni sóun

Að sögn Bjarkar er eitt af markmiðum verkefnisins að minnka sóun lífrænna efna, en nýta þá auðlind í staðinn til landbúnaðar og landgræðslu. „Þannig styðjum við vistkerfi landsins, aukum kolefnisbindingu í jarðvegi og fáum í kaupbæti hagstæð hagræn áhrif og jákvæð loftslagsáhrif. Um 40 prósent af íslenskum jarðvegi flokkast sem hrjóstrug eyðimörk og er áætlaður útblástur frá þeim um 10-20 þúsund tonn af kolefni árlega.

Með endurheimt á þessum svæðum komum við ekki einungis í veg fyrir útblástur heldur er áætlað að þau geti bundið um eina milljón tonna kolefnis árlega. Á Íslandi er áætlað að fimm prósent af heildarlosun landsins sé bein afleiðing urðunar á lífrænu hráefni – meðal annars vegna matarsóunar. Rofið land skortir fyrst og fremst köfnunarefni og lífræn efni, sem lífrænn úrgangur er ríkur af.“

Bann við urðun á lífrænum úrgangi tekur gildi nú um áramótin, sem er liður í aðgerðaráætlun stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040. Björk segir að þá verði gerð krafa um sérflokkun og söfnun á lífrænu hráefni. „Eftir því sem ég best veit þá eru fæst sveitarfélög á landinu búin innviðum til að innleiða sérsöfnun og meðhöndlun á lífúrgangi þegar þetta er skrifað. Þeir innviðir sem eru tilbúnir eða í undirbúningi eru ekki aðgengilegir fyrir fjölda sveitarfélaga á landsbyggðinni sem munu þurfa að standa í þungaflutningi á lífrænu hráefni, mörg hundruð kílómetra árlega til meðhöndlunar. Enn fremur er flutningskostnaðurinn eftir að hráefnið er meðhöndlað ein stærsta hindrunin í því að hann sé að endingu nýttur á land, enda eru nýtingasvæðin oft og tíðum langt frá þeim stað sem áburðurinn verður til.

Þess vegna höfum við lagt svo mikla áherslu á að þróa sjálfbæra og staðbundna hringrásarlausn sem er raunhæfur kostur fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni. Í dæmi Rangárvallasýslu sjáum við fram á að Melta geti dregið úr kostnaði og útblæstri frá bæði söfnun og meðhöndlun, gert flutning á hráefninu til Reykjavíkur óþarfan og enn fremur aukið möguleikana á að nýta auðlindina í nærumhverfinu.“

Efnagreiningar og örverumælingar

Niðurstöður efnagreininga og örverumælinga meltunnar, hins gerjaða lífræna efnis, gefa til kynna að um fyrirtaks áburðarefni sé að ræða. „Áburðargildi er hugtak sem útskýrir hversu aðgengileg næringarefni úr áburði eru plöntum eftir að hann er borinn á jarðveg. Gildið lækkar því hærra sem C:N hlutfallið er (hlutfall kolefnis og köfnunarefnis) og er þumalputtareglan sú að sé C:N hærra en 25 dregur úr framboði á köfnunarefni til plantna fyrst eftir að áburður er borinn á jarðveg. Lofthá moltugerð er háð því að þetta hlutfall sé 30:1. Gerjunarferli Meltu þarfnast einungis hlutfalls sem nemur 15-20:1. Meltan hefur þannig meira af aðgengilegri næringu fyrir plöntur en tilbúin molta úr lofthá ðri iðnaðarjarðgerð.

Þó vitað sé að hvorki salmónella né e.Coli bakteríur lifi gerjunarferlið af er það grundvöllur fyrir leyfisveitingu frá Mast að við sýnum fram á það á áreiðanlegan máta að sýklar séu drepnir í gerjunarferlinu okkar. Við framkvæmdum því tilraun í fyrra þar sem við blönduðum þekktu magni af e.coli við 600 kíló af lífrænu hráefni og tókum sýni áður en það var svo látið gerjast í átta vikur. Að gerjun lokinni fannst ekkert mælanlegt magn af e.Coli í sýnum úr meltunni, svo við getum fullyrt það með vissu. Sams konar tilraun með þekktu magni af salmónellu verður framkvæmd í næsta fasa,“ segir Björk.

Óskað eftir íbúum til þátttöku

Verkefni Meltu miðar að því að þróa nýtt, skilvirkt og þægilegt flokkunar- og söfnunarkerfi fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni. „Kostirnir sem því mun fylgja er að það verður auðveldara fyrir íbúa að flokka rétt en gera mistök; lágmarkar lykt, minnkar þrif á flokkunarfötum, fækkar ferðum út með ruslið, bætir upplifun og þátttöku íbúa og beinir lífræna hráefninu í staðbundna hringrás svo samfélagið geti notið góðs af sinni eigin auðlind. Enn fremur viljum við að verkefnið verði fyrirmynd fyrir önnur samfélög,“ segir Björk.

Hún segir að fram undan séu íbúaprófanir í Rangárvallasýslu, sem munu hefjast öðru hvorum megin við hátíðirnar fram undan. „Þær eru byggðar á tilraununum frá því í fyrra en í þetta sinn verður einnig prófað nýtt fyrirkomulag í söfnun. Við leitum því að Rangæingum til þátttöku sem búsettir eru á Hellu, Hvolsvelli og í dreifbýlum þar í kring til að taka þátt og hjálpa okkur að móta hringrásarlausnina.

Í þessari tilraun munum við setja upp kerfi sem líkir eftir svokölluðum hverfa-djúpgámum til þess að fá reynslu og endurgjöf frá þátttakendum um hvernig er að nýta þá. Þannig getum við í sameiningu mótað hvernig best megi haga staðsetningu, umgengni og nýtingu á hverfagámum á hátt sem er vænlegt fyrir íbúa og samfélagið,“ segir Björk um vinnuna fram undan.

Hún bendir á að áhugasamir Rangæingar geti nálgast upplýsingar og skráð sig í íbúaprófanir á vefnum melta.is/ibuar.



Verkefni Meltu miðar að því að þróa nýtt, skilvirkt og þægilegt flokkunar- og söfnunarkerfi fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni.

Um heimaflokkun Meltu

Ferlið hefst þegar lífrænt hráefni fellur til á heimilum og í stuttu máli má lýsa flokkunarkerfinu með fjórum orðum: Opna - Fylla - Úða - Loka. Þegar ferlið er innleitt í sveitarfélaginu fá heimili tvær 10 lítra flokkunarfötur sem lokast vel og úðabrúsa með góðgerlablöndu. Þegar íbúar flokka í föturnar úða þau jafnframt góðgerlum úr úðabrúsanum yfir hráefnið en með því hefst forgerjun strax í heimahúsum. Kostir forgerjunar eru meðal annars:

- Kæfir slæma lykt enda rotnar hráefnið ekki.
- Sýklar og sjúkdómsvaldar deyja strax (e.coli eða salmónella fá ekki að grassera í lífræna hráefninu á meðan það bíður eftir því að vera safnað og flutt til meðhöndlunar)
- Færri ferðir út með ruslið
- Minni þrif á flokkunarfötu
- Rifnir og/eða lekandi maíspokar heyra sögunni til
- Engin ólykt frá ruslatunnum úti
- Ekkert metangas (CH4) myndast
- Ef íbúi vill nýta næringuna sjálf/ur yfir vor- og sumarmánuði er hægt að grafa forgerjað hráefnið úti í garði minnst 2 vikum eftir að fatan fyllist

Umsagnir nokkurra íbúa sem tóku þátt í íbúaprófunum í Rangárvallasýslu í fyrra:

- Þetta er hreinlegra og það er minni lykt af þessu. Ég held að það sé sölupunkturinn.
- Það er mjög lítil lykt af þessu og það skiptir ekki máli hvort það er gaddur eða tuttugu stiga hiti. Þetta er langtum hreinlegra en hefðbundin söfnun á lífrænu rusli. Hreinlegt, minni lykt og ekki þessir maíspokar.
- Kostur að þurfa bara að þrífa fötuna einu sinni á tveggja vikna fresti. Tunnan fyrir hefðbundnu flokkunina var alltaf ógeðsleg. Maíspokinn svitnaði, kom jafnvel gat á hann. Meiri hreinleiki í þessu.
- Þetta lekur ekki eins og maíspokarnir og styrkleikarnir eru auðvitað að það eru búin til verðmæti úr þessu og þá er maður meðvitaðri á meðan maður er að flokka.
- Það er betra því að það er minni lykt og óhreinindi, engar flugur né maíspokar. Svo líka horfir maður til þess að þetta er unnið í nærumhverfinu.



Blómin sem vaxa á stöngulendunum eru fimm til átta sentímetra löng og lúðurlaga og hægt að fá yrki í ýmsum blómlitum, rauð, gul, hvít, bleik, lillablá og tvílit. Mynd / wikipedia.org

Furðulegur krabbakaktus

Blómstrandi krabbakaktus er ekki síður tákn jólanna hjá mörgum en jólastjarnan.

Kaktusinn góði er ólíkur flestum öðrum frændum sínum að því leyti að hann blómstrar í skammdeginu og þolir ekki beina sól.

Kaktusinn, sem ég legg til að verði kallaður krabbakaktus hér eftir, flokkast í nokkur afbrigði sem meðal annars ganga undir heitum eins og haust-, nóvember- og jólakaktus. Enginn skyldi þó örvænta vegna nafnanna því munurinn á afbrigðunum er lítill og varla nema fyrir kaktusanörda að velta sér upp úr slíku. Tegundin er það sem kallast stönglukaktus, líkist helst krabba og er með flötum og liðskiptum greinum, sem minna á blöð. Blómin sem vaxa á stöngulendunum eru fimm til átta sentímetra löng og lúðurlaga og hægt að fá yrki í ýmsum blómlitum, rauð, gul, hvít, bleik, lillablá og tvílit.

Annað sem er áhugavert við krabbakaktusa, nafnið sem ég ætla að nota, er að þeir líkjast ekki hefðbundnum kaktusum og þeir blómstra þegar dag fer að stytta.

Tegundin tilheyrir ættkvísl sem kallast *Schlumbergera* og inniheldur sex til níu tegundir sem upprunnar eru í fjalllendi á suðausturströnd Brasilíu og fjölda manngerðra yrkja.

Í upprunalegum heimkynnum sínum vaxa Schlumbergera-tegundir svipað ásætu í röku loftslagi og í skugga á trjám eða grjóti og eru með fremur rýrt rótarkerfi.

Vegna þessa þarf að vökva krabbakaktusa oftar en aðra frændur hans í kaktusaættinni. Krabbakaktusar eru með viðkvæma húð og þola illa beina sól og margir kannast við að blöðin á þeim verði rauð og þorni vegna sólbruna. Krabbakaktusar eru nægjusamar plöntur og því ekki nauðsynlegt að umpotta þá nema á nokkurra ára fresti og nóg að sáldra þunnu og fersku moldarlagi yfir yfirborðslagið í pottunum sem þeir standa í á vorin. Krabbakaktusar verða fallegri eftir því sem þeir standa lengur í sama pottinum og á sama stað. Þeir geta líka orðið eldgamlir og því ættargripir sé vel um þá hugsað.

Eftir blómgun leggjast krabbakaktusar í eins konar hvíld og því gott að draga úr vökvun þeirra þar til sólin er farin að skína og fyrstu krókusarnir farnir að skjóta upp kollinum. */VH*





Íslenskt búfé:

Erfðaauðlind litanna



– Af litafjölbreytni í húsdýrastofnunum

Í yfir 30 ár hef ég verið upptekinn af litum, litaflórunni, litbrigðum og litmynstrum í húsdýrastofnunum okkar, haft þetta á heilanum, eins og gjarnan er sagt.

Ég hef pælt í stofnunum og elt uppi hjarðir og hópa til að skoða og skrá fjölbreytni og afbrigði, komið aftur og aftur á sömu staði til að fylgja eftir þróun og breytingum, ljósmyndað fyrirbæri og safnað í skrár og banka. Ég hef átt í samvinnu við fjölda bænda og annarra gripaeigenda um tilraunir í ræktun á fágæti og viðhaldi afbrigða.

Flestar gamlar greinargerðir fyrir hrossalitunum hafa ekki skannað stofninn og kannað og skráð hvað er til í honum og hvað þar er mögulegt. Ég hef því rekist á margt sem ekki var almennt þekkt. Sem betur fer hafa eigendur slíkra fyrirbæra yfirleitt verið jákvæðir og áhugasamir um varðveislu þess.

Ég er ekki erfðafræðingur og hef þess vegna alls ekki fullkomna vitneskju um flóknar erfðir, en þegar slík álitamál koma upp hef ég aðgang að nauðsynlegri vitneskju hjá dóttur minni, Freyju, sem er með æðstu menntagráðu í erfðafræðum húsdýra. Saman höfum við ýmislegt kokkað og lagt á ráð um viðhald, tilraunir og þekkingaröflun.

Þessi litafjölbreytni í húsdýrastofnunum er svokölluð erfðaauðlind, auðlind einkum í þeim skilningi að stofnarnir eru ríkir af fjölbreytni útlitseiginleika og margir eiginleikanna eru sjaldgæfir. Þeir hafa ekki verið ræktaðir út úr stofnunum hér, eins og gerst hefur þar sem



Páll Imsland.

stíf ræktunarstefna er stunduð, að ég tali nú ekki um þar sem ákveðin markmið varðandi æskileg og óæskileg afbrigði hafa verið með í lýsingum á ræktunarmarkmiðum eða þar sem sæðingar hafa skyndilega flýtt framþróun ákveðinna ræktunarmarkmiða. Með því að framfylgja ræktunarmarkmiðum er framkölluð útilokun annarra eiginleika, sem ekki falla undir markmiðin. Ræktun miðar að styrkingu eða hámörkun ákveðinna eðlisþátta en því fylgir veiking eða útilokun annarra þátta.

Öll fjölbreytni í dýrastofnum okkar er auðlind vegna þess að úr fjölbreytileikanum er hægt að spila á margvíslegan hátt og rækta upp afbrigði og bæta úr ágöllum eða jafnvel framkalla ný verðmæti. Einnig vegna þess að í síbreytilegum heimi getur þurft að aðlaga staðbundna stofna að nýjum aðstæðum og jafnvel til nýrra nota. Eitt skýrasta dæmið sem við þekkjum af slíkum toga er ræktun íslenska nútímareiðhestsins út af gamla íslenska hrossastofninum þegar dagar íslenska hestsins virtust jafnvel vera taldir með tilkomu vélaldar í landbúnaði og samgöngum. Þá var tekið að rækta einangraðan stofn, sem við blasti nánast útrýming, hann ræktaður upp í feiknavinsælan reiðhest af bestu gerð með alheimsútbreiðslu.

Og hvers hef ég svo orðið áskynja og er einhver árangur af þessu brölti mínu?

Það fer ugglaust eftir því hver leggur matið og hver svarar. En sjálfur ætla ég að tæpa á eftirfarandi atriðum.

Aukin almenn vitneskja um fjölbreytileika lita og litmynstra í íslensku stofnunum og ýmsa möguleika sem því fylgja er að sjálfsögðu meginárangurinn. Flestir telja að litaflóran í stofnunum sé vel þekkt og ekki ástæða til að grufla mikið meira í henni. Samt eru enn möguleikar á óvæntum litafyrirbærum sem reyndustu hrossabændur og hestamenn hafa ekki einu sinni séð eða tekið eftir, hafi þeir komið upp.Í upphafi fékk ég sterkan áhuga á fyrirbærinu „að fara litum“ eins og það hét forðum og því litmynstri hrossa sem í því er fólgið. Ég hef eiginlega verið sjálfskipaður sendiherra litfróttra hrossa á Íslandi alla tíð síðan. Ástæðan er sú að á þeim tíma sem þessi baktería greip mig voru litfrótt hross svo fátíð í landinu að mynstrið var á barmi útrýmingar. Þegar ég fór að skoða þessi fáu sem til voru, þá sá ég að gamlar lýsingar á fyrirbærinu voru rangar og menn skildu ekki hvernig stóð á því að hrossin breyta um lit. Nú eru bráðum 30 ár frá því ég upplýsti leyndarmálið og nú er þetta auðskilið mál og litföróttum hrossum hefur fjölgað úr fáeinum tugum í mörg hundruð í landinu. Þau eru orðin vinsæl á erlendri grund. Svo ég dragi ekkert undan og hljóti verðskuldaðan montstimpil fyrir: þá eru allar líkur á því að ég hafi komið í veg fyrir að þetta litmynstur hyrfi úr stofninum.

Þá vil ég nefna bæði Botnahrossin og alhvíta hesta. Okkur var kennt að íslenskir hestar fæddir hvítir væru ekki til. En nú hef ég upplifað tvo slíka, sem fæddir eru alhvítir og halda þeim lit og nokkra nærri alhvíta. Ég gerði tilraunir með báða þá alhvítu og kom þá í ljós að þeir eru svona litir vegna þess að þeir bera bæði erfðir fyrir slettuskjóttu og venjulegu skjóttu og eru alls ekki erfðafræðilega hvítir. Í þeirra tilvikum hefur engin litarefnisframleiðsla komist í gang í fóstrinu og gripirnir eru því alþaktir hvítum flekkjum, ef orða má það svo. Þetta gerist þó alls ekki hjá öllum hrossum sem erfa báða þessa skjóttu eiginleika.

Ég hef eingöngu haft hér orð á því sem ég hef orðið áskynja í hrossastofninum. Um hina dýrastofnana okkar gildir ekki alveg það sama. Litbrigðaflóran og margbreytileikinn hjá þeim er aðeins minni en hjá hrossunum okkar. Þó er þar margt athyglisvert og skemmtilegt að grufla í, eins og myndirnar kannski sýna.

Páll Imsland, *jarðfræðingur*
& áhugamaður um íslenska húsdýrastofna



Klashyrndur hrútur. Þetta er hann Sexi frá Ósabakka. Hann er fæddur með sex horn, sem nú hafa vaxið saman og myndað klasa.



Stundum trúir maður ekki sínum eigin augum. Þetta grá-jakobsbíldótta lamb er frá Sölvholti og er hringeygt á báðum augum, eins og algengt er hjá hrossum, en er algjör undantekning í sauðfé.



Tvær írauðar ær í Sölvholti hafa það notalegt í snjónum. Önnur er dökk írauð en hin ljós. Víðast hvar er þetta kallað gult en á Suðausturlandi heitir það frá fornu fari írautt og ættum við að taka það orð upp sem almennt heiti á litnum í stað þess að nota erlend orð, appelsínugult eða órans.



Tveir ferhyrndir hrútar á Ósabakka með sitt hvora hornagerðina, annar hringhyrndur en hinn spjóthyrndur.



Blákolóttur lambhrútur frá Skarði. Það kallast kolótt þegar haus og leggir á hvítu fé eru dökklituð. Til eru fjögur afbrigði af kolóttu, blákolótt, grákolótt, mókolótt og dröfnukolótt, sem er kannski það sama og sumir kalla vellótt.



Grá ær frá Villingavatni í forgrunni og dóttir hennar grábotnótt. Þær eru báðar saffranóttar. Það kallast saffranótt þegar dökkirauð hár koma fyrir með svörtum og gráum lit. Saffranótt er algengast á haus og leggjum en sést sjaldan á bolnum.



Tveir stóðhestar meta stöðu sína og styrk hvor annars, nýkomnir í merahólfum. Þeir eru Landi frá Skarði, móálóttur, og Gauti frá Gautavík, bleikálóttur. Þeir fundu sig vera jafningja í þessu tilviki og tókust ekki á. Þess gerðist ekki þörf.



Skrautlegur folaldahópur á Tindum. Sums staðar eru til stóð sem búa yfir mikilli lita- og litmynstrafjölbreytni. Þó er yfirgnæfandi fjöldi hrossa hérlendis orðinn brúnn, rauður og jarpur, eins og flestir langræktuðu hrossastofnarnir erlendis.



Ellert frá Baldurshaga er undantekning frá öllu sem við þekkjum í litaflóru íslenskra hesta. Við getnað hans átti sér stað stökkbreyting sem framkallaði nýtt hvítt litmynstur,ýruskjótt. Enginn getur skipulagt slíka uppákomu. Svona stökkbreytingar eru óútreiknanlegar og óstýranlegar, en að upplifa slíkan atburð í íslenska hrossastofninum er stærra ævintýri en orð fá lýst. Ellert skrapp á Landsmót árið 2020 og dóttir hans Einstök fékk að fara með pabba sínum og skemmti sér hið besta.



Alur frá Ártúnum er alhvítur og fæddur þannig. Hér er hann í snjónum vestur í Flóa eftir að hafa sinnt fyrstu hryssunum sínum niðri á Eyrarbakka. Folöldin hans sönnuðu að hann er móvindóttur á bak við alla hvítuna.



Haddur frá Bár, brúnlitföróttur stóðhestur. Hér hefur Haddur brugðið sér í feluliti sem leyna því algjörlega hvernig hann er í raun á litinn. Með því að velta sér upp úr mold og mýrarrauða á milli þess er hann sinnir hryssunum hefur hann komið sér upp fullkomnu felugervi.



Tvær jarpvindóttar systur frá Röðli. Vindótt er til í nokkrum afbrigðum. Algengast er móvindótt, en sumum finnst jarpvindótt fallegast. Bleikálótt vindótt og móálótt vindótt eru sjaldgæfari afbrigði, en sjaldgæfast er þó moldvindótt.



Mjölvað folald í Árbæjarhjáleigu. Þetta er afbrigði í rauða hrossalitaröfinu. Það einkennist af miklum fölva að neðan, á fótum og kvið, en nær mishátt upp, sjaldan eins hátt og á þessu folaldi. Nafnið á litarafbrigðinu vísar til þess að það er líkt og folaldið hafi hlaupið í gegnum hveitibing.



Ekki leynir ættarsvipurinn sér hjá þessum grönóttu landeysku kúm.



Uppgötvun Botnahrossanna og hið einstaka tækifæri sem þau veita okkur til rannsókna á íslenska hrossastofninum, eins og hann var þegar ráðunautastýrð ræktun hans var að festast í sessi um miðja síðustu öld er gullið tækifæri til að auka skilning okkar á áhrifum ræktunar. Hér er Blesa frá Botnum, skrautlega jarpskjótt eins og 88,5% hópsins.



Sérkennilega skjótt folald á Ægissíðu. Það er syrjótt. Syrjur eru smáir óreglulega lagaðir litblettir í hvítu hlutum skrokksins á skjóttum hrossum. Syrjur merkir grugg eða botnfall. Syrjótt hross eru yfirleitt arfhrein um hefðbundna skjótta litmynstrið.



Ekki veit ég hvað þessi litur kallast, kannski kolóttur hélóttur.



Ös í mjólkurbúinu. Er kannski verið að hamstra fyrir jólin?



Hér eru alhvítar kýr, litlausar, sem er afar fágætt.



Mynd / Bbl.

Nú árið er liðið

Félagasamtök bænda eiga sér langa sögu og sé slóðin rakin hefst hún á fyrri hluta nítjándu aldarmeð stofnun „Suðuramtsins húss- og bústjórnarfélag“. Síðan þá hafa samtökin þróast með samfélaginu.



Vigdís Häsler.

Vorið 1995 var haldið fyrsta Búnaðarþing sameinaðra Bændasamtaka Íslands.

Á þinginu var rekinn endahnútur á sameiningarferli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda sem hófst nærri tveimur árum áður. Markmiðið með breytingunum á sínum tíma var að einfalda félagskerfi bænda. Í umfjöllun í Frey frá þessum tíma var ritað að með sameiningunni fengju þessir nýju aðilar „fulla möguleika á að draga fram í dagsljósið það sem þeir teldu að fyrri stjórnendum hafi farist miður en skyldi“.

Það er engum hollt að dvelja of lengi í fortíðinni. Þá er það jafnframt mín einarða skoðun að í uppbyggingar- og umbótaferli sé til lítils að benda á það sem miður hefur farið, heldur sé það skynsamlegra að eyða orku í að byggja upp og horfa fram á við, eða eins og pabbi minn segir alltaf: „Það eru engin vandamál, bara lausnir.“ Þetta er einföld lífsspeki sem ég hef tamið mér en það þarf þrautseigju til að fylgja umbótum staðfastlega eftir, og það í svo rótgrónum samtökum sem Bændasamtökin eru. Umbætur nást hins vegar ekki fram með því að skipta eingöngu um „höfuðið á búknum“, því horfa þarf inn á við. Fyrir samtökin og hagsmunagæslu landbúnaðarins hefur það verið lykilatriði að fá fólk til starfa sem er reiðubúið að berjast fyrir heildarhagsmuni landbúnaðarins, hagsmuni sem þau brenna fyrir.

Stjórn og starfsfólk Bændasamtaka Íslands hafa á þessu ári svo sannarlega ekki setið auðum höndum. Starfið í skipulagðri hagsmunabaráttu fer þó oft fram með þeim hætti að umfang og vinnuframlag kemur iðulega ekki fyrir sjónir nærri 80% af tímanum. Einhverjir telja að hagsmunabaráttan sé best rekin í andsvörum og gildishlöðnum setningum í fjölmiðlum eða í athugasemdum samfélagsmiðla. Síðan eru aðrir sem halda því fram að hagsmunabaráttan sé eins og kafbátaárás, þaulskipulögð í reykfylltum palesanderklæddum skrifstofum.

Hvorugt er raunin. Starfsfólk og forystufólk samtakanna funda í hverri viku þar sem málefni landbúnaðarins eru rædd, starfsskilyrði, framtíðarsýnin og það sem helst ber á góma í samfélagsumræðunni og á vettvangi fjölmiðla og stjórnmálanna. Á þessum fundum er fólk saman komið sem brennur fyrir málefnum atvinnugreinarinnar og þráir ekkert heitar en að sjá hana vaxa og dafna til framtíðar. Málum af þessum fundum og af þeim fjölmörgu samtölum sem við eigum við félagsmenn er síðan fylgt eftir af starfsfólki samtakanna til þess að tryggja að málefnum alls landbúnaðar sé sinnt, í stóru sem og smáu. Þannig koma lögfræðingar og sérfræðingar samtakanna að fjöldamörgum verkefnum og umsögnum á hverju starfsári sem varða starfsskilyrði landbúnaðarins og sitja í fjölmörgum starfshópum. Af einstökum verkefnum sem vert er að minnast á árinu, má nefna Íslenskt staðfest og heildarendurskoðun á tryggingavernd bænda. Á nýju ári er ráðgert að þessi verkefni muni verða mun fyrirferðarmeiri svo allir bændur geti notið góðs af. Þá má einnig nefna Bændageð, sálgæsluverkefni sem hlaut styrk frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og Geðhjálp og er ætlað að vinna fræðslu og forvarnir bændum til handa. Því verkefni erum við afskaplega stolt af og starfsfólk hefur unnið hörðum höndum að gerð þess síðustu mánuði. Stundum náum við árangri, stundum ekki, en aldrei gefumst við upp. Það var aldrei og verður aldrei í boði.

Í upphafi ársins var ljóst að atvinnugreinin stóð, og stendur enn, frammi fyrir fordæmalausum hækkunum á aðföngum til framleiðslu landbúnaðarfurða. Þessar hækkanir eru þó ekki bundnar við Ísland en stjórnvöld víða í heiminum fóru á árinu að huga að aðgerðum til að bregðast við þeirri grafalvarlegu stöðu sem upp var komin. Íslensk stjórnvöld sýndu stöðunni einnig mikinn skilning og tryggðu bændum 700 millj. kr. til að koma til móts við hækkun áburðarverðs. Þá samþykkti ríkisstjórnin að styðja við bændur með 2.460 millj. kr. framlagi samkvæmt tillögum spretthópsins sem matvælaráðherra skipaði í byrjun sumars. Var greiðslum þessum ætlað að veita bændum tímabundinn stuðning en jafnframt að horft yrði til þess að auka viðnámsþrótt greinarinnar og tryggja eftir föngum fæðuöryggi þjóðarinnar.

Á árinu hefur okkur jafnframt tekist að fjölga talsmönnum atvinnugreinarinnar, fá inn í umræðuna samtal um neyðarbirgðahald, skipulag ræktarlands, eflingu grænmetisframleiðslu og kornræktar, jarðræktarrannsóknir, lífræna framleiðslu og aukið fæðuöryggi þjóðar. Það verður að teljast mikið afrek að skapa slíkan meðbyr með atvinnugreininni og þeim sem við hana starfa, sem og að upplýsa almenning um afleiðingar þess ef aðgangur aðfanga og dreifileiðir rofna til landsins.

Fyrir um ári síðan skrifuðu ríkið og Félagsstofnun stúdenta undir samning við félag í eigu Bændasamtaka Íslands um kaup á Hótel Sögu. Skrifstofa Bændasamtakanna hafði verið staðsett í húsinu í yfir 60 ár. Fasteignin var að fullu afhent nýjum eigendum 1. apríl sl. og fluttu samtökin í nýtt húsnæði í ágúst sl. og eru nú skrifstofur samtakanna staðsettar á 4. hæð að Borgartúni 25 í Reykjavík. Þar unir starfsfólkið sér vel í opnu skrifstofurými þar sem við náum fram aukinni samlegð og skilvirkni innan hópsins í þeim fjölbreyttu verkefnum sem við fáumst við á hverjum degi.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem sóttu Landbúnaðarsýninguna í Laugardalshöll, sem fram fór um miðjan október. Það skiptir okkur sem störfum innan greinarinnar öllu að neytendur séu upplýstir um innihald og uppruna íslenskra landbúnaðarafurða, vegna þess að í því felst styrkur atvinnugreinarinnar.

Fyrir hönd starfsfólks Bændasamtakanna óska ég þér, kæri lesandi, gleðilegra jóla. Megi nýja árið verða þér og þínum farsælt og gjöfult.

Með vinsemd og virðingu,

Vigdís Häsler,
framkvæmdastjóri
Bændasamtaka Íslands

Jólahefðir:

Skötuilmur & íslensk gleði


Íslenskar siðvenjur og hefðir eiga margar langa sögu og hafa flestar tíðkast lengur en elstu menn muna. Hér verða venjur í kringum Þorláksmessuna raktar að litlu leyti.

Í kringum jólaleytið tengjum við skötuát Þorláksmessunni, en í bókinni Íslenskir þjóðhættir segir svo frá að upphaflega hafi einnig verið Þorláksmessa um sumar. Voru báðir hátíðisdagar tengdir Þorláki Þórhallssyni, fyrrum Skálholtsbiskups, sem var útnefndur heilagur maður árið 1198. Var Þorláksmessa sumartímans haldin 20. júlí, en árið 1237 höfðu bein Þorláks verið grafin upp og lögð í skrín þann dag. Sumarmessan hvarf úr tölu opinberra helgidaga eftir siðaskiptin, en öll þekkjum við enn dag heilags Þorláks þann 23. desember – dánardægur hans.




Soðinn harðfiskur og annað ljúfmeti hátíðanna

Mikið tilstand var og er vegna jólanna og þótti við hæfi að borða sem lélegastan mat daginn fyrir jólin til þess að hafa viðbrigðin sem mest er að jólamatnum kæmi. Var skatan með sinn rýra kost því tilvalin, en einnig hafa verið nefnd mörbjúgu eða soðinn harðfiskur sem dæmi – og vildu margir hella örlitlu hangiketsfloti yfir, til bragðbætis.



Á meðan munaður í mat hefur fylgt hátíðahöldum er áhugavert að velta fyrir sér þeim stöðluðu íslensku krásum á borð við laufabrauð og skötu sem falla undir það sem kalla mætti mat þeirra síður efnuðu. Laufabrauð eru næfurþunn og skatan fiskur sem nýtist hvað síst, enda með afar lítið á beinunum.



Heldri manna laufabrauð

Þetta er þó dæmi um lostæti sem þarf þó nokkra natni við undirbúning og við laufabrauðin, færni í útskurði við skreytingu. Í bókinni Saga daganna kemur svo fram að laufabrauð úr hveiti hafi einungis þekkst meðal heldra fólks, alla tíð fram á 19. öld, á meðan almenningur nýtti hvað til féll, rúgmjöl eða jafnvel bygg.

Nú hefur laufabrauð stundum verið borið fram með skötunni en sumum þykir gott að dýfa því í mörflot það sem aðrir hella yfir fiskmetið. Kemur þar vestfirsk hnoðmör sterk inn sem sérlegt góðgæti, en hamsatólgin er auðvitað alltaf vinsæl. Kartöflur og rúgbrauð eru einnig á boðstólum sem meðlæti og þessu jafnvel skolað niður með brennivínstári.

Við matarborðið á Þorláksmessu hjá Auði og Einari

Þorláksmessuskatan er nú til dags vel þekkt á flestum heimilum og til gamans fengum við félagana Einar Georg Einarsson og Auði Sjöfn Tryggvadóttur, sem bæði eru fædd fyrir miðja síðustu öld, til þess að deila aðeins með okkur þeirra upplifun.

Þau hafa síðastliðin ár, í bland við ýmsa fjölskyldumeðlimi, vini eða aðra vandamenn, borðað saman skötu á Þorláksmessu, en þó verður að taka það fram að annar tveggja uppkominna sona Auðar hefur kosið, frá unga aldri, að sitja við hrúgað skötuborðið og borða pitsu.

Hvernig slíkt át er hægt í bland við skötuilm fylgir ekki sögunni.

Fiskur með sultu

Auður Sjöfn er alin upp í Reykjavík og segist frá barnsaldri hafa þótt skatan góð. Auður ólst upp með nokkrum bræðrum sínum sem öllum þótti hún ágæt, en einn hafi annars lagt það í vana sinn að borða sultu með öllum fiski. Gæti þar komið til, að áður fyrr tíðkaðist ekki að neita mat og sultan því verið bragðbætir.

Kæst skata hafi þó ekki verið borðuð oftar en á Þorláksmessunni en þó hafi hún vitað af fólki sem borðaði hana oftar, en þá vegna þess að hvorki bjó það nálægt





Auður Sjöfn Tryggvadóttir & Einar Georg Einarsson.

silungsvötnum, né átti það ís- eða kæliskáp nútímans.

Vaninn var að salta, þurrka eða kæsa þann mat sem til féll, með það fyrir augum að geta neytt hans sem lengst. Lítið var oft um nýmeti en svona var nú lífið.

Herramannsmatur

Auður er einnig hrifin af hákarli svo og signum fiski sem hún vandist ung á og tekur Einar Georg undir það. Siginn fiskur er herramannsmatur segir hann og sammælist Auði er kemur að hversu oft kæsta skatan var borðuð í hans ungdæmi.

Ólst Einar upp á Húsavík, að sama skapi hrifinn af skötu síðan hann var barn og kannast heldur ekki við að hún hafi verið sérstaklega borðuð við önnur tilefni en Þorláksmessuna.

Vel kæst skata, miðlungs sterk þykir þeim báðum best, hamsatólg kartöflur og rúgbrauð. Vestfirskur hnoðmör hefur verið á borðum og ilmur hans í bland við skötuna hefur glatt matargesti sem hafa snætt þennan dýrindis málsverð Auði og Einari til samlætis.

Að ná andanum er ekki allra

Minnast matargestir þess að eitt árið var skatan svo herfilega kæst að illa gekk að draga andann milli bita. Þau eldri taka lítið undir það, skatan sé alltaf ljúffeng og bendir Auður á að þar sem hún er keypt í tunnu sé ekkert hægt að hafa áhrif á hversu kæst hún er.

Vel mætti borða hana oftar finnst þeim báðum og væri gaman ef slíkt væri í boði. Matargestir þeirra rifja þá upp annan sið er fylgir jólahaldinu í bland við skötuátið þarna á bæ, en er Auður var barn var vani að púa vindla á jólunum.

Vindlalykt í bland við aðra gleður því viðstadda, sem hvattir eru til að púa vindil sem liggur í öskubakkanum. Annars reykir enginn gestur, en unglingar sem viðstaddir eru hafa gjarnan stolist til að prófa að púa svosum eins og einu sinni eða tvisvar.

Eða þrisvar. Jólalykt og venjur eru því tengdar hverju heimilishaldi fyrir sig og pínulítið sparilegt að finna vindlalyktina í bland við ilm jólagrenis. Skötu/hnoðmörsilmur ofan á allt saman getur mögulega valdið andarteppu en þá er víst alltaf hægt að opna út á svalir og fá sér hákarlsbita í eftirrétt.

Að lokum, fyrir þá sem vilja reyna sig við hnoðmör og skötu

Hér á eftir verður örstutt kennsla varðandi hnoðmörsgerð og hvernig sjóða skuli skötu svo vel fari. Verði ykkur að góðu! */SP*

Þorláksmessuskata

Nú á dögum er Þorláksmessuskatan vanalega keypt í fötum. Þegar matreiðsla hefst, skal taka hvern bita fyrir sig og skola.

Láta svo suðuna koma upp á vatninu áður en bitarnir eru settir út í, en þá freyðir síður ofan á fisknum – áætluð suða er um 15-20 mín.

Með skötunni, auk vestfirsku hnoðmörsins, hamsatólgar eða viðbits á borð við smjör, má bjóða veislugestum upp á soðnar kartöflur og nýtt rúgbrauð með smjöri. Brennivínsstaup, jólaöl og ískaldan vatnssopa.

Hnoðmörsgerð

Í ársritinu Hlín, sem Sambandsfjelag norðlenskra kvenna gaf fyrst út árið 1917 (og var ritstýrt í heil 44 ár af frú Halldóru Bjarnadóttur,1873–1981, kennara, skólastjóra og Kvennalistakonu) má finna ýmsar nytsamlegar uppskriftir til viðbótar við almennt fræðslu- og skemmtiefni. Til dæmis af dýrindis vestfirsku mörfloti.

Mörflot. (Vestfirskt).

Mörinn, viku eða hálfsmánaðar gamall, er malaður í stórri kjötkvörn eða fleðaður í þunnar fleður, svo hnoðaður með höndunum þangað til komin er velgja í hann og hann er hættur að loða við trogið. Hann er barinn saman eins og skaka (tafla) og þess gætt, að ekki sjeu í henni holur. Töflurnar eru hafðar 5 pund á þyngd. Þegar líður á veturinn, áður en vorhitar byrja, er gott að láta töflurnar í saltpækil, þeim hættir annars við að þrána, þegar hitnar. Mjer hefur fundist venjuleg tólg svo fitulítil, að ekki væri vanþörf á viðbiti með henni. Alt öðru máli er að gegna með mörflotið, það er, að dómi okkar Vestfirðinga, feitt og gott viðbit. Með blautfiski er það brætt sem venjuleg feiti, en ætli maður að hafa það með harðfiski, er það brætt, en látið storkna aftur og er þá ágætt viðbit.

Ágætir menn nútímans vilja benda á að gæta þess vel að mörinn blotni ekki þegar hann er tekinn af vömbinni og gott sé að láta hann hanga miðað við hina vanalegu sláturtíð, eða út október. Athuga skuli fiðrun (myglumyndun) en hún er talin æskilegur bragðauki – varast skuli hins vegar þráa. Fiðrun á sér stað þegar hitastigið er mátulegt svo einnig skuli hafa auga með því.



SERES 3 kemur vel útbúinn.
Verð kr. 5.350.000

RAG
import – export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ“





LÍF & STARF

Fuglar:

Bréfdúfnaeldi á Skólavörðuholtinu

– Mikið áhugamál og reglulegar keppnir



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Smiðurinn Rögnvaldur Guðmundsson er forfallinn áhugamaður um bréfdúfur og ræktun þeirra.

Þegar Rögnvaldur var krakki ræktaði hann skrautdúfur en hætti því á unglingsárunum. Fyrir tíu árum tók hann upp þráðinn og byrjaði að rækta bréfdúfur, þar sem synir hans urðu mjög áhugasamir eftir að hafa horft á sjónvarpsþætti um boxarann Mike Tyson – sem er mikill bréfdúfnaræktandi. Synirnir hættu fljótlega, en Rögnvaldur hefur haldið ræktuninni áfram.

Skrautdúfur eiga ekki margt skylt með bréfdúfum. Þær fyrrnefndu eru ræktaðar til að ná fram mikilli fjölbreytni í útliti, en í þeim síðarnefndu hafa verið ræktaðir fram eiginleikar sem skipta máli í keppnum, þ.e. skynsemi og heilbrigði. Fyrir ókunnugan virðast bréfdúfurnar allar vera eins, en Rögnvaldur segist þekkja þær í sundur. Bréfdúfur voru upphaflega ræktaðar út frá bjargdúfum og hafa fylgt manninum í þúsundir ára.

Heimakærir fuglar

Bréfdúfur eru í eðli sínu mjög heimakærar og halda mikilli tryggð við sinn maka. Rögnvaldur fékk eitt sinn lánaða fullorðna kvenkyns dúfu frá félaga sínum til undaneldis. Hún fór aldrei út fyrir dúfnakofann, en sá bakgarðinn í þéttri byggðinni á Skólavörðuholtinu út um gluggann. Þar sem hún hafði tekið saman við karlfugl meðan á dvölinni stóð áleit hún þetta vera sitt rétta heimili eftir að henni var skilað. Hennar rétti eigandi sleppti dúfunni út í Mosfellsbæ og þegar hún hafði leitað í tvo daga var hún aftur komin í dúfnakofann hjá Rögnvaldi og búin að finna makann sinn.

Rögnvaldur er með tæpar 100 dúfur og telst nokkuð stór á íslenskan mælikvarða. Hann segir nokkurn félagsskap fylgja ræktun og keppnum og eru 14 aðilar á suðvesturhorninu sem taka virkan þátt. Af þeim eru sjö sem eru álíka stórtækir og Rögnvaldur, en hinir eru nokkuð minni.

Lengstu keppnir frá Langanesi

Í keppnum er ekið með fugla frá nokkrum ræktendum í sérstökum kössum í annan landshluta, og sér sleppistjóri til þess að öllum sé sleppt samtímis. Lengstu keppnirnar byrja á Langanesi, en ekki er farið með fuglana út fyrir landsteinana. Þær dúfur sem fljúga aftur heim í dúfnakofann sinn á besta meðalhraðanum fara með sigur af hólmi.

Keppnisfuglarnir eru með örmerki á fótunum og eru skannaðir um leið og þeir koma heim.

Keppendur á suðvesturhorninu og Norðurlandinu taka ekki þátt í sömu keppnum, því það myndi þýða of mikinn mun á aðstæðum sem fuglarnir þurfa að glíma við. Keppt er í tveimur flokkum, þ.e. ungfuglar og eldri fuglar.

Ekki eru sérstakir flokkar fyrir kynin – því karlar og kerlingar geta auðveldlega náð sama árangri. Fuglunum gengur best í keppnum fyrstu þrjú til fjögur ár lífsins. Eftir það eru þeir bestu nýttir til undaneldis og geta náð allt að fjórtán ára aldri. Á heimasíðu Bréfdúfnafélags Íslands er hægt að fylgjast með framgangi allra keppna, skoða eldri niðurstöður og kynna sér ræktendur og fuglana þeirra. Keppnistímabilið byrjar í apríl og er keppt um hverja helgi fram á haust.

Rögnvaldur sigraði þrjár keppnir í sumar og var þriðji í stigakeppni til Íslandsmeistara. Einnig átti hann tvo bestu kvenkyns einstaklingana.



Rögnvaldur Guðmundsson er einn stærsti ræktandi bréfdúfna á landinu. Hér heldur hann á einni af sinni verðmætustu dúfu, sem náði besta árangri karlkyns einstaklinga hjá honum í ár. Myndir / ÁL



Karlkyns keppnisdúfur. Hver á sitt hólf og þegar þeim er sleppt í keppnum vilja þeir ólmir komast aftur á óðalið því þeir vita að þeir munu eiga ástarfund við heimkomu.



Dúfnakofi á Skólavörðuholtinu. Oft eru þessar byggingar kallaðar keppnisloft, þar sem ræktun fór gjarnan fram í risum húsa áður.

Þjálfaðar á hverjum degi

Mikil vinna fer í að þjálfa dúfurnar. Tvisvar á dag hleypir Rögnvaldur dúfunum svöngum út. Þær fljúga þá um nágrennið í einum hóp og þegar hann gefur hljóðmerki vita dúfurnar að þær geta snúið heim og fengið mat.

Rögnvaldur fer oft með dúfurnar lengra í burtu til þess að þær læri að þekka kennileitin í landinu og verði fljótari að rata heim. Þær fylgja oft vegum, rafmagnslínum, hitaveitulögnum og öðrum áberandi einkennum í landslaginu. Rögnvaldur segist búa vel að því að vera í nágrenni við Hallgrímskirkju, sem hann telur að dúfurnar geti séð úr mikilli fjarlægð.

Hvort kyn á sinn klefann í dúfnakofum, en fyrir keppnir hleypir Rögnvaldur þeim á sameiginlegt svæði og gefur þeim færi á að makast. Eins og áður segir eru þær mjög tryggar sínum maka og parast fyrir lífstíð.

Þetta gerir það að verkum að þegar dúfunum er sleppt í keppnum eru þær ólmar í að komast heim sem fyrst, þar sem þær vita að þær eiga von á góðu. Hann getur keppt með bæði kynin á sama tíma svo lengi sem þær eru fluttar á upphafsstaðinn í sitt hvorum kassanum.

Hvetur fleiri til að taka þátt

Rögnvaldur segir að þetta sé mjög skemmtilegt áhugamál og hvetur flesta til að taka þátt. Félagið veitir öllum nýliðum góðan stuðning og myndi hjálpa til við að velja unga undan fuglum sem hafa náð góðum árangri í keppnum.

Rögnvaldur segir mikla speki á bakvið fóðrunina og er hann með þrjár mismunandi samsetningar. Viðhaldsfóðrið sem nýtt er yfir veturinn inniheldur mikið bygg, maís og sólblómafræ. Varpfóðrið hefur að geyma próteinríkar hnetur og baunir. Orkufóðrið, sem notað er fyrir keppnir, inniheldur baunir, hrísgrjón, hampfræ o.fl. Hver fugl borðar 25 grömm á dag. Svo heppilega vill til að einn af félögunum í Bréfdúfnafélaginu rekur heildsölu og sér um innflutning á dúfnafóðri.

Samanborið við útlönd, þá er Bréfdúfnafélagið mjög fámennur félagsskapur. Í Belgíu eru til að mynda 3.000 ræktendur. Hérlendis er ræktunin aðallega áhugamennska og litlir fjármunir í spilunum.

Á meginlandi Evrópu og í Asíu er ríkt hefð fyrir kappflugi og er oft mikið í húfi fjárhagslega – bæði þar sem fólk veðjar á úrslitin og eigendur bestu dúfnanna fá verðlaunafé. Þess vegna er mikið lagt upp úr ræktunarstarfi og geta dýrustu fuglarnir til undaneldis selst á 50-60 milljónir króna úti í Evrópu. Eitthvað er um að innlendir ræktendur kaupi og selji fugla sín á milli og geta bestu fuglarnir selst á nokkur hundruð þúsund krónur.

Tollkvótar vegna innflutnings á blómum

Engin tilboð bárust um innflutning á plöntum í tveimur tollskrárnúmerum. Þrjú tilboð bárust í innflutning á plöntum í öðrum tollflokkum.



Engin tilboð bárust um innflutning á blómstrandi plöntum með knúppum eða blómum, þó ekki kaktusar, úr tollskrárnúmerum (0602.9081-9083 og 0602.9088). Útboðið hljóðaði upp á innflutning á 2.200 stykkjum. Sömu sögu er að segja um tilboð um innflutning á pottaplöntum til og með einum metri á hæð, þó ekki kaktusar og þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna í tollskrárnúmeri (0602.9093). Útboðið hljóðaði upp á innflutning á 3.000 stykkjum.

Tvö þúsund rósir

Þrjú tilboð bárust um innflutning á rósum úr tollskrárnúmeri (0603.1100), samtals 5.000 stykkjum, á meðalverðinu 61 króna stykkið. Hæsta boð var 62 krónur stykkið en lægsta boð var 59 krónur stykkið. Tilboðum var tekið frá einu fyrirtæki, Grænum markaði ehf., um innflutning á 2.000 stykkjum á jafnvægisverðinu 62 krónur stykkið.

Níu þúsund tryggðarblóm

Einnig bárust þrjú tilboð um innflutning á tryggðablómum úr tollskrárnúmeri (0603.1400), samtals 16.000 stykkjum, á meðalverðinu 53 krónur stykkið. Hæsta boð var 60 krónur stykkið en lægsta boð var 42 krónur stykkið. Tilboðum, um innflutning á 9.000 stykkjum á jafnvægisverðinu 60 krónur stykkið, var tekið frá tveimur fyrirtækjum, Garðheimum – Gróðurvörur ehf., 2.000 stykki og Samasem ehf., 7000 stykki.

166.250 afskorin blóm

Þrjú tilboð bárust um innflutning á afskornum blómum og blómknöppum sem notað er í vendi úr tollskrárnúmerum (0603.1903, 0603.1906-1908, 0603.1911-1918 og 0603.1999), samtals 226.250 stykkjum. á meðalverðinu 37 krónur stykkið. Hæsta boð var 60 krónur stykkið en lægsta boð var 5 krónur stykkið. Tilboði var tekið frá þremur fyrirtækjum um innflutning á 166.250 stykkjum á jafnvægisverðinu 5 krónur stykkið. Um er að ræða Garðheima – Gróðurvörur ehf., 10. 000 stykki, Grænn markaður, 50.000 stykki og Samasem, 106.250 stykki. */VH*

Víðidalsá, Fitjaá og Hóp í Húnaþingi

Útboð

Veiðifélag Víðidalsár í Húnaþingi óskar hér með eftir tilboði í lax- og silungsveiði á vatnasvæði félagsins þ.e. Víðidalsá, Fitjaá og Hóp, frá og með árinu 2024, samkvæmt útboðsskilmálum og fyrirliggjandi upplýsingum.

Útboðsgögn eru hjá Birni Magnússyni, Hólabaki, 541 Blönduósi, formanni stjórnar Veiðifélags Víðidalsár, sími 895 - 4473 / 452- 4473, netfang bjorn@holabak.is

Útboðsgögn verða afhent gegn 10.000 kr. skilagjaldi.

Frestur til að skila tilboði rennur út laugardaginn 14. janúar 2023 kl: 13.00 Tilboðin verða opnuð þann sama dag kl: 14.00 í veiðihúsinu Tjarnarbrekku í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Veiðifélag Víðidalsár 6. desember 2022.
F.h. stjórnar félagsins,
Björn Magnússon, formaður



Framúrskarandi fyrirtæki

Tökum fagnandi á móti 2021 og hvetjum til samstöðu


Gleðilegt nýtt ár

VÉLFANG – VERKIN TALA

KUHN Schäffer FENDT CLAAS Kverneland JCB

Óseyri 2 • 600 Akureyri • Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is





Erum að taka niður pantanir fyrir sumarið

Nýttu þér forkaupsafsláttinn ef pantað er fyrir áramót



Zodiac Bombard Sunrider 5.5 og 6.5 á leiðinni sem er fullbúinn fjöldskyldubátur á frábæru verði eða frá kr. 2.950.000 m/vsk.

Zodiac PRO 5.5 er mest seldi RIB báturinn á Íslandi í ár. Einstök gæði og áreiðanleiki. Grunnverð kr. 3.150.000 m/vsk.

Zodiac OPEN 4.8 er vinsælasti vatna- og innfjarðarbáturinn í Evrópu í dag. Verð kr 2.750.000v m/vsk.

Linder ál-bátarnir sem eru búnir að vera nær uppseldir í Evrópu síðastliðin sumur koma eftir áramót í stærðum 400-460.

Heyrðu í okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.
Sportbátar.is er umboðsaðili Zodiac og Linder á íslandi.
Upplýsingar á sportbatar@sportbatar.is og 760-5000

SPORTBÁTAR
GÆÐIN SKIPTA ÞIG MÁLI



EXIDE TECHNOLOGIES



Betra start
með Exide rafgeymum



Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir dráttarvéla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma 515 1100 eða pontun@olis.is.

olís



Grétar Gústavsson og Karl G. Friðriksson.

Vestfjarðahringur á Ferguson

Út er komin bókin Vinir Ferguson og Vestfjarða þar sem ferðasögu félaganna Karls G. Friðrikssonar og Grétars Gústavssonar er gerð skil.

Með ferðinni vildu þeir láta gott af sér leiða og vekja athygli á verkefninu Vinátta, sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti. Árið 2015 fóru Karl og Grétar þjóðveg 1 á tveimur Massey Ferguson 35X árgerð 1963 til að vekja athygli á áðurnefndu verkefni. Mjög fljótlega eftir að þeir luku við þann hring var þeim bent á að þeir ættu stóran hluta landsins eftir – þ.e. Vestfirði, sem þeir gerðu skil í sumar.

Hér birtist á prenti skemmtileg frásögn Karls af þessari ferð og er bókin ríkulega myndskreytt. Lesendur fá annars vegar innsýn í þá núvitundarhugleiðslu sem fylgir því að sitja einn í traktor á 25 kílómetra hraða sem ekið er í gegnum fallega náttúru. Hins vegar eru sögur af öllu því fólki sem þeir hittu á leiðinni, enda vildu allir vita á hvaða ferðalagi tveir eldri menn á tveimur fagurrauðum traktorum væru. Þeir sem hafa gaman af ferðasögum og dráttarvélum munu hafa ánægju af lestri þessa rits. Allur ágóðinn af sölu bókarinnar rennur til verkefnisins Vinátta gegn einelti hjá Barnaheillum. */ÁL*


Lömb eru vitsmunaverur

Íslensk lömb – Lambadagatal 2023 er komið út.

Prýðir það að venju ljósmyndir frá sauðburði í maí 2022, af um sólarhrings gömlum lömbum úti í íslenskri náttúru í fyrsta sinn í lífinu. Myndirnar fanga vel fegurð þeirra, persónuleika, geðslag ásamt þeirri einstöku dásemd sem fólgin er í nýju lífi að vori. Margslungnum litaafbrigðum íslensku sauðkindarinnar eru gerð góð skil á dagatölunum nú sem fyrr og nefna má t.a.m. hvít, svört, doppótt, móbíldótt, mórautt, móbotnótt, svarbotnótt, goltótt, gráírótt, móflekkótt, grábotnótt, ýrumókrúnótt, leistótt, baugótt auk fjölda annarra litaafbrigða íslensku sauðkindarinnar.

Ragnar Þorsteinsson, sauðfjárbóndi í Sýrnesi í Aðaldal, er útgefandi og höfundur lambadagatalsins og segir það bæði gefandi og krefjandi að taka myndir af lömbum eins og öðru ungviði.

„Þau eru mjög sjálfstæð, og á sífelldri hreyfingu, fylgjast vel með



því sem um er að vera. Áður en lömbin fara í myndatöku þarf að vera búið að spjalla við þau, kela, knúsa, vinna traust þeirra og vináttu svo þau verði nú ekki skelfingu lostin yfir þessari margbreytilegu og skrítnu veröld sem þau eru að upplifa og hafa þarf í huga grundvallarregluna í samskiptum. Lömb eru vitsmunaverur með tilfinningar og það þarf að koma fram við þau sem slík.“ */MÞÞ*



Volvo 2016 XC90 inscription t8.
Keyrður 112.000 Km. Hvít leðurklæðning.
Hiti í fram- og aftursætum. Hiti í stýri.
Ásett verð kr. 6.800.000,-
Staðsettur á Norðurlandi,
allar nánari upplýsingar í síma 842-7843.

Sólheimar og Lionsklúbburinn Ægir:

Jólaplatan í ár

Allflestir landsbúar ættu að kannast við leikfélag Sólheima sem hefur gert garðinn frægan oftar en einu sinni.

Samfélagið í Sólheimum, sem ætlað er einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn, var stofnsett 1930 af frumkvöðlinum Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur.

Til viðbótar við áherslu á ræktun manns og náttúru, hefur hið vel unna menningarstarf Sólheima blómstrað yfir áratugina.



Kór Sólheima býr að einstaklega skemmtilegum og góðum söngvurum. Myndir / Halli Valli

Nú er líður að dögum jólahátíðar eru margir sem gera sér dagamun og fer samfélagið á Sólheimum ekki varhluta af því. Litlu jólin hafa jafnan verið haldin hátíðleg á Sólheimum eins og gjarnan er gert annars staðar, en þann 6. desember síðastliðinn héldu meðlimir kórsins á Sólheimum og Lionsklúbburinn Ægir litlu jólin saman í hvorki meira né minna en sextugasta og fimmta skiptið.

Fyrstu árin var uppistand í höndum skemmtikrafta og tón- listarmanna innan Lionsklúbbsins, en hin síðari ár hafa listamenn utan klúbbsins boðið fram krafta sína. Hangikjöt er á boðstólum ásamt meðlæti og njóta því allir viðstaddir stundarinnar til fullnustu. Mikil jólastemning er, eins og gefur að skilja, jólasaga sögð, sungið og dansað.



Glaumur og gleði er jafnan á æfingum. Þarna má sjá Magneu Tómasdóttur ríða upp stemninguna.



Mikil stemning var á litlu jólunum og margir í skemmtilegum peysum.

Litlu jólin á Sólheimum

Meðlimir Sólheimakórsins hafa nú heldur betur tekið til höndum og fangað þessa jólastemningu, en tekin var sú ákvörðun að ganga í að setja saman plötu í samstarfi við Lionsklúbbinn. Jólaplata Sólheima er því nýútkomin og ber nafnið „Litlu jólin á Sólheimum“.

Útgáfan er fjáröflunarverkefni sem miðar að því að efla menningarstarf Sólheima. Þeir fjármunir sem safnast renna í hljóðfærasjóð sem nýtast mun heimilisfólki, enda vel virk á sviði tónlistar og sviðslista.Sólheimar standa fyrir miklu tónlistar- og kórastarfi, en kórstjórnandi er Hallbjörn Valgeir Rúnarsson nokkur, betur þekktur sem Halli Valli.

Klassísk lög sem allir þekkja

Platan, eða diskurinn öllu heldur, inniheldur úrval jólalaga sem hafa verið sungin á Sólheimum í áranna rás og endurspeglar þá aðventustemningu sem íbúar Sólheima og gestir mynda.

Jólalögin eru klassísk og vel þekkt, má þar af 15 lögum alls nefna perlur á borð við Litla jólabarn, Ég sá mömmu kyssa jólasvein og Fannhvíta jörð. Flytjendur eru Sólheimakórinn og vinir og hægt er að nálgast diskinn á vefsíðunni www.solheimar.is undir Listasmiðjunni fyrir 2.700 kr.

Umsjón og útgáfa

Er kemur að flutningi laga til viðbótar kór Sólheima, er sá margfrægi Ómar Ragnarsson einna fremstur í flokki. Ómar hefur í um sextíu ár skemmt gestum litlu jólanna, en aðrir söngvarar eru Bergþór Pálsson, Björgvin Franz Gíslason, Magnea Tómasdóttir, Sigríður Ósk Hrafnkelsdóttir og Tinna Margrét Hrafnkelsdóttir.



Þarna má finna hin ýmsu jólalög sem allir ættu að geta sungið með.



Bjúgnakrækir kom til byggða í tilefni litlu jólanna og gladdi gestina.

Hljóðfæraleikarar eru þeir Haraldur Thorsteinsson (bassi), Hilmar Sverrisson (hljómborð), Ragnar Sigurjónsson (slagverk) og Tryggvi Hübner (gítar).

Útsetningu sáu Hilmar Sverrisson og Haraldur Thorsteinson um, myndskreyting á umslagi disksins var gerð af Ruth Haraldsdóttur og hönnun í umsjón Guðmundar Pálssonar.

Margumvert er að koma á framfæri hversu þakklát tónlistardeild Sólheima er Lionsklúbbnum Ægi og auðvitað Magneu Tómasdóttur, verkefnastjóra plötunnar, fyrir þetta frábæra fjáröflunarverkefni. Það kemur sér mjög vel því verkefni tónlistardeildarinnar snúa einnig að skipulagningu tónleika og upptökum og því alltaf þörf fyrir að uppfæra og bæta búnað. */SP*



Fjölmennt hefur verið á Matarmarkaði Íslands undanfarin ár. Mynd / Aðsend

Ástríða að baki matarhandverki

Helgina 17.-18. desember fer fram Matarmarkaður í Hörpu í Reykjavík.

Markaðurinn á rætur sínar að rekja til ársins 2011 og er hugarfóstur Hlédísar Sveinsdóttur og Eirnýjar Sigurðardóttur. Þar koma saman smáframleiðendur og matarhandverksfólk sem kynnir vörur sínar fyrir gestum og gangandi. „Á þessum árum hafa smáframleiðendur sótt í sig veðrið. Mikil vöruþróun hefur átt sér stað og fjölmargir nýir framleiðendur hafa bæst við matarmarkaðsfjölskylduna," segir Hlédís.

Hún segir einstaka stemningu myndast á mörkuðum. „Þeir skipta miklu máli fyrir framleiðendur, ekki bara sölulega séð heldur að fá að kynna sig og sína framleiðslu. Ná þessu samtali við kúnnann og geta sagt frá því sem liggur að baki vörunni. Myndað traust. Traust er mikilvægt þegar kemur að matvælaframleiðslu og á þessum mörkuðum hefur þú marga tugi framleiðenda sem eru tilbúnir að standa stolt með sínum vörum, enda er mikil vinna og mikil ástríða á bak við þetta matarhandverk."

Hún nefnir að algengt sé að tvær til þrjár kynslóðir standi að baki framleiðslu eða sem koma og hjálpa til á mörkuðunum. „Í þessu hraða samfélagi sem við lifum í er fallegt að sjá ömmur og afa, mömmur og pabba leiðbeina börnum að setja upp básinn og ganga frá bás og sinna því sem þarf þess á milli. Það er dýrmæt reynsla sem á eftir að fylgja þessum börnum áfram út í lífið. Önnur skemmtileg birtingarmynd er samstarf söluaðila. Framleiðendur hittast, bera saman bækur og oft verður spennandi samstarf út úr því," segir Hlédís.

Matarmarkaður Íslands verður opinn frá kl. 11 til 17 báða dagana. Aðgangur er ókeypis. */ghp*



Myranaut óskar viðskiptavinum sínum nær og fjær gleðilegra jóla & farsældar á nýju ári.
Kærar þakkir fyrir viðskiptin á liðnu ári.



Við sendum í einum grænum

Harðskafi



Sturtuvagn 2ja tonna
Þrjár fellanlegar hliðar og sturtubúnaður
Kr 595.200 m. vsk
Kr 480.000 án vsk



Beltagrafa 1,2 tonn
Aukabúnaður í úrvali
Frábær vél í sveitina
Kr 2.207.200 m. vsk
Kr 1,780.000 án vsk



Snjóblásari 210cm
Fyrir litla og miðlungs traktora
Kr 985.800 m. vsk
Kr 795.000 án vsk



Kurlari fyrir traktorinn
RPM 540 - max 14,8cm – 25HP+
Kr 849.400 m. vsk
Kr 685.000 án vsk



Sveiflukóngurinn
Sláttuvél 280cm fyrir úthagasláttinn
AGF 280 – RPM 1000 – 110HP+ 65° ↓ 90° ↑
Snyrtir hagann, vegaxlir og hverskyns órækt
Kr 1.599.600 m. vsk
Kr 1.290.000 án vsk



Hnífatætari PTO
230cm - RPM 540 – 70HP+
Kr 849.400 m. vsk
Kr 685.000 án vsk



Kurlari 6,5hp fyrir 8cm sverar greinar.
Kr 229.400 m. vsk
Kr 185.000 án vsk



Dreifari 59L
Kr 68.200 m. vsk
Kr 55.000 án vsk



Dreifari 26L
Kr 74.400 m. vsk
Kr 60.000 án vsk



Dreifari 23L
Kr 47.120 m. vsk
Kr 38.000 án vsk



Dreifari 56L
Kr 59.520 m. vsk
Kr 48.000 án vsk



Sláttuvél 24hp EL 160cm
Mjög öflug vél fyrir fjórhjólið
Kr 837.000 m. vsk
Kr 675.000 án vsk



Sláttuvél ATV EL 120
Kr 489.800 m. vsk
Kr 395.000 án vsk



Skrapatól 180cm
Kr 279.000 m. vsk
Kr 225.000 án vsk



Fellikassi 200cm
Kr 297.600 m. vsk
Kr 240.000 án vsk



Skógarkló
Kr 179.800 m. vsk
Kr 145.000 án vsk

TMC CANCELA

Mulningsvélar
fyrir grjótflagið
eða skógarbotninn



Sveitakassi 150cm
Kr 186.000 m. vsk
Kr 150.000 án vsk



Kurlari PTO
Kr 427.800 m. vsk
Kr 345.000 án vsk



Rafbörur 4x4 48V
Kr 520.800 m. vsk
Kr 420.000 án vsk



Stubbatætari
Kr 353.400 m. vsk
Kr 285.000 án vsk

www.hardskafi.is Desember 2022 Sími 555 6520 sala@hardskafi.is

Löggilding, skoðun og ísetningar á **ökuritum og hraðatakmörkurum**








Mælar á allar gerðir vagna



Við erum með nýjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analog ökuritum

Endilega hafið samband og sjáið hvort við getum ekki leyst ykkar mál.
Ágúst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is

Vík verkstæði
Einhella 6,221 Hafnarfirði



Á tímabili var Árni Ingólfur Halldórsson Hafstað allt í senn; heyrna- og talmeinafræðingur, kúabóndi, bruggari og brugghús- og bareigandi. Mynd / Aðsend

Handverksbrugghúsin á Íslandi:

Skagfirska bjórsveiflan

Höskuldur og Stefán
hoskuldur@bondi.is

Í síðustu tölublöðum Bændablaðsins hefur saga handverksbrugghúsanna á Íslandi verið rakin.

Tímaröð þeirra er á þá leið að fyrst kom Kaldi árið 2006, þá Ölvisholt 2008 og því næst Mjöður, bjórgerð staðsett í Stykkishólmi, sem lagði þó fljótlega upp laupana líkt og lesa mátti um í 20. tbl. Bændablaðsins. Það sem þessi þrjú brugghús áttu öll sameiginlegt var að vera starfrækt úti á landi og næsta brugghús í þessari umfjöllun var þar engin undantekning.

Maður er nefndur Árni Ingólfur Halldórsson Hafstað. Hann lætur kannski ekki mikið yfir sér við fyrstu sýn, en við nánari kynni verður hverjum manni ljóst hvílíkt orkubúnt hann er. Ef veitufyrirtækin fyndu leið til að tappa af honum væri orkuvandinn leystur og óþarft fyrir vísindamennina vestanhafs að sóa meiri tíma í að skoða þennan kalda samruna. Á tímabili var Árni allt í senn; heyrna- og talmeinafræðingur, kúabóndi, bruggari, brugghús- og bareigandi og örugglega með fleiri járn í eldinum.

Árni var bóndi í Útvík í Skagafirði ásamt því að þeysast um landið til að mæla eyru og hlustir landsmanna. Sem áhugamaður um bjór og bjórmenningu æxlaðist það þannig að Árni og vinur hans Jóhann skelltu sér á bruggnámskeið til Danmerkur árið 2008. Þetta örnámskeið í Danaveldi varð til þess að þeir fóru að brugga heima í eldhúsinu í Útvík, með frumstæðum tækjum, þar sem þeir möluðu korn með kökukeflum og prófuðu sig áfram með tækni sem lagði grunninn að því sem koma skyldi.

Strandaglópar vegna sprengigoss

Árið 2010 ákváðu þeir að afla sér frekari þekkingar og skelltu sér til Bury, rétt norðan við Manchester, til að leggja frekari stund á bjórgerðina en þar lærðu þeir hjá manni sem hét því viðeigandi nafni David Porter. Fóru þeir félagar út í apríl það ár en urðu um skeið strandaglópar á Bretlandi þar sem sprengigos hófst í Eyjafjallajökli og öll flugumferð stöðvaðist meira og minna í nokkra daga.

Í Útvík var gamalt hænsnahús sem hafði haft hlutverk uppeldisaðstöðu fyrir kálfa. Það hafði staðið autt um árabil þar sem reist hafði verið annað og betra kálfahús. Ástand hússins þótti þó ágætt og fannst Árna ómögulegt að rífa bygginguna.

Það sem var þó kannski einna áhugaverðast við mannvirkið var stærðin. Húsið var nefnilega 18 x 7 metrar, sem eru sömu hlutföll og á algengustu póstumslögunum.

Auðsótt nafngift

Þar sem Jóhann og Árni lágu og biðu eftir því að gosinu þóknaðist að hleypa þeim heim ræddu þeir um framtíðina. Þar sem í ljós hafði komið að Porter karlinn var ekki bara með námskeið í bjórgerð heldur seldi hann líka tæki og lítil brugghús, eyddu þeir strandvistinni í að teikna á umslög hvernig unnt væri að koma fyrir brugghúsi frá PBC-framleiðandanum í þessu litla rými. Úr varð að tæki og tól voru pöntuð, David kom við annan mann að setja þau upp og hafist var handa við að brugga í janúar 2011.

Þegar kom að nafngiftinni var valið ekki erfitt enda Skagafjörður rómaður fyrir hestamennsku. Gæðingur var formlega farinn af stað og fyrstu bjórarnir, Gæðingur lager og Gæðingur stout skutu upp stútnum í hillum Vínbúðanna 1. maí sama ár.

Strax og bjórinn var mættur í Ríkið vakti hann athygli fyrir skemmtilega umbúðahönnun. Þar voru á ferðinni miðar teiknaðir af Hugleiki Dagssyni, náfrænda brugghúseigandans fjölhæfa og hefur sú áferð, orðagrín og hestaskop löngum verið aðalútlitsmerki Gæðings. En framleiðsluvörur brugghússins hafa almennt gengið vel í landsmenn og má sérstaklega nefna Blágosa, einn fyrsta íslenska súrbjórinn, en hann vann verðlaun fyrir besta bjórinn á Bjórhátíðinni á Hólum.

Árið 2018 flutti Gæðingur starfsemi sína að mestu í Kópavoginn, þar sem komið var upp nýju brugghúsi ásamt bar og því stækkað töluvert frá umslagshúsinu í Skagafirðinum. Var Gæðingur þar með fyrsta míkróbrugghúsið til að stækka við sig. Í dag fást um 20 bjórar frá Gæðingi í Vínbúðinni að jafnaði og þónokkur fjöldi árstíðabundinna bjóra kemur og fer.

Baukar og bar

En það er þó ekki hægt með góðu móti að sleppa hendinni af Gæðingi án þess að minnast á tvö atriði þar sem Gæðingur braut blað í bjórsögu landsins.

Fyrra atriðið snýr að því að Gæðingur var fyrsta smábrugghúsið á Íslandi sem ekki átti stórt móðurfélag, til að setja bjórana sína í dósir. Glerflöskurnar höfðu ráðið för á markaði en augljóst mátti vera að brugghús, staðsett í Skagafirði, sem vildi láta taka sig alvarlega varð að vera hæft í hestaferðir. Úr varð að Gæðingur fór afar snemma að bjóða upp á hluta framleiðslu sinnar í dósum, en slíkt þykir alvanalegt í dag, enda áldósin um margt mun betri og heppilegri geymslumiðill en glerflaskan fyrir ýmsar gerðir bjórs.

Hitt, sem kannski hefur markað dýpstu skrefin á bjórmenninguna, var stofnun Microbars. Í Bruggvarpinu, hlaðvarpsþáttum um bjór og bjórmenningu í febrúar 2021, sagði Árni svo frá að haustið 2011 hefði hann verið að eigin mati kominn á sæmilegt ról með að selja bjór á kútum á veitingastað í miðborg Reykjavíkur. Við eigendaskipti á staðnum hefði Gæðingsbjórum og raunar Kalda líka verið hent út og það hefði gert honum gramt í geði. Í ársbyrjun 2012 hefði hann svo verið staddur á Mótel Venus rétt fyrir utan Borgarnes þar sem hann hrökk upp um miðja nótt með þá hugmynd á vörunum að stofna bara sinn eigin bar.

Hann hringdi strax um morguninn í Jóa félaga sinn og meðbruggara og bað hann að finna rými í miðborg Reykjavíkur.

Niðurstaðan varð sú að lítill salur sem þjónaði hálfpartinn sem morgunverðarherbergi fyrir City Center hótelið í Austurstræti varð fyrir valinu. Þar opnuðu eigendur Gæðings, Microbar sem var sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi, 1. júní 2012.

Yfirlýsta markmiðið var að selja handverksbjóra frá öllum öðrum en stóru brugghúsunum til að jafna metin fyrir bolabrögðin!

Fljótlega fóru reykvískir bjórnirðir að venja komur sínar á barinn.

Og þangað réðst einnig ungur maður, Steinn Stefánsson, sem hafði verið í sveit hjá Árna í mörg sumur við góðan orðstír, ekki bara sem kúasmali, heldur einnig sem besserwisser á bjórsviðinu.

Steini átti eftir að koma víða við í bjórsenunni í kjölfarið, enda strax ljóst að þar fór veitingamaður sem gerði ekki síður kröfur til sinna viðskiptavina en sjálfs síns. Microbar átti systurbar og gistiheimili á Sauðárkróki um tíma en nú eru þeir staðirnir tveir, annar ofarlega á Laugavegi og hinn í brugghúsinu í Kópavogi.

Það má þannig segja að Eyjafjallajökulsgosið hafi ekki bara komið okkur rækilega á framfæri við ferðamenn heldur hafi það líka á vissan hátt gefið okkur brugghúsið Gæðing, fært okkur kraftbjóramenningu á bari borgarinnar af alvöru og rutt brautina fyrir dósamenningu í handverksbjórnum … og auðvitað Steina. ■

Lögvíma:

Áfengi, tóbak, kaffi og sykur

Lögvíma er ný bók eftir Þorstein Úlfar Björnsson sem fjallar um löglegu vímuefnin sem margir nota, áfengi, tóbak, kaffi og sykur. Flestir hafa takmarkaða hugmynd um hvað þessi efni eru í raun og hvað þau eru að gera neytendum.

Mörg okkar hafa alist upp við þessi efni í umhverfi okkar og að það sé sjálfsagt að neyta þeirra í einhverjum mæli.



Hver eru áhrifin?

En hvernig virka þau? Hvaða áhrif hafa þau? Eru þau slæm fyrir okkur? Hver er saga notkunar? Þessum spurningum og fleirum veltir höfundur bókarinnar fyrir sér og reynir að svara og víst er að svörin eiga eftir að koma mörgum á óvart.

Þorsteinn segir að sennilega séu fáir sem gera sér grein fyrir því að þeir eru vímuefnaneytendur vegna þeirrar einföldu athafnar að þeir fá sér kaffi, te eða kóladrykk. „Sum vímuefni eru svo algeng og svo sjálfsögð að við skynjum þau ekki sem slík þar sem þau eru fyrir framan okkur allt lífið. Við ölumst upp við þau og neyslu þeirra.“

Lengi í vinnslu

Að sögn Þorsteins er bókin búin að vera lengi í smíðum, vel á annan áratug, enda alltaf að koma fram ný vitneskja um viðfangsefnið sem þarf að endurnýja og skipta út. „Ég hef skrifað nokkrar aðrar bækur um svipað efni og hef getað nýtt mér eitt og annað úr þeim og efni sem ég viðaði að mér við vinnslu þeirra.“

Lögvíma er sjöunda bók höfundar um vímuefni, sögu þeirra og notkun. Þorsteinn er kvæntur, eftirlaunaþegi og á fjögur börn og tvö barnabörn.

Hann stundar garðrækt og grúsk. Bókina má nálgast hjá höfundi eða lesa án endurgjalds á issuu.com.

/VH

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Blöndulína 3 frá Blöndustöð til Akureyrar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum um lagningu Blöndulínu 3 samkvæmt lögum nr. 111/2021. Álitið og umhverfismatsskýrslu Landsnets er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

AGRIMIN
CARING FOR YOUR ANIMALS
WORLD LEADERS IN BOLUS TECHNOLOGY
ALL-TRACE®
BOLUS TECHNOLOGY FOR CATTLE

Einstakir forðastautar
6 snefilefni og 3 vítamín

Ein inngjöf
Hámarks upptaka
Aukin frjósemi

6-8 mánaða ending
Sannreyndar niðurstöður í hvert sinn
Yfir 30 millljón nautgripir um allan heim fá forðastauta reglulega

HRAUSTARI NAUTGRIPIR - AUKIN FRAMLEIÐSLA

ALL-TRACE CATTLE
Ætlað kúm á mjólkurskeiði

ALL-TRACE DRY COW
Ætlað kúm í geldstöðu

24/7 SMARTRACE PLUS CALF
Ætlað kálfum í uppvexti

24/7 MAGNESIUM CATTLE
Fyrirbyggir magnesíumskort

24/7 CALCIUM DAIRY COWS
Fyrirbyggir kalkskort

FÆST HJÁ DÝRALÆKNUM OG BÚVÖRUVERSLUNUM UM LAND ALLT
Nánari upplýsingar á www.agrimin.co.uk

vistor
Umboðsaðili: Vistor hf
Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000
vistor@vistor.is - www.vistor.is

KRONE forpöntun 2023
Allar upplýsingar á hesja.is

KRONE
Forpöntun 2023
HESJA

EasyCut F
Heleitu kostir
Forpöntunarverð

HESJA

Tryggðu þér vél til afhendingar næsta sumar
á forpöntunarverði til 23. desember.

Hesja ehf. - hesja.is - hesja@hesja.is - 546 0415

LÍF & STARF



Árshringurinn í heild. Myndin er tekin á Nýlistasafninu við Vatnsstíg.
Myndir / Listasafn Reykjavíkur

Árshringurinn varð til við Ölfusá

Vefnaðarverk Hildar Hákonardóttur, Árshringurinn, sem hékk lengi á Hótel Sögu, samanstóð af tólf hlutum sem táknuðu gróður jarðar árið um kring og hugsuð sem ein heild.

Hluti verksins verður til sýnis á yfirlitssýningu Hildar á Kjarvalsstöðum í janúar. Verkið, sem kallaðist einnig Himinn og jörð, hékk lengi í heild sinni á Sögu en síðan skipt upp og verkið hengt upp í hlutum á mismunandi stöðum á hótelinu en síðar tekið niður og sett í geymslu og svo virðist sem tveir hlutar verksins hafi glatast.

Víður sjóndeildarhringur

Hildur segir að tildrög verksins séu þau að hún hafi flutt úr Vesturbænum í Reykjavík árið 1980 á lóð við Ölfusá.

„Fyrir mig, manneskju sem hafði lengi búið þar sem sólargangurinn var þröngur á vissum árstímum vegna húsanna í kring, var ótrúlega spennandi að horfa á víðan sjóndeildarhringinn og upplifa hring árstíðanna.

Það var mjög bjart þarna og gömlu mennirnir í sveitinni sögðu mér að það væri vegna endurskins frá Ingólfsfjalli og að það glampaði ljósið upp af ánni frá Selfossi hinum megin og þannig að það var eiginlega aldrei myrkur.

Ég ræktaði grænmeti til heimilisins þarna og einsetti mér að fylgjast með árshringnum og varð mjög upptekin af samspili himins og jarðar og í því umhverfi og hugarástandi varð verkið til.“ Hildur segir að hún hafi búið til fleiri verk á þessum tíma sem tengdust tímanum og hún hafi reynt að setja sig inn í hugsunargang fólks sem var uppi áður en klukka kom og fólk var upplýst um það reglulega í útvarpi hvað tímanum leið og liðið eftir sólarganginum og árstíðunum og var í sambandi við árshringinn.

„Það var hin eiginlega uppspretta verksins.“

Í vörslu Listasafns Reykjavíkur

Árið 2018 voru tíu hlutar verksins lánuð á sýninguna High and Low í Kaupmannahöfn. Eftir að teppunum var skilað fóru þau aftur í geymslu á Hótel Sögu og gleymdust þar til Andri Jónsson, umsjónarmaður fasteignarinnar, fann tíu þeirra við tiltekt í geymslum hótelsins vegna eigendaskipta hússins.

Náðst hefur samkomulag um að verkið verði í framtíðinni í vörslu Listasafns Reykjavíkur og verður það hluti af Rauðum þræði sem er heildarsýning á verkum Hildar á Kjarvalsstöðum sem verður opnuð 14. janúar næstkomandi. */VH*



Hildur Hákonardóttir listakona.

Hildur Hákonardóttir um Árshringinn

Himinn og jörð mætast

Verkið er hafið á vorjafndægrum. Í hverjum mánuði í heilt ár óf ég teppi, sem lýsir mótum himins og jarðar, hinum síbreytilegu litum veðrabrigða, birtu og árstíða.

Í mars glittir í grænt og brúnt í gulu vetrargrasi.
Í apríl hefur grænkað en vorhret ógnar gróðri.
Í maí rennur grængresið saman við bláma himinsins.
Í júní er blómskrúðið í algleymingi.
Í júlí sést í munstur ljáfaranna.
Í ágúst skín í bleika grasrótina.
Í september eru litir haustsins upphafnir.
Í október fellur fyrsta snjófölið.
Í nóvember liggur frosið vatn yfir landinu.
Í desember situr miðsvetrarsól við sjóndeildarhring.
Í janúar eru himinn og jörð hvít af snjó.
Í febrúar tekur aftur að sjá í auða jörð.
Hringrás árstíðanna hefst að nýju.

Geitfjárrækt:

Hugsjón og fjölbreyttir möguleikar

Geitur á Íslandi eru tæplega 1.700 og hefur þeim fjölgað hægt og rólega undanfarin ár. Geitfjárrækt hér á landi er víða stunduð af hugsjón sem gefur ekki mikið í aðra hönd en möguleikar greinarinnar eru fjölbreytilegir.

Geitastofninn er talinn vera í útrýmingarhættu en í árslok 2016 taldi hann 1.188 vetrarfóðraðar geitur, um áramótin 2020 og 2021 voru þær 1.621 og í dag eru þær að nálgast 1.700. Anna María Flygenring, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands og bóndi í Hlíð, segir að hlutverk félagsins sé að stuðla að verndun íslenska geitastofnsins og að leita allra leiða til að bæta og auka verðmæti geitaafurða.

Hæg fjölgun

„Samkvæmt síðustu tölum hefur geitum fjölgað en ég hef ekki séð tölur um fjölda geita sem slátrað var í haust. Ég hef heyrt af einu búi sem var með yfir 50 vetrarfóðraðar geitur, þau hættu með flestar síðastliðið haust, aðallega vegna hækkandi áburðarverðs og minnkandi styrks frá ríkinu, en greiðslur hafa verið frá ríkinu samkvæmt búvörusamningi.

Það koma reyndar inn nýir aðilar af og til þannig að fjöldi geita á landinu hefur verið að aukast.“

Sala geitaafurða

Að sögn Önnu gengur vel að selja afurðirnar og margir eru að selja á matarmörkuðum og nú jólamörkuðum sem eru víða um land. Einnig er selt í gegnum REKO, sem margir þekkja. Stærri búðir og stórmarkaðir eru farnir að taka inn vörur frá geitabændum, sem Samtök smávöruframleiðenda hafa unnið ötullega að gera kleift.

„Stærsta geitabúið er Háafell í Borgarfirði og byggir fyrst og fremst á geitarækt og hefur lagt mikið til við að styrkja stofninn, samhliða ferðaþjónustu, og þar er einnig í boði fræðsla um geitur og geitaafurðir. Nokkur býli eru að framleiða gæðaosta, skyr og ísgerð eru að koma sterk inn. Fiðan, sem er ull geitanna, er mikils metin af handverks- og prjónafólki, gæði hennar eru á við kasmír-band, en lengra verður ekki komist í mýkt náttúrulegs bands. Magnið er ekki mikið og tímafrekt að kemba hverja geit. Félagið hélt námskeið í samvinnu við Landbúnaðarháskólann í vor í kembingu og nýtingu á fiðu og tókst vel til.

Fleiri námskeið eru á döfinni á næsta ári. Sútun á stökum eða skinnum lagðist því miður af nema fyrir hóp af handverksfólki. Eins og er þarf að senda stökur erlendis í sútun og því takmarkað magn í boði.

Rétt er að geta þess að enn sem komið er gefur geitaræktin ekki mikið af sér en vinsældir afurðanna fara vaxandi og á tímum umræðu um loftslagsbreytingar og kolefnisspor er rétt að gefa geitfjárrækt aukinn gaum.“

Gamlar hugmyndir og mýtan?

Anna segir að þeir sem halda geitur verði varir við nokkrar ranghugmyndir um geitur og að spurt sé gjarnan hvernig gangi að láta geiturnar tolla í girðingu og svo spurningin hvort þær fari ekki óhindrað út um allt og oft í neikvæðum tóni. „Mín reynsla er sú að vel gerð netgirðing eða rafmagnsgirðing haldi þeim.“



Anna María Flygenring, formaður deildar geitfjárræktar BÍ og Geitfjárræktarfélags Íslands, bóndi í Hlíð, með kiðling sem hún sótti að Háafelli síðastliðið haust.
Myndir / Aðsendar



Jóhanna B. Þorvaldsdóttir, geitabóndi á Háafelli, mjólkar geitur.

Geitaafurðir eru gæðaafurðir

„Ég er bjartsýn á að neytendur fari í auknum mæli að átta sig á að geitaafurðir eru gæðaafurðir. Kolefnisspor þeirra er lítið þar sem þær lifa nánast eingöngu á grasi og lítið um að þær fái innflutt kjarnfóður nema þá helst þar sem mjólkin er notuð til ostaframleiðslu.

Oftast eru geitaafurðir seldar beint frá bónda og kosturinn við það er að þá getur fólk fengið upplýsingar um hvernig á að meðhöndla og matreiða kjötið ef það er að prófa það í fyrsta sinn.Veitingahús eru í auknum mæli að bjóða geita- og kiðakjöt. Það má líka nefna að með auknum fjölda fólks erlendis frá fjölgar þeim sem virkilega kunna að meta kjötið. “ */VH*



Geithafur.
Mynd /ghp

Rangárþing ígrundað

Út er komin bókin Landnám í Rangárþingi.

Meginefni bókarinnar er um tímann frá árinu 880 til 940 og segir frá 43 landnámsmönnum sem settust að á svæðinu. Einnig er fjallað um hvernig landslagið í Rangárvallasýslu varð til, myndaðist og mótaðist í núverandi horf, uppruna búfénaðar og gróðurfar við landnám, tilurð örnefna, mótun jarðarmarka og stjórnsýslu innan svæðisins.



Ritstjóri bókarinnar er Gunnar Guðmundsson frá Heiðarbrún en hann hefur haft áhuga á fræðunum frá barnsaldri. Þórður Tómasson heitinn, safnvörður í Skógum, ritar um landnámsmennina austan Markarfljóts og landið undir Eyjafjöllum en hann hafði allra manna gleggsta sýn á þau landgæði sem þar voru til forna.

Landnám í Rangárþingi er 300 bls. að lengd og útgefandi er Bókhlaða Gunnars Guðmundssonar.

/ghp

Þrjár skáldkonur

Skriða á Patreksfirði hefur sent frá sér þrjár bækur. Tvær ljóðabækur, Næturlýs og Spádómur fúleggsins og eina barnabók, Með vindinum liggur leiðin heim.



Með vindinum liggur leiðin heim er barnabók eftir Auði Þórhallsdóttur. Töfrar lífsins gerast í lítilli vík í norðri þegar andarungar skríða úr eggjum. Andamamma brýnir fyrir börnum sínum hversu mikilvægt sé að halda hópinn en einn þeirra gleymir sér yfir undrum veraldar og týnist.

Gamall lífsreyndur hundur finnur ungann og með þeim tekst einstök vinátta. Þrátt fyrir að unginn finni öryggi og ást hjá hundinum og fjölskyldu hans þá býr innra með honum þrá eftir frelsi fuglanna. Bókin byggir á sannri sögu af vinskap hunds og andarunga.

Næturlýs er ljóðabók eftir Sigurbjörgu Friðriksdóttur. Þetta er þriðja ljóðabók höfunda og segir í kynningu að ljóðin séu myrk og meitluð og draga lesandann inn á svið þar sem öll skilningarvit eru virkjuð.

Spádómur fúleggsins er ljóðabók eftir Birtu Ósmann Þórhallsdóttur og jafnframt fyrsta ljóðabókin sem hún gefur út undir eigin nafni. Bókin fjallar um það að nema drauma, að nema tíma fugla, fiska og manna, að nema það sem kemur og hverfur. Birta hefur áður sent frá sér örsagnasafnið Einsamræður og hún hlaut Nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta árið 2016.

/VH









SAGA MATAR & DRYKKJA



Vel formaðar sniglaskeljar tilbúnar á markað.

Mynd/ escargot-world.com

Escargot og hvítur kavíar

Nokkrar tegundir landsnigla þykja vel frambærilegur matur víða um heim og jafnvel sælgæti en í öðrum heimshlutum eru þeir tabú sem engum dettur í hug að leggja sér til munns. Sniglaeldi til matar kallast helicicultur og á fínni matseðlum kallast þeir escargot upp á frönsku og sniglaegg hvítur kavíar.



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Fornleifarannsóknir í helli á suðausturströnd Grikklands benda til að menn hafi safnað landsniglum sér til matar um 10.700 árum fyrir upphaf okkar tímatals. Talið er að milli 25 til 30 manns hafi að meðaltali búið í hellinum og að fólkið hafi veitt villta asna og fisk og safnað plöntum og tínt snigla sér til matar.

Í hellinum og í nánasta umhverfi hans fannst mikið af brotnum skeljum landsnigla, enda sniglar auðveld bráð þar sem þeir fara ekki hratt yfir né geta varið sig.

Minjar um ristuð skeljabrot og sniglaát til forna hafa fundist víðar um heim, meðal annars í Íran, í Túnis, á Spáni, Í Pýreana-fjöllum, við strendur landanna við Adríahaf og Miðjarðarhaf. Utan Evrópu hafa minjar um landsniglaát fyrr á tímum fundist á eyjum í Karíbahafi, Perú, víðar í Norður-Ameríku, eystri hlutum Afríku, Súdan, Nígeríu og á Filippseyjum. Auk þess sem fornleifafræðingar í Yunnan-héraði í Kína hafa fundið minjar um að íbúar þar hafi lagt sér ferskvatnssnigla sér til munns.

Villtir sniglar voru lengi flokkaðir sem fátækrafæða en ef marka má rit rómverska náttúru- og sagnfræðingsins Pliny gamla, 23 til 79 eftir Krist, leit elítan í Róm til forna á snigla sem góðgæti og kræsingar.

Þróun og líffræði

Sniglar er stór hópur lindýra sem á sér yfir 550 milljón ára þróunarsögu og telur um 65 þúsund tegundir sem finnast á landi, í ferskvatni og í sjó. Sniglar sem lifa í vatni anda með tálknum og landsniglar með lungum. Flestar tegundir snigla eru með skel þrátt fyrir undantekningar á því. Þeir hafa heila og hjarta og framan á hausnum eru fálmarar sem þeir nota til að skynja umhverfi sitt.

Sniglar verpa eggjum í sjó og vatni eða í röku umhverfi á landi, jarðvegi eða undir rotnandi laufblöðum sem dæmi. Við klak synda eða skríða lirfurnar um og éta lífræn efni sem þær finna í umhverfinu. Í uppvextinum ganga lirfurnar gegnum nokkur þroskastig og breytast í útliti en verða í flestum tilfellum að fullvöxnum snigli með skel að lokum.





Sniglahrogn eru stundum kölluð hvítur kavíar.

Mynd / wikipedia

Líkt og mörg önnur lindýr eru sniglar með skráptungu sem þeir nota til að rífa plöntuvefinn sem þeir éta. Kjöraðstæður landsnigla eru í raka og margar tegundir eru næturdýr. Meðallíftími snigla er tvö til fimm ár en vitað er um tegundir sem lifa í allt að fimmtán ár.

Risasnigill

Samkvæmt Heimsmetabók Guinness er afríski risasnigillinn, *Lissachatina fulica*, stærsta sniglategund í heimi. Stærsti einstaki snigillinn af þeirri tegund fannst í Síerra Leone árið 1976 og mældist 39,3 sentímetrar en lengd skeljarinnar var 27,3 sentímetrar. Hann vó 900 grömm. Sagan segir að eiginkona eiganda snigilsins hafi skilið við hann vegna þess að húsið þeirra hafi verið fullt af sniglum og hann hafi meira að segja alið þá í fötu undir hjónarúminu.

Úr slíminu sem sniglar skilja eftir sig í hægfara yfirferð sinni um heiminn eru unnin efni í snyrtivörur eins og húðkrem.

Helicicultur

Sniglar eru þekktir fyrir það hvað þeir eru hægfara og auðveldir í meðförum. Þeir eru léttir á fóðrum og hægt að hafa þá marga saman án flókins búnaðar og því vel skiljanlegt að menn hafi farið að ala þá eins og hvern annan búfénað.

Rómverski nýsköpunarbóndinn Quintus Fulvius Lippinus, sem var uppi á fyrstu öld fyrir Krist, er talinn upphafsmaður sniglaeldis, eða helicicultur, eins og við þekkjum það í dag. Lippinus lét ekki staðar numið við snigla því hann prófaði sig einnig áfram með villisvín, heslimýs og fleiri áður óþekktan búfénað til manneldis. Býli Lippinus var nálægt Toskana á Ítalíu og markaður fyrir afurðir hans góður.

Upphaflega flutti hann á býli sitt nokkrar tegundir af stórum sniglum frá Afríku og prófaði sig áfram með þá. Lippinus komst fljótlega upp á lagið með eldi evrópskra snigla sem hann aldi á spelti og fituríku fóðri þannig að þeir stækkuðu hratt.

Með árunum tókst honum að geta sér gott orð fyrir sniglana sína sem hann flutti lifandi á markað í Róm og fleiri borgum í kringum Miðjarðarhafið, enda eru þeir sagðir hafa verið öðrum sniglum stærri og matarmeiri. Sagt er að galdurinn að baki bragðgæða *Lippinus*-sniglanna hafi meðal annars verið sá að hann kryddaði sniglana á fæti með því að fóðra þá með kryddjurtum og að bragðið af jurtunum hafi smitast út í holdið.

Hvítur kavíar

Egg eldissnigla kallast hvítur kavíar, sniglaperlur eða perlur Afródíte og þykja herramannsmatur, ekki síst meðal Pólverja og Frakka sem segja þau lostaörvandi.

Eggin eru þrír til fjórir millimetrar að þvermáli og glær en fá á sig hvítan eða kremaðan lit eftir gerilsneyðingu og við pæklun í saltlög. Þeir sem til þekkja segja eggin stökkari en hrogn og bragðið minna á bakaðan aspas eða bakaða sveppi og með sterkum keim af jörð. Í eldi eru varpsniglar hafðir í kössum með þunnu og röku moldar- og sandlagi og eftir að þeir hafa verpt í moldina er hún skoluð frá eggjunum. Sniglar verpa að meðaltali fjórum grömmum af eggjum á ári.

Estote pisces in aeternum

Pius fimmti, páfi 1566 til 1572, borðaði mikið af sniglum og eftir honum er haft um snigla: „Estote pisces in aeternum“ eða „Sniglar verða fiskar að eilífu“. Með þessum orðum kvað páfinn um að sniglar skyldu flokkast sem fiskar svo að hann gæti borðað þá á föstunni.

Breskir kaþólikkar tóku greiningu páfans alvarlega og á föstunni kölluðu þeir snigla wallfish eða veggjarfisk.

Árið 1614 kom út á Spáni matreiðslubók, Libro del arte de cozina, samin af yfirkokki spænsku hirðarinnar og helguð meðhöndlun og matreiðslu á sniglum.

Orðsifjar

Franska heitið á sniglum, escargot, varð hluti af málfæri kokka skömmu fyrir þarsíðustu aldamót og er í dag nánast alþjóðlegt matseðlaheiti fyrir snigla. Orðið mun komið úr fornri frönsku, escargol, og þaðan úr götulatínu Rómverja, conchylium, sem mun rekja uppruna sinn til orðsins konchylion, sem er gamalt heiti fyrir ætan skelfisk á grísku.

Algengustu tegundir matsnigla

Þrátt fyrir að tegundafjölbreytni landsnigla sé mikil er ekki þar með sagt að þær séu allar nothæfar til eldis, sumar tegundir eru of litlar eða þykja ekki góðar til matar.
Í gegnum aldirnar hafa nokkrar tegundir valist til eldisins og sumar verið svo lengi í eldi að þær eru orðnar gerólíkar náttúrulegum ættingjum sínum. Algengustu eldistegundirnar tilheyra fjórum ættkvíslum, *Helix, Capaea, Otala* og *Pomacea.*

H. pomatia, krásarbobbi, rómverski- eða burgundi-snigillinn, hefur verið mjög lengi í eldi og líklega mest aldi og borðaði snigill í heimi. Næst honum kemur svo *H. lucorum,* sem kallast evrópski snigillinn, auk þess sem *H. salomonica* er einnig þekktur eldissnigill.

Þekktar tegundir af ættkvíslinni *Cepaea* eru *C. nemoralis,* sem kallast sítrónusnigill og er einn af algengustu sniglunum í Evrópu, og *C. hortensis,* sem er þekktur garðsnigill víða í Evrópu.

Tvær tegundir *Otala* eru í eldi, *O. punctata og O. lactea,* sem báðar eru upprunnar á Spáni. Eldi og neysla þessara fjögurra tegunda er mest á Spáni.

Af ættkvíslinni *Pomacea* eru tvær tegundir, *P. canaluculata* og *P. urceus,* talsvert aldar til matar í Suður-Ameríku og í Asíu.

Auk þess sem tína má til minna þekktar tegundir eins og *Buccinum undatum, Cantareus apertus, Cornu aspersum, Elona quimperiana, Lissachatina fulica, Persististrombus latus* og *Pachychilus* sp. sem allar eru aldar í mismiklum mæli á ólíkum stöðum í heiminum.

Sniglar í eldi

Sums staðar í heiminum eru sniglar aldir í frumstæðu rými og jafnvel á yfirborði viðarfjala. Í löndum þar sem hitastig er hagfellt eru sniglar aldir utandyra eða undir léttu skýli.

Þar sem kröfur um hreinlæti eru miklar er krafist meiri aðbúnaðar við eldið. Sniglaeldi til matar er því flóknara en marga gæti grunað í fyrstu og krefst góðs aðbúnaðar og réttra aðfanga. Víða fer eldið fram í sérhönnuðum sniglastíum þar sem birtu, hitastigi og raka og efnainnihaldi jarðvegsins er nákvæmlega stjórnað. Loftraka er stjórnað með rakamælum og úðunarbúnaði til að halda sniglunum rökum án þess að jarðvegurinn verði of blautur.

Sniglarnir eru vigtaðir reglulega og fylgst nákvæmlega með vexti þeirra og þess gætt að ekki berist sveppir, sjúkdómar eða sníkjudýr í stíurnar. Einnig verður að gæta þess að þéttleiki snigla í stíunum sé ekki of mikill og fer hann eftir stærð þeirrar tegundar sem er alinn. Séu sniglar aldir of þétt dregur það úr frjósemi þeirra.

Kjöraðstæður við sniglaeldi er hitastig á bilinu 15 til 25° á Celsíus og 75 til 95% loftraki. Fari hitastigið niður fyrir 10° hætta þeir að vaxa og við 7° á Celsíus leggjast sniglarnir í dvala.

Mikilvægt er að jarðvegurinn í stíunum sé sniglunum að skapi. Góð moldarblanda fyrir snigla inniheldur



Úr slíminu sem sniglar skilja eftir sig í hægfara yfirferð sinni um heiminn eru unnin efni í snyrtivörur eins og húðkrem. Mynd / youtube



Sítrónusnigillinn, *Cepaea nemoralis*, er einn af algengustu sniglunum í Evrópu. Mynd / wikipedia



Sniglaeldi utandyra í Suður-Afríku. Mynd / youtube



Nýbakaðir sniglar með hvítlauks- og steinseljusmjöri. Mynd / wikipedia



Afrískur risasnigill. Mynd / dogonews

20 til 40% af lífrænuefni, skeljasand og leir í jöfnum hlutföllum og er með sýrustig í kringum sjö.

Sniglar éta jarðveg og nýta við meltingu á plöntuvefjum auk þess sem þeir fá úr jarðveginum kalsíum sem er nauðsynlegt við uppbyggingu skeljarinnar.

Ánamaðkar eru notaðir til að halda jarðveginum hreinum þar sem þeir éta lífrænan úrgang sniglanna.

Fóðrun

Sniglar eru jurtaætur og geta étið nánast hvaða plöntur sem er og því ekki matvandir á fóður en kjósa það fremur safaríkt en þurrt og stökkt. Þeir éta epli, apríkósur, þistilhjörtu, gras, baunir, kál, smára, rósir og nánast hvað sem er úr plönturíkinu. Í góðu eldi er þess gætt að fóðrið sé alltaf ferskt og leifar fjarlægðar daglega.

Fóðrun snigla í stíum er mest frá því í apríl og fram í október með hvíldartíma yfir hásumarið meðan á æxlun og varpi stendur.

Að loknu varpi

Sniglar byrja að éta aftur af krafti eftir varp og éta bæði egg og smásnigla sem verða á vegi þeirra. Vegna þessa eru fullorðnir sniglar fjarlægðir úr varpstíunum og settir í fitun áður en þeir eru settir á markað.

Fyrst eftir klak éta sniglabörnin skel eggsins sem þau klöktust úr og stundum leggjast þau á óútklökt egg í nánasta umhverfi sínu. Sniglar í eldi eru einnig látnir fasta áður en þeir eru hantéraðir fyrir sölu og nauðsynlegt er að hreinsa snigla vel áður en þeir eru matreiddir. Spánverjar, Ítalir og Frakkar standa allra þjóða fremst í sniglaeldi og eiga sér lengstu hefðirnar þegar kemur að matreiðslu.

Fáir leggja sér villta snigla til munns í dag en sé það gert þykir best að safna þeim til átu á vorin og í rigningu og láta sniglana fasta í nokkra daga áður en þeir eru borðaðir.

Næringarefnainnhald

Kostir snigla sem fæðu felst meðal annars í því að kjöt þeirra inniheldur litla fitu, fáar kaloríur og hæfilegt magn af próteinum. Efnainnihald snigla er misjafnt milli tegunda en í stórum dráttum eru þeir 82% vatn, ríkir af járni, magnesíum og B3 vítamíni og góð uppspretta seleni.

Meðferð og matreiðsla

Mikilvægt er að þrífa snigla vel áður en þeir eru matreiddir. Erlendis, þar sem sniglar eru yfirleitt keyptir lifandi á markaði, er fyrsta stig hreinsunarinnar að láta þá fasta í viku og gefa þeim eingöngu lítils háttar hveiti til að hreinsa út á þeim meltingarveginn.


Skola skal öll óhreinindi og allt slím af sniglum og að því loknu skal skola þá upp úr saltvatni. Þegar búið er að hreinsa þá vel eru sniglarnir settir í pott með köldu saltvatni og þeir soðnir í korter og matreiddir og bornir fram að vild eftir það.

Í Afríku, þar sem sniglar eru stærri, eru þeir iðulega grillaðir en í löndunum við Miðjarðarhaf er algengt að bera þá fram bakaða eða pönnusteikta með hvítlauk. Á Indlandi þykja þeir góðir með uxa- eða svínakjöti og í karrírétti. Sem forrétt þykir hæfilegt að borða fimm krásarbobba en séu þeir aðalrétturinn veitir ekki af fimmtán stykkjum.

Sniglar á Íslandi

Fána landsnigla á Íslandi er fátækleg og helsta ástæða þess er einangrun landsins, kuldi og óhagstæður jarðvegur vegna kalkskorts.

Á Vísindavefnum segir að flestir landsniglar, líka hér á landi, séu ætir en ekki þar með sagt að þeir sé góðir til átu og að nauðsynlegt sé að kynna sér villta snigla vel áður en fólk leggur sér þá til munns. ☐



Hilltip Icestriker 900–1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380–550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



Hilltip Fjölplógur MVP
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is



„Við gerðum upp gamlan Ferguson, hundrað og sextíu fimmu. Þegar kom að því að mála hann gerði ég það í John Deere litum, einkum til að sveitungar mínir fengu eitthvað til að tala um. Nefndi hann Rán Deere því það var dýrt að gera hann upp. Þetta stappar nærri guðlasti og nokkuð ófriðlegt varð um sinn en nú eru flestir búnir að jafna sig," segir Óskar Magnússon á Sámsstaðabakka. Mynd/ Aðsend

Sakamálasaga sveitamanns

„Ég er Norðlendingur sem hefur verið breytt í Sunnlending með lævíslegum og kvenlegum aðferðum Sunnlendinga," segir Óskar Magnússon, bóndi og rithöfundur á Sámsstaðabakka í Fljótshlíð.

Óskar gefur nú út þriðju bókina í röð bóka um Stefán Bjarnason hæstaréttarlögmann, sem að hans sögn er harðsnúinn í réttarsölum en ístöðulítill sem leir í návist fagurra kvenna.



Í Leyniviðauka 4 er framið hrottalegt morð í herstöðinni á Keflavíkurflugvelli og við tekur flókin sakamálarannsókn sem lyktar með óvæntri fléttu. Sveitin er aldrei langt undan í bókum Óskars en í þeim má finna sterka skírskotun til talsmáta og lífshátta bænda. „Við búum á Sámsstaðabakka sem er hluti af Vestur-Sámsstöðum en þaðan er eiginkona mín, Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir listmálari, dóttir Sigurðar Árnasonar og Hildar Árnason. Þar rækta ég landið og heyja en held lítið af skepnum og alls ekki hross," segir Óskar. „Ég er nóg hross sjálfur."

Fljótshlíðin er jafnan stutt undan í sögum Óskars og sumar sögurnar gerast beinlínis þar. Þar hafa bankamenn farið ránshöndum um hérað, bandarískur sendiherra verið myrtur í sumarbústað og strokufangi flúið af Múlakotsflugvelli.

Óskar gaf líka út á árinu bókina Jagúar skáldsins sem fjallar um landsfræga bifreið Nóbelskáldsins. Það er lítil bók en lagleg. Um hana er sagt á bókarkápu: „Hér segir Óskar Magnússon dásamlegar skemmtisögur af bílnum og eiganda hans, Halldóri Laxness, en hann kynntist báðum og hlutaðist nokkuð til um samferð þeirra." */ghp*

Akureyri:

Harry Potter piparkökuhús

Rannveig Magnúsdóttir leggur metnað í bakstur piparkökuhúss ár hvert. Í ár er það innblásið af Harry Potter.


Rannveig Magnúsdóttir.

„Við fjölskyldan erum miklir Harry Potter aðdáendur og því sótti ég innblástur minn í ár til þeirrar töfraveraldar. Fyrirmyndin er heimili Weasley fjölskyldunnar. Húsið í ár var virkilega mikil áskorun og ég var ekki alveg sannfærð um að ég næði að láta það standa. Ég var 21 klukkustund að baka, byggja og skreyta húsið, sem er mitt hæsta hús til þessa, 58 sentímetrar. Það er samsett af um 110 piparkökum, þakskífurnar eru Shreddies morgunkorn og gluggarnir eru gerðir úr brjóstsykri. Ég set húsið saman með „royal icing", sem samanstendur af eggjahvítu og flórsykri og ég geri jafnframt alla kransa og slaufur frá grunni með sama kremi," segir Rannveig.

Rannveig er 38 ára Súgfirðingur en er búsett á Akureyri en þar býr hún með eiginmanni sínum og tveimur börnum. Hún er uppeldis- og menntunarfræðingur að mennt og starfar sem aðstoðarmaður lögmanna á Juris lögmannsstofu.

„Ég hef alltaf haft gaman af alls konar föndri og byrjaði að baka sem lítil stelpa. Ég var vön að hanga í eldhúsinu og fylgjast með mömmu minni og ömmu baka, báðar voru mjög myndarlegar í bakstrinum og þær lögðu mikla áherslu á að kökurnar væru jafnfallegar og þær væru góðar.

Ég ólst þó ekki upp við piparkökuhúsahefðina en ég byrjaði upprunalega á þeim bakstri því ég átti svo lítið af jólaskrauti. Það eru 15 ár frá því að ég gerði mitt fyrsta hús og á hverju ári reyni ég að takast á við nýjar áskoranir og þannig verða húsin yfirleitt tilkomumeiri á hverju ári," segir Rannveig aðspurð um áhuga sinn á bakstri og ekki síst á piparkökuhúsum. */mhh*





Rannveig var 21 klukkustund að baka, byggja og skreyta piparkökuhúsið. Eftir jólin brýtur Rannveig húsið og hendir því. Hvert smáatriði þarf að vera í lagi en húsið er samsett af u.þ.b. 110 piparkökum, þakskífurnar eru Shreddies morgunkorn og gluggarnir eru gerðir úr brjóstsykri svo eitthvað sé nefnt. Myndir / Aðsendar

Stíflan sprengd

Bókin Ástin á Laxá – Hermóður í Árnesi og átökin miklu er sagan af því þegar Þingeyingar tóku til sinna ráða til verndar náttúrunni og sprengdu stíflu í Laxá með dýnamíti í eigu virkjunarinnar.

Einnig er sögð saga Hermóðs í Árnesi og hans þætti í baráttunni miklu fyrir verndun Laxár og Mývatns.



Bókin fangar ástina á náttúrunni og bregður upp myndum af fólkinu sem verndaði hana með samheldni og eldmóð að vopni, höfundur er Hildur Hermóðsdóttir.

Í ágúst 1970 átti sér stað atburður sem vakti athygli alþjóðar og jafnvel út fyrir landsteinana. Þá tóku Þingeyingar til sinna ráða eftir áralanga baráttu gegn fyrirhugaðri stórvirkjun í Laxá með tilheyrandi vatnaflutningum og sprengdu stíflu sem virkjunaraðilar höfðu reist í Miðkvísl og notuðu til þess dýnamít í eigu virkjunarinnar. Verknaðurinn olli straumhvörfum í deilunni og er sagan rakin á síðum þessarar bókar.

Meginhersla er lögð á aðkomu Hermóðs Guðmundssonar í Árnesi og hans þátt í baráttunni miklu fyrir verndun Laxár og Mývatns þar sem hann var í fylkingarbrjósti. Hermóður fór gjarnan ótroðnar slóðir og lét sig ótalmörg málefni varða. Einkum mál sem vörðuðu framfarir, hag íslenskra bænda, náttúruvernd og raunar hvers kyns samfélagsmál.

Hann var uppi á tímum mikilla þjóðfélagsbreytinga, upprunninn í hinu rótgróna íslenska bændasamfélagi sem hann tók af fullum krafti þátt í að umbylta að hætti nútímans.

Hildur segir sögu fjölskyldu sinnar og sveitunga á ljóslifandi hátt í Ástinni á Laxá. Hún fangar ástina á náttúrunni og bregður upp myndum af fólkinu sem verndaði hana með samheldni og eldmóð að vopni.

Bókaútgáfan Salka gefur út Ástina á Laxá, Hermóður í Árnesi og átökin miklu eftir Hildi, stofnanda Sölku. Eigendur Sölku eru Anna Lea Friðriksdóttir og Dögg Hjaltalín en þær keyptu útgáfuna af Hildi fyrir rúmum sjö árum og má nú segja að hringnum sé lokað þegar fyrrum útgefandinn er orðinn höfundur á mála hjá sínu gamla forlagi. */VH*

Saga og menning:

Brennið þið vitar

Sögu- og menningarstund var haldin um Elfars Guðna Þórðarsonar listmálara í Menningarverstöðinni Hólmaröst á Stokkseyri fyrir skömmu.

Tilefni var að 20 ár eru frá því að listaverkið Brennið þið vitar var afhjúpað.

Af þessu tilefni tók Hrútavinafélagið Örvar á Suðurlandi, undir verkstjórn Björns Inga Bjarnasonar, saman veglegt rit um tilurð menningarverstöðvarinnar og listaverksins Brennið þið vitar.

Menningarverstöð verður til

Hraðfrystihús Stokkseyrar var endurbyggt og stækkað verulega eftir mikinn bruna þann 30. maí 1979. Reisugildi hins nýja endurbyggða húss var þann 12. október sama ár.

Árið 2006 var hafist handa við breytingar á húsnæðinu til þess að gera það aðgengilegt fyrir þessa nýju notkun og til varð Menningarverstöðin Hólmaröst.

Elfar Guðni Þórðarson var fyrsti listamaðurinn sem var með vinnustofu í Hólmaröst. Elfar kallaði vinnustofu sína Svartaklett og er heitið sótt í fjöruna rétt vestan við Stokkseyrarbryggju.



Guðni Ágústsson afhenti Elfari Guðna Þórðarsyni ritið um Menningarverstöðina á Stokkseyri og listaverkið Brennið þið vitar. Mynd / Aðsend

Hluti af innkomu Elfars Guðna í Menningarverstöðina árið 2001 var að mála 30 fermetra Íslandsmynd þar sem allir helstu vitar landsins voru settir á ströndina með tölvustýrðum ljósabúnaði. Síðan var lag Páls Ísólfssonar við ljóð Davíðs Stefánssonar Brennið þið vitar, í flutningi karlakórs, leikið undir meðan ljós á öllum vitum landsins komu inn á rúmum fjórum mínútum. */VH*



Páll Sigurðsson, nýr skipulagsfulltrúi Skógræktarinnar. Hann tekur við starfinu um áramótin. Hann verður með skrifstofu á Selfossi.
Mynd /Linn Bergbrant.

Skógræktin:

Páll ráðinn í starf skipulagsfulltrúa

Páll Sigurðsson skógfræðingur var nýlega ráðinn úr hópi 19 umsækjenda í stöðu skipulagsfulltrúa hjá Skógræktinni.

„Það er margt á döfinni í skógræktarmálum núna og vonandi tekst mér vel að halda því við og þróa sem mér er trúað fyrir. Starfið felst m.a. í umsögnum um skógrækt í skipulagsmálum, leiðbeiningum og aðstoð við sveitarfélög og aðra í þeim málum. Nú og svo stendur fyrir dyrum að vinna landshlutaáætlanir í skógrækt og endurskoða gæðaviðmið í skógrækt. Ég hlakka til að takast á hendur krefjandi og skemmtilegt starf," segir hann.

Páll er í doktorsnámi við Landbúnaðarháskóla Íslands en hefur áður lokið fimm ára námi í skógfræði frá Arkangelsk-háskóla í Rússlandi og doktorsprófi frá sama skóla. Undanfarin misseri hefur hann starfað sem brautarstjóri BS-náms í skógfræði við LbhÍ og kennt bæði við háskóla- og starfsmenntanámið.

Námið í Rússlandi

„Ég lærði skógfræðina við gamlan og gróinn skóla norður í Arkangelsk. Timbrið og skógurinn spila stórt hlutverk þar, t.d. voru gangstéttirnar í heilu hverfunum úr tréplönkum, nokkurs konar trébrýr. Stundum sleipar í rigningu, en mjúkt undir fót," segir Páll aðspurður um námið í Rússlandi.

Hann segir gott að tileinka sér fagþekkinguna í landi þar sem er löng og rík hefð fyrir nýtingu, iðnaði og sambúð við skóg. Allt sé þetta okkur Íslendingum kannski fjarlægt á vissan hátt.

„Maður þarf líka að máta það við veruleikann hér á landi. Við erum að fást við öðruvísi aðstæður og vandamál hér. Markmiðin og leiðirnar að þeim eru þess vegna aðrar. Þannig að það er nú ekki síður margt sem maður lærir af því að vinna í skógrækt hérna heima, en maður lærir í skólum erlendis."

Páll bjó í áratug í Arkangelsk en kom heim fyrir sjö árum og býr núna í Sandvíkurhreppi hinum forna í Árborg, þaðan sem hann er ættaður. „Ég hugsa með hlýju til þessa tíma úti og alls fólksins sem ég kynntist. En það hefur verið óskemmtilegt að fylgjast með fréttum undanfarið tæpt ár," segir Páll. */mhh*



Til sölu haganlega hönnuð Módúla hús

Módúla hús - 8m² til 54m²
Frábærar vinnustofur, skrifstofur, gestahús eða gistihús í ferðaþjónustu eða nánast hvað sem er. Afhent nánast tilbúin til notkunar, bara eftir að koma þeim fyrir.
Lausn á frábæru verði. ***Allt um húsin á vefsíðu okkar. www.mcabinline.com/is/modular***

Einingahús - 57m² til 125m², 1 til 4 svefnherbergi
Hús sem hentar þér og er hægt að fá afhent á ýmsum byggingastigum eða fullbúið.
Sjón er sögu ríkari.
Meira um húsin á vefsíðu okkar. Þar eru ýmsar útfærslur og ýtarlegar upplýsingar.
www.mcabinline.com/is/element-house-models

BH



VALTRA
A115 H4

Helsti búnaður:
- Vökvavendigír með bremsustoppi
- 4 milligírar + 4 rafskiptir gírar
- 3. hraða aflúrtak 540/540E/1000
- Auka ökuljós í topp
- 4 vinnuljós framan + 4 aftan.
- Loftpúðasæti
- Vinnublikkljós
- Húsfjöðrun
- Dekk 540/65R34 440/65R24
- Rafstýrð ámoksturstæki
- Valtra Connect
- High visibility roof, glerþak að hluta fyrir aukið útsýni

MADE IN FINLAND



Búnaður á mynd getur verið annar á auglýstri vél

Verð kr.
11.799.000
án vsk.

AFLVÉLAR
Framúrskarandi fyrirtæki 2018 2022
Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is



SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR

Allar nánari upplýsingar um Jólamarkaðinn í Heiðmörk, Jólaskóginn á Hólmsheiði og jólatrjáasölu á Lækjartorgi má finna á **heidmork.is**



Lífrænt hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.
Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð
3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil
Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar
Þýsk gæði - CE merkt
Stærðir 2-600 persónueiningar

HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

LÍF & STARF

Slow Food Reykjavíkur:

„Hugsjónin verður alltaf hluti af mér“

– Dominique Plédel Jónsson skilur við hreyfinguna sem ábyrgur og óeigingjarn neytandi

Ný stjórn Slow Food Reykjavíkur var kjörin á aðalfundi 22. nóvember. Markverðustu breytingarnar eru líklega þær að Dominique Plédel Jónsson er ekki lengur í stjórn hreyfingarinnar eftir rúmlega 20 ára samfellda stjórnarsetu. Hún segist vera komin á aldur í þessum félagsstörfum en hyggst halda sínu striki, vera aðgerðasinni um betri, hreinni og réttlátari heim og leiðsegja Íslendingum áfram um marokkóskar matarlendur.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Dominique er kunn fyrir þekkingu á mat og víni, hefur skrifað um þau efni um árabil í Gestgjafann ásamt því að reka Vínskólann í samstarfi við son sinn, Eymar Plédel Jónsson.

„Eftir síðasta aðalfund er ég ekki lengur í stjórn, það er kominn tími til að láta nýtt og yngra fólk taka við. Ég er búin að vera formaður síðan 2008 og í stjórn frá stofnun deildarinnar árið 2001 þar sem öll vinnan er unnin í sjálfboðavinnu,“ segir Dominique. Hún segist þó eiga einu verkefni eftir ólokið, sem er að halda utan um framleiðslu og prentun á sögumiðum Slow Food-hreyfingarinnar fyrir íslenskar geitfjárafurðir.

Sögumiðar hinna vernduðu afurða

Íslenska geitin er skráð í verndaráætlun Slow Food sem Presidia heitir. Þar veljast inn matvæli eða aðferðir við matvælaframleiðslu sem metið er að búi yfir sérstöku varðveislugildi vegna gæða eða sem menningarverðmæti. Áður hefur íslenska landnámshænan verið skráð inn í verkefnið og íslenskir ræktendur því fengið að skreyta sínar vöruumbúðir með rauða sniglinum, einkennismerki Slow Food. Það var fyrsta húsdýrið á Norðurlöndunum sem fékk þann heiður. Á umbúðum landnámseggja er sams konar sögumiði og verið er að útbúa fyrir geitabændur, þar sem sagan á bak við hvern ræktanda og afurðanna er sögð. Auk þess er íslenska skyrið skráð í Presidia.

„Við eigum eftir að skoða betur framtíðaráætlunina með þessa skráningu inn í Presidia, hvaða þýðingu þetta hafi fyrir framleiðendur og neytendur ekki síður, hvað fólk vill varðandi ostagerð og fleira. Svo þurfum við að fá miðana prentaða fyrir geitabændurna,“ segir Dominique.

Unga fólkið tekst á við stóru vandamálin

Í störfum sínum fyrir hreyfinguna hefur Dominique lagt mikið upp úr því að virkja unga fólkið til þátttöku í hugsjónastarfinu. „Ungt fólk er áberandi í nýju stjórninni og það er við hæfi. Það þarf að takast á við stærri vandamál en mín kynslóð hefur nokkurn tíma þurft að glíma við. Það þarf að taka ábyrgð á því sem verður.

Mín kynslóð er brúin á milli, hefur reynslu af hinu eðlilega í sambandi við landbúnaðinn, matvælaframleiðslu og neyslu, en hefur farið langt út fyrir mörk hins eðlilega einmitt í neyslu, græðgi og sjálfhverfu. Við, eldri kynslóðin, þurfum að minna á að það er hægt að lifa í þessum heimi ef nægjusemi og meðvitaðar skynsamar ákvarðanir eru í fyrsta sæti. Slow Food hefur sagt þetta í meira en 30 ár og er líklega besti grundvöllurinn fyrir ábyrga framtíð, því gleðin er innifalin í því að framleiða og borða góðan mat til dæmis.“



Sögumiði fyrir íslensku landnámshænuna.

Eldhugar sækja sér innblástur til Íslands

Dominique segir að starfið fyrir hreyfinguna hafi kannski aðallega falist í að sá fræjum hugmyndafræði Slow Food. „Við höfum haldið okkur fast við einkennisorðin um að maturinn eigi að vera góður, ómengaður og á sanngjörnu verði fyrir bæði framleiðandann og neytandann. Hér erum við að tala um jafnrétti í verki,“ segir hún.

Reglulega hefur Dominique fengið áhrifafólk – sem aðhyllist hugmyndafræði Slow Food og tekur þátt í að móta hana – í heimsókn til Íslands á vegum Slow Food Reykjavík. „Það hefur verið einstaklega gefandi að fá áhrifamikið fólk til landsins á vegum hreyfingarinnar. Sumt kom til að flytja okkur sterkan boðskap, eins og Michael Pollan og Vandana Shiva, annað til að sækja sér innblástur og benda á möguleikana okkar. Þar fer fremstur í flokki auðvitað Carlo Petrini, stofnandi og forseti Slow Food, en líka aðrir frá Slow Food á Ítalíu, eins og Paolo di Croce og Piero Sardo, sem hafa verið með Carlo frá upphafi, auk annarra Slow Food eldhuga frá öðrum löndum.“

Norðurlandasamstarfið

Dominique hefur unnið þétt með fulltrúum annarra Norðurlanda – til dæmis í kringum hátíðir Slow Food í Tórínó á Ítalíu, sem haldnar hafa verið annað hvert ár. Hún er fædd í Frakklandi og uppalin, bjó í Danmörku og Noregi í um tíu ár eftir að hún flutti til Íslands árið 1970. „Frá 2009 höfum við reynt að fá Norðurlöndin til að vinna beint saman og ég hef verið þar innanborðs frá fyrsta degi. Það tókst hins vegar ekki fyrr en í 2018 þegar við náðum að halda Terra Madre Nordic í Kaupmannahöfn, þar sem Íslendingar gerðu mikla lukku. Upp frá því var ég beðin um að taka að mér formennsku í Slow Food Nordic sem við stofnuðum formlega í Ulvik i Hardangerfjord 2013 og reyndi það á þrautseigju og þolinmæði að halda út vegna Covid-faraldurs og allra hindrananna sem honum fylgdi. Ég steig niður úr þeirri stöðu á Terra Madre Nordic 2022 í Stokkhólmi sem sömuleiðis heppnaðist mjög vel. Árangurinn af þessari starfsemi er að Norðurlöndin tala orðið mjög vel saman og að sömuleiðis eru tengslin við það sem er að gerast í gegnum Norrænu ráðherranefndina mun sterkari og trúverðugleiki Slow Food hefur fest sig í sessi sem aðgerðaaðili á Norðurlöndum.

Það er nefnilega sterk tilfinning á Norðurlöndum að við séum komin lengra en margir aðrir, en tilhneiging er að vilja fara leið „techno-fix“ til að leysa vanda sem blasir við á sviði matvælaframleiðslu og í landbúnaðinum – í staðinn fyrir að horfa meira til þess að við erum fyrst og fremst neydd til að breyta okkar neysluhegðun.“



Í Marokkó á lífrænum búgarði þar sem krydd- og lækningajurtir eru ræktaðar.



Frá Terra Madre Nordic í Stokkhólmi. Önnur frá vinstri er Elisa Demichelis, tengiliður Íslands frá höfuðstöðvum Slow Food í Bra á Ítalíu, svo Jannie Vestargaard, verkefnastjóri fyrir Terra Madre Nordic og nú formaður Slow Food Nordic, og loks Dominique. Myndir / Aðsendar

> „Frá 2009 höfum við reynt að fá Norðurlöndin til að vinna beint saman og ég hef verið þar innanborðs frá fyrsta degi. Það tókst hins vegar ekki fyrr en 2018 þegar við náðum að halda Terra Madre Nordic í Kaupmannahöfn, þar sem Íslendingar gerðu mikla lukku.“

Ábyrgur og óeigingjarn neytandi

Dominique segir að upp úr standi helst, frá þessum 20 árum, að hugmyndafræði hreyfingarinnar hafi mótað hana sem ábyrgan og óeigingjarnan neytanda.

„Hugsjónin verður alltaf hluti af mér,“ segir hún. Í gegnum störf sín fyrir hreyfinguna hefur hún myndað sér sterkar skoðanir á frumframleiðslu matvæla á Íslandi, enda unnið náið með framleiðendum – einkum smáframleiðendum, en hún var einn af stofnendum Samtaka smáframleiðenda matvæla á Íslandi.

„Ég hef frá upphafi haft fulla trú á að frumframleiðslan á Íslandi eigi jafn mikla möguleika og annars staðar í heiminum, jafnvel þó hún sé algjörlega á eigin forsendum. Það hefur þurft að hafa meira fyrir henni í gegnum tíðina en það hefur um leið haft þau áhrif að leiðin að rótum okkar matarhefða er styttri, sem hefur nýst okkur vel til dæmis við skráningu inn í Presidia-verkefnin og í Bragðörkina – annað verndarverkefni þar sem

LÍF & STARF



Dominique með Carlo Petrini, stofnanda og forseta Slow Food, þegar hann kom til Íslands vorið 2017. Hann flutti fyrirlestur í Háskóla Íslands.

Ísland hefur skráð inn 23 matvæli sem teljast í útrýmingarhættu.

Ömmurnar muna hér heima eftir þessum menningararfi, sem er lifandi. Víða annars staðar er það kynslóðin á undan sem varðveitti þessa þekkingu og hún var farin þegar menn vöknuðu til vitundar. Ég lærði auðmýkt við að hlusta á fyrri kynslóðir hér heima, lærði að „glöggt er gests augað“ er líka hárrétt orðatiltæki.“

Unnið með fullt af ótrúlega góðu fólki

„Ég hef unnið með fullt af ótrúlega góðu fólki sem hefur gefið mikið af sér. Þátttaka Íslendinga í Terra Madre hátíðinni í Tórínó og ýmsum viðburðum er kannski ofarlega í huga, því þar eru allir þenkjandi um sama málefni og allar umræður fleyta manni fram í rétta átt. Það er ótrúlegur suðupottur með fólki sem kemur alls staðar að úr heiminum – maður er aldrei einn á Terra Madre.

Svo sitja eftir margir sannleiksmolar sem ég hef safnað í gegnum tíðina og koma oftast frá Carlo Petrini, setningar eins og „aðgangur að góðum og ómenguðum mat á ekki að vera forréttindi, heldur mannréttindi“ og „maður kýs með buddunni“ – sem þýðir að það er pólitískur gjörningur að kaupa í matinn – og margt fleira mætti nefna.“

Boðskapurinn skilar sér til stjórnvalda

„Það er bara gleðiefni að heyra valdamenn í stjórnsýslunni í sífellt meira mæli tileinka sér hugmyndafræði Slow Food fyrir íslenska matvælaframleiðslu, jafnvel án þess að nefna hvaðan áhrifin séu komin. Það þýðir að við höfum gert það sem þurfti og að skilaboðin frá okkur hafa skilað sér á réttan stað. Slow Food eru hagsmunasamtök já, en í þágu allra. Ég verð að segja að ég hef fulla trú á matvælastefnunni sem er í mótun, og að sjálfsögðu mun þurfa hugrekki til að gefa ekki eftir í mikilvægustum atriðum. Í þágu allra.“





Á FAGLEGUM NÓTUM



Líffræðilegur fjölbreytileiki er alltaf bestur. Með því að hafa gróðurinn fjölbreytilegan og velja réttar plöntur sem henta veðurfari og jarðvegi á hverjum stað fyrir sig búum við til skjól og æti og löðum að alls konar pöddur, bæði skaðvalda og náttúrulega óvini þeirra sem hjálpa okkur í baráttunni við óvelkomnu pöddurnar. Myndir / BBR

Eitur á alltaf að vera síðasta úrræðið

– Óboðnir gestir í garðyrkju og trjárækt

Meindýr eru skaðvaldar í garð- og skógrækt og óvelkomnir gestir sem flestir vildu vera lausir við. Garðyrkjuskólinn í Ölfusi stóð fyrir haustþingi um plöntusjúkdóma, meindýr og varnir gegn þeim. Bryndís Björk Reynisdóttir garðyrkjufræðingur fjallaði í erindi sínu um plöntuvarnarefni og aðrar varnir gegn meindýrum í garð- og trjárækt.

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Bryndís hóf erindi sitt á stuttri umfjöllun um uppbyggingu lífríkisins og nauðsyn þess að hafa fjölbreytt plöntuval í garð- og trjárækt til að laða að fjölbreytta fánu skordýra sem dregur úr hættunni á að ein tegund verði ríkjandi og geti þannig valdið miklum skaða.

Löðum að alls konar pöddur

„Með því að hafa gróðurinn fjölbreytilegan og velja réttar plöntur sem henta veðurfari og jarðvegi á hverjum stað fyrir sig búum við til skjól og æti og löðum að alls konar pöddur, bæði skaðvalda og náttúrulega óvini þeirra sem hjálpa okkur í baráttunni við óvelkomnu pöddurnar. Þetta snýst um jafnvægi á milli góðu og slæmu gæjanna. Til dæmis má nefna skaða í birkiskógum þegar birkikemba fór að valda usla á vorin og á síðustu árum hefur birkiþéla svo skilið birkið eftir illa útleikið á haustin.

Birkiskógar landsins sem verða fyrir árásum bæði að vori og hausti líta þar af leiðandi ekkert svakalega vel út á meðan þessum árásum stendur en ef skógarnir eru blandaðir ber minna á skaðanum á birkinu á meðan það er að aðlagast þessum nýju óværum eins og það getur.

Það á svo frekar við í garðræktinni að meindýrin geta leitað skjóls í illgresi í nágrenni við nytja- og skrautplönturnar okkar og þarf þá að fjarlægja það illgresi til að koma í veg fyrir að það hýsi meindýr ásamt því að ræna nytjaplönturnar okkar sólarljósi, vatni og næringu ef út í það er farið.“


Bryndís segir að þegar kemur að baráttunni við illgresið sé hægt að reyta það, setja þekju yfir það og brenna það burt með gasbrennara.



Asparglyttupar að gæða sér á alaskaösp.







Hér má sjá þá völundarsmíði sem geitungabú er. Þar sem þetta bú var ansi nálægt útivistarsvæði var það fjarlægt sökum árása geitunganna á mannfólkið í nágrenninu. Búið var fryst, tekið í sundur og skoðað. Búið fór að lokum í lokaðan gegnsæjan kassa og var sýnt leikskólabörnum.

Lífrænar varnir í gróðurhúsum

„Ég er meiri innipúki en skógarpúki og þekki þar af leiðandi aðkeyptu lífverurnar sem notaðar eru sem lífrænar varnir í gróðurhúsum landsmanna.“

Við varnir gegn óværu í gróðurhúsum sem framleiða íslenskar matjurtir er lítið sem ekkert notað af plöntuverndarvörum og mest viðhafðar lífrænar varnir eins og rándýr, sveppir, bakteríur og lyktarefni.

„Íslenskir ylræktarbændur eru ótrúlega flinkir að lesa í plönturnar sínar, sjá hvenær þær eru undir álagi vegna meindýra og grípa til lífrænna varna áður en mikill skaði verður. Lífrænar varnir vinna vinnuna sína mjög vel við þær ákjósanlegu aðstæður sem eru í gróðurhúsunum. Lykilatriði er þó að setja þær inn í húsið á réttum tíma, í byrjun árása meindýranna, en ekki þegar fjöldi meindýra er orðinn það mikill að það er ekki raunhæft að þær nái að vinna bug á meindýrunum. Það er ekki mjög sanngjarn slagur.“

Virka ekki vel undir 16° Celsíus

„Ókosturinn við lífrænar varnir er að þær virka ekki vel við hitastig undir 16° á Celsíus og að þau eru fæst breiðvirk. Pöddur sem eru notaðar við lífrænar varnir eru að vissu leyti eins og við mannfólkið og eiga sinn uppáhaldsmat. Sumar láta sig samt hafa það að nærast á öðru en uppáhaldsmatnum og eru því frekar valdar í gróðurhúsin þegar fleiri en ein tegund meindýra skjóta upp kollinum.“

Að sögn Bryndísar eru allar innfluttar lífrænar varnir leyfisskyldar frá MAST og hafa farið í gegnum strangt mat áður en þær eru leyfðar til að hafa ekki neikvæð áhrif á það lífríki sem til staðar er á einangruðu eyjunni okkar. Tilkynna ber allar sendingar af lífrænum vörnum sem til landsins koma og er það MAST sem tekur við þeim tilkynningum.

„Lífrænar varnir eru yfirleitt ekki fyrirbyggjandi, þó séu undantekningar á því, og því lítið gagn í þeim ef engin fæða er til staðar. Við verðum einnig að huga að því að ef grípa þarf til notkunar á eiturefnum þarf aðgerðin að vera hnitmiðuð svo að hún drepi ekki líka gagnlegu pöddurnar.

Því þarf að hafa sem ákjósanlegastar aðstæður fyrir plönturnar og byggja þannig upp þol þeirra fyrir óværum. Við þurfum að hafa plönturnar okkar vel nærðar, við ákjósanlegar aðstæður og á réttum stað.“ Dæmi um lífrænar varnir sem beita má í gróðurhúsum eru vespur, títur, mý og björllur sem vinna meðal annars gegn blað-, mjöllús, kögurvængjum og mítlum.

Aðgerðaráætlun til ársins 2031

„Samkvæmt aðgerðaráætlun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 2016–2031 þurfa allar plöntuverndarvörur að hafa gengist undir áhættumat áður en þær eru settar á markað hér á landi.

Slíkt mat er kostnaðarsamt og undanfarin ár hefur skránningum slíkra vara fækkað og innflutningur þeirra dregst saman.



Bryndís Björk Reynisdóttir garðyrkjufræðingur. Mynd /Aðsend

Úrval þeirra er því takmarkað miðað við fyrri ár og notkun á þeim hefur minnkað.“ Bryndís segir að þetta hafi bæði kosti og galla.

„Kosturinn er að við notum minna af varnarefnum sem skili okkur í betra umhverfi fyrir fólk og þeim starfsmönnum sem sinna úðun og heilnæmari garðyrkjuafurðum en ókosturinn er að það getur verið varasamt ef ný meindýr nema hér land og ekki fyrir neinar varnir gegn þeim. Eins verður mun meiri hætta á því að meindýr og plöntur myndi þol gegn efnunum ef notast er við sömu efnin eða efni með sömu virkni ár eftir ár. Því þurfum við að hafa aðgang að fleiri efnum til að geta gripið til.

Ég tel að ein lausnin á þessu geti legið í samstarfi við Norðurlöndin um skráningu plöntuverndarvara sem ekki eru skráð hérlendis. Þar sem markaðssvæði okkar á Íslandi er svo lítið eru framleiðendur efnanna ekki alltaf æstir í að skrá vörurnar sínar að fyrra bragði hérlendis vegna lítillar sölu á móti kostnaði við skráningar. Þess vegna þurfum við að fylgjast með því hvaða lausnir eru viðhafðar í nágrannaríkjum okkar og sækja um gagnkvæmar skráningar á efnum sem virka og gætu nýst okkur ef vandamál koma upp í ræktun hérlendis af völdum sjúkdóma og meindýra.“

Plöntuverndarvörur

Umhverfisstofnun heldur utan um skráningar, innflutning, notkun og leyfi sem snýr að notkun plöntuverndarvara. Allar þær plöntuverndarvörur sem leyfðar eru hérlendis falla í tvo mismunandi flokka; almenn notkun og notendaleyfisskyld notkun.

Fyrri flokkurinn inniheldur vörur sem eru til sölu fyrir almenning í garðyrkjuverslunum eða byggingarvöruverslunum. Við kaup á efnum í síðari flokknum þarf að hafa notendaleyfi til að nota þau og geyma og óheimilt að afhenda plöntuverndarvörurnar í notendaleyfisskylda flokknum til aðila nema sá hinn sami geti sýnt fram á að hafa gilt notendaleyfi.“

Val á efnum

Öll plöntuvarnarefni sem eru í boði hér á landi eru skráð á heimasíðu Umhverfisstofnunar og þegar efni eru valin til notkunar verður að velja það með hliðsjón af hvaða meindýr á að nota það á.

„Við val á efni verður að hafa í huga hvernig virkni þess er og hvort það er snerti- eða kerfisvirkt og pöddurnar sem á að losna við verða að vera til staðar.

Til þess að kerfisvirk efni skili sínu þurfa meindýrin að éta af plöntunum sem eru úðuð með þeim og snertivirk efni virka ekki nema meindýrin fái þau á sig. Fyrirbyggjandi úðun er yfirleitt eyðsla á fjármunum og vinnu þar sem efnin vinna yfirleitt ekki á eggjum meindýranna sem eiga þá eftir að klekjast út eftir úðunina.


Sem sagt meindýrið verður að vera til staðar til þess að hægt sé að úða gegn því. Mörg meindýr eiga líka sína uppáhaldsplöntu sem þau leggjast á og því oft óþarfi að úða allar plönturnar í garðinum.“

Snýst um jafnvægi

Bryndís segir að ef grípa þarf til plöntuverndarvara myndi hún eingöngu nota þau á pjattplönturnar sínar. „Plöntur sem eiga erfitt með að koma sér vel fyrir vegna veðurfars eða þær sem eru viðkvæmar fyrir árásunum til að halda í þeim lífinu.

Annars eigum við að hafa allt lífríkið í garðinum þar sem þetta snýst um jafnvægi. Geitungar, köngulær, netvængjur, sviffflugur, klaufhalar, bjöllur, varmasmiðir, margfætlur og vespur eru allt náttúrulegir óvinir meindýranna sem við erum yfirleitt að glíma við og þessa góðu gæja viljum við hafa í garðinum okkar, svo ekki sé minnst á humlur og ánamaðka.

Í skógrækt getur reynst erfitt að úða allan skóginn og stundum eina ráðið að úða jaðra hans, plöntur sem eiga undir högg að sækja vegna meindýra og eftirlætisplönturnar sem eiga erfitt uppdráttar. Mitt persónulega mat er þó að notkun plöntuverndarvara ætti alltaf að vera síðasta úrræðið sem við grípum til í garð- og skógrækt,“ segir Bryndís Björk að lokum.




Ösp eftir nart asparglyttu.





Fyrst má sjá *Aphitoletes* lirfu, lífrænu vörnina, gæða sér á lús. Næsta mynd sýnir það einnig en þriðja myndin sýnir lirfu *Adalia*, maríuhænulirfu, gæða sér á lús en hún er gífurlega nytsamleg lífræn vörn.



Styrkveitingar til verkefna og viðburða
á málefnasviðum ráðherra haustið 2022

Matvælaráðuneytið veitir styrki til verkefna og viðburða á málefnasviðum matvælaráðherra.

Ekki eru veittir styrkir til ríkisstofnana eða sveitarfélaga einstaklinga, rekstrarstyrkir, ferðastyrkir, styrkir til nefndarsetu eða styrkir til BA/BS, eða meistaraprófa. Þá eru ekki veittir styrkir til bæjarhátíða.

Við úthlutun er m.a. horft hvort verkefnin þyki hafa gildi fyrir starfsemi viðkomandi málaflokks, hvort verkefnið búi yfir sérstöðu eða nýnæmi og hvort markmið og mælikvarðar séu skýrir. Frekari upplýsingar um styrkhæfi, mat á umsóknum og viðmið við úthlutum má finna í úthlutunarreglum.

Hver einstakur styrkur getur numið allt að 10% heildarupphæð úthlutana.

Heildarupphæð sem ráðherra hefur til ráðstöfunar haustið 2022 er 10.000.000 kr.

Umsóknarfrestur er til miðnættis 16. desember 2022.

Ráðuneytið mun ekki taka til umfjöllunar umsóknir sem berast utan auglýsts tímafrest eða sem berast eftir öðrum leiðum en í gegnum **eyðublaðavef Stjórnarráðsins**.

Til að umsókn verði tekin gild skulu henni fylgja þær upplýsingar og gögn sem óskað er eftir á umsóknarvef.

Óska má eftir nánari upplýsingum um styrkina gegnum netfangið **mar@mar.is**

Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

Á FAGLEGUM NÓTUM

Ýmsir vankantar við smíði nýju norrænu næringarráðanna

Vinna við norrænu næringarráðin (NNR), sem Norræna ráðherranefndin heldur utan um, hófst í janúar árið 2019 og stefnt er á að kynna þau hérlendis í júní á næsta ári, þegar Ísland fer með formennsku í nefndinni.





Erla Hjördís Gunnarsdóttir.

Undirrituð situr í verkefnahóp norrænna bændasamtaka og fleiri aðila sem tengjast landbúnaði, en nýverið sendi hópurinn bréf til Norrænu ráðherranefndarinnar, vegna ýmissa vankanta sem þau sjá á vinnu við nýju norrænu næringarráðleggingarnar.

Norðurlöndin hafa frá árinu 1980 haft samstarf um næringarráðin og hafa þær verið endurskoðaðar reglulega en síðast komu þær út árið 2012. Nýju íslensku ráðleggingarnar, sem fyrirhugað er að komi út árið 2024, byggja á norrænu næringarráðleggingunum, öðrum rannsóknum á sambandi næringar og heilsu ásamt niðurstöðum kannana á mataræði Íslendinga, bæði barna og fullorðinna.

Með bréfinu sem sent var til Norrænu ráðherranefndarinnar í nóvember lýsti verkefnahópurinn yfir áhyggjum af þeirri vinnu og því aðgerðarleysi sem er í framkvæmd af starfandi nefnd um norræn næringarráð (NNR). Dregið er í efa hversu afdráttarlaus tilvísun er í umhverfisleg áhrif og er hætta talin á að norrænu næringarráðleggingarnar muni ráðast frekar af loftslagsmarkmiðum heldur en þáttum sem snúa að næringu og heilsu. Mikilvægt er að allir þættir sjálfbærni séu með, ekki eingöngu sem snúa að umhverfismálum, heldur einnig efnahagslegri og félagslegri sjálfbærni.







Dönsku næringarráðin komu út í janúar árið 2021. Aðaláherslur dönsku ráðanna er að minnka kjötneyslu til muna, bæði á rauðu og hvítu kjöti, eða úr 500 grömmum á viku niður í 350 grömm á viku. Í Noregi er neysla á rauðu kjöti um 700 grömm á viku, í núverandi næringarráðum á Íslandi er mælt með að takmarka neyslu á rauðu kjöti við 500 grömm á viku. Áður fyrr var mælt með allt að 500 millilítrum af neyslu mjólkurvara á dag en í nýju dönsku ráðunum er sú tala komin í 350 millilítra. Á Íslandi er mælt með tveimur skömmtum af mjólkurvörum á dag sem samsvarar 500 millilítrum en í Noregi er sú tala 750 millilítrar. Hér á gröfunum má sjá muninn á milli Íslands, Danmerkur og Noregs í ráðleggingum á neyslu en þó skal tekið fram að ekki eru til sérstök ráð um eggjaneyslu á Íslandi, það er magn eggja á viku, magnið hér á landi er áætlað út frá framleiðslutölum frá Hagstofunni. Í Noregi borðar hver íbúi um 4 egg á viku. Nýju dönsku ráðin mæla með neyslu á 2 eggjum á viku.

Fylgjandi róttækri breytingu matvælakerfa

Norræna hópnum finnst skorta á góða og vísindalega aðferðarfræði ásamt gagnsæi við vinnu norrænu næringarráðanna í því starfi sem á endanum mun hafa áhrif bæði á lýðheilsu og samfélagið almennt á Norðurlöndunum, þá sérstaklega á búskap og matvælaframleiðslu.

Í fyrsta lagi er samsetning starfshópsins sem vinnur að norrænu ráðunum áhyggjuefni. Svo virðist sem horft hafi verið framhjá sérfræðingum og rannsóknarstofnunum með hæfni og innsýn í sjálfbæra matvælaframleiðslu á Norðurlöndunum. Þess í stað var bresk hugveita, Chatham House, með fulltrúana Helen Harwatt og Tim Benton, fengin til að meta sjálfbærnikafla ráðanna.

Þetta gerist án útboðsferils og ekki virðist hægt að fá opinberar upplýsingar um hvernig þessi ákvörðun var tekin. Okkur finnst það í hæsta máta óeðlilegt að bresk stofnun, sem lýst er sem hugveitu, sem líta má á sem hugmyndafræðilega stofnun, beri meginábyrgð á því að skapa vísindalegan grunn fyrir ríkisvald í stað þess að vera í samstarfi við landbúnaðarstofnanir á Norðurlöndunum sem hafa unnið við sjálfbæra matvælaframleiðslu í áratugi.

Bæði Helen og Tim hafa lýst því opinberlega að þau séu fylgjandi róttækri breytingu á matvælakerfinu og eru talsmenn mikillar fækkunar á framleiddum matvælum úr búfénaði. Róttækar breytingar á matvælakerfinu og ráðleggingum um mataræði munu hafa miklar afleiðingar fyrir fæðuöryggi, sjálfsbjargarviðleitni, nýtingu staðbundinna auðlinda, líffræðilegan fjölbreytileika, efnahag og atvinnu á Norðurlöndunum.

Þar að auki eru margar rannsóknir sem sýna fram á jákvæð áhrif dýraframleiðslu á bæði næringu, heilsu og sjálfbærni sem hefði mátt vera með. Helen hefur meðal annars lagt fram tillögur í Bretlandi þar sem 60-80% af landbúnaðarsvæði verði fjarlægt og í stað þess komi búsvæði fyrir villt dýr, ræktun grænmetis og skóga. Harwatt er einnig hluti af Animal Law, sem berst fyrir réttindum dýra. Þar að auki er Jelena Meinil höfundur kafla um kjöt og kjötafurðir. Hún hefur gefið út skýrslur þar sem fram kemur að draga þurfi úr kjötneyslu, rautt kjöt sé ekki sjálfbært og að matur úr dýraríkinu sé ekki æskilegur.

Tekst ekki að viðurkenna fæðuöryggi

Fyrsta bakgrunnsritgerð sem gefin var út um sjálfbærni á þessu ári í norrænu ráðunum sleppir þeim jákvæðu áhrifum sem búfjárframleiðsla hefur á líffræðilegan fjölbreytileika. Sauðfé, geitur og nautgripir eru jórturdýr sem éta gras og jurtir. Þegar þessir búfjárhópar fá að ganga frjálsir um beitiland og á víðavangi skapa þeir opið sléttlandslag með búsvæðum fyrir þúsundir annarra tegunda. Þess vegna gegna beitardýr mikilvægu hlutverki í að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika og vistfræðilegri virkni beitar. Þar að auki er ekki fjallað um jákvæð áhrif nýsköpunar í matvælaframleiðslu sem er sennilega ein öflugasta leiðin í átt að loftslagshlutlausri og sjálfbærri matvælaframleiðslu í framtíðinni. Það sem er einnig eftirtektarvert er að í norrænu ráðleggingunum eru þættir sem tengjast fæðuöryggi og mikilvægi þess ekki viðurkennt, jafnvel þó að fæðuöryggi sé órjúfanlegur hluti af sjálfbærri matvælaframleiðslu. Ljóst er að mikill svæðisbundinn munur er á milli Norðurlandanna hvað varðar auðlindir, loftslag, árstíðir og framboð ljóss.

Norðurlöndin hafa takmarkaða möguleika á grundvallarbreytingu í matvælaframleiðslukerfinu. Tilfinning nefndarinnar virðist vera að auðvelt sé að nýta svæði sem notuð eru til dýraframleiðslu til matvælaframleiðslu úr jurtaríkinu. Þetta er grundvallarmisskilningur norræna matvælakerfisins, þar sem dýr, og sérstaklega jórturdýr, eru lykilaðilar í því að breyta fæðuauðlindunum sem ekki henta til manneldis, í mjög næringarríka fæðu. Ríflegur samdráttur í dýraframleiðslu myndi ekki aðeins hafa versnandi áhrif á svæðisbundinn landbúnað, heldur einnig draga úr sjálfsbjargarviðleitni og fæðuöryggi. Þar að auki myndi það leiða til

Lífræn framleiðsla – nú er lag

Á undanförnum árum hefur VOR látið til sín taka með ýmsum hætti til að hvetja til aukinnar lífrænnar framleiðslu hér á landi.



Eygló Björk Ólafsdóttir.

Sú vinna er liður í samstarfssamningi matvælaráðuneytisins, Bændasamtaka Íslands og VOR um ráðstöfun á því fjármagni sem gengur af eftir úthlutun aðlögunarstyrks til bænda sem skilgreindur er í búvörusamningum, en VOR fer með framkvæmdina.

Sem liður í þessari vinnu er Lífrænt Ísland verkefnið, sem var komið á legg nýlega sem heimasíða og umgjörð um vottaða framleiðslu sem uppruna á hér á landi. Lífrænt Ísland.is hefur nú fengið nýja ásýnd og er síðunni ætlað að gefa yfirlit um íslenska framleiðendur á einum stað, veita fræðslu til almennings um hvað liggur að baki vottunarmerkinu, gæði og eiginleika lífrænna vara.

Þar er líka að finna greinar og pistla, vísað er á erlendar rannsóknir sem gerðar hafa verið í lífrænum landbúnaði o.fl.-



Kristján Oddsson, Ása Hlín Gunnarsdóttir og Helgi Rafn Gunnarsson frá Bíóbú.

Lífrænt nær yfir fleiri vöruflokka

Lífrænt Ísland er auk þess samstarfsvettvangur framleiðenda lífrænt vottaðra vara og var skipulagður sýningarbás á Landbúnaðarsýningunni í október sl. hvar framleiðendur voru með matvörur og snyrtivörur, en flest þeirra fyrirtækja eru rótgróin og hafa starfað innan vottunarkerfisins um árabil. Vottaðar afurðir með uppruna á Íslandi ná yfir breitt svið og fyrirfinnast í nær öllum matvöruverslunum; ylræktað og útiræktað grænmeti, kornafurðir og unnar vörur sem innhalda íslenskt korn, egg, mjólkurvörur, nautakjöt og nú er lambakjöt með lífræna vottun aftur komið á markað.
Einnig er löng hefð fyrir vottaðri snyrtivöruframleiðslu hér á landi.



Sölvanes í Skagafirði fékk afhent fyrsta vottunarskírteinið sitt á Landbúnaðarsýningunni.

Mikilvægt er að hafa í huga hina víðu skírskotun sem vottun um lífræna framleiðslu hefur; Evrópulaufið nær nú yfir fleiri vöruflokka en áður í kjölfar breytinga á Evrópureglugerð sem tóku gildi í upphafi árs. Merkið er nú hægt að nota t.d. í fiskeldi, á ýmsar náttúrunytjar og salt. Þessu ber að fagna því með auknum fjölda framleiðenda eykst sýnileiki og slagkraftur greinarinnar.

Tækifæri innan nýrrar matvælastefnu

Lífrænn landbúnaður og framleiðsla á mikið erindi inn í framtíðina. Í nýframsettri matvælastefnu sem matvælaráðuneytið hefur kynnt og tók til umfjöllunar á Matvælaþingi nýverið endurspeglast metnaður fyrir íslenskri matvælaframleiðslu í fremstu röð. Íslensk matvæli skulu vera hrein, holl og þróa skal framleiðslugreinar á grundvelli sjálfbærrar nýtingar auðlinda. Sem rauður þráður í umræðum á Matvælaþingi komu fram væntingar um að náð sé utan um t.d. næringarefnin og þeim skilað inn í hringrásina, að varðveita þurfi jarðveginn, enda ein mikilvægasta auðlind til framtíðar. Lífrænn landbúnaður gerir það sannarlega, enda hefur hann heilsu jarðvegs sem meginmarkmið og vinnur að sjálfbærni á öllum sviðum samkvæmt skýrum leiðbeiningum og eftirliti óháðs vottunaraðila.

Matvælastefna ber einnig með sér það markmið að auka verðmætasköpun í matvælaframleiðslu. Nýsköpun og öflug vöruþróun einkennir þennan vöruflokk erlendis og hér á landi hafa framleiðendur staðið fyrir mikilli nýsköpun sem hefur verið vel tekið af neytendum.



Samtök norrænna bændasamtaka á Norðurlöndunum (NBC), sendu Norrænu ráðherranefndinni yfirlýsingu í sumar þar sem samdóma áliti var lýst að nýju norrænu næringarleiðbeiningarnar væru langt frá núverandi matarmenningu. Einnig var bent á mikilvægi þess að útiloka ekki sérstaka fæðuhópa við gerð ráðanna, ná þyrfti til fólks á öllum stigum lífsins og að án dýrapróteina geti verið erfitt að tryggja nægilega næringarþörf fólks. Mynd frá fundi hópsins á dögunum í Finnlandi, þar sem Mats Nylund (fyrir miðju), formaður SLC, sænskumælandi finnskra bænda, var meðal annars upplýstur um stöðu mála norrænu næringarráðanna.

aukinna innflutningshlutfalla og hugsanlega auka þrýsting á alþjóðlegt matvælaverð. Miðað við eftirspurn eftir aukinni matvælaframleiðslu á heimsvísu virðist fáfróðlegt að innleiða ráðleggingar um mataræði á Norðurlöndunum sem gætu leitt til minnkandi matvælaframleiðslu. Samdráttur í innlendri framleiðslu matvæla gæti leitt til aukinnar framleiðsluháðar í löndum á áhættusvæðum með tilliti til loftslagsbreytinga.

Minnkandi og óbreytt sýn á næringu og heilsu

Áhyggjuefni er að ýmsir kaflar ráðanna horfi frekar til annarra þátta en næringar og heilsu. Fituríkar mjólkurvörur, eins og ostur og heilfitujógúrt, eru dæmi um matvæli sem innihalda meira magn af mettuðum fitusýrum en sýna samt gífurlegan heilsufarslegan ávinning þegar það er hluti af jöfnu, fjölbreyttu og næringarríku fæði.

Sömu rök eiga við um kjöt sem inniheldur prótein og járn með miklum gæðum sem erfitt getur verið að skipta út með öðrum matvælum. Oft og tíðum er aukin hlutfallsleg heilsufarsáhætta tengd kjötneyslu notuð sem rök til að draga úr neyslu þessara matvæla. Hins vegar, eins og raunin er í fyrstu sjálfbærnidrögunum, er engin umræða um muninn á hlutfallslegri og algerri áhættu í tengslum við heilsufarslegan ávinning af kjötneyslu innan núverandi næringarleiðbeininga.

Vinnuhópurinn sleppir að nefna nýlegar og sannfærandi rannsóknir sem leggja áherslu á hvernig viðkvæmir hópar íbúa, svo sem börn og unglingar, konur á frjósömum aldri sem og aldraðir og veikir, þurfa sérstaklega á næringarríkri fæðu að halda sem finnast nær eingöngu í matvælum af dýrum. Þar að auki vísa höfundarnir ekki til matvælafræðinnar, sem tekur heildræna nálgun á næringu og mataræði. Það sem má þó líta jákvætt á er að fagaðilum gefst færi á að senda inn athugasemdir um kafladrög sem er mikilvægt og gott skref við smíði ráðanna.

Erla Hjördís Gunnarsdóttir,
samskiptastjóri BÍ.



Hraundís Guðmundsdóttir framleiðir ilmkjarnaolíur úr íslenskum skógum með lífrænni vottun.

Eftir því sem vottuðum íslenskum vörum fjölgar í hillum verslana styrkir það samkeppnisstöðu íslenskrar framleiðslu gagnvart innflutningi og skapar jafnframt möguleika til útflutnings.

Lífræn vottun getur verið mikilvægur aðgöngumiði að erlendum mörkuðum, gæðainnsiglið sem hið evrópska vottunarmerki ber með sér er gilt á mörkuðum beggja vegna Atlantshafsins, Evrópu og Bandaríkjunum, markaðssvæði hvar meira en 700 milljónir manna búa.

Aðgerðaráætlun í augsýn

Aðgerðaráætlun stjórnvalda fyrir lífræna framleiðslu er nú í undirbúningi og eðlilegt að vænta þess að þar verði blásið í segl og hugað betur að stuðningi, starfsskilyrðum og rannsóknum.

Áhersla á lífrænan landbúnað er mikilvæg til að efla nýsköpun í landbúnaði og fullvinnslu afurða. Áhrif lífrænnar framleiðslu eru auk þess jákvæðar fyrir lýðheilsu og umhverfi og lífrænn landbúnaður leggur ýmislegt til í loftslagslegu tilliti. Í þessu felast fjölbreytt tækifæri fyrir bændur sem aðra framleiðendur til framtíðar.

Eygló Björk Ólafsdóttir,
formaður VOR (Verndun og ræktun) – félag um lífræna ræktun og framleiðslu.









Áramótatilboð KUBOTA

Verðlista yfir helstu heyvinnutæki frá KUBOTA árið 2023 ásamt tilboði sem gildir fram að áramótum hefur verið dreift á öll lögbýli landsins.

Hafir þú ekki fengið eintak sent heim biðjum við þig að hafa samband og við sendum þér KUBOTA verðlistann 2023 um hæl.

Einnig er hægt að hlaða honum niður af vefsíðu okkar:
thor.is/kubota-2023

ÞÓR HF

REYKJAVÍK:	AKUREYRI:	Vefsíða:
Krókháls 16	Baldursnes 8	www.thor.is
Sími 568-1500	Sími 568-1555	

Á FAGLEGUM NÓTUM

Skýrsluhald – heimarétt WorldFengs

Halla Eygló Sveinsdóttir
ráðunautur, búfjárræktar- og þjónustusvið
halla@rml.is

Nú þegar líður að áramótum og allir eru búnir að skila haustskýrslu til matvælaráðuneytisins er gott að huga að hvað er ógert varðandi skráningar í WorldFeng.


Þegar þetta er ritað er búið að grunnskrá 3.299 folöld. Fjöldi fæddra folalda sem skráð hafa verið í WF síðustu ár hefur verið rétt innan við 6.000, þannig að talsvert á eftir að bætast við.
Rétt er að fara yfir eftirfarandi í heimarétt WF:

- Er búið að gera grein fyrir fangskráningu? Skráning á fangi er forsenda þess að hægt sé að skrá afdrif fangs á næsta ári.
- Er búið að merkja við þá fola sem voru geltir í sumar?
- Er búið að gera grein fyrir afdrifum hrossa?
- Er litaskráning í lagi?
- Er búið á setja inn nöfn á þau hross sem hafa verið nefnd?


Aðeins til upprifjunar, þá eru þessar leiðir færar til að skrá fyljun:

√ Stóðhestseigandinn skráir í sinni heimarétt hvaða hryssur voru hjá hestinum. Hryssueigandinn fær sjálfkrafa tilkynningu úr WF í tölvupósti þegar það hefur verið gert (ef netfang í WF er rétt skráð).







Mynd 1 Staðfesting komin frá öðrum stóðhestseigandanum.



Mynd 2. Valmyndir í heimarétt WF.



Mynd 3. Skráning á folaldi, sjálfvirk skráning á ræktanda og eiganda.



Mynd 4. Skráning á folaldi, skrásetjari skráir upplýsingar um ræktanda og eiganda. Þessi breyting er kærkomin og ætti að auðvelda mjög skráningu á ræktendum og eigendum folalda.

√ Hryssueigandi skráir fang á sínar hryssur í sinni heimarétt. Þær hryssur birtast síðan í heimarétt stóðhestseigandans sem staðfestir að hryssurnar hafi verið hjá hestinum. Geri hann það ekki fer skráning hryssueigandans ekki í gegn. Það er því mjög mikilvægt að stóðhestseigendur fylgist með hvort hryssur eru að bætast inn á hestinn í heimaréttinni. Skráning hryssueiganda á fangi er í raun tilkynning til stóðhestseiganda sem hann þarf síðan að staðfesta til að hún verið virk.
√ Stóðhestaskýrslu eða fyljunarvottorði skilað inn til RML, undirrituðu af stóðhestseiganda eða umsjónarmanni hestsins. Ef hryssurnar hafa verið sónarskoðaðar þarf dýralæknir að votta með sinni undirskrift niðurstöður úr skoðuninni. Upplýsingar um sónarskoðun eru ekki skráðar nema

Skógarbændur og Bændasamtök Íslands

Á aðalfundi Landssambands skógareigenda (LSE) sem haldinn var í Borgarnesi í maí 2021 var samþykkt að skógarbændur gerðust félagar í Bændasamtökum Íslands (BÍ).



Guðmundur Sigurðsson.

Sú sameining varð síðan að veruleika á búgreinaþingi í mars 2022. Stofnuð var búgreinadeild skógarbænda innan Bændasamtakanna, skammstafað Skóg BÍ, sem tók þá við því starfi sem áður tilheyrði LSE. LSE er enn til en ekki með neina starfsemi en er eigandi að 51% af Kolefnisbrúnni á móti BÍ sem á 49%. Aðalfundur Skóg BÍ er búgreinaþing skógarbænda sem haldið er í febrúar/mars ár hvert á sama tíma og aðrar deildir innan Bændasamtakanna halda sín búgreinaþing. Búgreinaþingið er fulltrúaþing en opið öllum félögum Skóg BÍ.

Til að gerast félagi að BÍ og þar með Skóg BÍ þarf viðkomandi að ganga í BÍ og greiða þar árgjald. Árgjaldið er veltutengt og greiða félagar með 0-1,9 milljón kr. veltu 15 þúsund kr. í árgjald. Hver og einn þarf að sækja um aðild að BÍ í gegnum Bændatorgið á heimasíðu BÍ, bondi.is, og skógarbændur þurfa að merkja við skógrækt og eru þá sjálfkrafa félagar í Skóg-BÍ. Viðkomandi þarf ekki að vera félagsmaður í Félagi skógarbænda þó það sé vissulega æskilegt.

Fulla aðild að BÍ geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar sem þess óska og stunda búrekstur í atvinnuskyni eða vegna eigin nota. Aðild samkvæmt þessum staðli veitir full réttindi fyrir tvo einstaklinga. Bændasamtökin eru félagasamtök bænda og þar með skógarbænda og fara með hagsmunamál þeirra sem annarra bænda. Bændasamtökin hafa á að skipa lögfræðingi, hagfræðingi umhverfisfræðingi ásamt ýmsum sérfræðingum sem tilbúnir eru til starfa fyrir skógarbændur, t.d. að markaðsmálum. Hlynur Gauti Sigurðsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri LSE, er starfsmaður BÍ og er hann ávallt tilbúinn að starfa með skógarbændum. Bændasamtökin gefa út Bændablaðið, þar geta skógarbændur komið á framfæri fréttum af starfinu og kynnt sjónarmið sín í landbúnaðarpólitíkinni eða öðru því sem þeir vilja koma á framfæri. Félagsmenn í BÍ fá 30% afslátt af vissum forritum BÍ. Þeir hafa rétt til að leigja orlofsíbúð á höfuðborgarsvæðinu, Þeir geta sótt um stuðning í starfsmenntasjóð. Sjá frekar á bondi.is.



Verkefni á sviði loftslagsmála verða sífellt fyrirferðarmeiri í starfi Bændasamtakanna. Gerðar eru miklar kröfur til landbúnaðar varðandi samdrátt í losun en ekki síður kolefnisbindingu. Frumkvæði skógarbænda að stofnun Kolefnisbrúarinnar hefur reynst mikilvægur þáttur í að skapa ramma um verkefni sem snúa að kolefnisbindingu. Á þessu sviði eru hlutirnir að gerast hratt og án efa munu verkefni Kolefnisbrúarinnar skapa mikil tækifæri til skógræktar um allt land. Á Búnaðarþingi 2020 var samþykkt Umhverfisstefna landbúnaðarins 2020-2030. Eitt af megináhersluatriðum í stefnunni er aukin áhersla á skógrækt í tengslum við loftslagsaðgerðir.

Enda er leiðarljós stefnunnar loftslagsmál, sjálfbærni og vistheimt. Bændasamtökin leggja áherslu á það í sínu starfi að skógrækt skapar, nú þegar, mikil verðmæti í viðarafurðum. Á þessu sviði eru mörg ónýtt tækifæri í að skapa verðmæti og störf víða um land. Þá má ekki gleyma því að skógrækt og skjólbeltaræktun getur skapað betri ræktunarskilyrði sem aðrar búgreinar, einkum kornrækt og grænmetisrækt, njóta góðs af.

Áform um eflingu kornræktar og útiræktunar á grænmeti þurfa að byggja á því að meira verði gert í því

Hver er ávinningur minn af því að vera í Bændasamtökunum?

- Bændasamtökin vinna að hagsmunum allra bænda og eru málsvari stéttarinnar
- Þú ert þátttakandi í samtökum bænda og getur haft áhrif á félagsstarfið
- Þín aðild eflir kynningar- og ímyndarmál landbúnaðarins
- Þú nýtur ráðgjafar um réttindi og málefni sem snerta bændur
- BÍ koma fram fyrir þína hönd gagnvart ríkisvaldinu og gera samninga fyrir bændur
- Þú nýtur 30% afsláttar af vissum forritum BÍ – sjá verðskrá RML
- Þú getur leigt orlofsíbúð á höfuðborgarsvæðinu
- Sem félagsmaður getur þú sótt um stuðning í starfsmenntasjóð
- Félagsmenn eiga kost á að sækja um stuðning í Velferðarsjóð þegar áföll knýja dyra

Samtakamáttur heildarinnar er mikill og verður meiri eftir því sem fleiri taka þátt.

Af heimasíðu BÍ, bondi.is

skýrslan sé undirrituð af dýralækni.

Til glöggvunar fyrir hryssueigendur kemur grænt hak fyrir aftan upplýsingar um fangskráningu ef stóðhestseigandi hefur staðfest skráninguna.

Eins og sjá má á **mynd 1** hér fyrir ofan er búið að staðfesta eina fangskráningu en ekki hinar tvær.

Að gefnu tilefni er rétt að benda notendum WorldFengs á að fara inn í heimaréttina sína undir flipann „Um mig“ og kanna hvort þar komi ekki örugglega upp rétt netfang. Ef netfang vantar eða það er ekki rétt er lítil von til að tilkynningar úr WF skili sér á réttan stað. **(Mynd 2).**

Nýjung í heimarétt WF

Ein breyting var gerð á heimaréttinni nú í haust og hún er sú að nú geta hryssueigendur ákveðið hvernig þeir vilja að skráning verði á ræktanda og eiganda um leið og þeir skrá folald. Hingað til hefur það verið þannig að þegar folald er skráð í gegnum heimarétt þá hefur eigandi móður sjálfkrafa verið skráður ræktandi og eigandi að folaldinu.

Eins og sjá má neðst á **mynd 3** er kominn möguleiki á að taka út hak þar sem stendur „Eigandi móður skráður sem ræktandi og eigandi folalds“.

Ef hakið er tekið úr þá opnast nýir gluggar, „Fjöldi ræktenda“ og „Fjöldi eigenda“ (sjá mynd 4). Ef ræktendur eru tveir þá opnast möguleiki að skrá inn tvo aðila. Sama gerist ef valið er að eigandi sé einn, þá opnast möguleiki á að skrá einn eiganda eins og sjá má á **mynd 4.**

Þessi breyting er kærkomin og ætti að auðvelda mjög skráningu á ræktendum og eigendum folalda.

Dálítið er um að það vanti skráningu á lit á hrossum í WF en við viljum endilega að hann sé skráður. Upplýsingar um litanúmerakerfið er að finna í WF. Litakerfið er þannig upp sett að lit er lýst með fjórum tölustöfum.

Fyrsti tölustafurinn segir til um aðallit (rautt, brúnt ...), sá næsti blæbrigði (ljósrautt, dökkrautt o.s.frv.), þriðji tölustafurinn segir til um hvort hrossið er einlitt, tvílitt eða með stjörnu, nös, sokk o.s.frv. Fjórða og síðasta talan er enn frekara auðkenni, s.s. glófext, vagl í auga, glaseygt o.s.frv.

Þetta er því ekki eins flókið og það kannski virðist við fyrstu sýn. Ástæða þess að litur er skráður á þennan hátt er að þá er hægt að skoða á auðveldan hátt fjölda ákveðinna lita í stofninum.

Ef litur væri eingöngu skráður með orðum s.s. rauðstjörnóttur þá gætum við ekki unnið á sama hátt með þessar upplýsingar. Það er hins vegar um að gera að lýsa litnum líka með orðum, ekki hvað síst ef hrossið hefur einhver einkenni sem ekki rúmast innan þessa talnakerfis.

Tekið er á móti skýrsluhaldspappírum á öllum starfsstöðvum RML. Skráning fer að mestu fram á starfsstöðvunum á Akureyri og á Selfossi og því æskilegt að þeir sem senda pappíra með pósti sendi á heimilisföngin:

RML, Óseyri 2, 603 Akureyri, eða
RML, Austurvegur 1, 800 Selfoss

Ef eitthvað er óljóst varðandi skýrsluhaldið er hægt að senda fyrirspurnir á netföngin agg@rml.is eða halla@rml.is eða hringja í síma 516-5000.

---

að nýta skjólbelti og skógrækt til að bæta ræktunarskilyrði.

Í samkomulagi sem undirritað var 4. janúar 2022 af atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu, Bændasamtökunum og búgreinadeild skógarbænda innan BÍ um verkefni vegna skógarafurða samkvæmt 12. grein rammasamnings frá 19.2.2016 með síðari breytingum og búnaðarlaga nr. 70/1998 mun BÍ leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- Standa vörð um og efla íslenska nytjaskógrækt, skjólbeltarækt og stuðla að fræðslu og kynningu á þeim tækifærum sem felast í skógrækt.
- Koma á stöðugu framboði af innlendum skógarafurðum, þar á meðal kolefnisbindingu í skógum, hvetja til aukinnar notkunar á efni úr íslenskum viði og ýta undir þróun úrvinnsluiðnaðar.
- Aðilar að samkomulaginu eru sammála um að búgreinadeild skógarbænda innan BÍ annist framkvæmd þess fyrir hönd samtakanna. Fulltrúi deildarinnar undirritar samkomulagið í ljósi þess.

Auk þess segir í samkomulaginu að hlutverk BÍ sé að nýta framlagið til að standa straum af kostnaði við ýmis verkefni fyrir skógarbændur, t.d kynningu á tækifærum sem felast í skógrækt, vinna í samstarfi við Skógræktina og skógarbændur um nákvæma viðarmagnsúttekt í hverjum landshluta. Leggja grunn að þróun, framleiðslu og söluferli fjölbreyttra skógarafurða og efla menntun, hönnun, framleiðsluferli og markaðssetningu.Safna upplýsingum á einn stað um nýtanlegt magn viðar sem liggur fyrir og hvað hægt er að nálgast. Vinna að kolefnisjöfnuði íslensks landbúnaðar með öðrum búgreinum

Hlutverk ráðuneytisins er að greiða til BÍ umsamdar fjárhæðir eins og þær eru tilgreindar í rammasamningi. Samkomulagið gildir til ársins 2026.

Af þessu má sjá að BÍ hefur viðamiklu hlutverki að gegna hvað varðar að efla störf og stöðu skógarbænda. Sú vinna verður unnin í samstarfi og samráði við skógarbændur. Í dag eru skógarbændur fáliðaðir í BÍ miðað við þann fjölda sem skráður er í LSE, úr þessu þarf að bæta til að rödd skógarbænda verði öflugri innan heildarsamtakanna.

Eftir því sem fleiri skógarbændur verða félagsmenn í BÍ og um leið í búgreinadeild skógarbænda verða skógarbændur með sterkari samningsstöðu gagnvart fjárveitingarvaldinu og eins verður allt þeirra félagsstarf öflugra sem leiðir til fjölbreyttara og árangursríkara starfs.

Hægt er að hafa samband við þjónustufulltrúa BÍ í síma 563-0300 til þess að fá aðstoð við skráningu í Bændasamtökin. Netfang BÍ er bondi@bondi.is. Tilvonandi félagsmenn, sem hafa aðgang að Bændatorginu, geta skráð sig í samtökin þar með einföldum hætti. Þeir bændur sem stunda skógrækt og eru í BÍ gegnum aðra búgrein geta tengt sig við skógrækt með því að haka við skógrækt í viðkomandi reit í Bændatorginu.

Mikilvægt er fyrir skógarbændur að skrá sig í Bændasamtökin fyrir áramót til að eiga rétt á að velja fulltrúa til setu á búgreinaþingi deildarinnar sem haldið verður í mars.

Guðmundur Sigurðsson,
skógarbóndi og stjórnarmaður í búgreinadeild skógarbænda innan Bændasamtaka Íslands







SKÓGRÆKT



Vel hentar að rækta rauðgreni sem jólatré í skógarrjóðrum og á öðrum skjólsælum stöðum.
Myndir / Pétur Halldórsson

Rauðgreni *(Picea abies)*

Hið eina sanna jólatré er í margra huga rauðgreni. Samt hefur það látið undan síga sem jólatré á Íslandi.



Af grenitegundum þroskar rauðgreni stærstu könglana.

Okkur gengur illa að láta það endast öll jólin í hlýjum og þurrum húsakynnum okkar. Ef vatnið lækkar niður fyrir stubbinn í jólatrésfætinum missir tréð safaspennu og hættir að geta dregið upp vatn. Þá þornar það fljótt upp og barrið fellur af. Það finnst okkur leitt.

Í Skandinavíu, Þýskalandi og víðar er gömul hefð að sækja sér rauðgrenitré út í skóg fyrir jólin og á gömlum jólakortum og myndskreytingum í jólasögum sjást tré sem líkjast rauðgreni. Ekki skyldi vanmeta rauðgrenið því með alúð er vel hægt að láta barrið halda sér fram á þrettándann. Frískt rauðgreni er fallega grænt og ilmar vel.

Rauðgreni er stórt tré og nær örugglega að minnsta kosti 30 metra hæð hérlendis. Í fornum heimkynnum finnast allt að 55 metra há tré af tegundinni og þau geta þar náð a.m.k. 300 ára aldri. Vaxtarlagið er einkennandi, einstofna og beinvaxin tré með fremur mjóa, keilulaga krónu. Það minnir mjög á ýmsar þintegundir, ekki síst síberíuþin, sem endurspeglast í latneska tegundarheitinu *abies*, sem þýðir „eins og þinur“.

Á meginlandinu vex tegundin hratt í æsku og er ekki óalgengt að sjá 50-100 sentímetra ársprota á rauðgreni. Miklar vonir voru bundnar við rauðgreni á fyrstu áratugum skógræktar á Íslandi. Rauðgreni frá Norður-Noregi var mikið gróðursett hér frá 1950 og fram yfir 1970 en minna síðan. Það vex mjög hægt. Kvæmi frá Suður-Noregi vaxa mun betur. Hins vegar þola ungplöntur rauðgrenis illa við á berangri hér á landi og því fór svo að þegar hætt var að gróðursetja í skjóli birkiskóga var rauðgreni ekki lengur gjaldgengt til skógræktar í miklum mæli. Vel hentar þó að rækta það sem jólatré í skógarrjóðrum og á öðrum skjólsælum stöðum, til að auka fjölbreytni í skógum, á útivistarsvæðum og í görðum enda mjög fallegt tré. Best gengur ræktun rauðgrenis í innsveitum hérlendis og mest er af því á Norður- og Austurlandi.

Auk þess að vera gott jólatré eru styrkleikar rauðgrenis gott frostþol vor og haust, sem leiðir af sér að vaxtarskemmdir verða nánast engar og trén verða einstaklega beinvaxin. Annar styrkleiki er gæðaviðurinn, ekki síst viður af hægvöxnum rauðgrenitrjám sem er eftirsóttur í ýmsa sérsmíði, svo sem glugga, hurðir og annað þar sem þarf þéttan, stöðugan við. Til veikleika má aftur á móti telja að rauðgreni er viðkvæmt fyrir vindnæðingi og þolir illa saltákomu af sjó. Helsta óværa sem herjað hefur á rauðgreni hérlendis er köngulingur, agnarsmá áttfætla sem stingur gat á frumur á yfirborði nála þannig að á þeim myndast rauðgulir flekkir og trén verða ljót.

Áhugasömum um ræktun rauðgrenis skal bent á að tegundin launar ræktandanum ríkulega ef hann sér henni fyrir skjóli í æsku og frjósömum jarðvegi. Ekki er ráðlegt að gróðursetja rauðgreni í lyngmóum því þar eru skilyrði of fátækleg. Vel getur borgað sig að sækja skógarmold í eldri greniskóg og nesta smáplönturnar með henni. Moldinni má dreifa yfir plöntubakkana eða dýfa bökkunum í bala með moldarblönduðu vatni. Þá ættu ræturnar að fá með sér hagstætt jarðvegslíf sem hjálpar trjánum að komast í vöxt.

Rauðgreni er kennt við Noreg á enskri tungu, jafnvel þótt á jarðsögulegum mælikvarða sé fremur stutt síðan tegundin barst þangað eftir ísöld. Hún á náttúrleg heimkynni víða um norðanverða Evrópu, langt austur í Rússland, í fjöllum Mið- og Austur-Evrópu austur til Balkanskaga. Þá hefur hún verið tekin til ræktunar víðs vegar um Vestur-Evrópu og einnig vestanhafs. Rauðgreni er náskylt síberíugreni, sem einnig hefur verið kallað vetrargreni *(Picea obovata)* og geta þessar tegundir auðveldlega blandast. Tvennt í viðbót er sérstakt við rauðgreni. Það fær stærstu köngla allra grenitrjáa og á fjallinu Fulufjället í Dölunum í Svíþjóð er rauðgrenirót sem skotið hefur upp trjám í um 9.550 ár. Það er því ein elsta lífvera heims, ef til vill sú elsta.

Pétur Halldórsson.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Með því að fylgjast með leguhegðun má fá afar gagnlegar upplýsingar um ástand fjósa.

„Spjallað“ við kýr

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Atferli, hegðun, útlit og ástand nautgripa getur gefið gríðarlega mikilvægar upplýsingar um bústjórnina á kúabúum, aðstæðurnar sem nautgripirnir búa við og atlætið sem þeir fá.


Eitt af mínum uppáhaldsráðum til kúabænda er einmitt að segja þeim að „spyrja“ kýrnar sínar að hinu og þessu – þær segi nefnilega frá því hvernig þær hafa það með hegðun og útliti! Það er einmitt vegna þessa að þegar ég er í ráðgjafaheimsóknum þá fer ég oft í heimsóknir í fjós án þess að bóndinn komi með, ég vil hreinlega fá frið til þess að „spjalla“ aðeins við kýrnar! Þetta kann að hljóma hálf undarlega en tilfellið er að kýrnar geta með hegðun sinni og útliti gefið mjög sterkt til kynna hvernig bústjórninni er háttað hverju sinni og hvar bóndinn geti bætt vinnubrögð sín.

Atferlið

Eitt það fyrsta sem maður tekur eftir er hvort kýrnar séu öruggar með sig eða ekki. Þegar nýr og framandi einstaklingur kemur inn í fjósið þá bregðast kýrnar misjafnlega við. Stundum rjúka þær frá eða halda öruggri fjarlægð frá viðkomandi. Oftast fæ ég að heyra það frá bændunum að þetta sé nú eðlilegt, enda þekki þær mig alls ekki. Kórrétt, en tilfellið er að ég hef líka komið í ótal fjós þar sem kýrnar voru pollrólegar og það þó þær þekktu mig alls ekki neitt!



Lögun og áferð skítsins segir mikið til um ástand fóðrunarinnar.



Kýr þurfa gott svæði til þess að standa á fætur og leggjast niður.

Málið er að kýr gera ekki mikinn mun á fólki, ef rétt hefur verið farið að þeim og þeim sinnt rétt alla tíð. Traust er mikilvægt þegar kýr eru annars vegar enda ef þær eru eitthvað taugastrekktar þá framleiða þær minna af mjólk enda líður þeim ekki vel.

Góð þumalfingursregla er að þegar nýr aðili gengur inn í fjós og t.d. sest í einn legubásinn þá ættu kýr á þarnæstu básum varla að standa á fætur. Eftir fáar mínútur ættu taugasterkustu kýrnar enn fremur að hafa komið að viðkomandi og kannað málið nánar.

Til viðbótar má reikna með því, þegar gengið er rólega um flóra fjóssins, að kýrnar haldi sig mögulega í eins metra fjarlægð frá viðkomandi en séu ekkert endilega að fara í burtu þó nær sé komið. Sé bilið meira en það, bendir það klárlega til þess að þær vantreysti fólki og búist við einhverju óvæntu.


Leguhegðun

Önnur góð vísbending á líðan kúa er að fylgjast með leguhegðun þeirra.

Kúm er eðlislægt að leggjast hratt niður og standa nokkuð örugglega upp þegar legulotunni líkur. Ef kýr eru lengi að munda sig til við að leggjast í básinn sinn bendir það til þess að eitthvað sé að. Þetta geta verið atriði eins og ranglega stilltar innréttingar, illa hannaðir básar eða hreinlega mjög hált undirlag í básnum. Að sama skapi má sjá merki um það sama þegar kýr standa á fætur en venjulega vippa þær sér fram á framhnén fyrst og lyfta svo afturhlutanum upp. Að endingu rétta þær svo úr framfótunum. Ef þessi ferill, sem vel að merkja krefst töluverðs pláss fram á við þ.e. þegar þær færa þunga líkamans fram á framhnén, tekur langan tíma þá er eitthvað að.

Annað atriði sem gefur til kynna að eitthvað sé að er ef kýrnar liggja mjög hátt uppi í básnum, þ.e. geta auðveldlega skitið upp í básinn þegar þær liggja. Að sama skapi ef kýrnar liggja mjög langt aftur í básnum, með jafnvel 20-30 cm af líkamanum aftur af enda bássins, þá þarf að skoða hönnun bássins og stillingar á innréttingum. Bringuborðið á að stilla kýrnar rétt af í básnum svo meirihluti þeirra liggi rétt. Rétt er að taka fram að auðvitað eru alltaf einhverjar kýr sem eru mjög stórar eða aðrar mjög litlar og falla því utan við svona athugun.

Þriðja atriðið, sem snýr að leguhegðun, er að athuga hvort margar kýr standi í básunum í stað þess að liggja eða standi hálfar uppi í básana. Eins og fyrr segir þá er þeim eðlislægt að leggjast hratt niður og þá er vitað að kýr framleiða meiri mjólk liggjandi en standandi svo hver bóndi vill væntanlega að kýrnar liggi frekar en að þær standi. Ef margar kýr standa eða eru hálfar uppi í básana er það enn eitt merkið um að eitthvað megi lagfæra við nærumhverfi kúnna.



Dæmi um afar slæma spenaenda.



Kýr þurfa gott og hálkulaust undirlag til þess að athafna sig á.

Hreinleikamat

Það næsta sem gott er að gera er að skoða hve hreinn feldur kúnna er. Séu óhreinindi á lærum eða hala bendir það til þess að betur megi fara í bústjórninni og gæti þar verið um að ræða skort á undirburði eða ranglega stilltar innréttingar.

Séu óhreinindin aðallega á leggjum bendir það til þess að flórarnir séu ekki alveg nógu vel hannaðir eða útmokstur á skít frá flórum ekki rétt framkvæmdur.

Þegar kýr eru aftur á móti skítugar á bæði júgrum og kvið, þá þarf verulega að skoða málin enda er beint samhengi á milli slíkra óhreininda og júgurheilbrigði svo enginn ætti að sætta sig við slíkt.

Spenarnir

Ástand á spenum og sérstaklega spenaendum er annað atriði sem vert er að gefa gaum. Flestar kýr eru mjólkaðar tvisvar til fjórum sinnum á dag, eftir því hvaða mjaltatækni er notuð, og eru spenarnir og spenaendarnir því undir töluverðu álagi.

Séu mjaltatækin ekki rétt stillt eða vinnubrögð við mjaltirnar rangar, t.d. of lítill undirbúningur kúnna fyrir mjaltir, þá sést það oft fljótt á gæðum spenaendanna.

Þess vegna er einkar gagnlegt að fylgjast með ástandi þeirra og ef margir spenaendar eru t.d. svolítið útstæðir bendir það til þess að bregðast þurfi við.

Skíturinn

Skítur kúnna segir ótrúlega mikið um ástand hjarðarinnar og reyndar einstaklinganna líka. Það getur þó verið varasamt að einblína á einstakar kýr og skítinn frá þeim því það getur verið dagamunur á kúnum. Sé aftur litið heilt yfir hjörðina og lögun skíts og áferð skoðuð, gefur það afar góða mynd af því hvernig fóðrun er háttað og því hvernig meltingarvegir kúnna hafa það.

Þannig bendir t.d. þurr skítur og kögglaður eða mjög blautur og þunnur hjá mjólkurkúm til þess að efnainnihald fóðursins sem gripirnir eru að éta sé ekki rétt

Enn fremur má taka skítasýni og skola það eftir kúnstarinnar reglum og fá þá innsýn í meltinguna og hvernig kúnum gengur að nýta hráefnin í fóðrinu sem best.

Göngulag

Hvernig kýr ganga, þ.e. hvernig göngulag þeirra er og útlit þegar þær ganga, segir töluvert um ástand kúnna og raunar um fjósið sjálft.

Þannig sýna kýr það berlega þegar þeim finnst undirlagið vera of hált og verður gangurinn þá varkár og skrefin oft mjög stutt. Þá sjást oft á slíkum gólfum merki um að kúm hafi skrikað fótur t.d. þegar langar strokur sjást á gólfinu. Þetta er skýrt merki um að gólfgerðina megi bæta.

Göngulagið segir líka margt um ástand fóta og svokallað heltismat gefur til kynna hvort með bústjórninni hafi tekist að hlúa nógu vel að kúnum og klaufheilsu þeirra. Ef kýr sem ganga um skjóta samhliða upp kryppu bendir það skýrt til þess að þær séu að hlífa einhverjum fæti og með því að reyna að létta af þunga sínum á viðkomandi fót.

Þetta geta þær einnig gert þegar þær standa kyrrar. Með því að fylgjast með þessu má því sjá nokkuð auðveldlega hvort einhverju sé ábótavant á þessu sviði.

Holdafar

Holdafar kúa er skýrt og greinilegt merki um gæði fóðrunar og hirðingar á kúm og ættu allir bændur að kunna góð skil á holdastigun. Holdafar er vissulega misjafnt hjá kúm eftir stöðu á mjaltaskeiði og á að vera það en sé misbrestur á þessu gefur það til kynna að bæta þurfi fóðrun og umhirðu kúnna og mögulega flokkun þeirra í mismunandi hópa sé hjörðin nógu stór til þess.

Át- og drykkjarhegðun

Að lokum má nefna að át- og drykkjarhegðun kúa segir einnig töluvert um bústjórnina. Þannig er t.d. hægt að sjá á áthegðun kúa hvort fóðrið henti þeim vel eða ekki.

Kýr sem hnusa mikið í fóðrinu og grafa snoppuna niður í fóðurstrenginn gefa með því til kynna að eitthvað gómsætt sé að finna þarna og því leita þær það uppi. Það er ekki ákjósanlegt að kýrnar geri þetta enda á fóðrunin að byggja á ákvörðun bóndans en ekki kúnna sjálfra. Enn fremur ef einhverjar kýr halda aftur af sér þegar svo til allar aðrar éta, þá bendir það til vandamála.



Kýr sem eru með einhver fótamein skjóta oftast upp kryppu við gang eða jafnvel þegar þær standa kyrrar.

Það gæti verið vegna eineltis, þ.e. hinnar svokölluðu goggunarraðar, og viðkomandi gripur eða gripir treysti sér hreinlega ekki að fóðrinu á meðan einhverjar hærra settar og ráðríkar kýr njóta fóðursins.

Þetta skapar ójafnvægi í hjörðinni og þessar viðkvæmu kýr verða óhagkvæmari í rekstri. Oftast liggur skýringin á svona hegðun í því að annaðhvort er fóðrið skammtað of naumt eða það vantar meira pláss fyrir hjörðina við át. Annað dæmi um svipaða stöðu er ef kýr forðast vinsæl drykkjarker eða staði þar sem margar kýr eru komnar saman við drykkjarker. Til þess að sjá svona hegðun þarf þó að hafa góðan tíma fyrir sig enda fátítt að uppgötva þessa hegðun við stutta ráðgjafaheimsókn.

> „Málið er að kýr gera ekki mikinn mun á fólki, ef rétt hefur verið farið að þeim og þeim sinnt rétt alla tíð. Traust er mikilvægt þegar kýr eru annars vegar enda ef þær eru eitthvað taugastrekktar þá framleiða þær minna af mjólk enda líður þeim ekki vel.“

Margt fleira mætti tína til við svona yfirlit eins og t.d. jórtrunartíðni, þ.e. hve oft kýr tyggja þegar þær jórtra, nú eða með einfaldri skoðun á fóðrinu til þess að meta það hvort það sé rétt samansett fyrir kýrnar og fleira mætti nefna. Mestu skiptir að setja kýrnar í forgrunn.

Þær eru lykillinn að velgengni búanna og ef ástand þeirra og líðan er góð, stóraukast líkurnar á því að það sama muni eiga við um bóndann og búið í heild. ■

CAT®

ALLAR STÆRÐIR
AF CAT RAFSTÖÐVUM

Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | **Öflug og góð þjónusta**



Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma **590 5125** og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR



Skógskóli KU í Djursland á Jótlandi, Danmörku.


Hlynur Gauti Sigurðsson
hlynur@bondi.is

Skógrækt og timburnytjar:

Viðhöfn við viðarvinnslu

Um þessar mundir eru að eiga sér stað tímamót í sögu skógræktar á Íslandi. Saga sem nær yfir um fimm aldarfjórðunga.

Við upphaf voru áherslur einkum friðun birkiskóga ásamt fífldjörfum tilraunum við að rækta undarlegar trjátegundir frá fjarlægum heimshornum. Sumar þessara trjátegunda stóðu sig afbragðs vel og nú í dag eigum við, lítil þjóð á hjara veraldar, eins og stundum er sagt, fyrir að líta marga vöxtulega skóga víðs vegar um landið. Nytjar úr viði skóganna aukast að sama skapi en þekking á meðhöndlun timburs er nauðsynleg til að hægt verði að nýta viðinn með sem bestu móti.

Í árdaga TreProX var vinnuheiti verkefnisins „Fólkið á söginni“.

Snemma árs 2018 komu saman fulltrúar Skógræktarinnar, Landbúnaðarháskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöðvar, Landssamtaka skógareigenda og Skógræktarfélags Íslands með það fyrir stafni að útbúa kennsluefni í læsi viðargæða. Segja má að þetta sé sá hópur sem mest kemur til með að deila og vinna úr íslenskum viði inn í framtíðina. Verkefnið vatt upp á sig og áður en langt um leið var komið á samstarfsverkefni aðila frá þremur Norðurlöndum; Íslandi, Danmörku og Svíþjóð.

TreProx stendur fyrir Innovations in Training and Exchange of Standards for Wood Processing, sem á íslensku útleggst sem nýsköpun í þjálfun og aðferðum við viðarframleiðslu og staðlagerð. Þetta er evrópskt samstarfsverkefni þriggja norrænna háskóla ásamt Skógræktinni og Trétækniráðgjöf slf. og nýtur það styrks frá Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins.

Verkefnið hófst haustið 2019 og fól í sér að gera námsefni og skipuleggja námskeið fyrir nemendur frá skólunum þremur. Fæstir þátttakendur voru í staðarnámi í sínum skóla þótt nokkrir slíkir hafi verið, aðallega frá Svíþjóð. Námsefnið er grunnurinn að viðarvinnslu, en til að nýta timbur sem best þarf einnig að gera framleiðsluferlinu sjálfu góð skil. Viðurinn í timbursölunni á sér áratuga ræktunarsögu sem sjaldan er gerð skil á sölustöðum.

Hvert land var heimsótt einu sinni. Fyrst var Ísland sótt heim haustið 2021 þar sem gert var út frá Hvanneyri og Reykjum yfir vikudvöl. Þátttakendur náðu vel saman og kynntust vel, enda áhugamálin viður út í gegn. Á vordögum í ár var farið til Smálanda Svíþjóðar þar sem stóru trén vaxa. Allt var svo stórt og voldugt í Svíþjóð og sannaðist það algerlega á lokadegi þar sem skógtæknisýningin Elmia Wood var sótt. Í haust var farið til Jótlands í Danmörku þar sem lagt var meira upp úr viðráðanlegum flettisögum fyrir Íslendinga.

Árangur TreProX fólst í mun fleiru en námsferðum og myndun góðra tengsla manna á milli. Vert er að geta rannsóknar á nýtingu asparviðar sem felur í sér að öspin fær uppreist æru sem viður, bæði hérlendis sem og á Norðurlöndum. Einnig fengu Íslendingar þýdda og heimfærða viðarstaðla frá Norðurlöndum sem mun nýtast ört stækkandi geira langt inn í framtíðina. Áður hefur verið fjallað um viðarstaðlana í Bændablaðinu enda stórt og frækið afrek fyrir litla Ísland. Iðnú hefur nú í vinnslu frekara kennsluefni í meðhöndlun á timbri.

Síðast en ekki síst má minnast á heimasíðuna treprox.eu þar sem

Uppruni jólakræsinganna


Hafliði Halldórsson
haflidi@bondi.is

Með jólahátíðinni fylgja stórinnkaup og á flestum heimilum sækir fólk í ákveðið öryggi og íhaldssemi hvað varðar jólasteikina og aðrar kræsingar.

Það er auðvelt að gera mistök í jólastressinu og því mikilvægt að vanda vel og lesa grannt smáa letrið á umbúðum. Það er nefnilega glettilega algengt að neytendur kaupi köttinn í sekknum og endi óafvitandi með innflutta vöru í körfunni í þeirri trú að íslenskt vörumerki eða merkingar tryggi upprunann. Úr niðurstöðum kannana um neysluhegðun Íslendinga má lesa skýran vilja um að velja innlendar matvörur fram yfir erlendar gefist þess kostur. Upplýsingar um innihald og uppruna matvöru vantar óþarflega oft, og merkingar geta einnig reynst villandi.

Stýrist kaupvilji eingöngu af verði?

Gæði, uppruni og vitneskja um að vel sé valið skiptir neytendur um allan heim miklu máli. Þess vegna er að jafnaði 90% af matvöru sem framleidd er í heiminum neytt á viðkomandi heimamarkaði. Það er jú víðar en í Flóanum sem heimafenginn baggi þykir hollastur, og um leið mikilvægur sögu og menningu viðkomandi staðar. Verð skiptir auðvitað máli ásamt fleiri þáttum en matvara sker sig að mörgu leyti frá í alþjóðlegum viðskiptum þar sem hagfræðin vill telja okkur trú um að verð sé eini þátturinn sem skiptir máli. Tryggð neytenda við heimafengin matvæli er mun sterkari en tryggð við aðra víðuflokka. Þetta vita framleiðendur og seljendur matvæla í þeim löndum sem við berum okkur saman við, kappkosta að merkja greinilega og miðla upplýsingum.




Vernduð afurðaheiti eru í sókn á íslenskum markaði

Evrópskar merkingar eru gagnrýnum neytendum vel kunnugar en yfir 5.000 vörur og víðuflokkar með uppruna um víða veröld nýta þessar sterkustu upprunamerkingar sem völ er á. Þekkingu Íslendinga á evrópskum upprunamerkingum má rekja til vinsælda innfluttra matvæla sem merktar eru evrópskum merkjum verndaðra afurðaheita PDO (e. Protected Designation of Origin), PGI eða GI. Samkvæmt könnunum þekkja rúm 30% íslenskra neytenda merkin, og eru reiðubúnir til að borga 10-15% hærra verð fyrir mat og drykkjarvörur sem bera þau. Sem eru t.d. evrópskar háendamatvörur og vín sem flest okkar höfum kynnst, s.s. Parma Ham, Feta Cheese, Champagne, Havarti ostur o.fl. Leyfi til notkunar merkjanna sem skila 15-20% hærra útsöluverði gagnvart staðgönguvörum í Evrópu fæst að ströngum skilyrðum uppfylltum. Íslensk stjórnvöld hafa tryggt gagnkvæma vernd afurða í kerfinu hérlendis með samningi við Evrópusambandið, en á móti hafa Íslendingar ekki enn nýtt sér verndina og kerfi verndaðra afurðaheita sem sannarlega skilar árangri og öll nágrannalöndin nýta.

Allar matvöruverslanir landsins og innflytjendur matvöru selja vörur sem skarta vernduðum afurðaheitum og taka þannig þátt í markaðssetningu þeirra. Markaðssetningu sem var stofnað til og drifin áfram af Evrópusambandinu sem ekki er feimið við að aðstoða sína frumframleiðendur og afleidda virðiskeðju til aðgreiningar og markaðssetningar. Með hratt vaxandi samkeppni við innfluttar matvörur eykst þörf á upplýsingagjöf til skýrrar aðgreiningar. Kerfi verndaðra afurðaheita er eitt öflugasta verkfærið í þá vegferð ásamt upprunamerkjum að norrænni fyrirmynd.

Gleðilega hátíð.



Rafmagnsdrifin flettisög staðsett í skógskólanum á Jótlandi.



Viður sagaður í flettisög sem er ætluð til að flytja á milli staða.



Þátttakendur ræða gamla byggingarhefð.

öllu námefninu eru gerð skil á einum vettvangi. Þar er að finna alla fyrirlestra, aukakennsluefni og ítarlegt myndbandasafn úr ferðunum sem samanstendur af rúmlega 30 myndböndum sem samanlagt telja á þriðju klukkustund af efni.

Á mánudaginn var, 12.12.2022, var TreProX verkefnið gert upp á lokakynningu sem fram fór í húsakynnum Landbúnaðarháskólans í Keldnaholti. Viðburðinum var streymt og má nálgast á Youtube svæði Skógræktarinnar. Telja má víst að þátttakendur TreProX sem og skipuleggjendur hafi haft gagn og gaman af meðan á verkefninu stóð. Brautin hefur verið rudd og þekkingin komin til landsins.

Nú þarf ekki lengur að staldra við því loks megum við vinna við við.

AGRIMIN
CARING FOR YOUR ANIMALS
WORLD LEADERS IN BOLUS TECHNOLOGY
ALL-TRACE®
BOLUS TECHNOLOGY FOR CATTLE

Hraustari kindur sprækari lömb

6 mánaða ending í einum forðastaut

berðu saman kostnað og ávinning



Joð - Selen - Kóbalt

Af hverju er snefilefnum bætt við?

Það er nauðsynlegt að bæta **joði, seleni** og **kóbalti** við fæðuna meðan ær eru blæsma, við skimun og yfir vetrartímann.

- **Joð - eykur frjósemi og lífsþrótt lamba**
- **Selen - eykur frjósemi og fjölgun**
- **Kóbalt - eykur frjósemi og þrótt lamba við burð**

Tækni Agrimin 24-7 forðastautana



Stautur í 2 hlutum með bréfi sem gefa frá sér joð, selen og kóbalt



Bréfið eyðist upp í keppnum og hlutar stautsins losna í sundur

Agrimin 24-7 - Joð - Selen - Kóbalt

Forðastautarnir eru hannaðir þannig að þeir liggja í keppnum. Bréfið utan um stautinn leysist upp og hann brotnar í tvennt. Þeir sverfast og leysast upp og sjá dýrunum þannig fyrir stöðugri og jafnri næringu.

Virk efni		Daglegur skammtur í 180 daga með 48 gr staut
Joð (kalsíum gegndreypa með joði)	15,375 mg/kg	4,0 mg
Selen (selenað natríum)	1,388 mg/kg	0,4 mg
Kóbalt (kóbalt karbónat)	2,973 mg/kg	0,8 mg



Mjög einfalt er að koma stautunum fyrir í ánum með þar til gerðri byssu sem skýtur stautnum niður í vömbina.

Af hverju nota forðastauta?

Agrimin 24-7 - Joð - Selen - Kóbalt sér dýrinu fyrir daglegri þörf nauðsynlegra snefilefna í 180 daga. Hvert dýr fær samfellda gjöf bætiefna. Ætlað ám sem eru yfir 40 kg að þyngd.

Nýtt

Nú einnig fyrir lömb





FÆST HJÁ DÝRALÆKNUM OG BÚVÖRUVERSLUNUM UM LAND ALLT

Nánari upplýsingar á www.agrimin.co.uk

vistor
Umboðsaðili: Vistor hf
Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000
vistor@vistor.is - www.vistor.is

VINNUVÉL, VINNUBÍLL, VÖRUBÍLL, SÉRHÆFT IÐNAÐARTÆKI?
VIÐ FINNUM RÉTTA TÆKIÐ EÐA KAUPANDANN FYRIR ÞIG.



UMBOÐSAÐILI LIDER VAGNA
OG LARK HÚSA Á ÍSLANDI





Scanice
www.scanice.is

Á FAGLEGUM NÓTUM

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

Lífrænn úrgangur: höfuðverkur eða tækifæri?

Hér á landi fellur til gríðarlegt magn af lífrænum úrgangi á öllum stigum samfélagsins - hjá bændum, fyrirtækjum, einstaklingum og sveitarfélögum. Mikill samfélagslegur kostnaður er fólginn í söfnun, flutningi og meðhöndlun á þessum úrgangi og að jafnaði lítill ávinningur.

Gerjun á lífrænum úrgangi, ormamoltugerð og lífkola-framleiðsla gætu verið heppilegar og hagkvæmar leiðir til að umbreyta lífrænum (úrgangs) efnum í verðmætar afurðir og nýta næringarefni og orkuna í þeim til jarðvegsbóta eða annarra nytja. Verð á tilbúnum áburði hefur hækkað verulega undanfarin ár og mun að öllum líkindum halda áfram að hækka, m.a. vegna örra verðhækkana á fosfati og eldsneyti/orku sem fer í að vinna köfnunarefni úr andrúmslofti. Íslenskur landbúnaður er alfarið háður innflutningi á tilbúnum áburði fyrir matvæla- og fóðurframleiðslu. Það væri því áhugavert og til mikils að vinna ef raunhæft væri að vinna afurðir úr lífrænum úrgangi sem gæti að einhverju leyti komið í stað tilbúins áburðar. Ýmis verkefni um bætta nýtingu lífrænna áburðarefna eru þegar komin af stað eða í farvatninu, þar má t.d. nefna nýtingu á laxamykju sem fellur til með vaxandi fiskeldi hér á landi. Eins má nefna að starfandi er vinnuhópur á vegum matvælaráðuneytisins sem vinnur að vegvísi um nýtingu lífrænna áburðarefna. Fyrirsjáanlegt er því að eftirspurn á lífrænum áburðarefnum muni aukast verulega í ljósi ört hækkandi orku- og áburðarverðs og óvissu sem ríkir í fæðuöryggi vegna núverandi aðstæðna í heiminum.

Nýjar leiðir til bættrar nýtingar lífrænna (úrgangs)efna

Meira en þriðjungur gróðurhúsaáhrifa stafar af landhnignun og jarðvegseyðingu. Landhnignun og jarðvegseyðing ýtir undir loftslagsbreytingar og veldur minnkandi frjósemi jarðar.

Hægt er að snúa þróuninni við með því að byggja upp humusforða í jarðvegi. Það má gera t.d. með því að draga úr notkun tilbúins áburðar, minnka jarðvegsvinnslu og auka notkun afurða úr lífrænum (úrgangs)efnum. Með því má draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, binda kolefni úr andrúmslofti, bæta frjósemi jarðvegs og minnka þörf á innflutningi á fóðurefnum og tilbúnum áburði.

Á undanförnum árum hafa verið þróaðar nýjar leiðir til að nýta lífrænan úrgang. Hér á eftir verður fjallað um þrjár þeirra sem gætu nýst á Íslandi – gerjun, ormamolta og lífkol.

1. Hauggerjun (bokashi)

Bokashi aðferðin, sem nefna má hauggerjun á góðri íslensku, er einfaldari og ódýrari en aðrar meðhöndlunarleiðir fyrir lífrænan úrgang. Aðferðin felst í að gerja lífræna massann í 6-8 vikur. Gerjunarferlið er sett í gang með því að blanda góðgerlum (*e. Effective Microorganisms*) í úrgangsmassann. Úr verður úrvals jarðvegsbætir og sannkallaður veislumatur fyrir jarðvegslífið. Ferlið er lyktarlaust og miðar m.a. að því að eyða skaðlegum örverum og illgresisfræi í úrganginum og draga úr ásókn meindýra. Næringarefni og kolefni varðveitast mun betur miðað við aðrar aðferðir og því verður endurnýting á lífrænum verðmætum betri en ella.

Bokashi aðferðin er víða að ryðja sér til rúms á Vesturlöndum, bæði í smáum stíl inni á heimilum, en einnig er verið að útfæra hana á stærri skala á bóndabýlum sem og á vegum fyrirtækja og sveitarfélaga. Bokashi aðferðin gæti hentað íslenskum aðstæðum mjög vel enda fer ferlið fram undir plasti, varið fyrir veðri og vindum, auk þess sem geyma má efnið þar þangað til það á að notast.

Hauggerjun krefst ekki sérhæfðs tækjabúnaðar, þarfnast lítillar vinnu og væri hægt að setja upp víðast hvar á landinu. Hauggerjun getur jafnframt brúað bilið á milli þess er geymslur fyrir lífræn áburðarefni fyllast og þar til að hagstæðar aðstæður skapast til dreifingar.

Við kostnaðargreiningu kemur í ljós að kostnaður vegna gerjunar með Bokashi er töluvert minni en við aðrar meðhöndlunaraðferðir. Þetta getur skýrst meðal annars af því að mun lægri stofnkostnaður er við að koma upp aðstöðu fyrir gerjun og aðferðin er frekar einföld. Rekstrarkostnaður er einnig minni og getur það skýrst af því að færra starfsfólk og vélar þarf til þess að vinna úrganginn.

Enn fremur þarf ekki húsnæði eða steypt plan enda getur vinnslan verið undir berum himni þar sem hún fer fram undir plasti.

2. Moltugerð með hjálp ánamaðka

Lífrænan heimilisúrgang má jarðgera með hjálp orma. Það er þaulþekkt ferli víða í heiminum en það er lítil reynsla og þekking á því sviði hér á landi. Sumar ormategundir geta umbreytt eigin líkamsþyngd af lífrænum efnum á dag. Lífrænn heimilisúrgangur getur verið varasamur í umgengni vegna mögulegra smitefna.

Því er nauðsynlegt að athuga meðhöndlunarleiðir sem eru færar til að fyrirbyggja smithættu.

Þó að ormar geti unnið úr flestöllum lífrænum úrgangsefnum án vandkvæða þá þarf að leggja fram einhverskonar vottorð um að afurðin, ormamoltan, sé laus við smitefni. Með þessari vinnslu eyðist allt smitefni, aðferðin er þ.a.l. mjög örugg og hentar vel fyrir nýtingu á lífrænum heimilisúrgangi, auk nýtingar á lífrænum úrgangi frá matvælaframleiðslu og afurðastöðvum.

Afurð vinnslunnar er hreint og mjög stöðugt kolefni sem gengur undir heitinu lífkol (*e. Biochar*). Ferlið er sjálfbært orkulega séð, en eftir upphitun myndast við ferlið brennanlegt gas (*Sync gas*) sem nægir rúmlega til að knúa vinnsluna áfram. Því þarf ekki að bæta frekar eldsneyti við vinnsluna og hægt er að nota umframorkuna t.d. til upphitunar. Með lífkolagerð má jafnframt minnka urðun á lífrænum úrgangi og lækka tilheyrandi flutnings- og urðunarkostnað.

En kannski liggur stærsta tækifærið fyrir lífkol í allt öðru: Varanlegri og fjárhagslega hagkvæmri kolefnisbindingu í jarðvegi úr CO_2 í andrúmslofti og spornar þannig gegn hlýnun jarðarinnar. Kostirnir vegna notkunar á lífkoli eru í stuttri samantekt; Aukin geta jarðvegs til að binda vatn, betri uppskera með tilkomu minna tilbúins áburðar, minni útskolun næringarefna, allmennt betri frjósemi jarðvegs.

Lífkol er að verða mjög eftirsótt jarðvegsbætiefni víða um heim, t.d. í Þýskalandi, Hollandi, Bandaríkjunum, Ástralíu,og Indlandi.

Gæðastaðall fyrir afurðir úr lífrænum (úrgangs)efnum

Moltugerð úr lífrænum úrgangi hefur verið efld á Íslandi á síðustu árum. Eftirspurn eftir moltu hefur þó verið fremur lítil á hér á landi og því hefur moltan aðallega verið notuð við frágang á urðunarstöðum undanfarið. Fremur lágt verð fæst fyrir moltu en meginástæðuna fyrir lítilli eftirspurn má væntanlega rekja til takmarkana og óvissu um nýtingu hennar sem jarðvegsbæti eða áburð og einnig vegna smitefna sem geta leynst í lífrænum úrgangi, s.s. salmónellu, e. Coli og riðusmit.

Út frá efnahagslegum og umhverfislegum sjónarmiðum og einnig til að stuðla að fæðuöryggi hér á landi er æskilegt að notkun á afurðum úr lífrænum úrgangi verði aukin verulega og þá í öðrum tilgangi en við frágang á urðunarstöðum. Lífræn efni sem notuð eru sem jarðvegsbætir eða áburður auðga vistkerfi, bæta vatnsbúskap og loftun jarðvegs. Jafnframt hafa þau sýnt að ef þau eru borin á bera jörð hefta þau fok á verðmætum jarðvegi.

Þó að lífræn efni innihaldi að jafnaði minna magn næringarefna en t.d. er að finna í tilbúnum áburði, þá losna þau hægt úr læðingi. Það telst kostur þar sem gróður sem myndast með tímanum hefur þá næringarforða til umráða á meðan hann vex. Þess ber þó að geta að mikill munur getur verið í hlutfalli næringaefna í lífrænum efnum.



Lífkol er að verða mjög eftirsótt jarðvegsbætiefni víða um heim, t.d. í Þýskalandi, Hollandi, Bandaríkjunum, Ástralíu,og Indlandi. Mynd / wikipedia



Lífrænan heimilisúrgang má jarðgera með hjálp orma. Mynd /ghp



Sigurður Torfi Sigurðsson.



Cornelis Aart Meijles.

Möguleg leið væri að meðhöndla úrganginn fyrst með góðgerlum (*bokashi)*. Það má gera strax t.d. á heimili, í mötuneytum og á veitingastöðum með því að úða vökva sem inniheldur góðgerla yfir matarafganga. Við það fer gerjun strax í gang og óæskilegar örverur á borð við salmónellu og e. Coli drepast og finnast ekki í afurðinni. Þetta hefur verið prófað og er staðfest af Matís.


Afurð úr bokashigerð er jafnframt herramannsmatur fyrir orma enda er gerjunin ákveðin formeltun lífrænna efna sem gerir ormum auðvelt fyrir að klára og umbreyta þeim í enn verðmætari afurð – ormamoltu. Auk minnkandi smithættu við söfnun og meðhöndlun lífræns heimilisúrgangs er mikilvægur kostur við þessa forvinnslu að hægt er að geyma gerjaða úrganginn án vandkvæða eða taps á næringarefnum þar til hann er settur í ormavinnslu.

3. Lífkol (biochar)

Með gösun (*e. Pyrolisis*) er hægt að vinna hreint kolefni úr lífrænum efnum. Lífræn efni eru upphituð í 400 – 700°C án aðkomu súrefnis og kolast í stað þess að brenna upp. Tæknilega séð er mögulegt að vinna hvaða lífrænt efni sem er með þessari aðferð.



Bokashi aðferðin er víða að ryðja sér til rúms á Vesturlöndum, bæði í smáum stíl inni á heimilum, en einnig er verið að útfæra hana á stærri skala á bóndabýlum sem og á vegum fyrirtækja og sveitarfélaga.



Hagsmunasvið í samráðskeðju.

T.d. getur breytileiki í næringarinnihaldi moltu verið mjög mikill.

Breytingar á forsendum við matvælaframleiðslu kalla á gæðastaðla fyrir afurðir sem vinna má úr lífrænum (úrgangs) efnum sem allir hagsmunaaðilar geta unað við og treyst. Ljóst er að fjölmargir hagsmunaaðilar þurfa að koma að þessu máli og því er æskilegt að sett verði á víðtækt samráð sem hefur það að markmiði að þróa gæðastaðal fyrir lífræn áburðaefni.

Í samráðinu yrði tekið mið af mismunandi kröfum sem fyrir liggja og staðallinn yrði öruggur, stöðugur og raunhæfur. Verði slíkur gæðastaðall almennt viðurkenndur mun það auka notkunargildi á þessum afurðum verulega og að sama skapi verðmæti þeirra.

Keðjusamráð

Þó að margir framleiðendur, þjónustufyrirtæki og stjórnvöld séu hlynnt sjálfbærri þróun er hver aðili fyrir sig oft ekki í þeirri stöðu að geta umbreytt framleiðsluferli í vörukeðju. Hann getur í besta falli haft ákveðin áhrif á „nágranna“ sína, t.d. seljendur hráefna, flutningsaðila og kaupendur vara. En til að gera heilar vörukeðjur sjálfbærri þarf meira til, enda gerist slíkt oftast ekki sjálfkrafa. Í fylkinu Frislandi í Hollandi hefur verið þróað nýtt samvinnuform til að ná fram lokun mismunandi efnahringrása.

Í fjölmörgum efnis- og vörukeðjum í Hollandi eru nú starfrækt svokölluð keðjusamráð, sem má líkja við „klasar“ á viðskiptasviði (*clusters*).

Þátttakendur eru fulltrúar sex hagsmunasviða sem tilgreina má í vörukeðju (sjá mynd). Þessir aðilar vinna saman í samráðskeðju við að lágmarka efnis- og orkunotkun við framleiðslu, dreifingu, pökkun, flutning, geymslu og sölu á vörum sínum. Markmiðið hverju sinni er að vinna saman við að umbreyta þeim hluta keðjunnar sem viðkomandi aðilar ráða yfir og ná fram meiri sjálfbærni en var fyrir.

Úrgangur frá einum aðila verður að hráefni annars og við það sparast ekki einungis verðmæt og oft óendurnýjanleg efni heldur einnig gríðarlegt magn af orku. Samráðskeðjur í Frislandi, Hollandi eru starfræktar í eftirfarandi efnis- og vörukeðjum: steypu, matvælum, fatnaði, (umbúða)plasti, málningu, þakdúkum úr biki, lífrænum úrgangi o.fl. Hvert keðjusamráð samanstendur af fulltrúum sex hagsmunasviða, sem eru: *Framboð, Eftirspurn, Endurnýting, Umbreyting, Stjórnvöld og Þekking*.

Þátttakendur í samráðskeðju fyrir lífrænan úrgang hafa það hlutverk að greina hvaða vandamál eru í raun mest áberandi er varða meðhöndlun og vinnslu á lífrænum úrgangi.

Þeir eiga jafnframt að koma með tillögur að hvernig leysa megi vandamál og hvaða mögulegar aðgerðir séu fyrir hendi. Síðan eru þeir spurðir hvað hver og einn gæti fyrir sitt leyti lagt að mörkum til að vinna að lausnum. Þannig byggist upp heildarmynd um hagsmuni mismunandi aðila og gagnkvæmur skilningur myndast á afstöðu hvers og eins. Samhliða fæst yfirsýn yfir möguleika allra, hvaða takmarkanir og / eða hindranir eru til staðar og hvað þurfi til að markmiðum verði náð. Þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa í keðjusamráðinu þarf ekki að bíða eftir viðbrögðum aðila sem ekki taka þátt.

Með þessum hætti myndast fljótt jákvætt andrúmsloft meðal þátttakendanna því strax verður ljóst að hagsmunum hvers og eins er best borgið með samvinnu, enda þarf samstarf til að ná árangri.

Ef vel tekst til geta allir þátttakendur í endurskipulagðri framleiðslukeðju grætt á samstarfinu með það að markmiði að loka hringrás sem sparar vinnu, efni og orku og á endanum fjármagn. Þessar nýju keðjur geta verið fjárhagslega sjálfbærar, oft reknar án þess að til komi styrkir þar sem allir þátttakendur í samráðskeðju fá greitt fyrir sitt (auka)vinnuframlag með hagræðingu. Þátttakendur sjá að þeir ná meiri árangri með samvinnu en ef þeir stæðu fyrir utan samráðskeðjuna.

Með keðjusamráði aukast líkur á árangri og er það í raun öllum – og þar með samfélaginu í heild – til hagsbóta.

Cornelis Aart Meijles og Sigurður Torfi Sigurðsson,
ráðunautar hjá RML.



RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

ÖRMERKINGANÁMSKEIÐ

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins áformar að halda örmerkinganámskeið í janúar 2023. Að námskeiði loknu geta þátttakendur sótt um leyfi til örmerkinga hrossa hjá *Matvælastofnun,* á grundvelli laga um velferð dýra.

Námskeiðin verða haldin á þremur stöðum, verði þátttaka næg:
√ Hvolsvöllur, miðvikudagur 4. janúar.
√ Blönduós, fimmtudagur 12. janúar.
√ Hvanneyri, fimmtudagur 19. janúar.

Um er að ræða eins dags námskeið, bæði bóklegt og verklegt, frá kl. 09:00 til 16:00. Námskeiðsgjald er kr 50.000,- með einni örmerkingablokk innifalinni í verði.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að skrá sig til þátttöku hjá Pétri Halldórssyni **fyrir föstudaginn 30. desember** næstkomandi. Netfang: petur@rml.is / S: 862-9322 eða 516-5038.



Stöðluð stálgrindarhús
á hagstæðu verði

Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²


Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó-og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu-og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsin eru klædd 60mm PIR yleiningum á veggi og 80/125mm yleiningum á þök. Mögulegt er að velja liti á klæðningarnar. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum. Einnig fylgir keyrsluhurð, einn gluggi og tvær gönguhurðir. Reyklosunargluggar eru á þaki sem hleypa inn birtu.

SAMAN Í 60 ÁR BYKO | bondi@byko.is



LED perur fyrir Flúrlampa!
3 Stærðir - Allar perur : **Verð kr. 1.000**
- 60 CM LED pera 9w - 4000K hvít
- 120 CM LED pera 18w - 4000K hvít
- 150 CM LED pera 22w - 4000K hvít

SMH Gróðurhús ehf.
Sími: **866-9693**
Facebook: Gróðurhús SMH ehf



Þriggja arma LED ljos sem skrúfast í venjuleg perustæði og hentar vel í stærri byggingar og skemmur
80W - 8000 Lúmen. Verð kr. 8.000

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Á FAGLEGUM NÓTUM

Um niðurstöður lambadóma haustið 2022

Í heildina var útkoma lamba í haust góð. Meðalfallþungi á landinu var 16,6 kg og hefur hann einungis þrisvar sinnum í sögunni farið hærra og miðað við síðastliðin 10 ár er þetta gott meðalár. Gerð sláturlamba var sú næstbesta frá því EUROP kerfið var tekið upp, eða 9,32, en hæst fór gerðareinkunnin á síðasta ári, þá 9,43. Fitueinkunn sláturlamba var 6,31 sem er heldur lægra en á síðustu árum og í raun æskilegt að stefna á að hækka þá tölu. Sláturlömbin hafa hins vegar ekki verið færri í meira en tvo áratugi.



Eyþór Einarsson
ráðunautur búfjárræktar- og þjónustusviðs
ee@rml.is

Það var víða að finna góð lömb, þó engin met hafi verið slegin. Munur milli héraða var talsvert meiri en stundum áður og var það sérstaklega á norðausturhorni landsins sem lömb voru talsvert rýrari en undanfarin ár og veldur þar óhagstætt árferði á þeim slóðum.

Í heildina voru skoðuð 53.473 lömb í haust, samkvæmt skráningum í Fjárvís 9. desember 2022. Þar af voru lambhrútar um 10.700 talsins. Skoðuðum lömbum fækkar því um 13% á milli ára en frá haustinu 2017 hefur fjöldi lamba sem farið hafa í gegnum hendur ráðunautanna losað 60 þúsund. Eitthvað getur þó enn legið af óskráðum dómum. Fækkunin var mest í Snæfells- og Hnappadalssýslu, Norður-Þingeyjarsýslu og Austur-Skaftafellssýslu en á þessum svæðum er samdráttur um og yfir 30% milli ára.

Flestir lambhrútar voru skoðaðir í Strandasýslu, eða 1.450, en þar eru mörg öflug sölubú og síðan voru afkvæmarannsóknir fyrir sæðingastöðvarnar á tveim búum í sýslunni sem hefur sitt að segja. Í Suður-Þingeyjarsýslu voru hrútar að jafnaði hæst stigaðir en þar voru um 640 lambhrútar með 85,7 stig að meðaltali. Bakvöðvi þeirra mældist 32,4 mm sem jafnframt er hæsta meðaltalið ef sýslurnar eru bornar saman.

Efstu hrútar

Í stóru töflunni er að finna yfirlit yfir 5 hæst stiguðu lambhrúta í hverri sýslu. Hrútunum er raðað á hefðbundinn hátt, þar sem fyrst er raðað eftir heildarstigum, síðan eftir samanlögðum stigum fyrir gerðarþætti, þá eftir bakvöðva, síðan fituþykkt og ef einhverjir standa enn jafnir er raðað eftir lögun vöðvans. Efstu hrútar landsins þetta haustið eru með 91 stig en það voru 5 hrútar sem náðu þeim árangri.

Ef þeim er raðað innbyrðis standa efstir tveir albræður frá Dísarstöðum í Árnessýslu (lambanúmer 71 og 72). Þeir eru synir Sudda 17-872 frá Skarðaborg. Móðir þeirra er mögnuð afurðaær, dóttir Birkis 10-893 frá Bjarnastöðum og er hún nú að fara á tíunda vetur.

Þriðji hrúturinn í röðinni er frá Hríshóli í Eyjafirði (lamb nr. 268) og hefur hann hlotið nafnið Dalur. Faðir hans er Glitnir 19-848 frá Efri-Fitjum en í móðurætt má rekja hann til kaupakinda frá Þrasastöðum í Fljótum og Hafrafellstungu í Öxarfirði. Fjórði í röðinni er kollóttur hrútur frá Efri-Fitjum, svarbotnóttur sem hefur hlotið nafnið Meistari (lambanúmer 115). Föðurfaðir hans er Móri 13-982 frá Bæ. Meistari er aðeins blandaður af hyrndu og kollóttu en MMF er Grámann 10-884 frá Bergsstöðum.

Ár	Fjöldi	Þungi (kg)	Bakvöðvi (mm)	Fita (mm)	Læri	Stig alls
2021	12.119	48,8	31,4	3,3	17,8	85,2
2022	10.495	47,7	31	3,2	17,8	85

Hæst stiguðu lambhrútarnir 2022 eftir sýslum

	Uppruni	Lambanr.	Nafn	Faðir	Þungi (kg)	Ómvöðvi	Ómfita	Lögun	Fótleggur	Haus	Háls+herðar	Bringa+útlögur	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samræmi	Stig alls
Gullbringu- og Kjósarsýsla																			
1	Miðdalur	25		20-018 Þyrnir	48	38	3,7	5,0	106	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**90,0**
2	Kiðafell	116		21-004 Hallmundur	60	40	4,9	4,5	117	7,5	9,5	9,0	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	8,5	**88,5**
3	Miðdalur	14	Ægir	*16-839 Kappi*	54	36	5,9	5,0	108	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	9,0	**88,5**
4	Kiðafell	65		21-004 Hallmundur	58	32	3,7	4,5	107	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,0**
5	Kiðafell	136		21-002 Gjafar	53	32	5,5	4,0	112	8,0	8,5	9,0	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	8,5	**87,5**
Borgarfjarðarsýsla																			
1	Vestri Leirárgarðar	23	Stólpi	20-100 Naddi	63	41	6,4	5,0	110	8,0	9,0	9,5	10,0	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**90,0**
2	Múlakot	94		21-163 Ás	52	38	4,9	5,0	109	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**89,5**
3	Múlakot	48		*17-872 Suddi*	45	34	3,1	5,0	107	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	19,5	8,0	8,0	8,5	**89,5**
4	Hægindi	149		21-113 Glitri	55	38	2,7	5,0	108	7,5	9,5	9,5	10,0	9,0	18,5	8,5	8,0	9,0	**89,5**
5	Skorholt	220		*18-834 Rammi*	45	37	3,1	5,0	109	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
Mýrasýsla																			
1	Hundastapi	179		21-125 Demantur	62	41	6,1	4,5	111	8,0	9,5	9,5	9,5	9,0	18,5	8,5	8,0	9,0	**89,5**
2	Hundastapi	251	Hundur	21-125 Demantur	52	36	3,6	4,5	105	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	**89,5**
3	Höll	125		21-239	50	38	3,7	4,0	108	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Kárastaðaland	31		21-519 Hnallur	51	37	2,5	5,0	110	8,0	9,0	9,5	10,0	9,0	19,0	8,0	8,0	8,0	**88,5**
5	Ferjubakki 3-Efstibær	91		20-222 Logi	54	36	3,0	5,0	107	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	8,5	**88,5**
Snæfells- og Hnappadalssýsla																			
1	Hraunháls	194	Hraunar	21-439 Starflói	55	39	2,7	4,5	105	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,5**
2	Hraunháls	144		21-439 Starflói	61	33	7,9	4,0	111	8,0	9,5	9,5	9,0	9,5	19,5	8,5	8,0	8,5	**90,0**
3	Snorrastaðir 2	129	Gunni	18-491 Ægir	46	36	2,0	5,0	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**90,0**
4	Haukatunga 1 Syðri	33	Stjarfur	*16-851 Klettur*	48	32	3,6	5,0	108	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**89,5**
5	Vallholt 24	64	nesi	21-033 Glúmur	60	38	2,6	4,5	112	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**89,0**
Dalasýsla																			
1	Magnússkógar 3	61	Prammi	*18-834 Rammi*	56	40	2,4	5,0	112	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	**89,5**
2	Rauðbarðaholt	69		17-526 Lomber	54	39	2,5	4,5	110	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	7,5	7,5	9,5	**89,5**
3	Rauðbarðaholt	9		21-502 Magni	61	37	3,2	4,5	111	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,0**
4	Sauðafell	2198		*17-821 Fálki*	60	34	4,1	4,5	111	7,5	9,0	9,0	9,0	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**89,0**
5	Klifmýri	835	20-448	20-448 Barði	53	37	2,4	5,0	110	8,0	9,0	9,5	10,0	9,0	19,0	7,5	8,0	8,5	**88,5**
Barðastrandarsýslur																			
1	Kambur	5		*19-865 Hamur*	55	35	3,2	5,0	112	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**90,5**
2	Árbær	34		21-037 Feingur	49	35	2,9	4,5	109	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	9,0	8,0	9,0	**89,5**
3	Kambur	210		20-293 Bikar	50	35	3,1	5,0	111	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Innri-Múli	40	Gæfur	18-337 Glaumur	53	34	4,3	4,5	114	8,0	9,5	9,5	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,0**
5	Innri-Múli	169	Langidalur	20-335 Dalur	64	32	7,9	4,0	111	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	9,0	8,0	9,0	**89,0**
Ísafjarðarsýslur																			
1	Þjóðólfstunga	2014	Boli	19-302 Snævar	55	39	4,3	5,0	110	7,5	9,0	9,5	10,0	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	**88,5**
2	Ketilseyri	11	Galdur	*17-842 Börkur*	58	38	5,7	4,5	109	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,5	8,0	9,0	**88,5**
3	Ketilseyri	21	Nökkvi	*17-842 Börkur*	51	34	4,1	5,0	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,5	8,0	9,0	**88,5**
4	Kirkjuból	1073		20-140	51	32	5,1	4,0	111	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	18,5	8,5	8,0	9,0	**88,5**
5	Hólar	180	Toppur	19-112 Fannar	50	36	3,8	4,5	112	8,0	8,5	9,5	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**88,5**
Strandasýsla																			
1	Kjörseyri 2	20		*20-875 Galli*	47	39	5,3	5,0	110	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,5	**90,0**
2	Melar 1	213	Kam	21-317 Nói	56	34	4,1	4,0	105	8,0	9,5	9,0	9,0	9,5	19,5	9,0	7,5	9,0	**90,0**
3	Melar 1	33	Tengill	*19-887 Glæsir*	62	37	4,3	4,5	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**90,0**
4	Melar 1	1		*19-887 Glæsir*	56	36	2,9	4,5	106	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,0**
5	Melar 2	127	Glói	*19-887 Glæsir*	53	36	2,9	4,5	110	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**90,0**
Vestur-Húnavatnssýsla																			
1	Efri-Fitjar	115	Meistari	19-677 Keisari	52	36	3,3	5,0	108	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,5	8,0	8,0	9,5	**91,0**
2	Efri-Fitjar	2833	Brassi	*16-868 Hvísli*	50	38	4,0	5,0	106	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	7,5	8,0	9,5	**90,5**
3	Syðri-Urriðaá	410		20-014 Demantur	53	42	4,1	5,0	111	8,0	9,5	9,5	10,0	9,0	19,0	8,0	8,0	9,5	**90,5**
4	Syðri-Urriðaá	304		19-115 Dalton	46	39	4,4	5,0	110	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,5	**90,5**
5	Efri-Fitjar	697		21-674 Flokkur	56	35	3,7	4,5	111	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,5	**90,5**
Austur-Húnavatnssýsla																			
1	Hjallaland	298	Skralli	20-693 Tralli	57	38	3,5	5,0	112	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**90,5**
2	Hjallaland	20	Snær	20-680 Snæji	53	37	4,6	5,0	110	8,0	9,5	9,5	10,0	9,0	19,0	8,0	8,0	9,0	**90,0**
3	Akur	2001		*20-877 Grettir*	59	36	7,7	4,5	106	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**90,0**
4	Kornsá	99	Ljómi	*17-821 Fálki*	51	35	4,6	4,5	105	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,0	8,5	8,0	8,5	**90,0**
5	Stekkjardalur	488		21-672	53	39	3,6	5,0	107	8,0	9,0	9,0	10,0	9,0	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,0**
Skagafjarðarsýsla																			
1	Ríp 1	2411		21-241	61	38	3,5	4,5	110	8,0	9,5	9,5	9,5	10,0	18,5	8,5	8,0	9,0	**90,5**
2	Árgerði	76	Ungi	*17-821 Fálki*	60	36	5,0	4,5	109	8,0	9,0	9,5	9,5	10,0	18,5	9,0	7,5	9,5	**90,5**
3	Hofsstaðasel	44		*18-863 Jötun*	68	36	7,2	4,0	110	8,0	9,5	9,5	9,0	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,5**
4	Ríp 1	2154		19-243 Forsetinn	52	43	3,5	5,0	110	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**90,0**
5	Ríp 1	2064		*20-875 Galli*	53	41	3,1	5,0	107	8,0	9,5	9,0	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**90,0**
Eyjafjarðarsýsla																			
1	Möðruvellir	268	Dalur	*19-848 Glitnir*	53	36	3,0	4,5	112	8,0	9,5	10,0	9,5	9,5	19,0	9,0	8,0	8,5	**91,0**
2	Möðruvellir	239	Gutti	21-745 Jóker	45	38	3,0	5,0	112	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**90,0**
3	Möðruvellir	13		*19-874 Hnokki*	51	39	4,5	4,5	108	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Staðarbakki	590	Bolli	*19-864 Dolli*	55	33	4,8	4,5	110	8,0	9,5	9,5	9,0	9,0	19,0	8,5	8,0	9,0	**89,5**
5	Möðruvellir	244		21-742 Konni	39	38	2,2	5,0	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,0**
Suður-Þingeyjarsýsla																			
1	Hvoll	103	Gullmoli	*19-874 Hnokki*	47	43	5,2	5,0	108	8,0	9,5	9,5	10,0	10,0	20,0	7,5	8,0	8,0	**90,5**
2	Þverá	101	Bokki	*19-874 Hnokki*	53	39	3,4	4,5	110	8,0	9,0	9,5	10,0	10,0	19,5	7,5	8,0	9,0	**90,5**
3	Ingjaldsstaðir	25	Goði	20-181 Ási	53	39	3,4	5,0	107	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	**90,5**
4	Hlíðarendi	44		*20-875 Galli*	51	37	5,1	5,0	105	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,5	8,5	8,0	8,5	**90,5**
5	Stóru-Tjarnir	59		21-113 Sóli	54	38	2,9	5,0	111	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**90,0**
Norður-Þingeyjarsýsla																			
1	Sveinungsvík 1	662	Móhító	21-202 Kokteill	49	38	3,6	5,0	109	8,0	9,5	9,0	10,0	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	**90,5**
2	Leifsstaðir	703	Hamar	*17-844 Viðar*	53	35	2,3	5,0	110	8,0	9,0	9,5	9,5	10,0	19,5	8,0	8,0	9,0	**90,5**
3	Sveinungsvík 1	178	Arður	21-205 Garðar	46	38	3,9	5,0	110	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**90,0**
4	Hafrafellstunga 1	1001	Svanur	21-235 Krókur	50	34	2,8	4,5	109	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**90,0**
5	Fjöll 2	117		20-043 Minamino	54	37	4,0	5,0	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
Norður-Múlasýsla																			
1	Rauðholt	677		21-509 Suddi	48	38	2,1	5,0	106	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**91,0**
2	Rauðholt	508		*20-487 Snöggur*	48	37	2,6	5,0	104	8,0	9,0	9,0	10,0	9,0	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,0**
3	Rauðholt	399		*20-487 Snöggur*	45	36	2,6	5,0	104	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**90,0**
4	Brekka	2019	2019 Svalur I	19-014 Sívalur	51	36	4,2	5,0	106	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,0**
5	Melar	994A	Tónn	*18-855 Tónn*	50	34	1,8	5,0	108	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,0**
Suður-Múlasýsla																			
1	Hjartarstaðir 1	35	Galdur	*20-875 Galli*	50	39	3,0	5,0	102	8,0	9,0	9,5	10,0	9,0	19,0	8,0	8,0	9,5	**90,0**
2	Gilsárteigur 2	210A	Bangsi	*17-844 Viðar*	49	37	2,3	5,0	101	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	**89,5**
3	Grófargerði	338		21-228	52	37	2,1	5,0	109	8,0	9,0	9,5	10,0	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Skorrastaður 3	334	Kaldi	*19-849 Kostur*	51	37	3,5	5,0	106	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,5**
5	Lundur	378	Sammi	20-179 Bósi	64	35	3,2	5,0	111	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,5**
Austur-Skaftafellssýsla																			
1	Viðborðssel	274	Hjassi	*20-876 Gimli*	61	39	3,6	5,0	114	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	7,0	8,0	8,5	**88,5**
2	Setberg 1	7121		20-503 Lúkas	60	35	4,2	5,0	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	7,5	8,0	9,0	**88,5**
3	Fornustekkar I	17	Erfingi	20-040 Bætir	48	33	2,4	5,0	111	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	18,5	8,5	8,0	9,0	**88,5**
4	Brekka	53		*20-876 Gimli*	45	34	3,7	4,5	109	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	7,5	8,0	8,5	**88,0**
5	Fornustekkar I	1901	Erill	*17-842 Börkur*	47	32	5,1	5,0	108	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	7,5	8,0	8,5	**88,0**
Vestur-Skaftafellssýsla																			
1	Úthlíð	161		*18-854 Svörður*	51	39	1,9	5,0	110	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**90,0**
2	Sólheimahjáleiga	2	Pothos	*17-872 Suddi*	62	42	4,2	5,0	115	8,0	9,5	9,0	10,0	9,5	18,5	7,5	8,0	9,0	**89,0**
3	Úthlíð	407		*18-854 Svörður*	56	34	3,7	5,0	110	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,0**
4	Herjólfsstaðir 1	3531		*20-876 Gimli*	60	36	2,9	4,5	112	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	19,0	7,5	8,0	8,5	**88,5**
5	Borgarfell 1 og 3	1338		*17-844 Viðar*	58	37	3,7	5,0	108	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**88,5**
Rangárvallasýsla																			
1	Álfhólar	8		20-192 Óslogi	59	35	7,1	4,5	105	7,5	9,0	9,5	9,5	9,5	20,0	8,0	8,0	9,0	**90,0**
2	Hreiður	2282		18-149 Bani	51	37	1,8	5,0	109	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,5	7,5	8,0	8,5	**89,5**
3	Syðri-Úlfsstaðir	730	Fengur	21-170 Gjóli	50	37	2,8	5,0	108	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,5**
4	Raftholt	2001		*17-844 Viðar*	54	37	2,8	5,0	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,5	8,0	8,0	8,5	**89,5**
5	Djúpidalur	41		20-473 Valdimar	50	34	4,2	5,0	112	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	8,5	**89,5**
Árnessýsla																			
1	Dísarstaðir	71		*17-872 Suddi*	56	43	4,0	5,0	110	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	**91,0**
2	Dísarstaðir	72		*17-872 Suddi*	57	40	2,6	5,0	109	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	**91,0**
3	Bræðratunga	76		*21-740 Kapall*	54	40	5,3	5,0	101	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,5	8,0	8,5	**90,5**
4	Dísarstaðir	11		*17-844 Viðar*	53	35	4,8	5,0	108	8,0	9,0	9,5	9,5	10,0	19,5	8,0	8,0	9,0	**90,5**
5	Gýgjarhólskot 1	426		18-247 Hverfugl	62	39	3,5	5,0	112	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**90,5**

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN



Fasteignamiðstöðin Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi sími 550 3000 er með til sölu jörðina Vogalækur í Borgarbyggð.

Bæjarhúsin sem eru í misjöfnu ástandi standa á hól á bakka Vogalækjarins. Land Vogalækja sem er talið vera 239 hektarar þar af ræktað land samkvæmt Þjóðskrá um 13,8 hektarar og liggur að landi Hofstaða að norðan. Að austan eru merki á mót Smiðjuhólsveggjum, en að sunnan er land Sveinsstaða. Á norðurmörkum jarðarinnar er stórt vatn nefnt Heyvatn um 208 hektarar að stærð. Ábúandi hafði undanfarinn ár rekið búvélaverstæði að Vogalæk og hefur engin hefðbundin búskapur verið stundaður þar undanfarinn ár en tún nytjuð. Jörðin er án bústofns véla og án framleiðsluréttar.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali magnus@fasteignamidstodin.is sími 550 3000 eða 892 6000

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Þessi hrútur er arfhreinn fyrir lítið næmu arfgerðinni AHQ. Fimmti hrúturinn sem náði 91 stigi er frá Rauðholti í Hjaltastaðaþinghá, lamb númer 677. Föðurfaðir hans er Glitnir 19-848 frá Efri-Fitjum.

Ef skoðað er hvaða sæðingahrútar eiga mesta hlutdeild í topp lambhrútunum þetta haustið, kemur það vart á óvart að Viðar 17-844 frá Bergsstöðum er hér atkvæðamestur en hann á 5 syni. Viðar var langmest notaði hrútur stöðvanna síðasta vetur enda gríðarlega sterkur lambafaðir.

Það var því mikið áfall að það þyrfti að fella hann sökum þess að hann virðist erfa frá sér bógkreppu og er hann því mjög varasamur í framræktun. Þeir Suddi 17-872 frá Skarðaborg og Galli 20-875 frá Hesti koma næstir með 4 hrúta hvor.



Dósent 22-400 (L71) frá Dísarstöðum raðast númer eitt yfir hæst stiguðu hrúta landsins haustið 2022.

Að lokum

Það eru miklar áskoranir fram undan í sauðfjárræktinni, líkt og stundum áður. Framleiðslan hefur dregist saman sem má ætla að sé bein afleiðing af lélegri afkomu í greininni undanfarin ár, auk þess sem riðuveikin hefur höggvið stór skörð í fjárbúskapinn í sumum sveitum. Nú þarf að snúa vörn í sókn. En það er líka ýmislegt jákvætt. Afurðaverðið tók stórt skref í rétta átt í haust, eftirspurn eftir lambakjöti virðist orðin heldur meiri en framboð og nýjar vonir hafa vaknað í baráttunni við riðuveikina. Einnig hefur eftirspurn eftir góðri ull aukist og talsverð vöruþróun átt sér stað með þá afurð.

Afurðastöðvarnar hafa kallað eftir vænni skrokkum þar sem þungir skrokkar eru hagkvæmari til vinnslu og allar afurðastöðvar borga nú best fyrir fituflokk 3. Áfram þarf því að huga að áherslum í ræktunarstarfinu m.t.t. fitunar. Ýmislegt er spennandi í gangi varðandi baráttu við erfðagalla og þá verður það verðug áskorun á næstu árum að innleiða verndandi arfgerðir í stofninn án þess að gefa nokkuð eftir í framförum í öðrum eiginleikum. Fram undan eru skemmtileg, spennandi og krefjandi verkefni í ræktunarstarfinu.

Gleðileg jól.

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum

ALLT FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

TREJON VETRARBÚNAÐUR

TREJON

Eigum mikið úrval vandaðra vetrartækja frá sænska framleiðandanum Trejon.



Fjölplógar í 3,3m og 3,7m vinnslubreidd.



Snjóblásarar í mörgum stærðum.



Vængaskólfur 2,5m³ – 3,5m³ og 5,0m³



Sand- og saltdreifarar 1,6m³ fyrir þrítengi eða á gálga.

VINNUVÉLAR & ÁSAFL

Völuteig 4 - 270 Mosfellsbær - Iceland
www.vinnuvelarehf.is - S: 496 4400

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS
Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR
Stærð palls 2,55 x 9,0m

SKESSUHORN 2012



STURTUVAGNAR
Burðargeta 7-18 tonn



H. Hauksson ehf

Ögurhvarfi 8 • Kópavogi • Sími 588 1130
haukur@hhauksson.is

LESENDARÝNI

Kveðja á aðventu

Kæri lesandi, upp er runninn tíminn þegar við njótum sólar í örfáar klukkustundir á hverjum degi. Þrátt fyrir allt þetta myrkur þá er þetta tími sem vekur innra með mér góðar og hlýjar tilfinningar.



Sigurður Ingi Jóhannsson.

Töfrar jólanna og ljósanna sem þeim fylgja eru einstakir. Og nú þegar maður er orðinn ríkur af barnabörnum þá upplifir maður æskujólin sín að einhverju leyti í gegnum þau. Ég sakna oft þess tíma þegar ég var dýralæknir og naut þeirra forréttinda að aka milli bæja með dýralæknatöskuna en aldrei jafn mikið og á þessum tíma.

Þakklæti

Oft hef ég verið þakklátur fyrir að vera hluti af því einstaka samfélagi sem er á Íslandi, þakklátur fyrir allt það góða starf sem fyrri kynslóðir unnu og við njótum í dag. Það er nefnilega mikilvægt að við sem byggjum þetta land í dag gerum okkur grein fyrir því stórvirki sem kynslóðir ömmu minnar og afa og foreldra þeirra unnu á sinni tíð.

Þetta var fólkið sem breytti Íslandi. Færði það inn í nútímann. Þetta var fólkið sem lagði grunninn að öflugum atvinnugreinum og nútímavæddi þær. Þetta var fólkið sem hóf að hitaveituvæða landið og á mikinn þátt í þeirri einstöku stöðu sem við búum við.

„svo langt frá heimsins vígaslóð“

Þær fréttir sem okkur berast daglega frá stríðsátökum í Úkraínu eru hryllilegar. Ótrúlegt til þess að hugsa að yfirvöld einnar af þeim þjóðum sem við höfum í gegnum tíðina átt mikil samskipti við og litið á sem vinaþjóð hafi fyrirskipað innrás í nágrannaríki sitt sem við höfum einnig átt góð tengsl við.

Það er erfitt að ímynda sér þær hörmungar sem fólkið í Úkraínu upplifir á hverjum degi. Sprengingarnar, árásirnar, dauðinn og harður veturinn þar sem margir eru án rafmagns og hita.

Stríðið í Úkraínu hefur áhrif langt út fyrir stríðssvæðið. Það ríkir orkukreppa í Evrópu sem gerir það að verkum að það dregur úr lífsgæðum víða. Þau einföldu lífsgæði sem felast í því að fara í heitt bað eru ekki lengur sjálfsögð hjá mörgum vinaþjóðum okkar.

Bændur á Íslandi fara heldur ekki varhluta af afleiðingum stríðsins en verð á áburði hefur til dæmis hækkað gríðarlega. Það er auðvitað ekki neitt í samanburði við hörmungar stríðsins en vekur okkur til umhugsunar um það hvað friður er einstaklega dýrmætur fyrir íbúa heimsins.

„Með friðsæl býli, ljós og ljóð, svo langt frá heimsins vígaslóð,“ orti Hulda í kvæði sínu Hver á sér fegra föðurland. Þetta kvæði öðlast aukna dýpt nú þessi misserin þegar „duna jarðarstríð“. Það er margt í kvæði hennar sem kallast á við þá tíma sem við lifum.

Vöxtur er forsenda velferðar

Við getum verið þakklát fyrir samfélagið okkar og landið okkar. Við höfum sýnt það á síðustu örfáu áratugum að við tökumst á við erfiðleika með samvinnu og samstöðu. Það gerðum við eftir bankahrunið. Það gerðum við í gegnum heimsfaraldur.

Við erum lítið samfélag og kvikt og erum fljót að snúa vörn í sókn. Eftir efnahagsáföll þá hafa sterkir atvinnuvegir tekið hratt við sér. Matvælaframleiðsla og orkuframleiðsla hafa ásamt ferðaþjónustunni myndað sterkan grunn fyrir þjóðarbúið.

Aukin áhersla á hugvit, bæði með öflugri sókn skapandi greina og hugverkaiðnaðar, er strax farin að leggja grunninn að enn öflugra atvinnulífi um allt land. Sá vöxtur skapar okkur enn fleiri tækifæri og er forsenda sterkrar velferðar.

Kæri lesandi. Ég óska þér og þínum gleðilegra og góðra tíma á aðventunni. Megi jólahátíðin vera þér heilög og góð.

Sigurður Ingi Jóhannsson,
formaður Framsóknar og innviðaráðherra.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN





Fasteignamiðstöðin Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi sími 550 3000 er með til sölu Jarðirnar Stóru-Hildisey 1 og 3 í Rangárþingi eystra.

Myndarlegur húsakostur bæði íbúðarhús og útihús.
Nútímafjós með mjaltarþjóni og vélrænni fóðurgjöf.
Myklir stækkunarmöguleikar bæði í ræktunn og húsum.
Landstærð tæpir 300ha. þar af 110 ha. í ræktunn í dag.
Framleiðsluréttur í mjólk ca. 440.000 l.
Jörðinn selst með bústofni og vélum til búsins

Landstærð tæpir 300 hektarar allt nýtanlegt land. Ræktun um 107 hektarar. Töluverð skjólbeltaræktun. Jörðin selst með bústofni og vélum og 438.470 þúsund lítra framleiðslurétti í mjólk. Bústofns-, véla- og tækjalistar liggja frammi á skrifstofu Fasteignamiðstöðvarinnar.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali magnus@fasteignamidstodin.is sími 550 3000 eða 892 6000

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is



„Mikill erfðabreytileiki er lykilþáttur til viðhalds frjósemi og hreysti í búfjárstofnum,“ segir Kristinn m.a. í grein sinni.
Mynd / Aðsend

Kynbætur hrossa:

Efling eiginleikanna

Íslenski hesturinn kom hingað til lands með landnámsmönnunum. Nýjustu rannsóknir hafa leitt í ljós mikil líkindi erfðaefnis íslenska hestsins og þess hjaltneska sem og mongólska hestsins.



Kristinn Hugason.

Skyldleikinn við norsku hestakynin er hins vegar minni en við hefði mátt búast. Í ljósi landfræðilegrar legu bresku eyjanna og hversu oft landnámsmennirnir fóru þangað í víking, eru tengslin við Hjaltlandshestinn auðskýrð. Hvað skyldleika við mongólska hestinn varðar er skýringuna að finna í víkingaferðum norrænna manna í austurveg.

Í ljósi þess hve þröngt var í knörrum landnámsmanna, voru ekki flutt hingað önnur hross en þau sem töldust úrval. Þessi stofn myndaði grunninn að íslenska hestinum sem varðveist hefur hér hreinræktaður, þ.e. án nokkurrar innblöndunar annarra hrossakynja. Fornmenn stunduðu hrossarækt en ekki er minnst á kynbætur annars búpenings. Höfðingjum sögualdar þótti sómi af því að eiga metfé í stóði og enginn búpeningur er jafn oft nefndur í fornritunum og hrossin. Þegar frá leið og að landsmönnum þrengdi efnalega, lognaðist ræktunarstarfið út af og náttúruúrval varð svo gott sem allsráðandi.

Hestarnir hafa á öllum öldum Íslandsbyggðar haft sérstöðu meðal búpenings þjóðarinnar og ekkert húsdýranna stóð manninum nær en hestarnir auk hundsins. Ísland hefði líka verið óbyggilegt án hestsins. Hann nýttist til ferðalaga um veglaust land sem reið- og trússhestur, burðar- og dráttardýr við bústörfin og akhestur, eftir að kerrur og vagnar komu til sögunnar.

Kynbætur

Fyrstu skrif um kynbætur hrossa á Íslandi birtust árið 1788 og voru eftir Ólaf Stephensen stiftamtmann. Var það hvatning til landsmanna að bæta hrossin með úrvali og tilraun til að marka ræktunarstefnu. Lítið mjakaðist þó lengi vel og var það raunar ekki fyrr en upp úr aldamótunum 19-hundruð sem málin fóru að komast á nokkurn skrið. Þunginn í ræktunarstarfinu hefur svo aukist eftir því sem á hefur liðið.

Í sinni einföldustu mynd má segja að tilgangur búfjárkynbóta sé að bæta erfðahópinn sem í hlut á með úrvali en lágmarka um leið skyldleikarækt. Það er að ná fram kynbótaframför í átt að settu kynbótamarkmiði. Hversu mikil kynbótaframför næst ræðst af því hversu stíft er valið úr stofninum, hversu öruggt úrvalið er og stærð erfðabreytileikans sem metinn er í stofninum. Árleg kynbótaframför er svo í öfugu hlutfalli við lengd ættliðabilanna. Það sem við metum eða mælum er það sem kallast svipfar eiginleikans, en eiginleikar hestsins eru oftar en ekki það sem kallast metnir eiginleikar, svipfarið samanstendur af erfðum og umhverfisáhrifum.

Í ræktunarstarfi hefur lengst af verið byggt á tveimur megin nálgunum; annars vegar einföldum erfðum (mendelskar erfðir) þar sem örfáir erfðavísar ráða öllu um útkomuna, s.s. erfðir lita, og hins vegar á samleggjandi erfðum. Þá ráða samleggjandi áhrif fjölmargra erfðavísa eðlisfari eiginleikans sem um ræðir, s.s. gangtegundir. Öll vinna á sviði samleggjandi erfða byggist á feiknamikilli tölfræði og sá heimur opnaðist því ekki að fullu fyrr en við tilkomu stórvirkrar tölvutækni. Á allra síðustu árum hefur svo opnast enn ný gátt sem er erfðamengisúrval sem töluvert hefur verið fjallað um í fréttum samfara því að aðferðin hefur verið tekin upp í nautgripakynbótum hér á landi.

Íslensk hrossarækt hefur verið framarlega, á heimsvísu má segja, allt frá árinu 1986 en þá var tekin upp hér ný aðferð til að reikna út kynbótamat (mat á gæðum erfðaeðlis hrossanna), svokölluð BLUP-aðferð. Nýr heimur erfðamengisúrvals virðist fljótt á litið lokaður hrossaræktinni því mun nærtækara er að hagnýta aðferðina við ræktun mældra eiginleika en metinna, þeir mældu ráðast oftar af sætum sem greina má í erfðaefninu. Nýjustu rannsóknir gefa þó vonir um að aðferðin geti nýst í hrossakynbótunum og þegar er eitt slíkt sæti þekkt sem er hinn svokallaði gangráður sem ræður því hvort hross geti skeiðað.

Mögulegar kynbætur fyrir blóðnytjum

Í gögnum sem Ísteka greindi frá í nýútgefinni skýrslu fyrirtækisins um starfsemina á árinu 2022 sést að markviss viðleitni til að velja úr þær hryssur sem eru afurðamestar í blóðnytjunum og setja frekar á unghryssur undan þeim, hefur bersýnilega leitt til aukinnar framleiðslu í þeim stóðum þar sem þetta er gert. Þetta sýnir að eiginleikinn sem verið er að vinna með er arfbundinn en á ákveðnu skeiði meðgöngu myndast í legi fylfullra hryssna sérstakt hormón.

Umrætt hormón er sykruð próteinsameind og nefnd Pregnant Mare Serum Gonadotropin (PMSG). Frjósemishormón þetta er mikilvægt upp á að meðgangan gangi eðlilega fyrir sig en er algerlega óviðkomandi folaldinu sem undir hryssunni gengur. Rannsóknir hafa jafnframt leitt í ljós að það hefur engin áhrif á fylið hvort þetta hormón mælist mikið eða lítið, lengur eða skemur í blóði hryssunnar umfram það að myndast í nægjanlegu magni á þessu skeiði meðgöngunnar og þjóni þá lífeðlisfræðilegum tilgangi sínum. Í undantekningartilvikum hefur það jafnvel gerst að það mælist ekki þótt hryssan sé fyljuð og kasti í fyllingu tímans heilbrigðu folaldi. Það er hins vegar mikilvægur framleiðslueiginleiki í blóðnytjunum að hormónið mælist sem lengst. Þessi framleiðslueiginleiki, auk sem mestrar frjósemi, eru lykileiginleikar í búskapnum, auk góðrar hreysti. Þessir tveir síðarnefndu lykileiginleikar; frjósemin og hreystin eru að auki grundvallareiginleikar í allri hrossarækt. Ekkert gengur upp svo vel sé, t.d. í ræktun afrekshrossa, sé frjósemi og hreysti ekki til staðar. Mikill erfðabreytileiki er lykilþáttur til viðhalds frjósemi og hreysti í búfjárstofnum. Þess vegna var tekið svo skýrt fram hér framar í greininni, að tilgangur búfjárkynbóta sé að lágmarka skyldleikarækt jafnhliða því sem búfjárstofninn sem í hlut á sé kynbættur. Skyldleikarækt leiðir til einsleitni og minnkar þar með erfðabreytileika.

Í ljósi þess sem fram er komið í greininni um hrossakynbætur almennt og mögulegar kynbætur fyrir blóðnytjum sérstaklega, er ljóst að þeir eru á villigötum sem telja að kynbótastarfi með íslenska hestinn gæti staðið ógn af þeirri viðleini að nýta fræðilegar aðferðir enn betur til að auka blóðnytjarnar. Þvert á móti er um gagnlegt starf að ræða. Erfðafjölbreytileiki íslenska hrossastofnsins er aukin og unnið eindregið að því að auka frjósemina sem sannanlega hefur látið undan síga í kynbótastarfinu á umliðnum áratugum. Hér er því um starf að ræða sem er allra hagur sem íslenska hestinum unna.

Nú líður að helgum tíðum. Ísteka vill á þeim tímamótum þakka árið sem er að líða og óska lesendum öllum árs og friðar.

Kristinn Hugason,
samskiptastjóri Ísteka.

Umbúðir án innihalds

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins skrifar hæstvirtur matvælaráðherra grein sem ber yfirskriftina „Bjartsýni í sauðfjárrækt“.


Högni Elfar Gylfason.

Orð eru til alls fyrst og segja má að það sé góð byrjun hjá ráðherra landbúnaðarmála að vera bjartsýn á framtíð stórrar atvinnugreinar sem undir hana heyra. Atvinnugreinar sem hefur átt stóran þátt í að fæða og klæða landann frá landnámi og fram á okkar tíma.

Atvinnugreinar sem að miklu leyti hefur verið og er enn byggðafestan í dreifðum byggðum Íslands. Að því sögðu er vert að benda hæstvirtum ráðherra á að staða sauðfjárbænda lagast ekki ef greinin er afskipt af hálfu ráðuneytisins, ef ekkert er gert, ef hausnum er stungið í sandinn í þeirri von að vandinn hverfi.

Staða sauðfjárbænda lagast heldur ekki ef þeir sem eru betur settir verða skornir niður til að lagfæra stöðu hinna. Það helgast af því að þeir sem betur standa eru þrátt fyrir það í slæmri stöðu. Slík aðgerð væri ef til vill á pari við að taka af launum láglaunamanneskju og færa það annarri slíkri sem er einum launataxta neðar. Slíkt er ekki lausn heldur skrautlegar umbúðir um tómlegt innihald.

Gjafmildi í orði

Ráðherrann bendir á að hún hafi hlutast til um að 700 milljónir hafi verið greiddar til bænda úr ríkissjóði vegna hækkunar áburðarverðs síðastliðið vor.

Ekki er ástæða til að vanþakka þann gjörning, en ef réttlátar hefði verið að verki staðið hefði upphæðin kannski nýst betur þeim sem henni var ætlað í orði kveðnu. Dæmi er um að af um 100% hækkun áburðarverðs á búi hafi þannig fengist um 8% vegna þessarar góðvildar ráðherra.

Ef upphæðin hefði eingöngu verið greidd til þeirra sem keyptu áburð þetta vorið og þá í samræmi við keypt magn hefði hlutfallið hugsanlega verið hagfelldara þeim sem fengu stærsta skellinn þegar verð tilbúins áburðar tvöfaldaðist á skömmum tíma. Þá má benda hér á að fjármunir sem dreift var eftir aðkomu svonefnds „spretthóps“ ráðherra voru minni en það sem fram kom hér að ofan, allavega á þeim bæ sem um er rætt.

Leikreglur stjórnvalda

Í umræddum skrifum ráðherra bendir hún á að afkoma bænda sé háð fleirum en stjórnvöldum. Það er ánægjulegt að um það sé vitneskja í ráðuneytinu, en þá er líka rétt að skoða hvernig aðkoma stjórnvalda hefur á margan hátt stjórnað getu íslenskra bænda til að reka bú sín. Beinn stuðningur yfirvalda við greinina er nefnilega langt í frá það eina sem hefur áhrif á afkomuna. Þannig má ekki gleyma því að Alþingi og ríkisstjórn setja leikreglur í landbúnaði líkt og í öðrum geirum íslensks mannlífs.

Íslensk stjórnvöld ákveða hversu mikið er flutt inn til landsins af landbúnaðarafurðum með tollasamningum við önnur ríki. Þannig er búið að stórauka innflutning undanfarin ár sem hefur haft bein áhrif á íslenska framleiðslu og verð til bænda. Samkeppni íslenskra fjölskyldubúa er og verður aldrei samkeppnishæf í krónum og aurum við erlend risastór verksmiðjubú. Í því ljósi er það í raun ákvörðun stjórnvalda hvort íslenskur landbúnaður lifir eða deyr.

Íslensk yfirvöld setja samkeppnisreglur í landinu. Þessar reglur og stofnanir sem um þær fjalla hafa valdið því að lítil sem engin samkeppni er í matvöruverslun hér á landi. Viðskiptablokkir sem ráða markaðnum alfarið og sjá um innflutning, heildverslun og smásölu matvæla á Íslandi eru á ábyrgð yfirvalda. Þeirra hagur er að kaupa vörur á eins lágu verði og mögulegt er og selja þær með eins miklum hagnaði og hægt er til hagsbóta fyrir eigendur. Þannig greiðir almenningur fyrir vörur sem hafa farið í gegnum nokkur fyrirtæki sem öll hafa bætt sinni álagningu ofan á, en eignarhald á keðjunni frá innflutningi til neytenda er oft í höndum tengdra eða ef til vill í einhverjum tilfellum sömu aðila.

Þegar þessar stóru verslunarblokkir svo semja um kaup vara frá íslensku afurðastöðvunum er aðstöðu- og stærðarmunur milli aðila svo mikill að litlar íslenskar afurðastöðvar mega sín lítils í samningaviðræðum um verð.

Þannig hafa ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um að leyfa of mikinn innflutning landbúnaðarafurða ásamt því að leyfa mjög þjappað eignarhald í innflutnings-/, matvinnslu-/, heildsölu- og smásöluverslun matvæla risastór og bein áhrif á rekstrarhæfi íslensks landbúnaðar. Við bætist svo vangeta íslenskra tollayfirvalda við að fylgjast með innflutningi og framfylgja reglum þar um, en í því sambandi má vísa til misræmis milli talna Evrópusambandsins um útflutning landbúnaðarafurða til Íslands annars vegar og hins vegar talna íslensku Hagstofunnar um innflutning sömu landbúnaðarafurða frá ESB, en þar á milli er himinn og haf þar sem stór hluti útflutnings frá ESB er ekki skráður sem innflutningur hér á landi.

Stuðningur við íslenskan almenning

Ráðherra verður tíðrætt í grein sinni um stuðning almennings við sauðfjárrækt. Það er leitt að ráðherra landbúnaðarmála virðist ekki gera sér grein fyrir tilgangi stuðnings við landbúnað, en það vita allir sem vilja að tilgangurinn er að lækka verð matvara til almennings.

Það hefur um leið þau áhrif að framleiðsla matvæla stendur betur undir kostnaði og tryggir að framleidd séu matvæli í landinu með því öryggi sem fylgir. Þó skal ráðherra bent á að frumframleiðsla matvæla er hér á landi lítils virt þegar kemur að útdeilingu virðisauka af framleiðslu, vinnslu, dreifingu og sölu þeirra. Þar eru Íslendingar eftirbátar margra annarra þjóða.

Lifað á loftinu einu saman

Það sem hæstvirtur matvælaráðherra vísar ítrekað í sem stuðning við bændur er í raun og sann stuðningur við innlenda framleiðslu matvæla, við fæðuöryggi, matvælaöryggi og um leið við byggð í landinu í víðri merkingu.

Ef ráðherra ætlar að breyta stuðningi við framleiðslu matvæla í stuðning við að framfylgja svonefndri loftslagsstefnu stjórnvalda þar sem ýmsum vafasömum fullyrðingum, draumórum og að því er virðist dulspeki ótilgreindrar loftslagskirkju er fylgt, er um grundvallar stefnubreytingu að ræða. Rétt væri að leggja svo afdrifaríka stefnubreytingu fyrir Alþingi Íslendinga til umræðu og ákvörðunartöku.

Slíkur viðsnúningur er tæpast svo léttvægur að ein manneskja geti ráðið þar um þrátt fyrir að gegna virðulegu starfi hæstvirts matvælaráðherra.

Högni Elfar Gylfason,
varaþingmaður Miðflokksins í Norðvesturkjördæmi.

Búminjasafnið Lindabæ, Skagafirði óskar
gestum, velunnurum og styrktaraðilum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum heimsóknir og gjafir á árinu.

Kveðja, Sigmar og Helga

BÚMINJASAFNIÐ Lindabæ

MITSUBISHI ELECTRIC
Changes for the Better
VK vörukaup



MSZ-RW er besta loft í loft varmadælan okkar.
Hentar vel í nánast allar tegundir húsa t.d.:
• Alrými einbýlishúsa
• Sumarbústaði 60+ fm
• Geymslur

Kynningartilboð á MSZ-RW35 Varmadælu, innifalið er:
• Góð þjónusta
• Veggfesting
• Mótorpúði
• Flott skjólhus fyrir útieiningu

AÐEINS 333.333 ISK m/vsk

Nánari upplýsingar á nýrri heimasíðu okkar:
vorukaup.is 516-2600 vorukaup@vorukaup.is

JOBMAN WORKWEAR
Frábærar skyrtur frá Jobman!
Durability at work since 1975
Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.
KH VINNUFÖT Réttu fótin fyrir þig!

Vattfóðruð skyrta J5157
Verð: 7.993 kr.

Þunn skyrta J5138
Verð: 6.815 kr.

Vefverslun: Khvinnufot.is
Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is
Jólagjöfin í ár!

CFMOTO fjórhjólin fást hjá okkur

CFMOTO 450
Kr. 1.459.000,-
Án vsk. Kr. 1.176.613,-

CFMOTO 520
NÝTT ÚTLIT
Kr. 1.599.000,-
Án vsk. Kr. 1.289.516,-

CFMOTO 1000
Kr. 2.690.000,-
Án vsk. Kr. 2.169.355,-

Öll hjólin eru með beinni innspýtingu, rafmagnstýri, spili, dráttarkrók, handahlífum, háu og lágu drifi með læsingu. Vökvabremsum, álfelgum og eru tveggja manna traktorsskráð. Verð er með Vsk.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

NITRO
Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848
Nánari upplýsingar á nitro.is

LESENDARÝNI

Bændaferð Norður-Þingeyinga:

Fé og fleira fallegt í Færeyjum

Á vordögum kviknaði sú hugmynd hjá bændum í Norður-Þingeyjarsýslu að fara í bændaferð til Færeyja. Haft var samband við undirritaðan og hann beðinn um að skipuleggja ferðina.


Daníel Hansen.

Safnast var saman við ferjuna á Seyðisfirði þar sem ferðin hófst. Eftir ljúfa ferð í ferjunni komum við til Þórshafnar seinni part fimmtudags. Ákvað fólk að fara með strætisvagni í bæinn og finna gott veitingahús.

Þegar vagnstjórinn hleypti okkur inn var hann svolítið sposkur á svip. Aftar í vagninum lágu fjórir lambskrokkar á gólfinu, bílstjórinn var að flytja þá á milli staða og átti þá sjálfur. Þeir voru búnir að hanga í fjórar vikur og áttu eftir að hanga lengi til að vera tilbúnir í skerpikjöt.

Aðrir farþegar kipptu sér ekkert upp við þetta en okkur varð hugsað til MAST.

Straumeyjardagur

Fyrsti viðkomustaður dagsins var Búnaðarstovan í Kollafirði. Þar tók starfsmaður á móti okkur, Dorthea Joensen, og sagði okkur frá starfseminni og almennt frá landbúnaði í Færeyjum. Dorthea hefur unnið mikið starf undanfarin ár í því að koma ullinni í verð.

Saksun er einn fallegasti staður í Færeyjum og eyddum við megninu af deginum þar. Við skoðuðum hús sem er margra alda gamalt og er safn í dag. Þaðan lá leiðin í kirkju staðarins og síðan í fjárhús hjá bóndanum Jóhanni Jeggvanssyni, en hann er einn fjárflesti bóndi eyjanna. Þar inni voru bæði kindur sem biðu slátrunar og sem átti eftir að sleppa út. Sláturhúsið var ekki stórt eða nýtískulegt. Þar er samt slátrað um 100 kindum á dag og mest hefur verið slátrað 200. Þeir hafa félagsskap um smölun og slátrun, smala í fimm daga, slátra síðan í fimm daga og halda áfram þar til búið er að heimta allt.

Hrútarnir eru teknir úr og sleppt í féð í byrjun desember. Húsfreyjan á staðnum bauð upp á kaffi, meðlæti og skerpikjöt á eftir. Hún hafði verið á Bændaskólanum á Hólum og talaði góða íslensku. Á heimleiðinni var komið við í verslun með alls kyns landbúnaðarvörur.

Austureyjardagur

Þennan dag notuðum við til að skoða Austurey, fórum fyrst um göngin en stoppuðum svo í versluninni Navia í Rúnavík. Þessi verslun er með alls kyns prjónavörur, mest úr færeyskri ull. Stutt frá Rúnavík er bærinn Lamba en þangað hafði bóndinn Jón Nónklett boðið okkur til að skoða valda hrúta. Fallegur staður sem gaman er að koma til.



Stærsti póstkassi heims er í Skopun.

Eftir skoðunarferð þar um héldum við til Eldurvíkur sem er lítið þorp. Þar tók á móti okkur þýskur maður sem hefur tekið ástfóstri við staðinn og byggt sér hús þar. Hann er í góðu samstarfi við bændur og kaupir af þeim ull og lætur vinna vörur úr þeim, bæði band og þæfðar vörur, allt unnið í Þýskalandi. Kaffi og meðlæti var hjá einum bóndanum, vini hans, og að auki besta skerpikjötið sem við fengum í ferðinni.

Við nutum leiðsagnar Þjóðverjans um þorpið og í dulda perlu staðarins, Gjána, stundum nefnd Drottningargjáin eftir að Danadrottning heimsótti hana. Þetta er gjá inn í klettavegginn og hellir yfir. Þarf að fara margar tröppur niður í hana en einnig er lítil bryggja í henni.

Sandeyjardagur

Fyrst var farið í Kirkjubæ og litast um í rústunum þar. Þá var farið í Gömlurétt þar sem ferjan yfir til Sandeyjar fer. Stutt er í að göngin yfir í Sandey opni en það verður mikil samgöngubót.

Það er þegar farið að nota þau við sjúkraflutninga. Móttaka var fyrir okkur í félagsheimili staðarins. Það gerðu tvær íslenskar konur, Heiðrún og Kristrún Einarsdætur frá Patreksfirði. Þær sögðu okkur frá mannlífi og fleiru og enduðu á því að fara með okkur í aðstöðu sem sveitarfélagið skaffar þeim fyrir ýmsar hannyrðir, aðallega úr ull.

Næst var ekið um eyna og þorpin skoðuð.


Norður-Þingeyingar á útsýnispalli á Austurey. Myndir / Bóas Ingi Jónasson

Á Sandi lentum við í skemmtilegum atburði, „kúadellu-lottói“. Þar er túnbleðli skipt í reiti og hver reitur er til sölu. Þá er kú hleypt út og beðið eftir að hún skíti. Þar sem fyrsti skíturinn lendir er vel mælt út og eigandi þess reits fær vegleg verðlaun. Þetta er gert í fjáröflunarskyni fyrir ungmennafélög og nemendafélög. Verðlaunin síðasta ár voru flugmiðar til Grænlands og Íslands. Sú sem vann síðasta ár var eigandi veitingahússins Á mölinni í Skálavík þar sem við fengum góðar veitingar. Hún sagði að oft myndist mikil stemning í kringum þetta, kýrin er hvött til að skíta með miklum látum.


Lokakvöldinu var eytt í dýrindis veislu í boði Búnaðarsambands Norður-Þing, en daginn sem við fórum heim breyttist veðrið, kom rok og rigning.

Daníel Hansen,
forstöðumaður Fræðaseturs um forustufé.


Verðlaunahrútar í Lamba.


Flíkur framleiddar úr færeyskri ull.


Sláturlömb í Gjógv.



Auglýsing um „kúadellulottóið“.


Litast um í Kirkjubæ.

Loftskipti og varmatap

Almennt er íbúðarhúsnæði á Íslandi loftræst náttúrulega eða með útsogskerfum.


Eiríkur Á. Magnússon.

Drifkraftur fyrir náttúrulega loftræsingu er helst tvenns konar vindþrýstingur og svokölluð skorsteinsáhrif. Skorsteinsáhrif eru áhrif þar sem heitt og rakt loft stígur upp, til dæmis í gegnum stokka sem liggja upp frá baðherbergjum. En almennt eru mestu loftskipti vegna vinds sem dregur loft í gegnum opnanleg fög, aðrar opnanir eða óþéttleika í byggingarhjúp. Helstu kostir náttúrulegrar loftræsingar er lágur stofnkostnaður og einfaldleiki.

Helstu ókostir eru að hún er háð hitastigsmun og vindi. Til dæmis aukast skorsteinsáhrif á veturna þegar það er kalt úti og minnka þegar heitara er í veðri. Þannig geta loftskipti ýmist orðið lítil sem engin þegar hlýtt er úti og vindhraði lítill en heldur mikil þegar kalt er úti og hvasst. Mikil loftskipti yfir vetrartímann leiða til aukinnar kyndiþarfar. Í náttúrulega loftræstum híbýlum getur reynst flókið að stýra hitastigi, kaldur dragsúgur myndast yfir vetrartímann og mögulega verður oft heitt inni á hlýjum dögum.

Að fá ferskt loft inn krefst þess að hafa glugga opna, en það getur reynst íbúum til ama ef það er til dæmis vont veður eða mikill niður frá umferð.

Vélræn útsogskerfi hefur verið ein algengasta gerð loftræsikerfa fyrir íbúðarhúsnæði á Íslandi undanfarna áratugi. Í útsogskerfum er stokkum komið fyrir úr eldhúsi og baðherbergjum og rakt mengað loft dregið þaðan út með baðherbergisviftum eða blásurum. Ferska loftið kemur inn á móti í gegnum opnanleg fög eða ferskloftsventla.

Það sem þarf að hafa í huga við virkni þessara kerfa er að þar sem ekki eru ferskloftsventlar má reikna með að það myndist undirþrýstingur þegar opnanleg fög eru lokuð. Það skiptir máli hvernig ferskloftsventlum er komið fyrir þannig að það sé dregið inn ferskt loft. Það hefur tíðkast að koma þeim fyrir bakvið klæðningar en þá þarf að huga að því að binda ryk úr steinull í loftbili og velja klæðningarefni sem ekki gefa frá sér lykt eða önnur gös sem geta haft neikvæð áhrif á gæði innilofts.Útsogskerfum fylgir töluvert orkutap þar sem að upphituðu lofti er dælt út og kalt loft dregið inn. Í fjölbýlishúsum þarf að huga að þrýstingsástandi á milli íbúða. Til dæmis ef lokað er fyrir ventla og glugga í einni íbúð í blokk með þakblásara sem gengur á föstum afköstum þá aukast loftskipti í öðrum íbúðum.

Til að koma í veg fyrir þetta er hægt að nota þrýstistýrða þakblásara. Þar sem er náttúruleg loftræsing eða vélræn útsogskerfi má sýna fram á með tiltölulega einföldum útreikningum að varmatap vegna loftskipta geti verið af sömu stærðargráðu og varmatap vegna leiðni í gegnum hjúpfleti bygginga. Umræða um orkusparnað við upphitun húsa er áberandi en sjaldan er komið inn á varmatap vegna loftskipta.

Í auknum mæli er verið að setja upp svokölluð loftskiptakerfi í íbúðarhúsnæði. Loftskiptakerfi eru byggð upp af tveimur stokkakerfum, í öðru kerfinu er blásið inn fersku lofti í íverurými og í hinu er sogað út rakt loft úr eldhúsi og votrýmum. Varmaendurvinnsla í loftskiptakerfum flytur varma úr útsogslofti yfir í ferskt loft sem blásið er inn, varmaendurvinnslan getur náð allt að 85%. Ef að gengið er útfrá því að um helmningur varmataps sé vegna loftskipta þá sést að varmaendurvinnsla við loftskipti er stór sneið af kökunni. Í loftskiptakerfum er útiloft síað áður en því er blásið inn.

Með þessu móti sjá loftskiptakerfi til þess að:

- nægu fersku lofti er veitt inn óháð veðri
- fersku lofti er veitt inn án þess að kæla íverurými
- að rakt notað loft er dregið út
- dregið er úr orkutapi með varmaendurvinnslu
- minni óhreinindi berast inn vegna síunnar
- minni umhverfishávaði berst inn ef opnanleg fög eru lokuð

Auk þess er hægt að stilla kerfin þannig að vægur yfirþrýstingur sé í íbúðum. Algengast er að sjálfstætt kerfi sé fyrir hverja íbúð. Þessi kerfi eru einnig kölluð balanseruð loftræsikerfi eða FTX kerfi.

Greinarmunur er á loftskiptakerfum, sem að draga úr varmatapi við loftskipti og varmadælum sem eru hitakerfi húsa en sjá ekki um loftskipti. Þannig geta byggingar bæði haft varmadælur og loftskiptakerfi með varmaendurvinnslu sem vinna vel saman.

Orkustofnun veitir styrki til umhverfisvænnar orkuöflunar og/eða aðgerða sem leiða til bættrar orkunýtingar í húshitun. Loftskiptakerfi með varmaendurvinnslu geta dregið verulega úr orkutapi vegna loftskipta. Hægt er að sækja um niðurgreiðslu við uppsetningu á loftskiptakerfum á köldum svæðum hjá Orkustofnun. Reikna má með að endurgreiðslan sé helmingur af efniskostnaði en ekki meira en 1,3 milljónir króna. Endurgreiðslan á ekki að hafa áhrif á niðurgreiðslu á raforkukostnaði.

Í nágrannalöndum okkar, s.s. Danmörku og Noregi, hefur það verið reglugerðarkrafa að setja upp loftskiptakerfi með varmaendurvinnslu í nýtt íbúðarhúsnæði um árabil.

Ástæða kröfunnar er að dregið er úr orkutapi með því að endurvinna varma við loftskipti. Það verður áhugavert að sjá hvernig kröfurnar þróast hérlendis.

Eiríkur Ástvald Magnússon,
byggingarverkfræðingur hjá Ventum ehf.



„Þegar þú ert búin að gefa öllum dýrum, innan sem utan húss, og þú situr inni í fjárhúsi og hlustar á kindurnar éta með sínum krúttlegu smjatthljóðum. Friðurinn sem fylgir er fyrir mér himneskur. Það er að vera bóndi fyrir mér – vitandi að allir eru saddir og sælir," segir Þórunn Dís m.a. í grein sinni. Mynd / ghp

Endurkynni þjóðar og bænda

Það eru til atvinnugreinar hér á landi sem eru svo lokaðar að þú þarft að þekkja mjög mikilvægt fólk til að komast að. Að verða bóndi má alveg telja sem eina af þeim atvinnugreinum, því að til þess að komast að þeirri mjólkurfötu verður þú að þekkja MJÖG mikilvægt fólk; aðra bændur!

> „Ansans, ég er greinilega of gömul til að skrifa þessa grein þrátt fyrir að eiga að flokkast sem ungur bóndi."



Þórunn Dís Þórunnard.

Hér áður fyrr áttu þeir krakkar sem bjuggu í þéttbýli allir einhver ættmenni sem bjuggu í sveit. Þekkt var að þéttbýlin nánast tæmdust yfir sumarið því langflestir fóru til Siggu frænku eða ömmu og afa í fjósið yfir sumarið, tóku þátt í heyskap, sauðburði og allt það sem fylgdi. Núna eru krakkar að alast upp sem eiga enga ættingja til að fara til út á landi. Síðustu tvær eða þrjár kynslóðir hafa vaxið úr grasi án þess að sjá hvernig það er verkað í hey fyrir dýrin.

Það er ekkert að því að vera malbiksmanneskja, sitt sýnist hverjum, en er það ekki þá okkar bændanna að sjá til þess að allir viti hvernig maturinn þeirra kemst á diskinn þeirra, sem allir eru aldeilis spenntir fyrir að skella einni mynd af á grammið?

Við verðum víst að sætta okkur við það að mest af innlendu matarframleiðslunni verður til á landsbyggðinni … ekki höfuðborgarsvæðinu. EN! - Þéttbýli eru á víð og dreif um landsbyggðina, það er eitthvað meira til af miðbæjum heldur en bara 101 Reykjavík.

Þegar vinnan var í gangi á bak við gerð *Hvítbók um byggðamál - Drög að stefnumótandi byggðaáætlun til 15 ára og aðgerðaáætlun til fimm ára* í maí 2021 voru Samtök ungra bænda beðin um að leggja til hugmyndir og segja meðal annars:

„Með því að fjölga atvinnutækifærum í þéttbýlum utan höfuðborgarsvæðisins er á sama tíma verið að styrkja byggð í dreifbýli. Þar sem margs konar þjónustu er hægt að fá í gegnum netið er engin fyrirstaða fyrir því að færa fleiri störf út á land og þannig auka byggð landsins. Með því fæst einnig meiri hvati fyrir ungt fólk úr þéttbýli eða fjölskyldur til þess að flytja út á land."

Þannig að vera malbiksmanneskja þýðir alls ekki að þú sért bara lattelepjandi trefill í hundrað og einum eins og einhvern tímann var komist að orði. En með því að flytja á Kópasker – sem er vissulega þéttbýli – ertu um leið að styrkja sveitina og gera Gísla á Uppsölum það kleift að sitja aðeins lengur á jörðinni sinni með þessar tvær kýr og tíu kindur.

Það er reyndar þessi lenska að mála alla bændur sem einhvers konar Gísla, eða Magnús og Eyjólf – einyrkja með tóbakið lengst niður á höku og vitandi ekkert hvað snýr upp eða niður á fartölvu. Við erum alveg aðeins meira nýmóðins en það (þrátt fyrir að undirrituð sé svo gamaldags að nota orðið nýmóðins.)

Spurning um að fara að auglýsa dalalífsviku einhvers staðar, hver tekur svoleiðis að sér?

Fjósalykt! Æ LOVIT! – Ansans, ég er greinilega of gömul til að skrifa þessa grein þrátt fyrir að eiga að flokkast sem ungur bóndi. En er það ekki bara önnur birtingarmynd vandans, yngri bændur eru bara ekki til? Þegar heil starfsstétt er búin að vera fjársvelt svo lengi þá er næsta kynslóð sem hefur fylgst með foreldrum sínum jafnvel bugast út af fjárhagsáhyggjum og vinnu. Það er því ekki skrítið að næsta kynslóð sé ekki að hlaupa til að taka við.

Skýrslan *Ræktum Ísland!*, sem var unnin fyrir þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem gaf upp mynd af landbúnaðarstefnu fyrir Ísland segir:

„Hvarvetna er litið til kynslóðaskipta og nýliðunar við mótun landbúnaðarstefnu enda er hún ekki lífvænleg nema vel sé að þessum þáttum staðið og afkoma bænda tryggð." – Alltaf kemur þetta svo sem niður á það að það vantar meiri pening. Ég ætlaði samt að reyna að komast í gegnum þessi skrif án þess að nefna peningaleysi bændastéttarinnar. Nóg er af þeim jarðarfarasálmum og eru fleiri eflaust í skrifum þegar þessi grein er í prentun.

Við skulum aðeins líta inn á við. Allar starfsstéttir eiga sínar skin og skúrir og þegar hugsað er til baka man maður yfirleitt það sem verst fer, en einnig það sem heppnast svo vel að maður fellir næstum tár. Þegar lamb sem gekk í gegnum erfiðan burð og er vart hugað líf kemst á fætur og endar með móður sinni uppi á fjalli þar sem það fær að hlaupa allt sumarið. Þegar kýr ber gullfallegum kálfi alveg sjálf. Þegar kindin sem þú ert búin að vera að hlaupa á eftir í 2 klukkutíma fer loksins rétta leið heim. Þegar litla folaldið þitt er allt í einu komið í úrslit inn á landsmót. Þegar akurinn sem þú rétt náðir að sá niður fyrir rigningu gefur af sér metuppskeru.

Íslenskur landbúnaður er alveg jafn fjölbreyttur og bændurnir sem sinna honum enn þá fjölbreyttari. Flestir, ef ekki nær allir, geta talið upp alls konar sögur um búskapinn, hvort fór það illa eða vel og svo framvegis. Það er einfaldlega eitt af því að vera bóndi.

Maður kannski fer að spyrja sig í kjölfarið; hvað þýðir það að vera bóndi? Þetta kann að vera flókin spurning en fyrir einhverjum getur svarið einfaldlega verið niðurnjörvað í litlu atburðina sem gerir það að vinna og lifa í landbúnaði og búskap svo frábært.

Mitt svar er: Þegar þú ert búin að gefa öllum dýrum, innan sem utan húss, og þú situr inni í fjárhúsi og hlustar á kindurnar éta með sínum krúttlegu smjatthljóðum. Friðurinn sem fylgir er fyrir mér himneskur. Það er að vera bóndi fyrir mér – vitandi að allir eru saddir og sælir.

Er ekki kominn tími til að allir opni huga sinn og reyni að sjá hvað það þýðir fyrir Jón, Gunnu, Gísla, Magnús og Eyjólf, að vera bóndi? Jafnvel fara að hugsa sitt eigið svar við þessari spurningu. Ef svarið er kannski:

„Bændur eru fólk sem getur stjórnað sínum vinnutíma miklu betur en ég sem er fastur í 9-5 vinnu fyrir framan tölvu."

Í kjölfarið fer það að hugsa að kannski væri ekki svo vitlaust að flytja úr þessari íbúðarblokk í ónefndum bæ og flytja á lítinn sveitabæ. Jafnvel taka nokkra áfanga um jarðrækt í Landbúnaðarháskólanum. Hvernig ætli sé best að komast að mjólkurfötunni?

Þórunn Dís Þórunnardóttir,
varaformaður Samtaka ungra bænda.









LESENDARÝNI

Örfá brot tengd ættfærslum hjá kindum og kúm á Íslandi

Ég átti því láni að fagna að starfa mestan hluta starfsferils míns að kynbótum sauðfjár og nautgripa hér á landi.



Jón Viðar Jónmundsson.

Frá námi mínu þekkti ég að í flestum tilvikum var traust ættfærsla ræktunargripanna undirstaða þess að ná árangri. Þess vegna var mér frá byrjun kappsmál að ættfærsla gripanna væri eins góð og mögulegt var.

Til að geta skilið ræktunarsöguna var líka nauðsynlegt að styrkja ættargrunn þessara tegunda með skráningu eldri ætternisupplýsinga. Þess vegna fór ég að nota tíma á síðkvöldum og um helgar til að skrá slík gögn í ættargrunnana sem þá voru að byrja að byggjast upp hjá Búnaðarfélagi Íslands.

Eldri skýrslur nautgriparæktarfélaganna

Fyrst hófst ég handa í nautgriparæktinni. Þá voru allar eldri skýrslur nautgriparæktarfélaganna aðgengilegar í húsakynnum BÍ flokkaðar eftir nautgriparæktarfélögum. Í áranna rás gerði þetta okkur mögulegt að meta skyldleikaræktarþróun í stofninum og góðu heilli komu þar ekki fram hættumerki vegna skyldleikaræktar. Þetta gaf líka möguleika á að skoða hin einstöku áhrif Huppu 12 á Kluftum í stofninum sem eru nánast einstök í búfjárræktarsögu bæði hér á landi og erlendis.

Við fundum að erfðahlutdeild hennar í stofninum er yfir 8%, sem er gríðarhátt fyrir kú og væri raunar fyrir eitt einstakt naut líka.

Það eina sem bændum stóð til boða á þessum árum til að stýra skyldleikarækt kúnna var frekar þunglamalegt spjald með ábendingum um skyldleika sem Nautastöðin sendi bændum árlega og ég lét útbúa. Um aldamótin vann ég aðeins að tölvukerfi til þessara hluta. Það mál strandaði á að forriturum tókst aldrei að leysa aldamótavanda sem kom fram í forritinu. Þá var vinnsla skýrsluhaldsins í nautgriparækt ekki enn komin á netið og var því af ýmsum ástæðum ákveðið að leggja vinnu við verkefnið á hillurnar þá.

Nú hefur erfðatæknin tekið yfir í nautgriparæktinni og sum vandamálin eins og skyldleikarækt munu aukast. En þar gerast hlutirnir og mér nægir að reyna að fylgjast með því.

Læt staðar numið að rifja upp afskipti mín af málum tengd ættargrúski í nautgriparækt.

Gullnáma gamalla fjárbóka

Í sauðfjárrækt fór ég ekki að sinna þessum málum, að bæta við ættargrunninn eldri upplýsingum, fyrr en um aldamót. Þá hafði ég uppgötvað hve víða var að finna gullnámu gamalla fjárbóka. Ég fór því þá leið að fá þessar bækur lánaðar til skráninga. Á þennan hátt tókst mér í áranna rás að bæta í grunninn ótrúlegu magni eldri upplýsinga. Þær hafa styrkt yngri upplýsingar því að með að leggja saman eldri og yngri upplýsingar styrkja þær hvorar aðra til að skila traustum upplýsingum um skyldleika og skyldleikaþróun í fjárstofninum.

Þær rannsóknir hafa verið gerðar á síðustu árum af nokkrum aðilum.



Fróði 18-880 sækir hæst hlutfall gena sinna til ættfeðranna þriggja, eða um 26,6%. Myndir / Halla Eygló Sveinsdóttir.

Hlutdeild valinna hyrnda hrúta í erfðamengi nýrra hyrndra hrúta á stöðvunum

Nýr hrútur		Ættfaðir: Kveikur 05-965	Raftur 05-966	Grábotni 06-833	Samtals
Fróði	17-880	6,24	7,81	12,5	*26,55*
Angi	18-882	7,81	3,12	0	*10,93*
Kraftur	19-883	5,07	3,51	9,37	*17,95*
Askur	19-884	7,42	2,34	6,25	*16,01*
Alli	19-885	12,49	7,81	0	*20,3*
Baldur	19-886	6,25	3,12	0	*9,37*
Hnaus	20-890	9,15	0,78	9,41	*19,34*
Jaður	20-891	3,12	6,25	0	*9,37*
Austri	20-892	6,25	6,25	0	*12,5*
Þór	21-896	4,68	6,25	0	*10,93*
Sævar	21-897	7,81	6,94	8,39	*23,14*
Strokkur	21-898	4,71	10,36	8,01	*23,08*
Trausti	22-900	6,25	1,56	0	*7,81*
Hornsteinn	22-901	3,57	0,78	0	*4,35*
Meðaltal		***6,49***	***4,78***	***3,85***	***15,12***

Tölurnar sýna hlutfall gena, erfðahlutdeild, frá ættföðurnum sem um ræðir hjá viðkomandi hrúti.

Þær hafa allar sýnt að ekki sýnist ástæða til að óttast skyldleikaþróun í sauðfjárstofninum. Að auki hafa rannsóknir nemenda við LbhÍ, fyrst Ragnars Skúlasonar og síðan Unnar Jóhannsdóttur, rennt stoðum undir það sem ýmsir fjárbændur þekkja að ég hélt oft fram að skyldleikahnignun er hugsanlega hverfandi lítil hjá íslensku sauðfé. Þetta þarfnast samt frekari skoðunar á næstu árum.

Ákaflega jákvætt væri ef svo reyndist vegna þess að væg skyldleikarækt er að ýmsu leyti ákaflega jákvæð fylgi henni ekki hnignun. Þetta er atriði sem er breytilegt á milli búfjárkynja og á sér vafalítið skýringar í ræktunarsögunni.

Ég verð hér að nefna að það tókst meira að segja að byggja upp nægjanlega traustan grunn fyrir íslenska forystuféð til að skoða skyldleikaræktina. Þar varð að vísu leitað allra ráða til að afla ættarupplýsinganna sem tókst með nokkurra ára vinnu margra. Þar var staðfest að ræktendur þessa fjár hafði tekist meistaralega að tempra skyldleikarækt í þessu örkyni. Aðeins á tveim eða þrem búum þar sem ræktun hafði verið að öllu leyti lokuð innan búsins sáust uggvænlegar tölur. Í smákyni eins og þessu verður ákaflega mikilvægt að fylgjast með þróun. Þar verður að vakta skyldleikaræktina og skipulag sæðinga gegnir þar lykilhlutverki.

Duldir erfðagallar

Baráttan við dulda erfðagalla er dæmi þar sem ætternisupplýsingar eru ómetanlegar og hafa komið að miklu gagni. Bógkreppan er þar illvígasti gallinn í sauðfjárræktinni. Ætternisupplýsingarnar eru nauðsynlegar til að staðfesta hvaðan gallinn er kominn og í framhaldi þess að glöggva sig á vandanum á búinu komi meinsemdin þar fram. Eyþór Einarsson hefur frætt bændur rækilega um baráttuna við bógkreppuna og viðbrögð.



Huppa frá Kluftum. Málverk eftir Halldór Pétursson.

Stórfellda notkun Viðars 17-844

Ég var kominn til starfa þegar vandinn vegna notkunar Hyls 75-947 kom upp á Suðurlandi. Nú blasir við enn alvarlegri alda vandans eftir stórfellda notkun Viðars 17-844 um allt land en hann er staðfestur arfberi. Vonir eru að vísu bundnar við að hér komi erfðatæknin til liðs. Genið verði fundið og útbúið erfðapróf. Það er eina framtíðarlausnin til að slökkva þennan eld. Meðan óvissan ríkir er hins vegar algert ábyrgðarleysi að ætla að nota syni Viðars áfram í ræktuninni eins og ég heyri að sumir fjárbændur áforma. Það er eins og að hella olíu á eld sem er kviknaður. Við hrútana syni Viðars eru aðeins þrír valkostir. Í fyrsta lagi að slátra hrútnum sem er varanlegasta lausnin, að leyfa honum að lifa með von um erfðapróf fyrir næsta haust eða nota hrútinn aðeins til sláturlambaframleiðslu, þ.e. öllum lömbum sem fæðast að vori undan honum verði fargað næsta haust.

Fjórða möguleikann að nota hrútinn í ræktun búsins þetta árið verður að útiloka. Þetta á líka við um veturgamla syni hans því að þó að á síðasta vori hafi hrúturinn ekki gefið neitt lamb með gallann er það því miður engin prófun á því að hann beri ekki genið.

Notkun ætternisupplýsinga

Í lokin ætla ég að ræða aðeins eitt lítið dæmi um hvernig nota má ætternisupplýsingarnar til að skoða áhugaverða hluti.

Það sem ég gerði var að reikna erfðahlutdeild þriggja líklega hvað mestu ættfeðranna hjá hyrnda fénu í dag hjá öllum nýjum hyrndum hrútum á sæðingastöðvunum í vetur.



Þrír riðuverndarhrútanna eru hyrndir en þeir sækja allir talsvert undir meðaltali nýju hrútanna til ættfeðranna þriggja sem fjallað er um. Myndin sýnir Austra 20-892.

Þessar tölur eru að vísu allar reiknaðar í höndunum þar sem ég hef ekki aðgengi að ætternisupplýsingum fyrir forritin sem ég þekki. Því er ekki hægt að útiloka smáskekkjur en þær eru þá allar til hækkunar á tölunum. Tölurnar sýna hlutfall gena (erfðahlutdeild) frá ættföðurnum sem um ræðir hjá viðkomandi hrúti. Hrútana kynni ég ekki. Ættfeður sem valdir voru eru þeir sem ég held áhrifaríkasta sem stendur en af áðurgreindum ástæðum gat ég ekki staðfest það með útreikningum. Ekki var leitað nema tíu kynslóðir til baka í ættartréð þó að dæmi væru um Kveik og Raft þar aftar hjá yngstu hrútunum. Áhrifin eru þá hins vegar orðin það lítil að þeim er sleppt.

Lítum aðeins á niðurstöður. Að jafnaði fá hrútarnir 15% genanna frá þessum þrem ættfeðrum. Talan getur hæst orðið 50% þar sem hin 50% koma frá mæðrum í ættartrénu. Þetta eru því mikil áhrif þrenningarinnar og ljóst að ekki er rúm fyrir aðra hrúta úr kynslóð þeirra með lík áhrif. Af ættfeðrunum er Kveikur áhrifaríkastur með um 6,5%, Raftur næstur með 4,8% og Grábotni 3,9%. Þetta er sú röð sem ég fyrirfram hafði reiknað með að yrði. Verulegur munur er á því hvernig áhrif ættfeðranna birtast. Kveikur og Raftur koma í notkun tveim árum fyrr en Grábotni. Félagana tvo er að finna í erfðamengi allra hrútanna en Grábotna aðeins hjá sumum en komi hann fram er hlutur hans oftar en ekki meiri en beggja hinna. Vafamál er því hvort nægjanlega langt er liðið frá notkun Grábotna til að hann eigi heima í svona samanburði.

Ekki verður lesið úr töflunni hvað mikil skyldleikarækt er farin að myndast frá þessum þrem köppum. Það gerist þegar þá er orðið að finna bæði á föður- og móðurgrein í ættartrénu. Það á við í flestum tilvikum fyrir Kveik og Raft en sjaldan fyrir Grábotna.

Til að skýra enn nánar hvað tölurnar í töflunni segja. Hæstu tölur eru um 12,5% en það svarar til áhrifa jafnt þeim að viðkomandi hrútur væri einn fjögurra langafa gripsins. Algengt er að sjá tölur nálægt 6,25% en það jafngildir því að viðkomandi ættfaðir væri einn átta hrúta á fjórða þrepi í ættartrénu. Reglan er að áhrifin helmingast við hvert þrep sem farið er aftar í ættartrénu.

Ég veit að flestir fjárbændur þekkja hlut þessara ættfeðra í sinni eigin hjörð. Vilji þeir forðast skyldleikarækt geta þeir litið á töfluna og forðast að panta sæði úr þeim hrútum sem hafa hæstu tölurnar hjá þeim ættföður sem þeir ætla áhrifaríkastan í eigin hjörð.

Notið FJÁRVÍS

Að síðustu. Notaðu nú FJÁRVÍS til að útbúa hliðstæða töflu fyrir eigið bú. Þú reiknar fyrir hrútana sem eru í notkun og velur sem ættfeður þá hrúta sem mikið var sett á fyrir 6-12 árum. Óþarfi er að skoða nema fyrstu fjóra ættliði (þá sem birtast í fyrsta ættartrénu), það fangar alla þá skyldleikarækt sem ástæða er til að taka tillit til. Góða skemmtun.

Jón Viðar Jónmundsson,
sjálfstætt starfandi búvísindamaður.









Forvarnarsjóður Bændasamtaka Íslands

Auglýst er eftir umsóknum um styrki í Forvarnar-, ræktunar- og þróunarsjóð BÍ fyrir árið 2022

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2022
Umsóknum skal skilað til bondi@bondi.is

Sjóðurinn bætir tjón á búfé og afurðum vegna sjúkdóma, óvenjulegs veðurfars og slysa sem og uppskerutjón. Sjóðurinn styrkir sömuleiðis fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón á búfé og afurðum, þ.m.t. kynbótaverkefni og sjúkdómavarnir ásamt því að vera þróunarsjóður.

Fyrirhugaðar eru breytingar á sjóðnum og hvetjum við því öll sem eiga rétt á að sækja í sjóðinn að gera það núna.

Nánari upplýsingar ásamt úthlutunarreglum sjóðsins má finna á vef samtakanna, **bondi.is**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR
frá Ifor Williams

Ifor Williams Trailers



Eigum hina vinsælu vagna frá þessum þekkta framleiðanda til afgreiðslu Strax

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

LESENDARÝNI

Jólasaga:

Lína á Á



Glaumbær í Skagafirði.

Mynd / Gísli Gunnarsson

Bærinn stóð innst í dalnum. Þetta var gamall torfbær og í rauninni stóð hann varla, heldur kúrði undir fjallshlíðinni skammt norðan við ána.



Gísli Gunnarsson.

Áin rann niður fjallshlíðina eftir djúpu gili sem hún hafði grafið og mótað um aldir.

Ofan við gilið var skarð sem náði inn í fjallgarðinn og áður fyrr var þar fjölfarin gönguleið á milli byggðarlaga.

Bærinn við ána var nefndur eftir ánni og hét einfaldlega Á.

Þar bjó gömul kona, sem komin var á níræðisaldur þegar hér var komið sögu og hún var einbúi. Þessi kona hét Lína. Upphaflega var hún kölluð Lína á Á, en þegar fram liðu stundir þá runnu saman nafnið hennar og bæjarins og þá var farið að kalla hana Líná og gekk hún síðan ætíð undir því nafni.

Þó Líná væri eina manneskjan á bænum var hún þó ekki alveg ein þar, því hún var með búskap, átti kindur og hross, hund og kött.

Hún var fædd á þessum bæ í þann mund sem ný öld var að ganga í garð og þarna hafði heimili hennar ávallt verið. Þarna var hennar heimur. Hún þekkti hverja þúfu, gilið og klettana beggja vegna árinnar. Léttur árniðurinn var hluti af tilveru hennar allt frá upphafi og hún tók ekki eftir honum, nema þegar hún var komin það langt frá ánni að niðurinn þagnaði.Gamli torfbærinn á Á var orðinn lélegur. Upphaflega hafði verið vandað til hans, en nú var hann farinn að láta á sjá. Þilin voru fúin og torfið veðrað og veggir farnir að halla inn eða út. Sú var tíð að Líná ætlaði að byggja sér nýjan bæ, eins og sveitungar hennar gerðu utar í dalnum, en einhvern veginn varð aldrei úr því og nú var hún löngu hætt að hugsa um það.

Eldhúsið og baðstofan voru í sama rými og Líná gamla var þar inni og var að hella upp á kaffi. Hangikjötsilm lagði um allan bæinn því það var aðfangadagur jóla og jólahangikjötið var tilbúið í pottinum á eldavélinni.

Líná ætlaði að fá sér kaffisopa fyrir gegningarnar. Hún teygði sig eftir kaffibollanum sínum og af gömlum vana strauk hún með vísifingri innan úr bollanum, ef ske kynni að kusk úr þekjunni hefði ratað í hann.

Þessi vani var svo fastur að þó það væru gestir þá átti hún það til að bregða fingri í bollann um leið og hún lagði hann á borðið.

En það voru ekki oft gestir. Ekki í seinni tíð. Nágrannar hennar litu þó til með henni og fylgdust með líðan hennar og heilsu.

Hún heyrði umgang í göngunum. Það var kunnuglegt hljóð þegar hurðin skall aftur og hún vissi að hundurinn hennar, hann Glaumur, var að koma inn. Hann opnaði sjálfur þegar hann vildi koma inn og var búinn að mynda geil í hurðina í bæjardyrunum, sem orðið hafði til af þessum sífelldu ferðum hans inn og út úr bænum.

Hurðin var slegin saman úr fjölum og á henni var hvorki húnn né lás. Þannig að Glaumur var frjáls ferða sinna. Líná tyllti sér á rúmbríkina með kaffibollann og strauk kettinum sem lá í rúminu, og virtist sofa þar værum svefni.

Kisi hafði fengið nafnið Galsi þegar hann kom að Á sem kettlingur. Bæði var það galsinn í kettlingnum sem kallaði fram þetta nafn, svo og fannst Líná það passa vel við nafnið á hundinum. Glaumur og Galsi.

En nú leið að því að gefa þurfti kindunum. Þær voru í gömlum fjárhúsum fyrir ofan bæinn, ekki langt frá, en upp nokkuð bratta brekku þurfti að fara. Það gat verið erfitt á veturna, þegar snjór var eða hálka í brekkunni.

Ekki dugði þetta. Féð þurfti að fá gjöfina og Líná var vön því að vanda sérstaklega til gjafarinnar á aðfangadag jóla. Hún klæddi sig í úlpuna og reyndi að klæða sig hlýlega til fótanna áður en hún fór í stígvélin. Það var frost úti og næðingur og því veitti ekki af því að reyna að klæða sig vel og halda á sér hita. Glaumur rauk á undan henni fram göngin og á hurðina sem skall upp og aftur og Lína kom í humátt á eftir.

Það var tekið að rökkva en skin tunglsins brá birtu á hjarnið og Lína sá vel móta fyrir húsunum uppi á brekkubrúninni. Hún fikraði sig varlega upp stíginn, sem hún hafði gengið ótal sinnum. Áður fyrr hafði hún hlaupið upp og ofan þennan stíg án þess að blása úr nös. Nú var þessi ganga orðin erfiðari og hún vissi að hún varð að fara varlega í hálkunni.

Ekki mátti hún detta og jafnvel fótbrotna og liggja svo þarna bjargarlaus. Það skyldi ekki henda á sjálfa jólanóttina. Hún ætlaði sér svo sem að deyja heima, en fremur vildi hún þá vera í rúminu sínu en hér úti undir brekkunni.

Þegar komið var í húsin kveikti hún á lukt sem hékk þar á bita. Kindurnar vissu að nú styttist í að heyið kæmi á garðann og fóru að troða sér að og spyrntu framfótunum í steinhleðsluna undir garðanum.

Lína fór inn í tóftina og leysti hey úr sparihorninu, en þar hafði hún sett besta heyið á liðnu sumri. Það var heyið af heimatúninu sem hafði þornað á ljánum á sólríkum sumardegi. Henni fannst hún finna lykt af sumri og sól í þessum stráum sem hún reytti úr stálinu og hún bar þau að vitum sínum og andaði að sér þessari lykt.

Svo undarlega vildi til að upp í hug hennar kom mynd af löngu liðnum sumardegi. Hún var barn að leika sér á túninu og fullorðna fólkið var að heyja. Þetta var svo gömul minning að móðir hennar var á lífi. Ung kona með fallegt hár sem vindurinn lék um. Og konan var glöð. Hún hló og brosti til Línu, kraup niður og breiddi faðminn á móti henni.

Líná gamla fann að þessi minning snerti hana svo sterkt að henni fannst hún ekki vera lengur ein. Hún sá móður sína og föður og bróður sinn og allir voru glaðir og einhver heiðríkja var yfir öllu. Líná vissi ekki hversu lengi hún stóð þarna inni í tóftinni. Það var gott að hverfa um stund inn í þessa minningu, þegar allt var svo gott. Þegar lífið var fram undan. Þegar draumar og þrár voru í huga og hjarta og allir vegir virtust færir.

Hún var alveg hætt að botna í þessum tíma. Stundum fannst henni dagarnir silast áfram, ekki síst í mesta skammdeginu, þó það passaði varla við orðanna hljóðan. En þegar hún horfði yfir farinn veg og minntist löngu liðinna atburða, þá fannst henni ekki svo langt síðan að þeir gerðust. Jafnvel þó að um áratugi væri að ræða.

Líná fór með tvö föng á garðann og horfði á kindurnar jeta. Henni fannst þessi stund alltaf hátíðleg á jólunum. Þegar hún var búin að gefa á garðann. Þegar því var lokið gátu jólin komið. Ekki fyrr.

Hún fann fyrir helgi jólanna, einmitt þarna. Þar sem hún var í fjárhúsunum og horfði á kindurnar við garðann. Við jötuna. Henni hlýnaði um hjartarætur og eftir dágóða stund slökkti hún á luktinni og fikraði sig aftur ofan stíginn og heim í bæinn.

Þó að rafmagnsljós væru komin í bæinn þá kveikti hún á kertum til að gera hátíðlegra í baðstofunni. Hún ætlaði að vera búin að ganga frá öllu áður en útvarpsmessan hæfist frá dómkirkjunni. Hún hlustaði alltaf á þá messu og hafði gert frá því að útvarpið kom. Þegar Líná gamla var búin að leggja á borðið settist hún á rúmið og beið eftir því að messan hæfist. Glaumur lá við fætur hennar og Galsi, sem löngu var hættur að standa undir nafni, hringaði sig við hlið hennar í rúminu.

Allt var svo kyrrt og hljótt. Það styttist í að það yrði heilagt. Líná seildist eftir Biblíunni sinni sem lá á hillu ofan við höfðagaflinn og fletti í henni af handahófi. Hún las nú ekki mikið í þeirri helgu bók, en hún vildi hafa hana við rúmið sitt, nálægt sér og handlék hana af og til og las í henni stundum, helst úr guðspjöllunum.

Hún staldraði við í Mattheusar-guðspjalli þar sem haft var eftir Jesú þessi orð: *„Hvar sem tveir eða þrír eru saman komnir í mínu nafni, þar er ég mitt á meðal þeirra.“*

Hún varð hugsi yfir þessum orðum og fann til einsemdar sinnar. Hvað átti frelsarinn við? Var hann ekki hjá henni á sjálfri jólahátíðinni af því að hún var ein? Var hann ekki hjá henni af því að þau voru ekki tvö eða þrjú í baðstofunni á Á?

Mitt í þessum hugleiðingum gömlu konunnar hringdu kirkjuklukkurnar inn jólin. *„Í dag er glatt í döprum hjörtum, því Drottins ljóma jól.“* Hún bærði varinar með söngnum, kunni þetta allt svo fremi að ekki var verið að koma með einhverja nýmóðins sálma.

Hún kunni líka jólaguðspjallið utan að. Hafði heyrt það svo oft, en nú lagði hún sérstaklega við hlustir þegar presturinn las: *„Fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum og lagði hann í jötu af því að eigi var rúm fyrir þau í gistihúsi.“*

Líná gamla sá fyrir sér útihúsið sem frelsarinn fæddist í. Hún sá fyrir sér dýrin sem hlutu að hafa verið þar. Varla hefði annars þurft að hafa þar jötu. Og allt í einu heyrði hún sjálfa sig segja. *„Já, dýrin teljast með.“* Hún gat ekki varist brosi og endurtók: *„Dýrin teljast með.“*

Hún strauk þeim félögum Glaum og Galsa hlýlega og hvíslaði: *„Hvar sem tveir eða þrír eru saman komnir í mínu nafni, þar er ég mitt á meðal þeirra.“*

Og þó að það væri einsöngur eftir ræðu prestsins, þá hikaði Líná ekki við að taka undir og söng með titrandi rödd:

Ó, Jesúbarn þú kemur nú í nótt,
og nálægð þína ég í hjarta finn.
Þú kemur enn, þú kemur undra hljótt,
í kotin jafnt og hallir fer þú inn.

Þú kemur enn til þjáðra' í heimi hér
með huggun kærleiks þíns og æðsta von.
Í gluggaleysið geisla inn þú ber,
því guðdómsljóminn skín um mannsins son.

Sem ljós og hlýja' í hreysi dimmt og kalt
þitt himneskt orð burt máir skugga' og synd.
Þín heilög návist helgar mannlegt allt,
í hverju barni sé ég þína mynd.

Gamli bærinn kúrði undir fjallshlíðinni. Það var ljós í glugga. Úti var frost og næðingur. Inni var hátíð.

Gísli Gunnarsson,
vígslubiskup á
Hólum í Hjaltadal

Leysum þetta saman

Atvinnuhættir landsmanna hafa breyst mikið undanfarin ár, en í dag eru helstu atvinnuvegir landsins ferðaþjónusta, iðnaður og sjávarútvegur.

Stærsti hluti vinnuafls sinnir þjónustu, að stórum hluta hjá hinu opinbera s.s. við kennslu á hinum ýmsu skólastigum.

Vægi landbúnaðar er þannig orðið hlutfallslega minna, en skiptir samt máli og þá ekki síst í dreifðari byggðum án sjávarútvegs. Landbúnaður er þó sífellt að breytast, mjólkurframleiðsla hefur t.d. aukist ásamt alifugla- og svínarækt og matjurtarækt hefur aukist mikið. Einnig er ferðaþjónusta víða orðin máttarstólpi til sveita, bæði sem gisting, þjónusta og afþreying og skógrækt er orðin viðurkenndur landbúnaður.


Sauðfjárrækt hefur á hinn bóginn dregist lítillega saman í magni af framleiddu kjöti og enn meira þegar litið er til fjölda vetrarfóðraðra áa og því sætir furðu að opinberir aðilar séu uppvísir að því að gæta einungis hagsmuna sauðfjárbænda þegar upp koma mál er varða eignarétt og jafnræði á meðal íbúa.

Hér áður fyrr báru þeir bændur sem njóta afurðanna, ábyrgð á sínu sauðfé. Almennt skyldu þeir halda sínu fé heima á bæ eða í beitarhólfum þar til því væri sleppt á fjall. Það sama gilti eftir göngur og réttir, þá bar fjáreigendum að halda fénu heima eða í hólfum.

En af vondum lögum koma vondir siðir. Við túlkun á þeim (ó)lögum sem haldið hefur verið uppi liðinn áratug, sem umboðsmaður Alþingis úrskurðaði nýlega að samræmist ekki tilgangi fyrri laga né stjórnarskrá, var ábyrgðinni á sauðfé snúið á hvolf.

Lögin leiða það af sér að ekki er hirt um girðingar á fjárbúinu sjálfu og fé sleppt út að vori. Sumir bændur spara sér einnig vinnuna við að reka á fjall, enda stunda þeir beitarþjófnað af löndum nábúanna með fulltingi stjórnvalda. Að loknum göngum og réttum er það fé sem fer í sláturhús skilið frá en hinu sleppt út aftur. Þeir sem ekki eiga sauðfé þurfa nú að smala sín lönd í eigin reikning og taka þvingað þátt í kostnaði við smölun á fé í afréttum, sem er svo sleppt aftur út nokkrum dögum síðar. Þeir bera einnig sjálfir skaðann þegar sauðféð eyðileggur skógrækt eða aðra ræktun. Það lýsir því svo hversu sturlað þetta fyrirkomulag er að dæmi er um að bændur tilgreini jarðir nábúanna sem sín beitilönd (án samþykkis) til að uppfylla kröfur „gæðastýringar í sauðfjárrækt“.

Skyldur stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, er að fara að lögum. Þar með talið að verja stjórnarskrárvarin réttindi, þá ekki síst með tilvísun til eignarréttarákvæðis og jafnræðisreglu.



Kjötframleiðsla í tonnum. Sauðfjárrækt hefur dregist lítillega saman í magni af framleiddu kjöti og enn meira þegar litið er til fjölda vetrarfóðraðra.
Mynd /Hagstofa Íslands



Lárus Elíasson.



Þórarinn Skúlason.

> „En af vondum lögum koma vondir siðir.“

Hér eru stjórnvöld að brjóta bæði gegn eignarrétti og jafnræðisreglu sumra íbúa sveitarfélagsins en ganga erinda lítils minnihlutahóps sem er þó ekki nema 10-20% af sauðfjárbændum, samkvæmt mati Davíð Sigurðssonar, formanns Byggðaráðs Borgarbyggðar (samkvæmt Fréttablaðinu þann 23. nóvember).

Ljóst er að ekki verður lengur unað við óbreytt ástand og því er hér spurt hvort stjórnvöld séu reiðubúin að koma að vinnu með öllum haghöfum, ekki bara þessum litla minnihluta sauðfjárbænda, til að finna lausn sem væri öllu samfélaginu til heilla?

Lárus Elíasson,
skógarbóndi og verkefnastjóri á Rauðsgili og
Þórarinn Skúlason,
sauðfjár- og skógarbóndi á Steindórsstöðum.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík





Heimildaskáldsagan ***Aldrei nema vinnukona*** er sjálfstætt framhald bókarinnar ***Aldrei nema kona*** sem kom út 2020.

Sagan hefst árið 1886 þar sem söguhetjan, Þuríður Guðmundsdóttir vinnukona, stendur ásamt frændfólki sínu og býður skips. Hún er á förum til Ameríku, 36 ára gömul. Sagan segir frá ferðalagi hennar vestur en á þeirri ferð rifjar hún upp 16 ára starfsferil sem vinnukona í Skagafirði og Húnavatnssýslum.

Fæst í öllum helstu bókabúðum og hjá höfundi: sveinsy47@gmail.com

Músa- og kakkalakkafælur
SEM VIRKA
Evrópsk framleiðsla



...fæst í öllum betri landbúnaðarverslunum
radarcan®



ROTÞRÆR, VATNSTANKAR OG SKILJUR
– MARGAR STÆRÐIR OG TEGUNDIR

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í YFIR 50 ÁR

BORGARPLAST hefur framleitt rotþrær, skiljur og geyma sem hafa margvísleg notagildi fyrir vatn, efnavöru og fleira, í yfir 50 ár.

BORGARPLAST sérmíðar risarotþrær, -skiljur og -vatnsgeyma fyrir sveitarfélög og sumarhúsafélög.

Borgarplast.is
borgarplast@borgarplast.is

BORGARPLAST
STOFNAÐ 1971


Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði
Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.



KAUPLAND
www.kaupland.is
sími 8449484


Myndagátur Bændablaðsins 2022

Gerður er greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum eins og a og á eða i og í.
Lausn myndagátunnar hér að neðan er algengur málsháttur.




Í myndagátunni hér að neðan er EKKI gerður greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum, eins og a og á eða i og í.





1

Hér eru tveir eldspýtna þríhyrningar, getur þú fært tvær eldspýtur svo þeir verði þrír?



2

Ef þú brýtur saman myndina af útflatta teningnum, hvaða teningur kemur út úr því, A, B, D, E eða F?







Sendum viðskiptavinum okkar hátíðarkveðjur!

Stuttur afgreiðslutími
Upplýsingar hjá sölumönnum okkar

Búvélar ehf, Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Sími 4800080, sala@buvelar.is
www.buvelar.is

MASSEY FERGUSON

BÚVÉLAR



VEIÐIFÉLAGAR
FISHPARTNER

VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikilla eftirspurna þá köllum við eftir nýjum veiðisvæðum í flóru félagsins. Bæði stöðuvötn og rennandi vatn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskektum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitast eftir fleiri samstarfsaðilum um land allt óháð fisktegund og tegund vatnasvæðis.

Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.



Velferðarsjóður Bændasamtaka Íslands

Auglýst er eftir umsóknum um styrki í Velferðarsjóð BÍ fyrir árið 2022

Umsóknarfrestur er til og með 31.desember 2022


Umsóknum skal skilað til bondi@bondi.is

Tilgangur og markmið sjóðsins er að styðja fjárhagslega við félagsmenn Bændasamtaka Íslands er þeir verða fyrir meiriháttar áföllum í búrekstri sínum, s.s. vegna veikinda og slysa.

Fyrirhugaðar eru breytingar á sjóðnum og hvetjum við því öll sem eiga rétt á að sækja í sjóðinn að gera það núna.

Nánari upplýsingar ásamt úthlutunarreglum sjóðsins má finna á vef samtakanna.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Starfsmenntasjóður Bændasamtaka Íslands

Auglýst er eftir umsóknum um styrki í Starfsmenntasjóð BÍ fyrir árið 2022

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2022

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum Bændatorgið

Markmið starfsmenntasjóðs er að efla frumkvæði bænda til að afla sér endur- og starfsmenntunar í þeim tilgangi að styrkja færni sína í að takast á við flóknari viðföng í búrekstri.

Fyrirhugaðar eru breytingar á sjóðnum og hvetjum við því öll sem eiga rétt á að sækja í sjóðinn að gera það núna.

Nánari upplýsingar ásamt úthlutunarreglum sjóðsins má finna á vef samtakanna.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Jólakrossgáta Bændablaðsins 2022



	MARG-NUGGA	BEKKUR / SEINLÆTI		SMÁ-MJAKA		Í RÖÐ	IÐUKAST	UMHUGAÐ	RISPA		SKRIFA	ÓREIÐA	GÆLUNAFN	MINNKA	GEÐ	
MIKIL					JURT					KÁTUR						BLAÐ
JURT					VÖNDULL / ÞOLANLEGA					EFNISMAGN						
EIGRA						VATT / KK. NAFN						MÁTA / LOKUÐ				
TVEIR EINS			LUMMA / BYRSTUR							BLEKKING					SKRIÐDÝR	
STUÐNINGUR							HNEISA	ÓVILD		TVÍHLJÓÐI / SKRENSAR			SEINKA / KOSIÐ			
	TVEIR EINS			RÖSKUR / ÍLÁT							MÆLTI / ÁTT					ÓÞURFT
	HANDLAGINN	SKAÐA / ÓSIGUR							KVK. NAFN / RÆKTARLAND					KUSK / ÞÁTTTAKANDA		
		RÁNDÝR	ÚLDNA	ÓLM	VÆTU		FISKUR	GISTIHÚS / DJÚP					SKAMMA / VERKLAGNI			UPPDIKTAÐI / NUDD					
FULLFRÍSKUR						ÖR						MJAKA				LASTA / STARTARI					
BLÍÐA						BLANDAR / KAPPSEMI						AFLVAKI	TVEIR EINS		MÁNUÐUR	FISKUR / ÖFUG RÖÐ					EIRÐARLEYSI	
DROLL				TENGIVAGN / DREITILL							ÓSANNUR / AUGNARÁÐ						PÍPA / NÓTA		UPPISTAÐA / SKORDÝR			
INNIHALD							RÓMVERSKTALA	SKRÁ / FLINKUR					LEIKFÖNG / TVEIR EINS				Í RÖÐ / KK. NAFN		MEIÐSLI / HEPPNAST			KLÆÐI
		Í RÖÐ / VEGNA			TRÉ / ÞJÓTA				GRÓP / OFREYNA							GÁ / ÞRYKK				ÚTFALL / BLUNDA		
NÓTA			VESALINGS / SVEIPIR							HANGA					ÖFUG RÖÐ / UPPHRÓPUN			VAÐALL / VANALEGT				FREÐMÝRI	
GUGGIN				TVEIR EINS / PRÓFGRÁÐA			MÁLMUR / FERLÍKI			TVEIR EINS / MERKJAKERFI			SKRÆKJA / FRÍA					KRASSA / LJÓSNA					
GÁ						SELUR / LANGAR								HRÍFA / BRELLA							ÖNUG / GLUNDUR		
RAUSA					HÆTTA / RÁPA			HRYGNING / KRÚS				NIÐUR / ATLAGA					STARF / VEÐJUN						STRITAR
LEIÐINDI				RJÁLAR / VAFI							STUTTNEFNI / ÞÉTTIEFNI				DANSA / FÖR						ÖFUG RÖÐ / FUGL		
	KVABB / ÆR								REFSING / VIÐBÓT							JAFNVEL / VOPN			RISSA / SKJÁLFI				
BAND			BAKKI / FLJÓTRÆÐI				ÁTT / PLANTA			SAMÞYKKI / YFIRGEFA			REISA / SKIP							ÁBREIÐA / RÓT			
EFTIRSJÁ						PUKRAST / UMGERÐIR								PILI / SKORIÐ			TIF / ÓNÆÐI					AFTAKA	
	SVIPAN / HÆÐIR							ÍLÁT / LANDS				FÁMÁLL / TAPA						OTA / ÍLÁT					
HÓLF			ÍÞRÓTT / STAÐFESTA						GÆLUNAFN / SMÁU						SVEIMA						SEM / STRÁ		
KLIÐUR			SAMÞYKKUR / KÚNST								STUTTNEFNI / SEYTL						HÁLSBINDI / STAFUR						ÞÍÐA
HRÓPA					BLEÐILL / FIÐUR					TÆPLEGA / VEGA AÐ					DROPA / VERKFÆRI				DUGLAUSA / RAÐTALA				
RISTA							GATA / Í RÖÐ							BÓNBJARGIR / KK. NAFN						SKOTT / VANTA			
	LEIÐSLA							SETJA / PRÓFAR					BLÓMSKIPAN / FUGL			Í RÖÐ / SKÁLMA		FRJÓANGI / SPROTA				SEFANDI	
BAKATIL						SÓUN						KIRTILL / HÖFUÐFAT					GLEÐI	ELLA					



	FANTASKAPUR		FÚI		ÁKALL				MERKJA					ÁVÍTAR	ÓTTAST / TÁLKNBLAÐ		
												VINNUVÉL / SKORDÝR					SKRIÐDÝR
ÓÞÆGINDI					SPOR / ORÐRÓMUR				ÁLEGG / SÍGA					TINDUR / ÁBÓT			
BLÆ				ÞAKBRÚN / ÁLITS				BLÝKÚLA / ÓHREINKAÐ					MÓTA / ÚTUNGUN				
ÖFUG RÖÐ			TVEIR EINS / RÓLEGUR			ÓNÓG				SPIL / SKRÁ					KVIK / UMDÆMI		
	SKORDÝR / ÁSKOTNAST											BYLGJA / SJÚKDÓMUR				ÖFUG RÖÐ	
SNÍKILL						BÆTA					HLJÓÐFÆRI						
	HAMAGANGUR					MEGINHLUTI					LJÓMA						

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET



Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

matís

ÆÐARRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

LSB Lífeyrissjóður bænda

BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR STOFNAÐ 1932

Búnaðarsamband Skagafjarðar

BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS 1908

AUÐHUMLA

RML RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

BÚNAÐARSAMBAND KJALARNESÞINGS



VÉLABÁSINN

Sjá, ég boða yður mikinn fögnuð

– Hið rafmagnaða rúgbrauð er komið

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is





Volkswagen ID.Buzz er nýr rafmagnsbíll sem beðið hefur verið eftir. Við hönnun bifreiðarinnar hefur verið horft til rúgbrauðanna sem Volkswagen framleiddi um miðja öldina. Með smekklegu útliti og praktísku innrarými er líklegt að þessi bíll höfði til margra. Myndir / ÁL

Það ber til um þessar mundir að fyrstu eintökin af Volkswagen ID.Buzz eru byrjuð að berast til landsins.

Mikil eftirvænting hefur verið eftir þessum bílum frá því fyrstu ljósmyndirnar af þeim sáust í fjölmiðlum. Þeir ættu að taka þennan strumpastrætó til skoðunar sem eru að leita að sjarmerandi bíl sem fer vel með fimm fullorðna – eða allt dótið sem fylgir ungum börnum. Ef bera á ID.Buzz saman við aðra bíla á markaðnum er Peugeot e-Traveller sá sem kemur helst til greina.

Tvílitar smárúturnar, með hvítan topp og bjarta liti að neðan, sem hafa sést í kynningarefni frá framleiðandanum, höfða mikið til nostalgíunnar – enda greinilegt að hönnuðir bílsins horfðu til gömlu rúgbrauðanna frá sjötta, sjöunda og áttunda áratugnum. Bíllinn sem blaðamaður fékk í hendurnar var silfurgrár að lit, sem gerir hann lágstemmdari en þá tvílitu. Það fer þó ekki á milli mála að hér er um eitthvað nýtt og ferskt að ræða. Örstutt húddið, stórt VW merkið á nefinu og ferkantað formið leiða hugann að forveranum, en samt sem áður er allt yfirbragðið nútímalegt.

Þegar stigið er um borð er ekkert sem minnir á fortíðina. Innrarýmið er mjög opið og stórir gluggar á öllum hliðum gefa óhindrað útsýni og hleypa inn mikilli birtu. Viðarlíki á mælaborðinu ásamt plasti með áláferð gefur fágun. Gólfið í bílnum er svo gott sem flatt sem býður upp á mikla möguleika. Sé þess til dæmis óskað er auðvelt að fjarlægja miðjustokkinn og klöngrast á milli sætaraða án mikilla erfiðleika.

Framsæti eins og skrifborðsstólar

Framsætin eru ein sterkasta hlið bílsins. Sætisstaðan er há og upprétt og eru stillanlegar armhvílur til beggja hliða, sem minnir um margt á vandaða skrifborðsstóla. Ökumaðurinn fær afbragðs yfirsýn yfir veginn vegna hárrar stöðu og stutts húdds og er hægt að líkja tilfinningunni við að sitja í vörubíl, nema hér er um mjög lipurt farartæki að ræða.

Tveir skjáir eru í mælaborðinu og þveröfugt við marga bílaframleiðendur hefur Volkswagen farið þá leið að hafa þá litla. Skjárinn sem gefur allar akstursupplýsingarnar er á stærð við stærstu iPhone símana og er áfastur stýrissúlunni. Í miðju mælaborðsins er skermur á stærð við spjaldtölvu og í gegnum hann er öllu stýrt sem viðkemur eiginleikum bílsins, ásamt útvarpi, miðstöð og leiðsögukerfi. Einfalt er að tengja símann þráðlaust í gegnum Android Auto eða Apple CarPlay til að stjórna Spotify, Storytel, Google Maps og öðrum öppum.

Volkswagen hefur sætt mikilli gagnrýni fyrir að fjarlægja nær alla efnislega hnappa úr nýjustu bílunum sínum. Hins vegar eru hnappar í stýrinu fyrir helstu skipanir sem gera ökumanninum lífið með snertiskjá auðveldara – farþegann munar ekkert um að beita örlítið meiri einbeitingu við að skipta um útvarpsstöð eða stilla hitann. Sjálft stýrikerfið er þannig að flestir ættu að ná tökum á því með markvissu fikti – ef það bregst er alltaf hægt að sækja ungling sér til aðstoðar.

Nóg pláss í öllum sætum

Bíllinn í þessum prufuakstri var fimm sæta, en lengri útgáfu með sjö sætum er að vænta eftir einhver misseri. Þó svo að þetta sé svokölluð styttri útgáfa – þá er alls enginn skortur á plássi. Þrír fullorðnir geta hæglega vel við unað í aftursætunum þremur og er miðjusætið líklegast besta sætið í bílnum – því þegar áðurnefndur miðjustokkur hefur verið fjarlægður er fótaplássið ótakmarkað. Rennihurðirnar á hliðunum opnast vel þannig að auðvelt er að athafna sig í kringum barnabílstóla.



ID.Buzz á margt skylt með sendibílnum Volkswagen ID.Cargo sem einnig er byrjaður að berast til landsins. Ferkantað formið skilar sér í miklu rými fyrir fimm farþega og allan þeirra farangur.

Skottið er sá hluti sem skilur þennan bíl frá öllum jepplingunum sem eru ráðandi á fjölskyldubílamarkaðnum – enda á ID.Buzz margt skylt með sendibílnum ID.Cargo. Skotthlerinn opnast upp og þurfa hávaxnir ekki að beygja sig til að komast að. Gólfið er alveg flatt og flúttir við hlerann. Hliðarnar eru lóðréttar, þannig að hægt er að stafla búslóð í kössum án vandræða – farminn væri jafnvel hægt að hafa á euro-bretti. Hægt er að kaupa falskt gólf sem flúttir við aftursætin þegar þau eru lögð niður – þar með kemur alveg flatt gólf sem er svipað stórt og lítið hjónarúm.

Áreynslulaus akstur

Í akstri er fátt sem kemur á óvart. Þar sem þetta er rafmagnsbíll er ekkert ónæði frá sprengihreyfli og allt viðbragð er snöggt. Bíllinn er með 150 kW (204 hö) mótor sem knýr afturhjólin. VW hefur gefið fyrirheit um fjórhjóladrifna útgáfu síðar, en gott stöðugleikakerfi gerði afturdrifinn akstur í hálku auðveldan. Þar sem rafmagnsbílar eru þyngri en hefðbundnar bifreiðar þarf að koma fyrir stífari fjöðrun ella. Því er hægt að segja að ID.Buzz sé hastur úti á þjóðvegum – en ekki þannig að af því hljótist óþægindi. Þar sem mest öll þyngdin er í rafhlöðunum undir gólfinu er bíllinn nokkuð stöðugur á hlykkjóttum vegum.

Þessi bíll var útbúinn skynvæddum hraðastilli sem gerir meira en að fylgja hraða bílsins fyrir framan. Bifreiðin veit þegar ekið er að kröppum beygjum, gatnamótum og hringtorgum og hægir sjálfkrafa á sér. Einnig getur hann lesið hámarkshraðann á skiltum og stillt akstursþraðann samkvæmt því. Síðarnefndi eiginleikinn hefur þó þann ókost að bíllinn ruglast oft í ríminu og heldur að skilti á afreinum eigi við um stofnbrautina. Eftir að vera nokkrum sinnum kominn niður í 50 þar sem hámarkshraðinn er 80 slökkti blaðamaður á skiltalesaranum. Samkvæmt upplýsingum frá Heklu stendur þetta til bóta.

Tölur

Grunnverð Volkswagen ID.Buzz er 8.490.000 krónum m. vsk. Helstu mál eru: lengd 4.712 mm, breidd (m. speglum) 2.212 mm og hæð 1.932 mm. Eigin þyngd er 2.481 kíló og heildarþyngd með 3.000. Rafhlaðan er 77kWst og á að gefa allt að 420 kílómetra drægni sk. framleiðanda. Eins og alltaf má taka þeim tölum með fyrirvara, en í þessum prufuakstri gaf rafhlaða með 80% hleðslu möguleika á rúmlega 300 kílómetra akstri.

Enga stund tekur að hlaða, en blaðamaður fyllti á bílinn úr 20% upp í 70% hleðslu á 23 mínútum á öflugustu hleðslustöð landsins.

Í stuttu máli: Rafmagnaða rúgbrauðið stendur undir þeim miklu væntingum sem til þess eru gerðar.



Innréttingin er mínímalísk og fáguð. Nær engir hnappar eru sjáanlegir, heldur er öllu stjórnað í gegnum snertiskjá og hnappa í stýri. Sætin fram í eru há og upprétt með tveimur armpúðum – svipað og skrifborðsstólar.



Gott aðgengi er að afturbekknum í gegnum rennihurðir.

SÖFNIN Í LANDINU



Fjöldi gesta mættu á síldarsöltun hjá Róaldsbrakkan í sumar.

Síldarminjasafn Íslands

Árið hefur verið gjöfult og gestkvæmt á Síldarminjasafninu en gestafjöldi ársins nálgast 30.000 gesti. Stærstur hluti þeirra sem heimsækja safnið eru erlendir gestir, eða tæplega 80%.

Þessum miklu gestakomum hefur fylgt mikil þjónusta við safngesti en alls hafa farið fram um 500 skipulagðar leiðsagnir um safnið og 62 síldarsaltanir á planinu við Róaldsbrakka þetta sumarið. Það er því ekki eingöngu svo að tekist hafi að ná upp fyrri gestafjölda, aðeins tveimur árum eftir að heimsfaraldur reið yfir, heldur er um að ræða mesta fjölda safngesta frá upphafi.

Þessi misserin snýr daglegt starf meira að faglegu safnastarfi en gestakomum – enda er dýrmætur tími vetrarmánaðanna nýttur til slíkra verkefna. Meðal þess sem starfsfólk safnsins hefur verið að fást við undanfarið er skráning safnkosts, en skipulega er unnið að því að fullskrá safnkostinn.

Unnið er að rannsókn um stöðu síldarstofnsins frá því hann hrundi á sjöunda áratugnum og til dagsins í dag, og verður niðurstöðum rannsóknarinnar miðlað í nýrri sýningu.

Stöðugt fer fram greining á ljósmyndum úr safninu, sem varðveitir um 200.000 frummyndir. Með dýrmætri aðstoð eldri borgara staðarins tekst að greina og skrásetja um 3.200 áður óþekktar ljósmyndir árlega. Salthúsið, nýtt varðveisluhús safnsins, er í uppbyggingarfasa – en húsið er upprunalega reist við Hvítahafsströnd Rússlands á 18. öld og var flutt til Íslands seinni hluta 19. aldar. Mikil vinna hefur farið fram í húsinu á haustdögum og eru nú varðveislurými að taka á sig endanlega mynd. Í kjölfarið verður safnkostur fluttur með skipulögðum hætti til varanlegrar varðveislu í nýjum húsakynnum.

Snemma í nóvember rigndi reiðinnar býsn á Siglufirði um tveggja daga skeið með þeim afleiðingum að flæddi inn í eitt af húsum safnsins; Njarðarskemmu. Húsið er byggt árið 1930 og áfast Gránu. Þar er sýning á margvíslegum tækniminjum; varahlutalager og efnarannsóknarstofa síldarverksmiðjunnar – sem og sýning á raforkuframleiðslu í þágu síldariðnaðarins. Gríðarlegt magn vatns safnaðist fyrir innanhúss, en vatnsdýptin varð um 80 cm.

Slökkvilið staðarins stóð í ströngu og dældi vatni út út húsinu og af safnsvæðinu í tæplega 30 klst. samfleytt. Í kjölfarið tók við mikil vinna við að yfirfara sýninguna, pakka henni niður og koma í geymslu – enda ljóst að mikilla endurbóta er þörf.

Og nú í aðdraganda jóla hafa árlegar aðventuheimsóknir grunn- og leikskólabarna sveitarfélagsins litað starfið töluvert. En allt frá árinu 2015 hefur öllum börnum á aldrinum 3–13 ára verið boðið til slíkra heimsókna þar sem fjallað er um ákveðin jólatengd þemu, sungið, föndrað og notið þess að gæða sér á heitu súkkulaði og smákökum.

Í anda jólanna stóð Síldarminjasafnið fyrir jólatónleikum í Bátahúsinu sunnudagskvöldið 11. desember – en tónleikarnir voru styrktartónleikar. Allur aðgangseyrir rann óskiptur til jólasöfnunar mæðrastyrksnefndar.

Starfsfólk safnsins fullyrðir að á Síldarminjasafninu sé aldrei dauð stund og engir tveir dagar eins, sem sé akkúrat það sem geri safnastarfið svo frábært.

Anita Elefsen.





STAFARUGL Bændablaðsins

3

Getur þú fundið nöfn 13 eldfjalla í þessu stafarugli?

N	A	T	S	J	D	U	Đ	M	U	P	H	E	Y	X	N	P	Á	L	I	É	X
M	Ó	S	F	Æ	Đ	Á	X	N	Ý	V	E	E	Á	H	E	K	L	A	A	Ö	I
E	Æ	í	A	Á	U	Þ	H	A	B	N	N	Ö	D	Æ	V	U	A	V	Ó	F	H
Ö	I	Ú	Þ	T	O	Ý	D	J	D	Ú	G	Đ	V	X	K	É	H	T	N	B	Ö
R	Þ	P	S	Ó	Æ	G	G	F	N	í	I	A	í	Ö	R	V	R	U	L	H	O
Æ	T	X	E	É	O	L	X	R	U	Y	L	U	J	T	Ý	K	M	A	Á	A	J
F	E	L	B	B	T	í	í	I	Í	T	L	S	Ö	Ö	S	Y	R	K	B	É	K
A	H	J	B	D	R	E	U	í	í	M	L	Þ	Æ	S	U	A	D	A	E	B	É
J	í	Y	Æ	Đ	U	H	V	L	K	L	S	K	Þ	T	V	U	L	A	F	U	R
Ö	I	J	Þ	K	A	Đ	G	K	E	F	S	V	Ý	Ó	Í	Ó	A	B	M	L	N
K	P	M	K	V	E	R	K	F	J	Ö	L	L	Ö	D	K	J	A	Ó	O	Ú	A
U	U	T	H	Æ	Ö	N	Æ	E	I	L	A	O	V	T	K	H	I	Y	B	J	Ú
L	Á	X	Đ	P	F	N	í	L	E	Ó	D	N	í	S	N	X	K	Æ	Ö	É	X
L	Ö	M	F	Ý	S	M	S	D	B	Á	R	Đ	A	R	B	U	N	G	A	X	Y
V	M	N	V	Ó	Y	T	M	E	M	V	í	O	Y	F	D	I	T	D	í	Á	Y
R	N	N	E	Ó	Ö	J	S	Y	M	G	N	Ó	V	E	E	J	E	H	G	E	Æ
E	Y	J	A	F	J	A	L	L	A	J	Ö	K	U	L	L	Đ	I	J	I	J	H

Lausn á krossgátu Bændablaðsins



187	FORA	RÍKI Í AFRÍKU	ÍÞRÓTTA-FÉLAG	ÖMERKI-LEGT	SKOTT		GRÍN	HNAPPUR	
TEPPAST	S	T	Í	F	L	A	S	T	AÐ VÍSU
MATJURT	P	Ú	R	R	A	SAMSTÆÐA HRIST-INGUR	P	A	R
ÓFUG RÖÐ	O	N	MÆLA BÓT STIKLA	A	F	S	A	K	A
GRIND ÁKVEÐIÐ	R	I	S	T	STÆKKUÐU Í RÖÐ	J	U	K	U
	↓	RÖGGSÖM	GRUNA	ÞÉTT	F	A	S	T	GOÐ TÓFA	R	E	G	I	N
TRJÁ-TOPPUR	K	R	Ó	N	A		FISKUR SVIPAÐIR	U	F	S	I	BLÓK	SKAMMIR	A
LEIÐSLA	R	Ö	R	HLJÓÐFÆRI PLANTA	S	E	L	L	Ó	FLINK KAFFI-BRAUÐIÐ	K	L	Á	R
MEÐ	Á	S	A	M	T	ÁHRIFA-VALD ÓFUG RÖÐ	Í	T	A	K	MÁLMUR GLÓÐAR	Á	L	DÍNAMÓR
TVEIR EINS	K	K	UNNA HLJÓÐ-FÆRIS	E	L	S	K	A	GRAMAR EINBLÍNA	A	R	G	A	R
	U	HLEMMUR ÞEFA	H	L	E	R	I	UPPKAST ÖGÐ-UGUR	S	K	I	S	S	A
FLJÓT	S	N	Ö	G	G	ÓLMAST STILLTUR	R	Ó	T	A	S	T	SKRÁ	F
MÖGLAR	K	U	R	R	A	R	HÁTÍÐA-SÖNGUR FLUGA	K	A	N	T	A	T	A
ÆSA	E	S	P	A	ÖÞOLANDI	Ó	B	Æ	R	MEGIN-HLUTI	A	Đ	A	L
FRÍR	L	A	U	S	SKERÐA	R	Ý	R	A	ÍÞRÓTT	R	A	L	L

HÖFUNDUR BH • BRAGI@TH.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET



Jólin í eldhúsinu:

Hátíð matarhefða

Hafliði Halldórsson
haflidi@icelandiclamb.is



Sjálft jólahaldið og undirbúningur þess er nú fram undan og aðventan nýhafin. Sjaldan fá hefðir og sérviska okkar að njóta sín betur á heimilum landsmanna en einmitt um jólin, og íhaldssemin víðast í hávegum höfð.

Það á ekki síst við um hvað er á veisluborðum okkar um hátíðarnar, sitt sýnist hverjum hvað þarf þangað að rata, til að gleðileg jólin geti gengið í garð. Eitt eigum við þó flest sameiginlegt, það að íslensk hráefni eru lykillinn að því að allt sé eins og það á að vera, og um leið notalegt og öruggt eins og við erum vön. Hefðirnar eru okkar að nýta, viðhalda notkun á hráefnunum og þróa í rólegum takti. Við hvetjum til þess að hefja undirbúning að jólamatnum snemma, það er margt í sérstaklega meðlæti sem má undirbúa og geyma í kæli í nokkrar vikur. Til dæmis heimalagað rauðkál og súrsað grænmeti sem margir nota með jólasteikinni og smakkast alltaf best heimalagað.

Veljum íslensk hráefni þegar það er mögulegt, framleidd eftir ströngum kröfum af íslenskum bændum. Það er líka gott að kunna sér hóf og taka gæði fram yfir magn en sóðaskapur í umgengni við matvörur þar sem þriðji hver munnbiti matvæla á Íslandi endar í ruslinu er okkur ekki endilega til sóma. Við leggjum hér til 6 einfalda rétti til að bera fram um hátíðarnar sem við vonum að þið prófið og njótið með ykkar fólki. Gleðilega hátíð.



Forréttir

Nautatartar
400 g nautakjöt
1 skallottulaukur
2-3 msk. brauðteningar, stökkir
2 msk. graslaukur, saxaður
1 msk. ólífuolía
Laufabrauð, brotið í passlega bita



Hreinsið fitu og sinar af nautinu og athugið að hér er óþarfi að velja dýrustu bitana, skerið í litla teninga. Saxið skallottulauk og graslauk fínt og blandið við nautið ásamt olíunni. Smakkið til með salti og pipar. Bætið nokkrum brauðteningum saman við rétt áður en rétturinn er borinn fram á laufabrauði.

Létt grafin og hægelduð bleikja með fennel-hrásalati og gúrkusósu
1 flak fersk bleikja
2 msk. salt
1 msk. sykur
½ sítróna, fínt rifinn börkur
1 tsk. kórianderfræ (má sleppa)
1 msk. matarolía



Hreinsið bleikjuna og snyrtið flakið ef þarf. Blandið salti og sykri vel saman og stráið í botninn á fati, á svæði sem er passlegt fyrir flakið, og bætið helmingnum af sítrónuberkinum og kórianderfræjum við. Leggið flakið með roðhliðina niður og stráið afgangnum af salti-sykur blöndunni, sítrónuberki og kórianderfræjum ofan á flakið. Látið standa í 20-30 mín. og skolið allt af í köldu vatni og þerrið flakið. Setjið í eldfastan bakka, penslið með olíu og eldið í ofni á 120 °C í u.þ.b. 5 mín. eða þar til kjarnhiti nær 40 °C.

Kælið og berið fram með hrásalatinu og gúrkusósu. Ef þið eigið lítinn gasbrennara er tilvalið að taka roðið af og brúna fituna undir roðinu með gasloga rétt áður en rétturinn er borinn fram.

Aðalréttir

Purusteik, rauðkál, ristað smælki, brasserað fennel og kremuð soðsósa

1,5 kg purusteik
Gróft salt
Lárviðarlauf
Negulnaglar

Skoðið fyrst hvort puran er vel skorin og skerið alveg niður í gegnum fituna ef þarf, setjið puruna á hvolf í ofnskúffu með fituna niður, saltið örlítið og hellið köldu vatni í þannig að fitan sé öll á kafi í vatni. Eldið í ofni á 180 °C í 30-40 mínútur. Takið út, hellið vatninu af í pott og geymið fyrir sósuna og snúið kjötinu við. Nuddið vel af grófu salti í raufarnar á fitunni og þeir sem vilja setja lárviðarlauf og negulnagla í raufarnar. Setjið síðan aftur inn í ofninn á 200 °C í ca 30-40 mínútur eða þar til puran verður stökk.



Rauðkál
1/2 rauðkálshaus
2 dl rauðvínsedik
2 dl rauðvín
2 dl sykur
2 stk. lárviðarlauf
1 kanilstöng
1 tsk. salt
2 msk. smjör



Skerið kálið í þunna strimla, setjið allt hráefnið í pott og sjóðið við vægan hita í 1 klst.

Ofnbakað smælki
300 g smælki
30 g smjör
sjávarsalt

Hitið ofninn í 180 °C, sjóðið kartöflurnar þar til eru mjúkar, sigtið vatnið frá og setjið í ofnskúffu. Bætið við smjöri og salti eftir smekk. Bakið í 25 mínútur.

Gufusteikt fennel
2 stk. fennel
2 msk. matarolía
2 stk. hvítlauksgeiri
¼ sítróna
Salt

Skerið fennel í fernt og brúnið á heitri pönnu. Færið í eldfast form, kreistið sítrónusafa yfir og setjið gróft saxaðan hvítlauk í bakkann, setjið 2 dl vatn í bakkann og saltið. Setjið lok eða álpappír yfir og eldið í ofni á 160 °C í 30 mín.

Rjómalöguð soðsósa
1 l soð úr ofnskúffunni
3 msk. hveiti
2 dl rjómi

Fleytið megnið af fitunni af soðinu, en passið að skilja samt eftir töluvert af fitu. Sjóðið niður um þriðjung, takið af hellunni og leyfið að standa í nokkrar mínútur til að fitan setjist á yfirborðið. Stráið hveitinu yfir svo að fitan taki við og leysi hveitið upp. Þegar hveitið er uppleyst í fitunni, pískið vandlega og sjóðið sósuna í um 10 mínútur. Bætið rjóma saman við og smakkið til með salti og pipar og mögulega ögn af ediki.

Lambasteik með kartöflumús, sultuðum rauðrófum og rauðvínssósu.
1 kg lambasteik með fitu
2 msk. olía
2 hvítlauksrif
2-3 kvistir timían
30 g smjör

Saltið lambið vel og brúnið í olíunni á pönnu, bætið hvítlauk, timían og smjöri við og ausið vel yfir. Setjið á bakka og eldið í ofni að eigin smekk á 160 °C. Við mælum með því að nota kjarnhitamæli og að lamb fá medium steikingu. Val á bita, þyngd o.fl. hefur áhrif á eldunartímann.

Kartöflumús
3 bökunarkartöflur
2 dl rjómi
50 g kalt smjör, í teningum

Skrælið og skerið kartöflur í jafnstóra bita, setjið í pott, hellið köldu vatni í og sjóðið þar til kartöflurnar eru mjúkar. Sigtið vatnið frá og maukið kartöflurnar í gegnum kartöflupressu eða gegnum gróft sigti. Setjið rjómann í víðan pott og sjóðið niður um helming, bætið kartöflunum við og hrærið vel saman með sleif, bætið smjörinu við og smakkið til með salti.

Rauðvínssósa
1 skallottulaukur
2 dl rauðvín
5 dl lambasoð
40 g smjör

Sjóðið rauðvín niður um helming, bætið soðinu við og sjóðið niður um helming. Smakkið til með salti og pipar og pískið smjörið saman við rétt áður en sósan er borin fram.

Sultaðar rauðrófur
1 kg rauðrófur
5 dl vatn
5 dl eplaedik
650 g hrásykur
1 rauður chili
1 appelsína, börkur skorinn í strimla og safinn
1 kanilstöng
2 stk. stjörnuanis
5 svört piparkorn
1 tsk. fennelfræ
1 tsk. salt

Skolið og burstið rauðrófurnar vandlega og fjarlægið alla mold, sjóðið í 20-30 mín. eftir stærð, þar til eru mjúkar en varist ofeldun, hellið vatninu af, kælið og skrælið. Skerið í sneiðar eða teninga að vild og setjið í hreinar krukkur. Blandið öllum öðrum hráefnum í pott og látið suðuna koma upp. Takið af hitanum og látið bíða í nokkrar mínútur áður en leginum er hellt í krukkurnar. Lokið og geymið í kæli í a.m.k. 3 daga áður en þið notið rauðrófurnar.

Eftirréttir

Bláberjaskyrmús

Stökkir hafrar
100 g hafrar
100 g hveiti
100 g smjör
100 g púðursykur
1 tsk. kanilduft
Sjávarsalt

Blandið öllu saman í skál og setjið ögn af sjávarsalti með. Dreifið á ofnskúffu og bakið í ofni á 170 °C þar til brúnast fallega. Hrærið reglulega í á meðan til að tryggja að brúnist jafnt. Kælið og setjið 1 msk. í glösin áður en skyrmúsinni er hellt yfir. Geymist vel í nokkrar vikur í loftþéttu íláti.

Bláberjamúsin
500 g vanilluskyr
60 g sykur
100 g bláber
1/2 dl rjómi, hitaður í potti
1 matarlímsblað
2 dl rjómi, til að þeyta

Setjið skyr og 2 dl af rjóma í hrærivélarskál og þeytið þar til blandan er orðin létt og loftkennt, varist að ofþeyta. Bætið berjum í hrærivélarskálina og blandið í nokkrar sekúndur. Setjið matarlím í kalt vatn og látið bíða í 5 mínútur, takið það því næst, kreistið megnið af vatninu frá og hrærið matarlíminu við ½ dl af heitum rjóma. Blandið saman við skyrblönduna, setjið í glös og kælið.



Rauðvínssoðnar perur með þeyttum rjóma
6 litlar vel þroskaðar perur, skrældar
5 negulnaglar
3 dl rjómi
1 dl Jökla rjómalíkjör
5 dl rauðvín

Sjóðið upp á víni með sykri og öllu kryddinu. Bætið perum í og setjið lok á pottinn. Sjóðið á hægum hita í 40-60 mín. og snúið reglulega á meðan svo þær eldist jafnt. Takið til hliðar og kælið, sigtið vökvann í annan pott.
Sjóðið niður í u.þ.b. 10 mín. eða þar til þykknar og fær sírópsáferð. Blandið rjóma og Jöklu saman og þeytið, berið fram með rjóma og sírópinu. ■



Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

LANDSTÓLPI

STREYMI heildverslun

FLÓRA GARÐYRKJUSTÖÐ

VHE 50 YEARS OF ENGINEERING EXCELLENCE

VHE
HUGVIT Í VERKI

VÍKURVAGNAR EHF.

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

REYKJABÚIÐ
- SÍÐAN 1947 -

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Röggi ehf.

Sölufélag garðyrkjumanna
Íslenskt grænmeti
Þú veist hvaðan það kemur

VÉLAVAL
www.velaval.is

VAGNAR & ÞJÓNUSTA

Sprettur
ÁBURÐUR

FRAKTLAUSNIR

RAG
import - export

DRONEFLY
VERSLUN, VERKSTÆÐI, NÁMSKEIÐ & LEIGA

LímtréVirnet

VERKFÆRI EHF

N1

ÍSFUGL

LÍFLAND

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Staður

Staður er gamalt prestssetur og ættarsaga okkar hófst hér með því að langafi Rebekku kom sem prestur 1903. Síðan hefur búskapurinn gengið á milli kynslóða og Rebekka er fjórði leggur.
Gömul falleg kirkja er á jörðinni sem setur mikinn svip á bæjarstæðið en hún var byggð árið 1864. Bústofninn hefur stækkað með hverri kynslóð og varð mestur þegar Rebekka og Kristján komu inn í búskapinn með foreldrum Rebekku en það var upp úr 2000.



Býli? Staður


Staðsett í sveit? Reykhólahreppur

Ábúendur? Rebekka Eiríksdóttir, Kristján Þór Ebenezersson og móðir Rebekku, Sigfríður Magnúsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra)? Rebekka og Kristján eiga tvær dætur, Védísi Fríðu og Anítu Hönnu. Védís Fríða býr á Akranesi með kærastanum sínum og syni þeirra, Atlasi Friðrik. Aníta Hanna er í FVA á Akranesi. Hundarnir Salomon og Saga eru líka á heimilinu.

Gerð bús? Blandað bú með sauðfjárrækt, mjólkurframleiðslu og æðarrækt.

Fjöldi búfjár? Bústofninn er um 650 fjár, 16 mjólkurkýr og rúmlega 30 kálfar í uppeldi og 15 íslenskar landnámshænur.



Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Dagurinn byrjar í fjósinu og síðan er farið í fjárhúsin. Önnur verk sem tilheyra hverri árstíð taka svo við en núna erum við að moka skít úr fjárhúsunum og fjósinu.

Einnig er setið við fjaðratínslu þegar tími gefst til. Seinni partinn er farið í fjárhúsin og svo fjósið. Dæmigerður kvöldmatartími er um áttaleytið. Rebekka vinnur utan búsins einnig.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Þegar vel gengur eru flest öll verkin skemmtileg, sérstaklega þó heyskapur í góðu veðri, smalamennskur og haustragið. Leiðinlegast er þegar það er kalt í veðri að vori og erfiðlega gengur að koma fénu út og það er orðið plásslaust. Einnig ef illa viðrar í heyskapnum og heyin eru verri.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár? Við teljum að búskapurinn verði með mjög svipuðu sniði

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Smjör, ostur og hvítlaukssósa.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambakjöt/ærkjöt og ostur eru efst á listanum.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Alltaf gaman þegar ný hús eru byggð og tekin í notkun. Líka þegar ný tæki eru keypt sem létta okkur störfin. Einnig var mjög skemmtilegt að fá landbúnaðarverðlaunin ásamt nágrönnum okkar í Árbæ árið 2008.





MATARKRÓKURINN

Sænskur hjartavermir:

Jólaglögg & lussekatter

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Um miðjan desember árið 1955 komust fyrst á síður blaðanna fregnir af drykknum jólaglögg. Var tilefnið Lúsíuhátíð Norræna félagsins þar sem boðið var upp á nýstárlegan drykk að sænskum sið, á íslenskunni kallaður jólaglögg.

Taka skal fram að 13. desember, Lúsíudagur eða hátíð ljóssins, er hátíðardagur í Svíþjóð, í anda aðventu og jóla. Það var þó ekki fyrr en um miðjan áttunda áratuginn sem þónokkrir framústefnumennirnir auglýstu þennan dáindisdrykk.

Heitu rauðvíni hellt yfir rúsínur

Til að mynda í Morgunblaðinu árið 1977, rétt fyrir jólin. Kom fram að Hótel Loftleiðir byði upp á nýjung í jólaösinni, í Blómasalnum svonefnda, en þar mætti gæða sér á jólaglögg. Esjuberg, veitingastofa á fyrstu hæð Hótel Esju, bauð einnig upp á slíkt hið sama en í tilkynningu frá þeim kom fram að;

„... Jólaglögg og piparkökur er það nýjasta sem Esjuberg býður gestum sínum upp á í svartasta skamm-deginu.





Jólaglögg yljar inn að hjartarótum og því tilvalið í frostinu nú fyrir jólin.

Jólaglöggið er heitt rauðvín sem hellt er yfir rúsínur og kanilstangir.“

Með árunum festi jólaglöggið sig í sessi og hefur haldið velli sem jóladrykkur hérlendis í vel yfir þrjátíu ár. Samsetning drykkjarins er reyndar örlítið flóknari en sú sem var lýst hér að ofan, en þó ekki mikið. Megininnihaldsefni eru jú rauðvín, kanilstangir og rúsínur, en til viðbótar eru vanalega negulnaglar, engifer, kardimommur, strásykur, möndlur, appelsínubörkur og smávegis af vanillusykri.

Sumir vilja bæta koníaki eða brennivíni út í á meðan aðrir kjósa óáfengt rauðvín eða til dæmis sólberjasaft. Grunnuppskriftin er þó alltaf hin sama á meðan hver lagar hana að sínum smekk.

Jólaglögg 9.áratugarins (áfengt)
1 flaska dökkt og gott rauðvín
2-3 kanilstangir
6 stk. negulnaglar
100 g rúsínur
50 g gróft saxaðar möndlur
6 cl ókryddað brennivín eða 4 cl koníak
.... svolítill sykur!

Hita skal rauðvínið ásamt öllu nema möndlum og rúsínum án þess að láta það þó sjóða. Ef vel á að takast til, þá í eina klst. Velgja skal glöggið stuttu áður en að það er borið inn, bætið í möndlum og rúsínum og smakkið til með koníaki/brennivíni/sykri.

Sænskt jólabrauð eða lussekatter

Margir borða piparkökur með jólaglögginu en einnig eru vinsælar svokallaðar lúsíubollur. Hér að ofanverðu skrifaðar lúsíubrauð eða á frummálinu lussekatter (einnig lussebullar).

Kemur nafnið frá Svíþjóð, en brauðmetið lussekatter eða kettir Lúsíu fengu þá nafngjöf vegna þess að það þótti minna á kött sem hringar sig letilega á góðum stað.

Þetta eru bollur eins og þær gerast bestar, sérstaklega fylltar, og um að gera að bæta þeim við hlaðborð okkar Íslendinga um jólaleytið.

Lussekatter með fyllingu
Taka skal fram að gerð deigsins fer fram í tveimur hlutum.

Fyrri hluti deiggerðar
5 dl mjólk (3%)
50 g ger
1 g saffran
Hveiti 520 g eða (8,5 dl)

Seinni hluti deiggerðar
150 g smjör (við stofuhita)
170 g flórsykur (2 dl)
2 g salt (uþb. ½ tsk.)
Hveiti 320 g (5,5 dl)

Fylling
250 g möndlumassi
25 g flórsykur (2 msk.)
3 g vanillusykur (1 tsk.)
120 g smjör (við stofuhita)

Penslun og skraut
1-2 egg
rúsínur
smjör ca 2 msk. (brætt)
perlusykur ca 2 dl – eða það sem hverjum og einum finnst best

Verklýsing
Fyrri hluti deiggerðar
Hitið mjólkina í u.þ.b. 37 °C. Bætið saffrani og geri saman við þar til blandan er orðin fín.

Næst er mjólkin sett saman við hveitið, hnoðað vel í um 5 mínútur. Látið svo deigið undir viskustykki í 15–20 mín.

Seinni hluti deiggerðar
Blandið því sem eftir er af hráefnunum saman við deigið og hnoðið jafnt með meðalkrafti eða þar til deigið er slétt og glansandi.

Ef enginn er aðstoðarmaðurinn í eldhúsinu, skal hnoðað nokkurn veginn þar til örmögnun fer að eiga sér stað – þá fyrst er deigið tilbúið.

Setjið það svo aftur undir viskastykki í um 20-30 mínútur.

Fyllingin
Blandið möndlumassanum saman við flórsykur og vanillusykur. Blandið smjörinu saman við, smám saman í einu þar til fyllingin er þétt í sér. Ef hún verður of þykk má setja hana stutta stund í örbylgjuofn á lágum hita svo smjörið og sykurinn bráðni aðeins.

Gæta þarf þó þess að það verði ekki of heitt. Næst skal fletja deigið út, u.þ.b. 45x70 cm á breidd og í kringum 0,5 cm þykkt, á létt hveitistráðu borði.

Dreifa skal svo fyllingunni jafnt yfir deigið og brjótið í tvennt.

Skiptið deiginu því næst í 1,5 cm breiðar (ekki of þunnar). Rúllið einum helmingnum upp, snúið og rúllið frá hinni hliðinni þannig að myndi „öfugt S“. Svo fer snúningurinn á bökunarpappír en varast skal að hafa þá þétt saman!

Skreytið með rúsínum að vild. Látið að lokum hefast almennilega undir viskastykki í 1–2 klst.

Bakstur, burstun og skraut
Hitið ofninn í 200 gráður. Sláið egg saman og penslið brauðið vel.

Bakið í miðjum ofni í 13-15 mínútur þar til bakkelsið er orðið fallega gullbrúnt að lit. Penslið aftur um leið og tekið er úr ofninum – þá kemur extra góður glans ...

Látið kólna, penslið enn einu sinni – í þetta skipti með bræddu smjöri og stráið svo perlusykri yfir.

HANNYRÐAHORNIÐ

Eyrnaband Feykir500

Aðferð: Eyrnabandið er prjónað fram og til baka (garðaprjón), með tveggja lykkja I-cord kannti á sitthvorum enda. Að prjóni loknu er komin lengja sem er síðan saumuð saman þannig að snúningur eða kaðall myndast framan á eyrnabandið.

Prjónafesta: 20 lykkjur gera 10 cm.

Efni: Sokkaprjónar eða hringprjónar nr. 4.
Tvöfaldur plötulopi, eyrnabandið vegur 42 g.
- Blátt eyrnaband: blágrænn (2025).
- Ryðrautt eyrnaband: ryðrauður (1426).

Uppskrift

Fitjið upp 24 lykkjur.

Umferð 1. Prjónið 4 lykkjur slétt , prjónið 3 lykkjur brugðnar, prjónið 10 lykkjur slétt, prjónið 3 lykkjur brugðnar, prjónið 2 lykkjur slétt. Með garnið fyrir framan verkið, færið 2 síðustu lykkjurnar óprjónaðar yfir á hægri prjón. Snúið við.

Umferð 2. Prjónið slétt út prjóninn nema færið síðustu 2 lykkjurnar óprjónaðar yfir á hægri prjón með garnið fyrir framan verkið. Snúið við.

Umferð 3. Prjónið 4 lykkjur slétt. Með garnið fyrir framan verkið, færið 1 lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, prjónið 2 brugðnar lykkjur, fellið óprjónuðu lykkjuna yfir brugðnu lykkjurnar tvær. Prjónið 10 lykkjur slétt. Með garnið fyrir framan verkið, færið 1 lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, prjónið 2 brugðnar lykkjur, fellið óprjónuðu lykkjuna yfir brugðnu lykkjurnar tvær. Prjónið 2 lykkjur slétt, færið 2 síðustu lykkjurnar óprjónaðar yfir á hægri prjón með garnið fyrir framan verkið. Snúið við.

Umferð 4. Prjónið 5 lykkjur slétt, sláið bandinu upp á prjóninn (til að búa til nýja lykkju), prjónið 12 lykkjur slétt, sláið bandinu upp á prjóninn, prjónið 3 lykkjur slétt. Með garnið fyrir framan verkið, færið 2 síðustu lykkjurnar yfir á hægri prjón. Snúið við.





Endurtakið umferðir 1-4 þar til eyrnabandið mælist 47 cm fyrir minni höfuð eða 50 cm fyrir stærri. Síðasta umferð sem er prjónuð er umferð 3, því næst er fellt af, það eru 22 lykkjur á prjóninum þegar fellt er af.

Saumið eyrnabandið saman eins og sýnt er á mynd (leggið saman sitthvoran endann á eyrnabandinu svo þeir séu eins og U sem ganga ofan í hvorn annan).



Gott er að ganga frá öðrum endanum og nota síðan lengri endann til að sauma bandið saman. ATH að sauma það saman á röngunni. Skolið eyrnabandið og leggið til þerris.

Aðrar uppskriftir eftir höfund er að finna á Instagram og Facebook undir Feykirknitting. Einnig er hægt að hafa samband við feykirknitting@gmail.com.

Kæru bændur, vinir og ættingjar !
Guð gefi ykkur, gleðileg jól og farsæld á komandi ári.
Bestu þakkir til viðskiptavina minna á árinu sem er að líða.
Megi árið 2023 færa ykkur öllum gæfu og frið.
Með kærri þökk fyrir góðar stundir.

Jólakveðja
Ásta Veðramóti.



Feykir Knitting
uppskriftir af lopapeysum



María Jóna Helgadóttir byrjaði að hanna lopapeysuuppskriftir undir nafninu Feykir Knitting fyrr á þessu ári.
Hægt er að fylgjast með hönnuðinum og skoða lopapeysurnar á Instagram og Facebook undir Feykirknitting.
Til að kaupa prjónauppskriftir hafið samband við
feykirknitting@gmail.com



Sendum félagsmönnum okkar og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári. Þökkum fyrir árið sem er að líða.

STJÓRNENDAFÉLAG SUÐURLANDS

SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Létt

		9	4	6		5		1
2					7			
	8	4		1		3	9	
	4		9			7	6	3
	1						5	
9	2	3			6		4	
	6	8		5		2	3	
			1					6
4		7		3	2	8		

Miðlungs

			3	1	4			
	3	7	2		5	6	1	
	4			7			5	
		1				4		
	8						2	
		3				5		
	2			3			8	
	9	5	8		2	3	6	
			6	9	7			

Þung

		4	7		5			
5			2	3				
7	1	3						
8			1	5				
	7						6	
				8	3			9
						1	2	5
				4	2			6
			9		6	3		

Þyngst

	9	1	6					
	3				1		2	
				5		7		
	4				3			
		8				1		
			2				9	
		7		4				
	2		5				6	
					9	5	3	

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Á framtíðina fyrir sér

Gunnar Kári Hjaltason er hress og kátur Skagastrákur sem hefur gaman af fótbolta og tölvuleikjum.



Nafn: Gunnar Kári Hjaltason.

Aldur: 10 ára.

Stjörnumerki: Sporðdreki.

Búseta: Akranes.

Skóli: Grundaskóli.

Skemmtilegast í skólanum: Frímínútur.

Uppáhaldsdýr: Hundar.

Uppáhaldsmatur: Hamborgari.

Uppáhaldslag: Í lari lari lei.

Uppáhaldsbíómynd: Þór - Love of Thunder.

Fyrsta minning: Þegar ég var í fýlu af því ég mátti ekki spila fótbolta inni þegar ég var 3 ára.

Hver eru áhugamálin þín: Fótbolti og tölvuleikir. Finnst líka mjög gaman að baka.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór: Lögreglumaður eða kokkur.

Hvað er það mest spennandi sem þú hefur gert: Fara í dúnleitir hjá ömmu Svönu í Flatey.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í „Fólkið sem erfir landið“ mega hafa samband; sigrunpetursbondi.is.

FUGLINN: GLÓBRYSTINGUR



Glóbrystingur er algengur um alla Evrópu. Hann heldur sig oft í kringum híbýli manna, sækir sérstaklega í garða þar sem hann er mjög lunkinn að finna sér æti. Hann er fyrst og fremst skordýraæta en á veturna sækir hann einnig í ber, ávexti og fræ. Glóbrystingar hafa ekki sest að hérna á Íslandi en þeir eru algengir vetrargestir um allt land. Hér halda þeir gjarnan til í görðum þar sem fuglum er reglulega gefið að borða, þar fá þeir einnig skjól og standa ágætlega af sér íslenskt veðurfar. Víða í Evrópu fylgja þeim miklar sögur og hjátrú. Margar þessar sögur eiga uppruna sinn í goðafræðum, keltneskum hefðum eða ýmsum trúarbrögðum. Mjög algengt er að finna teikningar eða myndir af glóbrystingi á póstkortum, frímerkjum, myndskreyttu leirtaui, servéttum, hvers kyns ílátum og ekki síst jólaskreytingum. Sennilega er ein helsta hjátrúin sú að hann sé boðberi látinna ættingja eða ástvina og að sjá glóbrysting tákni að andi þeirra sem maður hefur misst sé nálægt. Þegar póstmenn hinnar bresku konunglegu póstþjónustu klæddust rauðum einkennisbúningum á Viktoríutímabilinu fengu þeir viðurnefnið Robin sem er enska heitið á glóbrystingi. Þetta varð til þess að á svipstundu urðu glóbrystingar algeng myndskreyting á umslögum, póstkortum, frímerkjum og póstkössum þar sem þeir jafnvel héldu á umslögum líkt og póstmennirnir gerðu. Þessi hefð og hjátrú lifir enn þá góðu lífi í dag. Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

UMHVERFISMÁL – TÍSKA

Sextándi desember:

Dagur ljótu jólapeysunnar

Þriðja föstudag hvers desembermánaðar ár hvert klæðast margir bráðskemmtilegum og miður fögrum jólapeysum, sér og öðrum til mismikillar gleði.

Ekkert lát virðist vera á hugmyndum þeirra er hanna slíkar peysur og má því sjá einstaklinga í þeim oft prjónuðu voðaverkum á virðulegum skrifstofum, á bæjarrölti eða á samkundum af einhverju tagi. Unnendur tísku jafnt sem uppátektarsamur almenningur eru þarna til jafns og blygðast sín ekkert fyrir að klæðast sem mestum ófögnuði.

Jólapeysan svokölluð, hóf feril sinn sem tískuflík í kringum miðja síðustu öld en þökk sé síbreytilegum tískustraumum hefur hún – eins og hinn ýmsi fatnaður sem áður þótti viðunandi, eða jafnvel smart – ekki alltaf haldið þeim titli.

Segir sagan að peysan hafi upphaflega verið sett á markað í Bandaríkjunum undir nafninu Jingle Bell sweater. Var þá um að ræða aðeins smekklegri peysur en þær er tröllríða nú öllu, bæði er viðkom litavali og skreytingum – en áttu þó það sameiginlegt að minna á vetrartímann og jólahátíðina. Form hreindýra, jólatrjáa, skíðaiðkenda auk einstaka snjókarls þóttu vinsæl – mun látlausari en sú dýrð sem fram undan var.

Níundi áratugurinn

Tíska níunda áratugarins er hins vegar af mörgum talin uppspretta



Dæmi um afar ósmekklega jólapeysu. Eina þá verstu mætti ætla.

hinnar svokölluðu ljótupeysu, ef svo má að orði komast, en í sjónvarpsþáttum þess tíma mátti sjá úrval þeirra. Notaleg ímynd peysuklædda heimilisföðurins var í hámæli, en þó leið ekki á löngu þar til almenningi ofbauð peysutískan og hófu gárungarnir upp raust sína. Jólapeysur níunda áratugarins fóru þar ekki varhluta af enda gjarnan ofhlaðnar og áberandi.

Margir (þá helst þeir er búsettir voru í Bandaríkjunum) voru þó afar hrifnir af þessari stemningspeysu og drifu alla fjölskylduna í samstæða gleði. Jólakvikmyndir bíóhúsa sýndu hamingjusamar fjölskyldur í múnderingunni og máttu atvinnuljósmyndarar hafa sig alla við er kom að jólamyndatökum fjölskyldna í samstæðu dressi enda toppaði slík eign allt, mikið stolt og gleði sem hægt var að planta á arinhilluna.



Jólapeysutíska í kringum árið 1950.

Eftir því sem árin liðu fór útlit svokallaðrar jólapeysu hratt halloka. Fólk sem enn hélt í þann sið að klæðast slíkum peysum varð aðhlátursefni og nokkur lægð varð á vinsældum hennar.

Upprisa hinnar ljótu

Í upphafi 21. aldarinnar var hins vegar haldin hátíð „Ljótu jólapeysunnar“ í Vancouverborg í Kanada.

Tilefnið var söfnun fyrir krabbameinsmeðferð og tókst svo vel til að bæði hófu menn þann sið að klæðast sem herfilegustum jólapeysum er fyrirfundust en einnig hófu aðrir að halda daginn sem



Útgáfa Microsoft fyrirtækisins af ljótri jólapeysu. Vann þessi útfærsla hjörtu margra, enda var fjáröflunin við sölu hennar í þágu afburðanemenda sem höfðu ekki efni á frekari skólagöngu.

allra hátíðlegastan. Fjáraflanir urðu vinsælar og til að mynda lét fyrirtæki Microsoft hanna fyrir sig afar ljóta jólalega peysu og seldi gestum sínum er sóttu viðburðinn, „Ljóta jólapeysan – söfnun fyrir háskólagöngu afburðanemenda.“ Var þá sú upphæð sem saman safnaðist nýtt í þágu nemenda sem stóðu sig vel, en sáu ekki fram á frekari skólagöngu vegna fjárskorts.

Frá því snemma á 20. áratugnum hefur því ljóta jólapeysan hlotið uppreisn æru og notið vafans á viðburðum eins og fjáröflunum, í vinnustaðapartíum og jafnvel jólaboðum heimahúsa.

Að klæðast ljótri jólapeysu þykir mörgum mikil skemmtan og verður víst að láta það fylgja hér



Dolce&Gabbana slógu allsvakalega í gegn með þessari jólapeysu, enda ein söluhæsta flík síns tíma. Hefur fyrirtækið reyndar ekkert haldið aftur af sér er kemur að jólapeysum og má finna nokkrar mismunandi undir þeirra merkjum. Hvernig sem það leggst nú í fólk.

með að árið 2010 tóku einhverjir tískurisanna það verkefni að sér að hanna slíka hátíðarlínu peysa.

Má þar nefna bæði Givenchy og Dolce&Gabbana sem slógu hreinlega í gegn með sínum útgáfum ljótu jólapeysunnar.

Nú, eins og lesendur ættu að hafa glöggvað sig á, er akkúrat þriðji föstudagur mánaðarins á morgun, 16. desember – eða dagur peysunnar margumræddu.

Það er því ekki seinna vænna en að dressa sig upp vegna þess tilefnis og fara hnarreist út í daginn. */SP*

Jesús sagði:

„Ég er brauð lífsins. Þann mun ekki hungra sem til mín kemur og þann aldrei þyrsta sem á mig trúir."

Jóh. 6.35

biblian.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.600 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.200 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

BARNAHJÓL



KAYO FJÓRHJÓL
AU 180cc - 479.000,-
BULL 125cc - 329.000,-
AY 70cc - 259.000,-



KAYO TORFÆRUHJÓL
TT 140cc - 339.000,-
TD 125cc - 299.000,-
TS 90cc - 249.000,-
KMB 60cc - 219.000,-

NITRO

Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is



Óska eftir íbúð í Reykjavík eða nágrenni til langtímaleigu fyrir mig, móður mína og lítinn hund. Við erum frá Úkraínu. Við göngum vel um, erum reglusamar og heitum skilvísi með greiðslur. Það er erfitt að fá húsnæði í dag og sér í lagi með hund. En hann er umhverfisvanur, vel agaður og er alltaf í taumi. Vinsamlegast hafið samband við mig í tölvupósti – iryna09040904@gmail.com



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Stærð/breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 899-1776 og 669-1336.



Kaupum og seljum frímerki. https://www.facebook.com/groups/2857309667933070 www.icestamps.com info@icestamps.com



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.

SKRIFSTOFUVÖRUR

Þú færð hylki í prentarann þinn hjá okkur auk skrifstofutækja, ritfanga o.fl. Vefverslun- www.skrifstofuvorur.is. Skútuvogi 11, 104 Reykjavík, S. 553-4000, sala@skrifstofuvorur.is.



Opel Astra Enjoy ST, árg. 2018, bensín, sjálfskiptur, ekinn 72.000 km. Verð kr. 2.690.000. notadir.bennis.is – S. 590-2035.



Hleðslustöð 50a með lágtíðni spennubreyti 24v til 230v 2000w/max 20sek 6000w hrein sinus bylgja. Verð- 2000w kr. 124.900.- Verð- 4000w kr. 256.900.- Orkubondinn.is,Tranavogi 3,104 Reykjavik. S. 888-1185.

senmatic

Tæknibúnaður fyrir atvinnugróðurhús

Loftlagsstýringar
Áburðarblandarar
Skjámyndakerfi
Gluggabúnaður
Mótorlokar
Mælitæki
LED lampar



Arvirkinn

Eyravegi 32 • 800 Selfoss
Sími 480 1160 • www.arvirkinn.is

EYJALIND

Belti og undirvagnshlutir



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Ljósameistarinn



Kastarar, vinnu- og blikkljós á góðu verði fyrir jeppa, vinnuvélar og vörubíla.
Skoðaðu úrvalið á www.ljosameistarinn.is

*Sendum frítt hvert á land sem er með afsláttarkóðanum: BÓNDI

*Gildir út janúar 2023

Ljósameistarinn ehf. - www.ljosameistarinn.is - info@ljosameistarinn.is





ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD





Næstu námskeið. Janúar 2023

Aukin ökuréttindi

Fjarnám í rauntíma
10. janúar 2023

Hraðnámskeið - staðnám
19. janúar 2023

Ökuskólinn í Mjódd óskar nemendum skólans árs og friðar



Þökkum viðskiptin á árinu

Endurmenntun

7. jan. 09:00 - 16:00 / Lög og reglur
9. jan. 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 1
10. jan. 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 2
11. jan. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 1
12. jan. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 2
14. jan. 09:00 - 16:00 / Vörufl.
16. jan. 17:00 - 20:30 / Skyndihjálp - hluti 1
17. jan. 17:00 - 20:30 / Skyndihjálp - hluti 2
18. jan. 17:00 - 20:30 / Farþegafl. - hluti 1
19. jan. 17:00 - 20:30 / Farþegafl. - hluti 2
21. jan. 09:00 - 16:00 / Vistakstur
23. jan. 17:00 - 20:00 / Lög og reglur - hluti 1
24. jan. 17:00 - 21:00 / Lög og reglur - hluti 2
25. jan. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hl. 1
26. jan. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hl. 2


Ökuskólinn Mjódd - Þarabakka 3 - 109 Reykjavík - S: 567 0300 - mjodd@bilprof.is



Bilxtra sturtukerra á tilboði. Gæða kerra. Sturtar á 3 vegu, rafknúinn mótor sturta. Mál- 3,14m x 1,75m, 3000kg, Verð kr. 1.450.000 m/vsk. S. 837-7750.



Hakkavélar, matvinnsluvélar, töfrasprotar, grænmetiskvarnir, áleggshnífar og þurrkofnar. Ný tæki, frábært verð. Uppl. í s. 822-8844.



Fjarðará í Ólafsfirði til leigu. Veiðifélag Ólafsfjarðar óskar eftir tilboðum í leigu á Fjarðará í Ólafsfirði. Um er að ræða bleikjuá þar sem með slæðist sjóbirtingur og lax. Veiðitímabil er frá 15. júlí til 20. september ár hvert. Þriðjudagar eru bændadagar. Leigutaki sér um veiðivörslu. Nánari upplýsingar- veidifelagolafsf@gmail.com Tilboð óskast send til og með 20. desember 2022 á Veiðifélag Ólafsfjarðar, Hlíðarvegi 53 eh 625 Ólafsfirði Eða á netfangið veidifelagolafsf@gmail.com Veiðifélagið áskilur sér rétt á að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.



Kia Sportage dísel, árg. 2021, ek. 50.000 km. Verð kr. 5.690.000. S. 894-8620.



SsangYong Rexton, árg. 2019, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 63 þ.km. Verð kr. 7.790.000. notadir.benni.is – s. 590-2035.



Þessi saltdreifari er 59 lítra og kostar kr. 55.000 +vsk. Hentar einnig fyrir sand og áburð. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555- 6520.



Mjög vandaðir plastbátar frá Póllandi. Tvöfaldur byrðingur, falleg innréttting. Delfina 360- L 360 cm x B 164 cm. Agata 333- L 333 cm x B 150 cm. Fallegar tréárar fylgja. CE merktir og vottaðir. Hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is. S. 892-4163, netfang-hak@hak.is.



Díselhitarar 5kw 12v eða 24v. Samsettir eða ósamsettir. Verð kr. 48.900. Samsettur 5kw 12v, 24v og 220v Verð kr. 58.900. Allir varahlutir og þjónusta. Orkubondinn.is , Tranavogi 3, 104 Reykjavik, s. 662-1444.

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díselvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Frábær snjóblásari 210 cm fyrir traktor. Verð kr 795.000 +vsk og leiðin verður greið. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520



Óskast til kaups - Hiace-Hilux - Corolla-RAV4-Avensis og fleiri tegundir líka. Mega vera í ýmsu ástandi. Vinsamlegast sendið á dagbjartur80@gmail.com eða s. 896-5001.



Stórbaggagreip, verð kr. 342.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.





Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta- 8000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.




RAV4 Dísel sjálfsk. ek. 152.000. Verð kr. 2.590.000. S. 894-8620.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Slöngubátar fyrir alhliða veiði, á lager. Litir- Woodland camo, Leaf camo Lengd- 4,5 m Breidd- 1,92 m. Álgólf, gúmmílistar undir túbum. Þyngd- 100 kg, burðargeta- 1.100 kg. Max stærð af mótor- 30 Hö. CE vottaðir og merktir. 3 stangahaldarar, 3 stór geymsluhólf, 12 V loftdæla. Vindsegl að framan og geymsluhólf í framstafni. Yfirbreiðsla á bátinn, hjól á afturgafl. Nánari uppl. og myndir sendar eftir óskum. Hákonarson ehf, S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Loksins frostfríir drykkjarpóstar fyrir íslenskar aðstæður Ekkert rafmagn. Einfalt í uppsetningu, aðeins þrír hreyfanlegir hlutar. Allt viðhald ofanfrá. Alltaf ferskt vatn við hverja notkun. Fyrir allan búfénað. Til afhendingar strax - Sendum hvert á land sem er. Formax Paralamp ehf – Aqua Icelander Equine s. 562-6800.



Faðmgreip, verð kr. 235.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



MF 3065 árg. 1992 afturdrifinn. Verð kr. 2.000.000 +vsk. S. 894-8620.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt- 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Claas Celtic 456 árg. 2006 með 8.600vst, tæki og skófla. Verð kr. 4.600.000 +vsk. S. 894-8620.



Flaghefill / snjótönn, 3 m breiður, verð kr. 849.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Hilux árg. 2020 ek. 35.000, sjálfskiptur með skel. Verð kr. 8.200.000. S. 894-8620.



Vatnshitarar fyrir háþrýstiþvott. Hitar vatn í allt að 110 °C með gegnumstreymi. Max þrýstingur - 500 Bar. Hentar í margs konar verkefni. Gengur fyrir húsarafmagni eða 12 V. Til á lager. Hákonarson ehf, S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is



Díselrafstöð til sölu, 288w, sjá nánar á myndum. Tilboð sendist á netfangið ut-thjonusta@arborg.is



Rúllugreip, verð kr. 247.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



2" brunadælur á lager. Frá Koshin í Japan. Sjálfsogandi og mjög háþrýstar. Vigta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Hilux 2022, ek. 8.000 km. Sjálfskiptur. Verð kr. 9.800.000. S. 894-8620.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

DÆLUR - LOFTPRESSUR - RAFSTÖÐVAR



Gás import

ATMOS

LOFTPRESSA

Atmos Albert E120
Vario loftpressa 2,25 m3/min við 6bör- 1,8m3/min við 9bör.
500l kútur.

Gás Import ehf. - gasimport@gasimport.is
S: 833 6008 - gasimport.is

Varmadælur



NØRDIS
Áratuga reynsla í Noregi

KGG.is KGG
• Kristjan G. Gislason ehf
• 552-0000
• kgg@kgg.is

NÝI ÖKUSKÓLINN
Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári
Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is
Réttindin gilda í Evrópu
Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið
Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÁSCO
Alternatorar og startar í miklu úrvali



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarslæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, spennufellur 24V í 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggjahöldur. Stór öryggi uppi 250A. Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeilur. Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. Díóur. Raffgeymaskór. Jarðsambönd. Díóðubrýr. Reimskífur fyrir alternatora. Kúplingstrissur. Startarakol. Legur í alternatora. Kol í alternarbrá. Viftureim 6PK1M uppí 2560. Og margt margt fleira.

ÁSCO
Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is BÍLARAFMAGN





Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar



S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



HUMBAUR KERRURNAR ÞÝSKU ERU TIL Á LAGER!



Gerð HA133015
1300kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm
verð kr:530,000,-m/vsk og skráningu.



Gerð HA 203015
2000kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm
verð kr:665,000,-m/vsk og skráningu.



Gerð HA 253015
2500kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm verð kr:680,000,-m/vsk og skráningu.



Gerð HT 203116
2000kg heildarburður,
mál innan: 310x165x30cm
verð kr:740,000,-m/vsk og skráningu.



Gerð HT254118
2500kg heildarburður,
mál innan: 410x185x35cm
verð kr:895,000,-m/vsk og skráningu.



Gerð HTK 3000,31
3000kg heildarburður,
mál innan: 314x175x35cm
verð kr:1,550,000,-m/vsk og skráningu.
Sturtukerra.

Topplausnir
Smiðjuvegi 12, græn gata
200 Kópavogur
Sími 517 7718
www.topplausnir.is



Dugnaðarforkur til sölu Man 25.502, árgerð 1992, ekinn 315.000 km, 33 TM Hiab krani með fjarstýringu, sem þó virkar bara að kapli, ekki sendi. Með palli sem hægt er að taka af og stól undir. Bifreiðin er á góðum dekkjum og hefur fengið gott viðhald undanfarin ár. Góð dekk. Verðhugmynd er kr. 4.500.000. Nánari upplýsingar í s. 888-7000.



Kornvalsar frá Póllandi. Mismunandi útfærslur frá 3 framleiðendum. 2 eða 3 sterk kefli með riflum. Traktorsdrifnir valsar og fl. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is.



Volvo Fl, árg. 1995, ek 255.000 km. krókheysi, 1 pallur með. Sjálfskiptur. Verð kr. 1.290.000 +vsk. S. 894-8620.



Flaghefill/snjótönn Breidd 3,0 m, snjóvængir fylgja. Verð kr. 1.100.000 m/vsk H. Hauksson ehf. s. 588-1130.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 894-4163, netfang: hak@hak.is



Taðkló 1,4 m breið- verð kr. 288.000m/vsk. 1,8 m breið- verð kr. 345.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Scania 400 6x2 árg,´97, ek. 450.000 km. Sturtupallur og snjótannab. Verð kr. 3.000.000 +vsk. S. 894-8620.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 tonn, Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Hilux árg. 2009 ek. 210.000 km. Sjálfskiptur, 35" breyttur. Verð kr. 3.300.000. S. 896-5001.



Scania 420 árg. 2006, ek. 530.000 ágrind (530 cm) Verð kr. 2.000.000 +vsk. S. 894-8620.



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°.Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Bátakerra sem dregur allt að 2,8 tonna bát. Kerran er 2007 árgerð, galvaniseruð, tveggja öxla með fjórar hásingar og bremsukerfi. Kerran er óskráð og er rúmir 8 metrar að lengd og um 2,6 metrar að breidd. Verð 1.000.000 kr. Nánari upplýsingar í s. 777-5800.



Rúllugreip á þrítengi. Verð kr. 99.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Hilux 2017 ek. 120.000 með skel. Verð kr. 5.880.000. S. 894-8620.



Hyundai Tucson Style, árg. 2021, 4x4,Hybrid, sjálfskiptur, ekinn 52.000 km. Tilboðsverð kr. 5.790.000. Verð áður kr. 5.990.000. - notadir.bennis.is – S. 590-2035.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Til sölu Belarus 1025 100 ha 4x4dráttarvél keyrð aðeins um 2000 tíma, árg. 2007 smá ryð farið að sjást en alveg góð og óslitin vél. Verð kr. 1.700.000. Vélin er á Sauðanesi v. Siglufjörð. Uppl. í s. 893-4165, vinsaml. aðeins ákveðnir hringi.



Brettagafflar fyrir ámoksturstæki. Ásoðnar festingar - Euro. Euro + 3 tengi. Sérpöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfflum, 120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf, S-892-4163, hak@hak.is



Fjárhúsmottur. Verð kr. 12.900 stk. m/vsk H. Hauksson ehf. s. 588-1130.



Hnitset landamerki, afmarka lóðir, set niður fleyga, útbý mæliblöð og sé um samskipti við byggingarfulltrúa. Vinnusvæði - Vesturland að Kirkjubæjarklaustri en fer um land allt eftir samkomulagi. Adam Hoffritz, s. 693-7992.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor:-12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is

Atvinna

JE vélaverkstæði/bátasmiðja á Siglufirði leitar að framtíðarstarfsmanni með reynslu, járniðnaðarmanni eða vélvirkja sem getur unnið sjálfstætt og hafið störf sem fyrst. Helstu verkefni eru almennar vélaviðgerðir, blikksmíði og járnsmíði, viðhald á bátum og skipum. Getum aðstoðað við að útvega leiguíbúð. Áhugasamir sendið tölvupóst með umsókn/ferilskrá á jevelar@simnet.is

Við erum ungt par og óskum eftir að fá atvinnu með húsnæði frá og með janúar nk. Erum staðsett eins og er á Laugarvatni. Tilbúin til að takast á við ný ævintýri. Saman erum við gott teymi. Vinsamlegast hafið samband á netfangið - lich.jakub@seznam.cz

Bifreiðastöð ÞÞÞ. óskar eftir að ráða mann, vanan viðgerðum á flutningabílum. Allar frekar upplýsingar í s. 893-1255 eða trukkur@bifreidastod.is

Tveir ungir og sterkir, harðduglegir menn frá Póllandi, 25 og 26 ára, leita að vinnu frá byrjun febrúar, á kinda-, kúa- eða kjúklingabúi. Við fiskvinnslu eða í vöruhúsi. Eru báðir með ökupróf B og lyftarapróf. Eru vanir allskonar vinnu og erfiðisvinnu. Vinsamlegast hafið samband við þá í s. 485-108-08741 og 487-861-82973

Einkamál

Óska eftir kynnum við mann 45-55 ára, helst á Suðurlandi. Er sjálfstæð kona um fimmtugt og vön sveitastörfum, frábær kokkur, reyklaus og heiðarleg. Uppl. á netfanginu: allt.i.godu51@gmail.com

Óska eftir

Kaupi gamlar vínylplötur, kassettur og gamlar grænjur og stundum CD-diska líka. Staðgreiði stór plötusöfn. S. 822-3710, olisigur@gmail.com.

Óska eftir ameríkskum pallbíl á verði frá kr. 0 - 6.000.000. Má þarfnast lagfæringa, skoða allt, s. 774-4441.

Óska eftir rafstöð í bæjarlækinn, ástand skiptir ekki máli – skoða allt. ingis1959@gmail.com eða í s. 858-8658.

Óska eftir nokkrum áfellum á gamlan herbragga sem er að eignast framhaldslíf. ingis1959@gmail.com eða í s. 858-8658.

Við erum að leita að kettlingi, helst svörtum, ekki skilyrði. Vorum að missa einn og erum með 3 alveg yndislega. Uppl. í s. 862-6741. Kveðja, Guðbjörg.

Bændablaðið óskar eftir ábendingum um tæki og vélar sem eiga merkilega sögu og bakgrunn. Þetta geta verið landbúnaðartæki, dráttarvélar, bílar, vörubílar, rútur, bátar, flugvélar eða hvað sem er. Uppástungur berist Ástvaldi á netfangið astvaldur@bondi.is eða í s. 822-5269.

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is, s. 820-8096.

Dekk í ýmsum stærðum, öll verð eru án vsk. 440/65R24 kr. 101.000.- 480/70R34 kr. 142.000.- 500/50-17 kr. 58.000.- 600/65R38 kr. 272.000.- 600/50R22,5 kr. 153.000.- 600/70R28 kr. 278.000.- 710/70R38 kr. 365.000.- 12,4-28 kr. 45.000.- 16,9-30 kr. 79.000.- 400/60-15,5 kr. 35.000.- 265/70R16 Heilsársdekk kr. 16.000.- 27x8.50-15 kr. 16.500.- Útvegum dekk í öllum stærðum- a.larsen.agro@gmail.com eða s. 868-6113.

Strauvél Pfaff árgerð ca 1990, lítið notuð og vel með farin. Ummál 100x77 cm, vals 65 cm, ekki með gufu. Verð 65.000 kr. Nánari upplýsingar netfang sbjorge36@gmail.com.

Til sölu ný dekk 23.5x25. 4 stykki. Verð kr. 1.200.000 +vsk. Upplýsingar í s. 866-3802.

Toyota Hilux GX árg. 2018, sjálfskiptur, ekinn 74.000 m/húsi. Nagladekk á stálfelgum fylgja og camper festingar. Verð kr. 7.790.000. Uppl. Stefán s. 897-4788.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com, Einar G.

SSANGYONG

Alvöru jeppi!
Rexton

Birt með fyrirvara. Myndbrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara.

Bíll á mynd: Rexton Ultimate með 33” hækkunarpakka.

Tryggðu þér jeppa á gamla verðinu!

Ekki missa af tækifærinu, eigum örfáa bíla til afhendingar úr síðustu sendingu.







- Byggður á grind
- Hátt og lágt drif
- Sparneytin dísel vél
- Læstur millikassi
- Sjálfstæð fjöðrun
- 7 manna
- Læst afturdrif*
- 3 t dráttargeta
- 5 ára ábyrgð

Rexton

Verð frá 8.790.000 kr.**

* Í Adventure og Ultimate.

** Verð á Rexton Premium gildir út desember 2022.

Nánari upplýsingar á
benni.is

BÍLABÚÐ BENNA
KOLEFNISJAFNAR SSANGYONG

Bílasala Suðurnesja
Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Ib bílar
Selfoss
Fossnes A
Sími: 480 8080

Bb, betri bílar
Akureyri
Njarðarnesi 12
Sími: 534 7200

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

LANDSTÓLPI


Sterkir í stálgrindarhúsum



PharmArctica ehf.
Grenivík – „Í vinnslu“
Viðbygging við framleiðsluhús 1.000m²



Orkusalan ehf.
Lagarfoss - Skemma - 400m²



Ístak hf.
Isavia – Keflavíkurflugvelli
Bráðabirgðabygging við stæði 6 - 1.600m²



Landstólpi ehf.
Raðhús á Flúðum - 5 íbúðir




30 vestur ehf.
Hörgársveit - Iðnaðarhúsnæði - 670m²

Við hjá Landstólpa erum stolt af verkunum
okkar árið 2022. Viljum þakka fyrir ánægjuleg
viðskipti á árinu sem er að líða og óskum
ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Jólakveðja,
Starfsfólk Landstólpa



Kat ehf.
Hafnarfjarðarhöfn – Fiskmarkaður – 950m²



Eldisstöðin Ísþór hf.
Ölfusi - Yfirbygging yfir ker - 2.000m²



D75 ehf.
Hörgársveit - Iðnaðarhúsnæði - 660m²



Laxar ehf.
Fiskalóni í Ölfusi – Yfirbygging yfir ker – 900m²



Lóður ehf.
Reykjanesbæ – „Í vinnslu“
Bílaþvottastöð – 260m²



Síldarvinnslan hf.
Neskaupsstað - Stækkun á fiskimjölsverksmiðju og löndunarhúsi - 2.200m²



Helgastaðir - Ólafur og Ólöf
Bláskógabyggð – „Í vinnslu“
Hesthús og vélageymsla – 400m² og 250m²